

Umsögn Ferðaklúbbsins 4x4 vegna stofnunar Þjóðgarðs á miðhálandinu.



Inngangur

Ferðaklúbburinn 4x4 hefur frá upphafi hugmynda um Miðhálandisþjóðgarð tekið virkan þátt í vinnu við undirbúning slíks þjóðgarðs. Höfum við komið að þeirri vinnu með opnum hug og velvilja við að ýta þeirri hugmynd af stað að stofna einn stóran þjóðgarð á miðhálandinu. Þetta höfum við gert þrátt fyrir mörg brotin loforð við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Víst er það að sporin hræða okkur (enda eru enn málum ólokið þar) en samt höfum við lagt upp með að með nýjum garði verði ný og betri stjórnsýsla sem verðu opin, gagnsæ og mikið og gott samráð. Í ársbyrjun 2016 var Ferðaklúbburinn 4x4 eitt af þeim útivistarfélögum sem þátt tóku í samstarfsverkefni 28 útivistar- og náttúrusamtaka auk samtaka fyrirtækja í ferðaþjónustunni um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Því til staðfestingar skrifuðum við undir viljayfirlýsingu um stofnunina (sjá meðfylgjandi). Undirbúningur garðsins hefur nú staðið í nokkurn tíma og haldnir hafa verið tveir kynningarfundir, annar um fyrirhugað starf nefndarinnar og hinn er með fyrstu afurðum hennar. Á báðum þessum fundum hafa formaður nefndarinnar og starfsmaður verið með framsögu. Aðrir hafa ekki verið með framsögu og okkur vitanlega hafa aðrir nefndarmenn ekki sést fyrir utan einn sem mætti á seinni hluta seinni fundarins en hafði sig ekkert í frammi. Við teljum mikilvægt að fleiri nefndarmenn verði sýnilegir í þessu starfi vegna þess að mikillar tortryggni gætir í garð þessa verkefnis og ekki að ósekju vegna sporanna sem hræða frá Vatnajökulsþjóðgarði. Við óskum eftir að flestir eða allir nefndarmenn verði fyrir svörum á næsta kynningarfundum til að fólk geti kynnt sér viðhorf þeirra allra en ekki einungis þeirra tveggja heiðursmanna sem hafa verið sýnilegir hingað til.

Almennt

“Einn af hornsteinum hálandisþjóðgarðs er skilningur fyrir nauðsyn þess að útivistarfólk geti nýtt miðhálandið með sjálfbærum og ábyrgum hætti, hvort sem ferðast er akandi, gangandi, ríðandi, hjólandi, róíð á vötnum eða þegar farið er til veiða.”

Þessi drög eru að mati Ferðaklúbbsins 4x4 metnaðarfull og með náttúruvernd ásamt áframhaldandi fullu aðgengi að náttúrunni í huga. Þau eru vönduð og almennt jákvæð í garð þeirra sem vilja njóta náttúrunnar.

Ferðaklúbburinn 4x4 leggur ríka áherslu á að þegar í stofnsamþykktum um miðhálandisþjóðgarð verði aðgengi útivistarfélaga að aðalstjórn og svæðisráðum garðsins tryggð. Það verði gert með því að SAMÚT (Samtök útivistarfélaga) skipi fulltrúa fyrir hönd útivistarfélaga bæði að aðalstjórn og svæðisráðum. Eins er það krafa að útivistarsamtök fái fullgildan stjórnarmann í stjórn garðsins en ekki bara áheyrnarfulltrúa.

Innviðir

Það er mikilvægt að stefnumörkun varðandi innviði á miðhálandinu taki mið af því hvernig við viljum að hálendið sé.

Ferðaklúbburinn 4x4 tekur heilshugar undir það sem stendur í lögum um náttúruvernd að í þjóðgörðum skuli tryggt aðgengi almennings til útivistar, þannig að almenningur kynnist náttúru og sögu svæðisins. Mikilvægt er að tryggja að aðgengi almennings í náttúruverndarlögum verði staðfest í stjórnunar- og verndaráætlun væntanlegs þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Vernd náttúru, landslags og minja þarf að fara saman við tryggt aðgengi til útivistar. Vegir sem eru á hálendinu eiga því áfram að vera nýttir til samgangna vélknúinna farartækja og hafa skal í heiðri náttúruverndarlögin þegar kemur að öllum samgöngum, þar með töldum akstri á snjó og frosinni jörð.

Í Gildi hálendisins fyrir útivistarfólk og þá ferðamenn sem sækja það í dag liggur ekki síst í þeim einföldu innviðum sem þar eru. Innviðir í dag eru að stórum hluta aðeins frumstætt vegakerfi (vegslóðar) og einfaldir gistiskálar. Þessi tegund innviða fellur vel að umhverfinu og spillir ekki upplifun þeirra sem sækja inn á hálendið til að upplifa hið ósnortna, en þjónar þörfum þeirra afskaplega vel. **Jafnframt falla þessir innviðir vel að þeirri náttúruvernd sem er aðal markmið þjóðgarða.**

Útivist

Ferðaklúbburinn 4x4 leggur áheyrsla á að útivist og ferðaþjónusta er ekki það sama þó margt sé líkt með þeim. Í undirbúningsnefndinni um stofnun Miðhálandisþjóðgarðs var útivist og ferðaþjónusta ekki sett undir sama hatt og þarf að aðgreina þessi tvö málefni í samþykktum. Við erum sammála því að ákveðin svæði miðhálandisins hafa verið vettvangur fyrir útivist og heilsu fólks til langs tíma, m.a. til gönguferða, jeppaferða, vélsleðaferða, veiðiferða og hestaferða og teljum að svo eigi að vera áfram. Vetrarakstur samkvæmt náttúruverndarlögum er leyfður á frosinni og snævi þakinni jörð og er það algjörlega ótækt að undanfarið hefur verið sótt að því frjálstræði með ýmsum leiðum án raka eða neinum sérstökum ástæðna. Við litum enn á að stofnun þjóðgarðs verði ekki til þess að allt verði bannað nema það sem verður leyft. Að þeirri ástæðu líta útivistarfélög á að stofnun þjóðgarðs styrki útivist og umferð sem leiðir af sér meiri þekkingu og um leið verndun á þeim svæðum sem sérstaklega þurfa þess. Í ljósi fækkunar Víðerna alls staðar á jörðinni aukast verðmæti slíkra svæða og annarra náttúrulegra svæða sem eftir standa, því þarf að huga að því að skemma ekki hugtak víðerna með því að banna alla vélknúna umferð um þau svæði frekar að heimila fáfarna jeppaslóða sem liggja í sátt við landslag inna víðerna. Einnig má nefna að Ferðaklúbburinn 4x4 fagnar skýrum markmiðum (eins og fram kom á kynningarfundum í Reykjavík) um að leyfa félagasamtökum að taka tiltekin svæði í fóstur og aðstoða við landvernd. Ekki hefur verið ljáð máls nægilega á slíku í Vatnajökulsþjóðgarði og við teljum það hafa orsakaða hluta vandans sem þar er. Sem dæmi þaðan má nefna Kverkfjöll sem hafa verið myndarlegri umsjón félagasamtaka í áratugi. Einnig má nefna skálarekstur Útivistar á vestursvæði. Víða eru félagasamtök og einstaklingar með skálarekstur á hálendinu og þessir aðilar hafa flestir verndað sitt nærumhverfi eftir mætti. Möguleiki á slíku í þjóðgarði mun fá fólk til að finnast það „eiga“ eitthvað í þjóðgarðinum og það mun skapa virkan stuðning.



Ferðapjónusta

Mikil aukin tækifæri felast í sjálfbærri ferðapjónustu og náttúruupplifun á miðhálandinu. Að þróa og markaðssetja náttúruferðamennsku með útivist að leiðarljósi innan þjóðgarðs gefur því eitt og sér mikil tækifæri.

Fjölbreytileg náttúruupplifun er undirstaða náttúruferðamennsku og er þessi tegund ferðamennsku almennt meira háð gæðum umhverfisins en aðrar tegundir ferðamennsku.



Tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu þjóðgarðs á miðhálandinu

Ferðaklúbburinn 4x4 tekur undir að helstu markmið með stofnun þjóðgarða eru að vernda náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar og tryggja aðgengi almennings að svæði til sjálfbærrar hefðbundinnar nýtingar, útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins.

Að sama skapi er Ferðaklúbburinn 4x4 sammála því að náttúran er auðlind miðhálandisins og með því að stofnun þjóðgarð á miðhálandinu sé verið að tryggja vernd náttúru svæðisins og að allar athafnir og framkvæmdir þurfi að byggja á varúðarreglunni svokölluðu, meginreglu umhverfisverndar.

Við söknum þess að sjá ekki meira afgerandi lýsingu á því hvernig fyrirhugað er að deila út takmörkuðum gæðum meðal þeirra sem vilja stunda atvinnustarfsemi. Það teljum við vera einn af undirstöðubáttum atvinnustefnu í þjóðgarðinum. Einnig söknum við þess að sjá ekki eitt orð um stuðning við nýsköpun í ferðapjónustu. Við tökum eftir því að víða er fjallað um möguleika á aukinni ferðapjónustu á hálandinu. Við vörum alvarlega við því að reynt verði á þennan hátt að fá stuðning ferðapjónustunnar við stofnun þjóðgarðs á hálandinu með því að leggja það undir aukinn ferðamannastraum eða jafnvel „massa túrisma“. Þá er verr farið en heima setið og við myndum leggjast gegn stofnun slíks þjóðgarðs sem myndi hafa aukinn ferðamannastraum á hálandið að markmiði nema á mjög afmörkuðum stöðum. Slíkt myndi líka ganga þvert gegn öðrum markmiðum sem sett hafa verið fram. Við teljum mikilvægt að atvinnustefna verði útfærð þannig að einungis þeim ferðamönnum verði beint inn til hálandisins sem vilja njóta þess náttúrunnar vegna. Aðrir ferðamenn eiga að okkar mati ekki erindi upp á hálandið og ættu að láta sér nægja að ferðast á láglandi þar sem náttúran er ekki eins viðkvæm.

Samráð

Atvinnustefna miðhálandisþjóðgarðs mun hafa áhrif á bændur, útivistarfólk og ferðamenn, og fjölda rekstraraðila sem munu vera með starfsemi innan þjóðgarðsins. Mikilvægt er að stefna strax í upphafi að því að þau áhrif verði jákvæð. Til að svo megi verða þarf að eiga sér stað náð samráð við alla hagsmunaraðila um þá stefnu sem mörkuð verður. Það samráð þarf að vera alla leið í ferlinu og ekki gleyma því á leiðinni. Gott samráð er lykillinn að góðum þjóðgarði, þjóðgarður sem er í sátt við þjóðina.

Öryggi og gæði

Ferðaklúbburinn 4x4 er sammála því að innviðauppbýgging og annars konar starfsemi í þjóðgarði á miðhálandinu verður að uppfylla kröfur um öryggi og gæði.



Auðlindir og uppbygging

Ferðaklúbburinn 4x4 er sammála því að þróun aðstöðu fyrir ferðamenn, uppbygging vega og annarra mannvirkja þarf að taka mið af þolmörkum náttúrunnar, öryggisþáttum og þess sem njótendur svæðisins sækjast eftir á miðhálandinu. Ferðaklúbburinn 4x4 bendir jafnframt á að frumstætt vegakerfi (vegslóðar) fellur vel að umhverfinu og spillir ekki upplifun þeirra sem sækja inn á hálandið til að upplifa hið ósnortna, en þjóna þörfum þeirra afskaplega vel. Jafnframt falla þessir innviðir vel að þeirri náttúruvernd sem er aðal markmið þjóðgarða.

Virðingarfyllt

Sveinbjörn Halldórsson
Formaður Ferðaklúbbsins 4x4

Viljayfirlýsing um stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands

Samtökin sem standa að þessari yfirlýsingu vilja ná sem víðtækastri samstöðu um verndun miðhálandis Íslands með stofnun þjóðgarðs. í eigu íslensku þjóðarinnar allrar. Við teljum að **hálandisþjóðgarður** yrði stærsta framlag okkar tíma til náttúruverndar á Íslandi. Hann myndi styrkja **ímynd** Íslands sem lands náttúruverndar og yrði til hags fyrir fólkið í landinu og þá sem sækja Ísland heim. Þjóðgarðurinn yrði griðastaður fyrir þá sem vilja njóta náttúru miðhálandisins og nýta hana til útivistar og náttúruupplifunar.

Verðmæti

Miðhálandið er einn mesti **fjársgóður** landsins. Þar má finna eldfjöll, jökla, vatnsmiklar ár og fossa, litrík háhitasvæði, víðfeðm hraun og svartar sandauðnir sem kallast á við viðkvæmar gróðurvinjar. Saman mynda þessi náttúrufrýrbærri stórbrotnar landslagsheildir á einum stærstu víðernum Evrópu. Kraftarnir sem náttúruöflin leysa úr læðingi, þar með talið samspil elds og íss, móta stöðugt þetta tilkomumikla landsvæði, en öræfakýrröðin sem á það til að umlykja ferðalanga er ógleymanleg hverjum þeim sem hana hefur upplifað.

Að finna megi á einu svæði samansafn þeirra náttúruverðmæta sem hér er lýst er einstakt á heimsvísu. Að auki fækkar stöðugt í heiminum stórum óbyggðum svæðum og víðernum þar sem náttúran ræður ríkjum. Við Íslendingar erum enn í þeirri öfundsverðu stöðu að geta staðið vörð um þessi verðmæti hér á landi með því að vernda miðhálandið.

Aðgengi

Réttur almennings til útivistar og náttúrufræðslu innan þjóðgarðsins skal vera tryggður. Einnig þarf að taka fullt tillit til áratuga sögulegrar nýtingar útivistarfélaga á miðhálandinu og allar nauðsynlegar breytingar sem kunna að eiga sér stað skulu teknar í samráði við fulltrúa þessara hagsmunahópa. Einn af hornsteinum **hálandisþjóðgarðs** er skilningur fyrir nauðsyn þess að útivistarfólk geti nýtt miðhálandið með sjálfbærum og ábyrgum hætti, hvort sem ferðast er akandi, gangandi, ríðandi, hjólandi, róíð á vötnum eða farið til veiða.

Tækifæri

Í þjóðgarði felast mörg tækifæri. **Náttúruvernd** er þar undirstaðan því tækifærin byggja á því að náttúrugæðum miðhálandisins verði ekki raskað frekar og að upplifun víðerna- og óbyggða sem þar má finna hverfi ekki. Fyrir ferðaþjónustuna er það grundvallaratriði því ferðamenn sækja í miðhálandið vegna upplifunarinnar sem þar býðst. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja að ferðaþjónustufyrirtæki geti starfað á miðhálandinu í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun. Búa þarf svo um hnútana að hægt sé að þróa **atvinnustarfsemi** sem spillir ekki náttúrugæðum miðhálandisins, en hefur á sama tíma jákvæð áhrif á **byggða- og atvinnuþróun** í nærsveitarfélögum og landinu öllu.

Mörk þjóðgarðsins tækju mið af svæðisskipulagi miðhálandisins. Við skipulag hans yrðu verndarflokkar Alþjóðanáttúruverndarsambandsins, (IUCN, International Union for Conservation of Nature), hafðir að leiðarljósi. Verndarflokkar IUCN gera kleift að flokka svæði í mismunandi verndarflokka eftir því hvaða starfsemi er leyfð. Miðhálandið er stórt svæði og mismunandi verndarflokkar eru mikilvægir til að tryggja vernd og sjálfbæra nýtingu hálandisins, og mæta margvíslegum þörfum þeirra sem þess njóta.

Samvinna

Þátttaka náttúruverndar- og útivistarhreyfinga, aðila í ferðaþjónustu, auk ríkis og sveitarfélaga að stjórn þjóðgarðsins er meginatriði að okkar mati.

Taka þarf tillit til nýtingarréttar og skilningur þarf að ríkja á nauðsyn þess að bændur, ferðaþjónustan og útivistarfolk geti nýtt miðhálandið í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun.

Hálendisþjóðgarður myndi tryggja yfirsýn og stýringu ferðamála í takt við náttúruvernd og um leið ***einfalda*** og styrkja stjórnkerfið sem ferðaþjónustan treystir á. Þá myndi samvinna náttúruverndarsamtaka, útivistarsamtaka, aðila í ferðaþjónustu, nærsveitarfélaga og ríkis þegar kemur að náttúruvernd, innviðastyrkingu og atvinnustarfsemi verða skilvirkari og gagnsærri.

Með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu yrði fallið frá frekari virkjunum og háspennulínunum á svæðinu. Mikilvægt er að ná sátt um gerð vega á miðhálandinu. Það ættu að vera ferðamannavegir sem raski sem minnst náttúrfari og falla vel að landi.

Hálendisþjóðgarði fylgdi þannig nýting í formi útivistar og ferðamennsku sem byggði á sjálfbærri atvinnuþróun.

**Umsögn um textadrög þverpólítískrar nefndar sem
vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um:**

**„skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um
skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um
aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.“**



Ferðaklúbburinn 4x4 sér ekki að gera þurfi efnislegar athugasemdir við þennan texta sem nú er til umsagnar.

Þó viljum við koma eftirfarandi á framfæri:

Varðandi verndarflokkunina þá skiljum við textann þannig að gert sé ráð fyrir svipuðu verndarstigi á hverju svæði, eins og er fyrir tilkomu miðhálandisþjóðgarðs. Við sjáum ekki að við munum styðja við það ef hækkun yrði á verndarstigi svæða með tilkomu þjóðgarðsins nema það yrði rökstutt sérstaklega fyrir tiltekin afmörkuð svæði.

Ferðaklúbburinn 4x4 fagnar hugmyndum um að í kaflanum „Stig 3 – þjónustustaðir á hálandinu“ að gert sé ráð fyrir að útivistarfélög geti tekið að sér að sjá um ákveðin tiltekin svæði, til dæmis nærri stöðum þar sem Ferðaklúbburinn 4x4 er með skála. Á því svæði hefur Ferðaklúbburinn 4x4 hugsað mjög vel um svæðið og myndi slíkt verða vítamínsprauta fyrir útivistarfélög til að taka svæði að sér og hugsa um þau sem hluta af þjóðgarði. Jafnframt leggjum við áherslu á að fjallaskálar á vegum félagasamtaka og/eða einkaaðila, geti verið víða og að þeir verði jafndreifðir um miðhálandið gagnert til að auka öryggi fyrir ferðafólk um þjóðgarðinn allt árið um kring. Að auki má nefna að góðir fjallaskálar hafa mikið þjónustugildi fyrir þá er ferðast um miðhálandi Íslands

Almennt viljum við vekja athygli á því að stuðningur Ferðaklúbbsins 4x4 við stofnun Miðhálandisþjóðgarðs liggur í viljayfirlýsingu sem gerð var sameiginlega með fleiri aðilum undir merkjum „Hjarta hálandisins“. Sú viljayfirlýsing byggir á ákveðnum forsendum sem þar koma fram.

En þó ber að hafa í huga að til að Ferðaklúbburinn 4x4 geti samþykkt stofnum nýs þjóðgarðar eða stækkun mun alfarið byggjast á því að Vatnajökulþjóðgarður sýni í verki að þar sé hægt að leiða til lykta á farsælan hátt tilmæli umhverfisráðherra frá árinu 2013 um efnislega endurskoðun á umferð í Vonarskarði með tilliti til sáttar.

Við bendum á vanmátt Vatnajökulsþjóðgarðs til að takast á við það verkefni og er það í raun ámælisvert hvernig framgangi þeirra var sem þar réðu allt frá árin 2013 til 2018. Einnig má benda á vítaverð vinnubrögð Svæðisráðs vestursvæðis VJP á þessu ári sem eru látin óátalin af ráðamönnum og nú síðast afgreiðsla stjórnar þjóðgarðsins þar sem á að fresta málinu enn frekar. Fyrir okkur er þetta skýr vísbending um að stofnun Miðhálandisþjóðgarðs er ekki tímabær og að glórulítið er að halda áfram með þetta verkefni að svo stöddu.



Til þess að sátt náist um stofnun nýs þjóðgarðar eða stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs þarf fyrst að lagfæra þann lýðræðishallann sem hefur verið í Vatnajökulsþjóðgarði og einnig að sýna í verki að hægt sé að greiða þar úr aðgangsstjórnun og náttúruvernd á sómasamlegan hátt. Síðan þarf að tryggja að sporin þaðan sem hræða svo mikið verði alls ekki endurtekin í Miðhálandisþjóðgarði.

Virðingarfyllt fyrir hönd Ferðaklúbbsins 4x4

Sveinbjörn Halldórsson
Formaður Ferðaklúbbsins 4x4



Reykjavík 30. apríl 2019

Ferðaklúbburinn 4x4 hefur eins og mörg önnur útivistarfélög gefið stofnun miðhálandisþjóðgarðs gott svigrúm og unnið að því að fundinn verði góður grunnur að þjóðgarði. En eins og venjulega þá gerist það ekki nema hlustað sé á raddir allra, enda þjóðgarðurinn hugsaður fyrir alla. Eftir lestur og yfirferð um þriðja verkefni nefndarinnar um stofnun garðsins höfum við eftirfarandi athugasemdir.

Heitið „Stjórnunar og verndaráætlun“ finnst okkur ekki heppilegt nafn og teljum að það gefi til kynna að meginmarkmið sé að „Stjórna og vernda“. Við teljum að nota eigi betra orðalag með orðum eins og „nýta og vernda“ eða „njóta og vernda“ finna eigi nafn á skjalið sem tekur mið af því.

Eins og marg oft hefur komið fram í okkar málflutningi er grundvallarforsenda fyrir því að Ferðaklúbburinn 4x4 geti stutt við stofnun miðhálandisþjóðgarðs er að víðerni geti verið með fáförnum slóðum fyrir vélknúna umferð. Þessi krafa okkar styðst við þann mikla ágreining sem enn er í Vatnajökulsþjóðgarði. Þar gæti vegflokunarkerfi komið sterkt inn en Ferðaklúbburinn 4x4 er til í að koma að vinnu við slíkt vegflokunarkerfi. Okkar krafa er að það verði skrifað skýrt inn í þetta skjal að fáfarnir vegslóðar sem liggja í sátt við landið fái að standa innan víðerna. Með þessu fyrirkomulagi geta víðerni stækkað án þess að loka þurfi fáförnum slóðum, slíkt mun í framtíðinni koma í veg fyrir miklar deilur þegar víðerni verða skilgreind. Við bendum meðal annars á að kannanir sýna að upplifun ferðamanna gagnvart víðernum spillist ekki þó að þar séu fáfarnir ökuslóðar. Sem dæmi má nefna skýrslu Önnu Dóru Sæþórsdóttur sem hún vann árið 2013 fyrir Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Ferðamálastofu og Vatnajökulsþjóðgarð. **Útilokun fáfarinna ökulsóða í víðernum hingað til teljum við eina af helstu orsökum fyrir langvinnum og að okkar mati óþörfum deilum í Vatnajökulsþjóðgarði sem hafa unnið raunverulegri náttúrvernd mikið tjón hér á landi.**

Mikilvægt er að skýrt komi fram að ferðaleiðir fyrir vélknúin ökutæki geti verið til upplifunar en ekki bara til samgangna. Enn er reynt innan stjórnkerfis Vatnajökulsþjóðgarðs að láta eins og ferðaleiðir séu eingöngu til að gera samgöngur mögulegar. Slíkan málflutningur þarf að fyrirbyggja með skýrum hætti í miðhálandisþjóðgarði.



Ekki kemur nægilega skýrt fram að til útivistarfólks teljist þeir sem ferðast og njóta hálendisins á vélknúnum faratækjum. Undanfarin ár hefur verið reynt að stilla málum þannig upp að þessi hópur tilheyri ekki útivistarfólki. Við höfum náð smá árangri í að leiðrétta þetta en teljum nauðsynlegt að þetta verði orðað þannig í þessu skjali að ekki verði hægt að snúa síðar út úr textum sem eiga að tryggja aðgengi og nýtingu útivistarfólks á þann hátt að vélknúin fararmáti teljist ekki til útivistar.

Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir sveigjanleika í breytilegu náttúrulegu umhverfi með skýru orðalagi. Í Vatnajökulsþjóðgarði er til dæmis ekki gert ráð fyrir að vöð yfir ár geti breyst. Þar varð breyting á Bárðargötu fyrir nokkrum árum þegar Sveðja gróf sig mikið niður og varð ófær þar sem slóðinn lá. Þegar ferðamenn fundu svo annað vað neðar á ánni orðaði þjóðgarðsvörður það þannig að menn væru að "taka lögin í eigin hendur". Þetta þarf að fyrirbyggja með afgerandi hætti í miðhálendisþjóðgarði. Sama gildir um aðkomuleiðir að jöklum sem geta verið breytilegar, það hefur verið í þokkalegu horfi í Vatnajökulsþjóðgarði en skrifa þarf inn með skýrum hætti til að breyta megi ferðaleiðum til að bregðast við ef jökull hopar eða breytir sér á annan hátt.

Í töflu 1 er eftirfarandi texti í dálknum Nytjaréttur: „Brýnt er að hefðbundnar nytjar haldist í þjóðgarði, s.s. beitarnýting og veiði“. Við teljum að ferðalög um fáfarnar ökuslóðir til upplifunar teljist einnig til hefðbundinna nytja og því ætti að bæta við með skýrum hætti. Einnig mætti koma þessu atriði fyrir í dálknum „aðgengi“. Við bendum á að vegna stærðar miðhálendisins og mikilla vegalengda er ekki raunhæft fyrir flest fólk að ferðast um og njóta hálendisins nema með aðstoð vélknúinna tækja. Annað er einungis á færi fárra og aðeins fullfrískra á besta aldri.

Í kaflanum „Dreifstýring/vald heimamanna“ er talað sérstaklega um "heimamenn" en ekki rætt sérstaklega um fjölmennasta hópinn sem nýtur útivistar á hálendinu, það er fólk sem býr ekki á nærsvæðum þjóðgarðsins. Þessi hópur er einungis tiltekinn ásamt fleirum gegnum orðið „hagaðilar“. Mjög mikilvægt er að breyta þessu og tilgreina útivistarfólk úr öðrum landshlutum sérstaklega. Við höfum mjög slæma reynslu úr svæðisráði í VJP í tilviki þar sem umdæmi þess nær alveg inn fyrir vatnaskil á miðhálendinu og langt út fyrir nytjasvæði viðkomandi sveitarfélaga. Þetta svæðisráð neitar að taka tillit til efnislegra raka frá útivistarfólki í afstöðu sinni til nýtingar á þessu svæði en vilja haga hlutum sem snerta hagsmuni ferðafólks úr þéttbýli á ákveðinn hátt með þeim rökum að þeim "finnst" annað en það sem efnisleg rök benda til. Svona beitingu á valdi þvert á efnisleg rök þarf að fyrirbyggja í miðhálendisþjóðgarði.



Við söknum þess að ekki var haldinn fundur hér í Reykjavík til að kynna þetta skjal á sama hátt of drögin að atvinnustefnu og óskum eftir að botninn verði ekki látinn detta úr samráðinu á lokametrunum. Á fundinum um atvinnustefnuna var kallað eftir því að fleiri nefndarmenn létu sjá sig og ræða efni þessara skjala með okkur en við finnum ekki merki þess enn.

Við bendum á að þrátt fyrir framangreindar athugasemdir og ábendingar er einnig margt gott í þessu skjali sem gefur smá bjarstýni á að mögulegt verði að gera hér þjóðgarð sem verði með þeim bestu. Hins vegar þarf að vanda áfram til verka og við vörum við því að svo langt verði gengið í að fá sveitarfélög og ferðaþjónustuna til fylgilags við hugmyndina að það bitni á þeim fjölmennu njótendum hálendisins sem ekki búi á nærsamfélögum hans.

Virðingarfyllt.

Sveinbjörn Halldórsson

Formaður Ferðaklúbbsins 4x4



Athugasemdir við verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Reykjavík 30. október 2019

Ferðaklúbburinn 4x4 fagnar því framtaki og þeirri vinnu sem unnin hefur verið við undirbúning tillagna að stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og greinilegt að lagður er metnaður í að koma með stuttar og hnitmiðar tillögur varðandi áherslur í lagafrumvarpi um þjóðgarð og umfjöllun um fjármögnun hans. Nefndarmönnum hefur að mörgu leiti tekist vel upp en það eru nokkur atriði sem við teljum að betur megi fara. Helstu hugleiðingar okkar eru tíundaðar hér að neðan.

Kafli I – Stofnun Miðhálandisþjóðgarðs

Varðandi mörk þjóðgarðs Þar sem tekið er fram að landeigandi geti óskað eftir að land hans verði innan þjóðgarðs mætti bæta við að eins væri landeiganda mögulegt að taka land sitt úr þjóðgarði ef hann óskaði eftir því. Með því væri verið að gefa landeigendum meiri möguleika og jafnvel hefðu þeir meiri áhuga að taka þátt en sjá ekki á eftir eignalöndum inn í þjóðgarð sem gleypir þau. Þannig á þjóðgarður ekki að virka.

Markmið þjóðgarðs eru göfug og þarf að setja vel fram. Með skýringum og leiðbeiningum.

Annar punktur: Aðgengi almennings er eitt að aðal áherslu atriðum útivistarfólks og hefur verið eitt stærsta mein Vatnajökulsþjóðgarðs. Fallega er tekið á málinu en að orða að almenningi sé gefinn kostur á að njóta? Af hverju þarf að gefa almenningi kost á að njóta, er það ekki eðlilegt að almenningur eigi að fá að geta notið náttúrunnar og þjóðgarða yfir höfuð. Orðalag eins og við teljum að eigi að vera: **Almenningur getur kynnst og notið náttúru, menningu og sögu innan þjóðgarðsins.**



Þriðji punktur: Þar er ákvæði sem mikið er beitt og þarfnast nánari skilgreiningar. Boð og bönn sem misbeitt er vegna skilgreininga eru ekki góð. Hér þarf að setja skýrari línur um hvað telst ástæða til lokunnar og hvað ekki.

Fjórdi punktur: Hvað er heilnæm útivist? Er þar eingöngu átt við einhverja sérstaka útivistarhópa? Öll útivist er heilnæm hvernig sem hún er stunduð og óþarfí að tala um heilnæma útivist. Þetta orð **heilnæma** ætti að þurrka út.

Aðrir punktar eru í flestum tilfellum góðir og litlar athugasemdir um þá. Þó ber að nefna að Ferðaklúbburinn hefur áður bent á vegna aðgengis og innviðaupbyggingu: „*Ferðaklúbburinn 4x4 tekur heilshugar undir það sem stendur í lögum um náttúruvernd að í þjóðgörðum skuli tryggja aðgang almennings til útivistar þannig að almenningsur kynnist náttúru og sögu svæðisins og mikilvægt sé að tryggja að aðgengi almennings í náttúruverndarlögum verði staðfest í stjórnunar- og verndaráætlun væntanlegs þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Vernd náttúru, landslags og minja þarf að fara saman við tryggt aðgengi til útivistar. Vegir sem eru á hálandinu eiga því áfram að vera nýttir til samgangna vélknúinna farartækja og hafa skal í heiðri náttúruverndarlögin þegar kemur að öllum samgöngum, þar með töldum akstri á snjó og frosinni jörð.*“

Kaflí II – Stjórn og umdæmisráð

Greinilegt er að hér er verið að vísa beint í stjórnskipun Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem valddreifing á að vera góð og gild. Spurningin er: **Er hún það?**

Fimmti punktur: Þar er tekið á formensku svæðisráðanna, en áskilið er að formenn svæðisráða veljist úr fulltrúum frá sveitarfélögunum í ráðinu. Það veitir sveitarfélögunum aukið forskot í svæðisráðum og í stjórn þjóðgarðs því formenn svæðisráða sitja í stjórn þjóðgarðsins.

SH



Sjötti punktur: Þar er tekið á um hverjir skipi svæðisráðið. Þar sitja fulltrúi bænda/nytjaréttihafa (menn úr nær sveit), útivistarsamtaka sem í dag er eini fulltrúinn sem kemur frá félagasamtökum sem starfa víðsvegar á landinu en þó flest á þéttbýlustu svæðum landsins. Fulltrúi náttúruverndarsamtaka er valinn af sveitastjórnarmönnum og fulltrúi ferðamálasamtaka kemur einnig úr röðum heimamanna. Er það ekki hættulegt að þrengja þetta niður í ferðamálasamtök á svæðinu, bæði rýrir þetta möguleika SAF á aðkomu að garðinum, en innan SAF eru mörg fyrirtæki sem munu hafa atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum? Í Vatnajökulsþjóðgarði eru einhverjir fulltrúar ferðamálasamtakanna á svæðinu í sveitarstjórnnum á svæðinu. Þeir auka þannig enn á meirihluta sveitastjórna í svæðisráðum þjóðgarðsins. Hætta er á að hagsmunir „fjöldans“ verði fyrir borð bornir.

Níundi punktur: Þar er skilgreind stjórn garðsins „meirihluti stjórnarmanna séu fulltrúar sveitarfélaga sem hafa sveitarfélagsmörk upp á miðhálandið“ er með öllu óásættanlegt, þarna er verið að rétta fulltrúum sveitarfélaga með lítið hlutfall landsmanna á bak við sig, og þá um leið lítils hluta hagaðila, mikið vald. Hætta er á að þeir sem eru svokallaðir „heimamenn“ hafi þrengri sýn á málin þar sem allt þeirra viðmið byggist upp á hagsmunum **nærumhverfis** og lítils sveitarfélags í stað heildarhagsmuna þjóðgarðsins og landsmanna allra.

Kaflí III – Starfsemi í þjóðgarðinum, landnýting og þjónusta

Hefðbundnar nytjar

Sjötti punktur: Þar kemur fram um sérstaka heimild umferðar vegna landnytja. Þarna getur komið upp mikill ágreiningur milli hagsmunahópa. Í náttúruverndarlögnum er akstur utan vega bannaður nema með undantekningum. **Ferðaklúbburinn 4x4 hefur áður farið fram á það að allur leyfður utanvegaakstur skuli skjalfestur og leyfisskyldur og í raun opinbert plagg**, með því móti er hægt að fyrirbyggja óþarfan akstur utan vega. Ef heimila á umferð vegna landnytja er möguleiki á að upp geti komið mismunandi sjónarmið milli útivistarfólks, þar með talið jeppamanna, annars vegar og væntanlegrar svæðisstjórnar eða stjórnar garðsins hins vegar.

SA



Orkunýting

Fyrsti punkturinn er alveg sjálfsagður

Annar punktur um að viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði. Þarna þarf frekari útskýringar við. Þýðir þetta að það má halda áfram að raska land á orkuvinnslusvæðinu eða hvað má og hvað má ekki?

Þriðji punktur um að málefnið kallist á við áætlanir Alþingis. Þýðir það að ef Alþingi breytir um kúrs og komi með nýjar áætlanir, munu þær ganga framur samþykktum þjóðgarðsins?

Fjórti punkturinn um orkuöflun vegna þjónustu og reksturs þjóðgarðsins, hvað þýðir það, getur garðurinn stofnað virkjanir þar sem honum hentar eða?

Þjónustumiðstöðvar:

Almennt má segja að þjónustumiðstöðvar séu eðlilegur hluti í og eða við þjóðgarð og er okkar vilji að þær séu sýnilegar á þá við þá staði sem áhugaverðir eru og álag er á. Það er til að auka sýnileika og þjónustu á stöðum sem það þurfa.

Sjötti punktur þar er verið að fjalla um val og útfærslu þjóðgarðsmiðstöðva fyrir hvert og eitt rekstrarsvæði og að það verði í höndum svæðisráða. Að sjálfsögðu þarf að skoða hvort að samræmt heildar yfirbragð

þjóðgarðsmiðstöðvanna byggt á sérkennum garðsins sé ekki vænlegt fyrir hann. Afbrigði hvers svæðis getur til viðbótar fléttast inn í yfirbragðið á hverjum stað.

Áttundi punktur: Þessi punktur er óþarfur þar sem ný stofnun á miðhálandi Íslands þarf að hafa möguleika á að bregðast við breyttum forsendum um staðsetningar þjónustumiðstöðva og þykir okkur ekki rétt að festa í lögum eða reglugerðum að byggja skuli upp þó engin þörf sé eða eftirspurn vegna breyttra forsenda.

SH



Önnur atriði til viðbótar:

Samstarfssamningar

Hér er verið að reyna að slá á óánægjuraddir heimamanna eins og í Biskupstungum (Bláskógarbyggð) og fleiri, þar sem ótti þeirra við að breyting frá núverandi stöðu yfir í þjóðgarð leiði af sér að þeirra menn (heimamenn) letjist við að sinna áfram því sjálfbodaðastarfi sem hefð er orðin fyrir. Þeir telja að þjóðgarður sem stýrður er úr fjær umhverfi og á landsvísu gefi þeim ekki sömu ábyrgðartilfinningu fyrir landinu og þeir hafa nú. Spurning er þó hvort að samstarfssamningar vegi þar upp á móti. Tíminn mun að líkindum leiða það í ljós.

Rekstarsvæði

Rekstrarsvæðin sex virðist skiptast eftir mörkum sveitarfélaga, spurning er hvort ekki eigi að láta náttúrufar ökuleiðir og aðgengi ráða skiptingu þjóðgarðsins í rekstrarsvæði fremur en mörk sveitarfélaga.

Með fjölgun rekstrarsvæða fjölgar sveitastjórnarmönnum í aðalstjórn garðsins sem eykur enn völd sveitastjórna og heimanna yfir miðhálandi Íslands. Það er óeðlilegt að þéttbýlustu kjarnar landsins hafi í raun ekkert vald á svæðinu en þaðan koma allflestir njótendur (og skattgreiðendur) miðhálandisins. Því ætti það að þykja eðlilegt að áheyrnarfulltrúi útivistarfólks og áheyrnarfulltrúi ferðaþjónustufulltrúi (sem ætti að koma frá SAF) yrðu þar með einnig fullgildir meðlimir aðalstjórnar garðsins með öll réttindi og skyldur stjórnarmans.

Umfjöllun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs.

Núverandi staða og fyrirliggjandi áætlanir og fjármagnspörf miðhálandisþjóðgarðs;

Um þessa liði höfum við engar forsendur til að fjalla um að svo stöddu en áskiljum okkur rétt til að fjalla um þá á síðari stigum málsins og þegar við höfum viðeigandi upplýsingar í höndunum.

SA



Samgöngur;

Hér kemur ekki fram nein tillaga um hvernig samgöngur eiga að vera í þjóðgarðinum, hvar er eðlilegt að vegir séu uppbyggðir og hvar þeir séu það ekki, né er heldur nefnt hvernig framkvæmdum og viðhaldi samgöngumannvirkja skuli háttað.

Hér er að líta autt blað og ekkert sem hægt er að átta sig á hvar eigi að byggja upp og hvar ekki og er það bagalegt að vita ekkert um samgöngurnar og mannvirkin þeim tengd sem hafa mikil áhrif á sýn manna á miðhálandisgarði. Eins þarf að horfa til þess aðgengis sem er í dag sem er erfitt og er það mörgum aðdráttarafl og áskorun fyrir miðhálandið og fyrir ferðaþjónustuna góð söluvara. Margir náttúrunjótenur líta á erfitt aðgengi og krefjandi sem hluta af aðdráttarafli miðhálandisins.

Fjármögnunarleiðir;

Hér er verið að opna vel á að þjóðgarðurinn nái sér í talsverðar sértekjur fyrir skilgreinda þjónustu. Við í Ferðaklúbbnum 4x4 teljum eðlilegt að innheimt sé sanngjarnt gjald fyrir þjónustukaup. Jafnframt leggjumst við alfarið á móti því að gjald verði tekið af almenningi sem ferðast á eigin vegum og er gagnert kominn í þjóðgarðinn til að njóta náttúrunnar án þjónustu.

Einnig er verið að hvetja til þess að garðurinn byggi upp starf sjálfbóðaliða á svæðinu sem við teljum gott og gilt. Allt samstarf og sjálfbóðaliðastarf er af hinu góða og getur styrkt starfsemi og ímynd garðsins.

Viðringarfyllst

Sveinbjörn Halldórsson

formaður Ferðaklúbbsins 4x4

Aldís Ingimarsdóttir - 30.04.2019

Ég er alin upp við að ferðast mikið á fjöllum að sumri til með foreldrum mínum. Þegar ég stofnaði fjölskyldu þá hélt ég uppteknum hætti og við maðurinn minn þvældumst um fjöll og firnindi heilu vikurnar að sumri til. Við keyrðum milli staða, komum okkur fyrir í ferðavagni og fórum í stuttar göngur eftir getu. Að auki jukum við útivistartækifærin með því að ferðast að vetri til því við keyptum okkur jeppa og breyttum honum til að drífa í snjó. Í 30 ár höfum við, öll fjölskyldan, ferðast saman bæði sumur og vetur um íslenska náttúru. Við eigum okkar bestu stundir á ferðalögum innanlands og ég tel að með því að kynna fyrir börnunum mínum þessa ferðamennsku um náttúruna búa þau að lífsleikni sem mun nýtast þeim í framtíðinni. Börnin okkar hafa ferðast með okkur eftir að þau voru unglingar og fram á þennan dag eins og þau geta því þau elska þessa tegund af ferðamennsku og útivist. Nú eru mínar uppkomnu dætur farnar að ferðast á eigin vegum, sumar og vetur á sínum eigin bíl með hópi af öðru ungu fólki. Ég nefni þetta til að benda á að við jeppafólk erum ekki að hverfa sbr. athugasemd #5 sem barst hér inn þann 27. Apríl 2019. Ég tel mig mikla útivistamanneskju og náttúruunnenda og vil ekkert frekar en vernda okkar íslensku náttúru og færa næstu kynslóð landið þannig að þau hafi tækifæri til að njóta náttúrunnar á sama hátt og ég hef fengið.

Ég styð það að haft sé eftirlit og bönd höfð á því hvernig við notum óbyggðirnar okkar. Ég styð hins vegar ekki miðhálandisþjóðgarð einfaldlega vegna þess að reynslan úr Vatnajökulþjóðgarði hræðir mig gríðarlega. Þar kom í ljós að með Þjóðgarði komst fólk til valda yfir landssvæði (sem er þjóðareign) sem það getur stjórnað að eigin vild og hyglir fólki með sömu áhugamál en reynir nokkuð markvisst að hindra aðgang fyrir útivistarfólk sem ferðast á farartækjum með mótör. Ég er þess vegna ansi hrædd um að þau sem munu fá völd í slíkum miðhálandisþjóðgarði muni ekki taka tillit til fólks sem vill njóta náttúrunnar eins og ég og mín fjölskylda höfum gert.

Mér brá við að sjá umsögn eins útivistarmanns því hann beinlínis varar við jeppafólki í umsögn hér að ofan #5 27.apríl 2019 þar segir hann fulltrúa SAMÚT, þar með fulltrúi minn, „tala fyrir forneskjulegum viðhorfum takmarkaðs hóps útivistarmanna“. Einnig segir hann viðhorf okkar vera „þráhyggjukennd barátta fyrir auknum akstri aflmikilla og mengandi ökutækja um viðkvæm náttúrusvæði innan þjóðgarðsins“. Þetta er að sjálfsögðu ekki rétt, reyndar kolrangt og mjög rægjandi ummæli. Við (jeppafólk) viljum geta notað þær

slóðir sem þegar eru til og höfum engan áhuga á að skemma og menga. Leiðum hefur hins vegar verið lokað og þannig heilu svæðin ekki í boði fyrir fólk sem ferðast á ökutækjum og reyndar varla gangandi heldur vegna víðernis og eyðisanda. Við erum mjög stór hópur og ekki minnkandi hópur sem telur mörg þúsund manns. Vil líka benda á að þessi hópur sem hann (og margir) virðist leggja fæð á, hefur þróað hinn séríslenska breytta jeppa sem nýttur er í þjónustu hins opinbera, veitna, hjálparsveita, til vísindastarfa og ferðaþjónustu. Þessa bíla er farið að nota í meiri mæli við vísindastörf og ferðir á suðurskautinu. Þetta hugvit hefur því fært okkur sem þjóð heilmikið að mínu mati. Það vill svo til að ég er í sambandi við gríðarlega stóran hóp af ungu fólki sem er mjög áhyggjufullur um frelsi sitt til að mega ferðast að sumrum og vetrum vegna lokana. Jeppahópurinn sem ég tel mig hluta af, er því ekki þráhyggja eldri manna heldur öflugur og klár hópur af fólki sem er fullkomlega treystandi til að taka þátt í að fara vel með landið okkar og njóta þess í leiðinni eins og öðru útivistafólki hér í landi.

Við búum í þannig landi að sumarið er stutt en veturinn langur, þess vegna er það okkur mikilvægt að geta notið náttúrunnar yfir vetrartímam líka. Fyrir mig persónulega er það útivist sem gefur mér næringu bæði á sál og líkama. Ég vel útivist til fjalla hér á landi frekar en tilbúna slökunarferð til Ítalíu eða jógaíðkun á Indlandi. Þess vegna er það mér mikils virði að fara vel með þessa auðlind sem hálendið okkar er. Ég er mjög meðvituð um að fjallabíllinn minn mengar meira en borgarbíllinn eða næsti bíll sem verður vonandi rafmagnsbíll en ég leitast við að sýna góða umhverfishegðun og tek þátt í mótvægisaðgerðum. Jeppann nota ég eins lítið og ég get og bara í sambandi við útivistaferðirnar. Eins finnst mér mikilvægt að benda á að mengun sem við jeppafólk völdum skiptir mjög litlu máli í heildarmyndinni fyrir utan það að með mótvægisaðgerðum má hreinlega kolefnisjafna hana út. Ég tel mikilvægara að vinna í mótvægisaðgerðum en að hætta að njóta þeirra forréttinda sem það er að fæðast og búa í þessu landi.

Með kveðju og ósk um að þau sem yfir þessar athugasemdir fara, gefi sér tíma til að lesa í gegnum þetta erindi. Aldís Ingimarsdóttir, byggingarverkfræðingur.

Andri Freyr Sigurðsson - 31.10.2019

Ef af stofnun Miðhálandisþjóðgarðs verður, verður að forðast þau stjórnsýslulegu mistök sem urðu við Vatnajökulsþjóðgarðs.

Aðgengi almennings, hvernig sem þeir ferðast, akandi, hjólandi ríðandi eða gangandi verður að vera virt til jafns en leiðum ekki lokað til upphafjunar á einum ferðamáta. Lokun vegslóða verður að vera tekin í formlegu ferli og með umsögn frá almenningi. Efnislegur rökstuðningur verður að fylgja með hverri ákvörðun ef það á að takmarka aðgengi fólks.

Sátt verður að vera um garðinn, ekki bara þeirra sem fara aldrei um hann.

Arngrímur Hermannsson - 31.10.2019

Ekki verðu hjá því komsti að skoða hvað hefur verið gert þegar talað er um að stofna þjóðgarð, í ljósi þeirra þjóðgarðar sem hafa verið stofnaðir. Er búin að hafa atvinnu af því að fara með ferðamenn um hálendi Íslands í yfir 35 ár og þar á undan ferðast um það fá því ég var unglingur í yfir 45 ár. Í byrjun eingöngu gangandi eða á gönguskíðum, þá með björgunarsveitum og við Jöklarannsóknir. Að mínu vita þá hefur allt viðhorf Íslendinga til hálendisins verið til fyrirmyndar og umgengi líka. Það er dapurt að fylgjast með því að færri og færri Íslendingar eru á ferðinni um hálendið en sem áður var, hvort sem um sumar eða vetur er að ræða. Allt tal um þjóðgarð og þær ósýnilegu reglur fælir Íslendinga frá að skoða um og yfir 80% af landinu sínu. Þetta tal um að afleggja vélknúin ökutæki til þess að göngu menn fái að njóta er algerlega á miskilingi byggð. Ökutækin eru grundvöllurinn fyrri því að göngumenn komist til og frá og um hálendið. Núna í sumar sá maður eiginlega eingöngu þjóðgarðverið eða björgunarsveitar menn á ferðinni. Hvað kostar þetta?. Nú í haust fyrir viku síðan fórum við 900 km um hálendið í 40 skiptið. Sáum ekki nokkurn mann á ferðinni. Hvað er vandamálið. Eru það ferðamennirnir eða erum menn að hugsa um virkjari á hálendinu. Við sem förum regluleg til að viðhalda skálum jöklarannsóknarfélagsins á jöklum landsins, erum bara ekki að fatta það t.d. þegar er verið að tala um að það verð að skrá sig inn í þjóðgarðinn, svo menn viti hverjir eru þar.. Við sem ferðumst eftir veðri og vindum vitum ekki hver er næsti næturstaður og slíkt væri verulega íþyngjandi með mjög stuttum fyrirvara. Þá er líka eðlilegt í ljósi reynslunar að GPS leiðir og kort séu gefin út sérstaklega fyrir erlenda ferðamenn. En að við Íslendingar höfum annað leiðarval. Hverngi svo sem menn útfæra það. Við eigum að hvetja alla Íslendinga til að njóta hálendisins og jökla Íslands og ekki síst að koma ungfólkinu á bragðir. Við eigum ekki að læsa því engum til gangs. Það er bara kostnaður, engum til gagns. Tók t.d. að þjóðgarðsverðir eru byrjaðir að loka slóðum sem við höfum farið um áratuga skeið. Upp á sitt einsdæmi. Hef skiling á að sumir slóðar eru ekki fyrir alla. En Íslendingar eru eiga að fá að njóta. Hér þarf að finna upp leið sem skilgreinir þennan mismun, án þess að menn fatti það. Broskall :) Flottar leiðir eins og Vonarskarðið er dæmi um rugl lokanir og t.d stóð til að loka Virkisleiðinn um Ódáðahraun. Þá er Nyrsti hlut Bárðargötu í Vonarskarði á vaði yfir Köldukvísl innan lokunar sem sýnir vitleysur sem eru gerðar. Þjóðgarður er ekki neitt töfra orð og leysir ekki einhvern vanda sem er ekki til. Reynslan af þjóðgarði t.d. þá má ekki tjalda

nema á tjaldsvæði, sem er all ekki fyrir alla. Þetta er mjög íþyngjandi og er óþarfi gagnvart íslenskum ferðamönnum. Þá komum við aftur að því hvað er vandamálið? Jú er það erlendu ferðamennirnir, já eitthvað smá. Eða er þetta til að vernda hálendið gagnvart ferkari virkjunum sem hefur í raun verið aðal valdurinn af breytingum á hálendinu, ekki ferða menn. Þá eiga menn að tala skýrt og skýra hlutina réttum nöfnum. Þjóðgarður eða friðun er ekki tímabær. Þessi langloka um að það sé lokað á ökutæki til að gangandi geti farið um hálendið í friðið er ekkert annað en dulnefnið á því að nú sé verið að stíga það skref að takmarka ferðir um hálendið við göngufólk, Þýðir einfaldlega að það sér búið að loka því. Köllum þetta réttum nöfnum. ""Lokum hálendinu" "Allar ferðir bannaðar á hálendinum" Nema með "sérstökum undanþágum" Arngrímur Hermannsson Ferðaskrifstofan Explorer ehf. áður ITG Into the Glacier. áður ICE 8x8 áður stjórnarformaður Íslenskar ævintýraferðir sem saman stóða af. Langjökli ehf, Vantajökli ehf, Mýrdalsjökli ehf, Skálpanes ehf, River rafting Drumboddstaðir og nokkrum öðrum. Takk fyrir að fá að segja mitt álit. Vegni þessu máli sem best.

Jón Garðar Helgason - 31.10.2019

Athugasemdir Austurlandsdeildar Ferðaklúbbsins 4x4 við tillögur/áherslur þverpólítískrar nefndar í lagafrumvarp um miðhálandisþjóðgarð og umfjöllun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs.

Austurlandsdeild 4x4 leggst gegn stofnun miðhálandisþjóðgarðs.

Vatnajökulsþjóðgarður, sem er fyrirmynd slíks þjóðgarðs, hefur ekki reynst jafnvel og vonir okkar stóðu til og þangað til betri sátt hefur náðst um rekstur og tilgang VJP ætti ekki að stofna til stærri einingar að þeirri fyrirmynd. Úttekt Capacent á stjórnun þjóðgarðsins er mjög gott dæmi um það hvernig stjórnunarmódelið sem lítur afskaplega vel út á blaði getur snúist í andhverfu sína og orðið smákóngaríki sem erfitt er að eiga við.

Eitt af því sem er bogið við VJP og á að brydda upp á núna er að eitt af upphaflegu markmiðum VJP var: „Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist“ en þessi setning hvarf með lagabreytingu nr.101/2016. Þessa setningu er líka að finna í textanum um nýja þjóðgarðinn og okkar ótti er að hann hverfi líka.

Okkur finnst það ekki samræma jafnræðisreglu að þjóðgarðurinn fái einn að afla orku af svæðinu.

Að því sem okkur virðist þá hafa lögregluembættin gert hálandinu greiða með verulega aukinni viðveru og í raun er það raunveruleg vernd bæði gagnvart náttúru og persónum. Í raun teljum við að þjóðgarður sé hálfgerð peningasvarthol þar sem mikið opinbert fé rennur til skrifstofuhalds og skýrslugerða um ekki neitt í stað þess að renna til raunverulegra verkefna eins og löggæslu um hálandi og landverndar.

Við eigum vel skrifaða náttúruverndarlöggjöf sem tekur á öllum þeim þáttum sem verið er að standa skil á í þjóðgarði og ef fjármunum er veitt í að framfylgja henni er mikill sigur unninn. Íslendingar eru náttúruverndarfólk upp til hópa og ganga vel um og það er afskaplega leiðinlegt hvernig þessi málefni hafa rekið fleig milli mismunandi ferðahópa eftir því hvernig ferðamáta þeir kjósa.

Virðingarfyllt

Austurlandsdeild Ferðaklúbbsins 4x4

#15 Ársæll Hauksson - 11.08.2019

Sé enga ástæðu til að stofna til þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Það eru engin rök eða þörf sem eru að baki þessum tillögum, fyrst og fremst þarf að fara fram vitræn umræða um tilgang þess að gera svona stóran hlut landsins að þjóðgarði.

#10 Birgir Örn Guðjónsson - 29.07.2019

Af hverju þarf að friða svona stórt svæði ? Það eru varla nema 4-6000 manns sem eru að flakka um hálendið (fyrir utan ferðamenn...) og mér finnst að það eigi ekki að vera nóg að þeir geti sett svona kröfu fram. Munum hvað gerðist þegar varnarið var látið loka sjónvarpsstöðinu v/ 11 manna !!!

Er ekkert á mótí að landið sé friðað, en það á að gera þetta gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu, og þá að það sé skilyrði að einhver ákveðin prósentu kjósi (30-35 %)

Ekki að það kjósi 10 þús manns og 5500 ráði ! (munum flugvallakosninguna !



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Skuggasundi i 1
150 Reykjavík

Reykholti, 20. desember 2018
1812008 AS

Efni: Umsögn Bláskógabyggðar vegna hugmynda um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar hinn 6. desember var undirritaðri ásamt Helga Kjartanssýni, oddvita, og Guðrúnu S. Magnúsdóttur, fulltrúa í sveitarstjórn, falið að vinna umsögn vegna verkefnis nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og senda inn í samráðsgáttina.

Í umsögninni er komið inn á fleiri þætti en þá sem fjallað er um í skýrslu nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, þ.e. greiningu tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðaðþróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustarfsemi.

Bent er á að kaflinn „úttivist og ferðapjónusta“ þarfnist skýringa. Er þá vísað til eftirfarandi texta sem er innan gæsalappa: „Mikið hefur verið fjallað um þróun ferðapjónustu á Íslandi, hvernig hægt sé að þróa greinina í átt að aukinni sjálfbærni og laða til landsins ferðamenn sem skilja eftir sig minna kolefnisspor. Í ljósi þess að ferðamenn sem stunda náttúruferðamennsku sækja í þjóðgarða gæti þjóðgarður á miðhálandinu að mati nefndar stutt við ákjósanlega þróun í þeim efnum.“

Hér þarf að skýra nánar við hvers konar ferðamenn er átt við. Bent er á að allir ferðamenn koma til landsins með flugvélum og skipum. Eflaust er verið að vísa til gangandi og hjólandi ferðamanna, en staðreyndin er sú að langflestir ferðast um hálandið á bílum. Auk þess er það alþekkt að mjög stór hluti ferðamanna kemur til landsins vegna náttúrunnar og stundar því náttúruferðamennsku. Því er erfitt að færa rök fyrir því að stofnun þjóðgarðs minnki kolefnisspor ferðamanna.

Gerðar eru athugasemdir við kaflann „rannsóknir“, þar sem svo virðist sem litið sé svo á að ekki sé unnt að stunda rannsóknir nema viðkomandi svæði sé skilgreint sem þjóðgarður. Ósnortin víðerni geta verið til staðar þó svo að ekki sé um þjóðgarð að ræða.

Einnig er bent á þversagnir sem fram koma í málinu. Stofnun þjóðgarðs er rökstudd með vísan til náttúruverndarsjónarmiða um verndun ósnortinna víðerna. Þrátt fyrir það eru talin upp meðal helstu raka fyrir stofnun þjóðgarðs atriði á borð við það að slíkt sé þjóðhagslega hagkvæmt, og í kaflanum „þjónusta“ segir: „Ef horft er til reynslu annarra landa varðandi ásókn í þjóðgarða, sem og vinsældir þjóðgarðanna þriggja sem fyrir eru á Íslandi, mun stofnun miðhálandisþjóðgarðs að öllum líkindum **auka straum almennings og ferðamanna á miðhálandið. Með aukinni ásókn í svæðið er einnig líklegt að kröfur gesta er varðar aðgengi, veitingar og gistingu muni aukast og verða fjölbreyttari.**“ Víða á hálandinu þar sem ekki eru þjóðgarðar eru ósnortnar náttúruperlur sem fáir vita af, það er ekki gott aðgengi að þeim og ekki



verið gerð krafa um slíkt, þessum svæðum er ógnað með tilkomu þjóðgarðs, sbr. framangreindan kafla um kröfur gesta. Einnig má víða fá góða en lágstemmda þjónustu, s.s. gistingu og veitingar, sem uppfyllir kröfur um salerni og aðra hreinlætisaðstöðu en kannanir hafa sýnt að það er einmitt þannig þjónusta sem fólk vill sem ferðast um hálendið.

Af hálfu Bláskógabyggðar hefur verið bent á að víða á hálendinu, þar sem ekki eru þjóðgarðar sé betur staðið að málum varðandi hreinlætisaðstöðu, viðhald vegslóða og uppbyggingu innviða en innan t.d. Vatnajökulspjóðgarðs. Þannig vill Bláskógabyggð meina að á þeim hluta hálendisins sem snýr að Bláskógabyggð sé um mjög valddreift verklag að ræða, sbr. kaflann „samræmt valddreift verklag“, þar sem bændur og ýmis félög og samtök, auk sveitarfélagsins, hafa lagt mikla sjálfböðavinnu og talsverða fjármuni í náttúruverndarverkefni, sem hefur skapað viðtæka samfélagssátt um náttúruvernd. Óvíst er að um slíkt framlag sjálfböðaliða yrði að ræða þegar svæðið verður komið undir stjórn þess stóra bákns sem stjórn þjóðgarðs og miðlæg ríkisstofnun eru, og er þar vísað til áforma um stofnun Þjóðgarðastofnunar.

Önnur sjónarmið sem Bláskógabyggð vill koma á framfæri almennt varðandi hugmyndina um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu eru eftirfarandi:

Mikilvægt er að skipulagsvald sveitarfélaganna verði ekki skert. Sú leið sem farin hefur verið með Vatnajökulspjóðgarð og stofnun svæðisráða leiðir til þess að hvert og eitt sveitarfélag hefur ekki sjálft vald yfir sínu skipulagssvæði. Skýrar línur þurfa að vera varðandi það að hvert og eitt sveitarfélag ráð yfir sínu landsvæði. Eins og lagt er upp með skipan stjórna þjóðgarða í frumvarpsdrögum vegna Þjóðgarðastofnunar getur komið til þess að sveitarfélag eigi ekki aðkomu að gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Þá er bent á að sú staða kann að koma upp að fulltrúi sveitarfélags lendi í minnihluta varðandi einhverja ákvörðun sem tekin er innan stjórnar eða svæðisráðs og hefur áhrif á skipulag innan marka þess sveitarfélags sem viðkomandi fulltrúi starfar fyrir. Þessa stöðu telur Bláskógabyggð óásættanlega og styðji það enn frekar að samþykki sveitarfélags verði áskilið varðandi ákvarðanir sem hafa áhrif á skipulagsvald sveitarfélaga, svo sem stjórnunar- og verndaráætlanir.

Löng hefð er fyrir nýtingarrétti á miðhálendinu, svo sem upprekstrarrétti. Brýnt er að ekki verði hróflað við honum. Slíkt skiptir verulegu máli fyrir m.a. atvinnustarfsemi á jaðarsvæðum fyrirhugaðs þjóðgarðs og er ekki síður mikilvægt en þau atvinnutækifæri önnur sem tilgreind eru í skýrslunni.

Velta má því upp hvort inn á milli á hálendinu séu ekki svæði sem hafi ekkert sérstakt verndargildi og hvort ástæða sé til út frá því að gera allt hálendið að einu verndarsvæði, þ.e. hvort ekki væri eðlilegra að afmarka verndarsvæði við svæði sem hafa sérstakt verndargildi.

Ljóst er að fjármögnun verkefna á sviði náttúruverndar hefur verið erfiðleikum háð, bæði á það um verkefni innan núverandi þjóðgarða og utan þeirra. Ekkert hefur komið fram sem tryggir það að fjármögnun verði auðveldari eða að fjárframlög ríkisins aukist stórkostlega við stofnun miðhálendisþjóðgarðs. Ekki er gott að byggja upp væntingar um mikla uppbyggingu, gæslu og fræðslu, sem ekki verður unnt að standa við.

Skilmálar varðandi stýringu og verndun geta breyst frá því sem upphaflega er ákveðið, svo og geta mörk þjóðgarðs breyst. Fyrirfram þarf að vera ljóst hver er aðkoma sveitarfélaga að slíkum ákvörðunum og tryggt að samráð verði haft við þau. Bent er á í því samhengi að í frumvarpsdrögum vegna Þjóðgarðastofnunar er ekki gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélaga að ákvörðun ráðherra um stækkun þjóðgarða. Bláskógabyggð telur slíkt ekki ásættanlegt.



Virðingarfyllst,

Ásta Stefánsdóttir

Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Helgi Kjartansson

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Guðrún S. Magnúsdóttir

Guðrún S. Magnúsdóttir, fulltrúi í sveitarstjórn Bláskógabyggðar

#18 Bláskógabyggð - 12.08.2019

Umsögn um samráðsskjal S-135/2019 - Skilgreining á mörkum miðhálandisþjóðgarðs, skiptingu í verndarflokka o.fl.

Umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um textadrög þverpólítískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar. Sjá tilkynningu í samráðsgátt Stjórnarráðsins frá 22. maí sl. um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Í umsögninni er annars vegar fjallað almennt um stofnun miðhálandisþjóðgarðs, hins vegar er fjallað um mörk þjóðgarðs, skiptingu í verndarflokka, aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Almennt um stofnun miðhálandisþjóðgarðs:

Af hálfu Bláskógabyggðar eru ítrekaðar fyrri athugasemdir þess efnis að ekki hefur farið fram grunnvinna sem sveitarfélagið telur algerlega nauðsynlegan undanfara að vinnu þverpólítísku nefndarinnar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, þ.e. varðandi það að meta kosti og galla þess að ráðast í það verkefni að stofna þjóðgarð á miðhálandi Íslands.

Sveitarstjórn tekur undir öll eftirfarandi áhersluatriði sem Húnavatnshreppur tiltekur í umsögn sinni:

A. Ekki hefur verið tekið til umfjöllunar og tekið upp samráð á vegum lýðræðislega kjörinna fulltrúa um kosti og galla þjóðgarðsstofnunar m.a. með tilliti til annarra friðunar- og verndarheimilda, sbr. t.d. nýleg náttúruverndarlög og heimildir til hverfisverndar samkvæmt skipulagsáætlunum.

B. Umfjöllun og skýringar um þýðingu alþjóðlegra viðmiða um þjóðgarða hefur ekki komið fram. Lýsingar á heimildum til annarra notkunar svæða en fellur undir kjarnasvæðis þjóðgarðs og kröfur um lágmarks umfang slíks svæðis er því óreiðanleg til að byggja á ákvarðanatöku sveitarfélaga.

C. Ljóst er að stofnun þjóðgarðs felur í sér verulega takmörkun á skipulagsvaldi sveitarfélaga og þar með forræði sveitarstjórna á að marka stefnu um þróun byggðar og landnotkunar í sveitarfélagi.

D. Stofnun þjóðgarðs takmarkar ráðstöfunarheimildir sveitarfélaga yfir þjóðlendum og heimildir til að afla tekna vegna starfsemi í þjóðlendum, sem sveitarfélög geta nýtt í þágu þjóðlenda innan sveitarfélagamarka.

E. Ófyrirséðar breytingar geta orðið á lagalegri umgjörð um þjóðgarð og stjórnunar- og verndaráætlun í framtíðinni, sbr. t.d. breytingar sem raskað hafa forsendum sem til staðar voru við stofnun Vatnajökulspjóðgarðs.

F. Nýting afréttareignar innan þjóðgarðs, sem og önnur starfssemi, verður háð stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðs.

G. Aðkoma sveitarfélags að stjórn þjóðgarðs verður óveruleg.

Mörk miðhálandisþjóðgarðs:

Sveitarstjórn leggst gegn því að landsvæði innan marka sveitarfélagsins verði felld undir miðhálandisþjóðgarð. Fer sveitarstjórn fram á að í því tilviki að ekki verði tekið tillit til andmæla hennar verði teknar upp samningaviðræður við sveitarfélagið í þeim tilgangi að skilgreina mörk miðhálandisþjóðgarðs innan marka þess.

Sveitarstjórn telur rétt að ákvörðun um mörk þjóðgarðs byggi á faglegu mati sem byggt verði á eiginleikum svæða, en ekki verði horft eingöngu til eignarhalds og umráðaréttar yfir landi. Þá tekur sveitarstjórn undir ábendingu Húnavatnshrepps þar sem fram kemur að stofnun þjóðgarðs, sem aðallega væri byggð á eignarréttarlegum atriðum, yrði þannig forsenda takmörkunar á skipulagsvaldi sveitarfélaga. Vandséð er að hægt sé að rökstyðja það að eðlilegt sé að takmarka skipulagsvald sveitarfélaga út frá þáttum sem snúa að eignarhaldi eða umráðum lands. Verður því að koma til fagleg skoðun út frá sjónarmiðum náttúruverndar og inntaks aðalskipulags sveitarfélaga, þar sem ákvæði kunna að vera um hverfisvernd, landnotkun er skilgreind og settar takmarkanir út frá forsendum sem varða m.a. vernd náttúru.

Skipting í verndarflokka:

Sveitarstjórn leggur áherslu á að vanda þarf til verka við skiptingu í verndarflokka þar sem horft verði til verndarmarkmiða svæða og að hafa verði samráð við alla hagsmunaaðila við þá vinnu, sem væntanlega verður unnin sem hluti af gerð stjórnunar- og verndunaráætlun fyrirhugaðs þjóðgarðs.

Aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar:

Bláskógabyggð bendir á að sumar þjónustugáttir eru nokkuð langt frá hinum fyrirhugaða þjóðgarði. Telur sveitarstjórn eðlilegra að gáttirnar verði sem næst þjóðgarði. Verði af stofnun þjóðgarðs leggst sveitarstjórn ekki gegn

staðsetningu þjónustugáttar á svæðinu við Gullfoss. Sveitarstjórn telur að þjónustugátt við Þingvelli væri of langt frá hinum fyrirhugaða þjóðgarði.

Ferli málsins:

Sveitarstjórn þakkar það samráð sem viðhaft hefur verið og fundi fulltrúa í nefndinni með sveitarstjórn. Sveitarstjórn hefði þó gjarnan viljað hitta fleiri nefndarmenn á samráðsfundum. Gott hefði verið að eiga beint og milliliðalaust samtal við sem allra flesta nefndarmenn



*Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu
bt Steinars Kaldal*

Reykholti, 30. október 2019
1812008 AS

Efni: Umsögn Bláskógabyggðar um samráðsskjal nr. 253/2019 – Áherslur nefndar í lagafrumvarp um hálandisþjóðgarð og umfjöllun nefndar um fjármögnun hálandisþjóðgarðs.

Eftirfarandi er umsögn Bláskógabyggðar um tillögu þverpólíttískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um áherslur nefndarinnar í lagafrumvarp og umfjöllun um fjármögnun þjóðgarðs. Sjá tilkynningu í samráðsgátt Stjórnarráðsins frá 11. október sl. um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Áherslur um mörk miðhálandisþjóðgarðs:

Á fyrri stigum hefur Bláskógabyggð lagst gegn því að land sem er innan marka sveitarfélagsins verði fellt undir miðhálandisþjóðgarð, nema að undangengnum sérstökum samningum við sveitarfélagið þar að lútandi.

Áherslur um markmið:

Af hálfu Bláskógabyggðar er ekki gerð athugasemd við markmið sem snúa að vernd náttúru og sögu, svo sem nánar er tilgreint í textanum. Samræmist það algerlega því hvernig heimamenn hafa unnið með sína afrétti.

Hvað varðar aðgengi almennings er á það bent að almenningi gefst nú þegar kostur á að kynnast og njóta þessara þátta. Hefur verið sérstaklega stuðlað að greiðri og öruggri fõr þeirra sem eftir því sækjast um afrétti Bláskógabyggðar, m.a. með merkingum, uppbyggingu þjónustu, m.a. í gangnamannaskálum, rafvæðingu o.fl.

Minnt er á að markmið um aukna umferð almennings, þ.á m. fjölda erlendra ferðamanna, samræmast ekki endilega markmiðum um náttúruvernd og ósnert víðerni.

Hvað varðar samvinnu og samstarf við starf félaga og sjálfbóðaliða er litið jákvæðum augum á að þessi atriði hafi náð athygli nefndarinnar og að þeirra skuli getið í áherslum hennar. Afar brýnt er þó að starf félaga og sjálfbóðaliða, sem er gamalgróíð og byggt á mikilvægri þekkingu á staðháttum og umhyggju fyrir landsvæðinu, fái að dafna áfram á forsendum heimamanna og undir þeirra umsjá og stjórn. Ekki er unnt að ganga að því sem vísu að vilji heimamanna til að fjármagna verkefni á hálandinu og vinna þar ólaunið störf verði hinn sami þegar svæðið verður komið undir ríkisstofnun sem heimamenn hafa takmarkaða aðkomu að. Á fundum sem Bláskógabyggð hefur átt með þverpólíttísku nefndinni hefur þvert á móti ítrekað komið fram að heimamenn muni ekki leggja sömu vinnu og fjármagn í svæðið, verði það ekki á þeirra forræði, eins og verið hefur. Getur það hæglega leitt til hnignunar gróðurs og vistkerfa á hálandinu.

**Áherslur um stjórnskipulag:**

Hvað varðar stjórnskipulag og hlutverk stjórnar um svæðisráða eru ítrekaðar þær ábendingar sem fram hafa komið á fyrri stigum varðandi skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaga sem óneitanlega felast í því fyrirkomulagi að ákvarðanir verði teknar í gegnum verndar- og nýtingaráætlanir miðhálandisþjóðgarðs. Þá er það einnig verulegt inngrip í skipulagsvald sveitarfélaga að undirbúa stofnun miðhálandisþjóðgarðs í andstöðu við viðkomandi sveitarfélög.

Þá er bent á að þrátt fyrir að svæðisráð verði skipað fulltrúm sveitarfélaga að meirihluta þá geta fulltrúi/fulltrúar sveitarfélags lent í minnihluta við ákvarðanatöku um mál sem varðar viðkomandi sveitarfélag eða svæði innan þess. Íbúar einstakra sveitarfélaga munu einnig hafa minni aðkomu að ákvörðunum, enda verður meirihluti fulltrúa í svæðisráðum ekki kjörinn af þeim. Hluti fulltrúa í svæðisráðum verður ekki kjörinn lýðræðislegri kosningu af einum né neinum. Boðleiðir lengjast og flækjustig eykst til muna umfram það sem nú er.

Áherslur um hefðbundnar nytjar, orkunýtingu og þjónustumiðstöðvar:

Af hálfu Bláskógabyggðar er bent á að rík hefð er fyrir nýtingu afréttarins og er afar mikilvægt að hefðbundin not verði ekki skert, ekki heldur með tilvísunum til viðmiða um sjálfbærni í ýmsum sérlögum.

Áhersla er lögð á að ekki verði þrengt um of að heimildum til orkunýtingar eða flutnings orku milli landshluta, enda er vistvæn og sjálfbær nýting orkuauðlinda forsenda þess að ýmis markmið í loftslagsmálum geti náð fram að ganga. Bláskógabyggð hefur þegar mótmælt áformum umhverfis- og auðlindaráðherra um viðamiklar friðlýsingar í nafni rammaáætlunar, sem ganga mun lengra en lagaheimildir gefa tilefni til.

Áherslur um uppbyggingu þjónustumiðstöðva eru metnaðarfullar og jafnframt mjög kostnaðarsamar og kalla á mikla uppbyggingu. Af hálfu Bláskógabyggðar hefur verið bent á að fjármagn til starfsemi eða umhirðu svæða á forræði ríkisins hefur ekki legið á lausu.

Umfjöllun um fjármögnun:


Svo sem vikið er að hér að framan hefur fjármagn til verkefna á borð við landvörslu, umhirðu friðlýstra svæða og annarra svæða í umsjá ríkisins verið takmarkað og mörg svæði í eigu ríkisins legið undir skemmdum árum saman og er tjónið sumsstaðar óbætanlegt. Nú hyllir t.d. loks undir að framkvæmdir hefjist við eitt hið allra fjölsóttasta af þessum svæðum, við Geysi í Haukadal. Framkvæmdir þar, og á öðrum svæðum sem eru í mjög brýnni þörf fyrir úrbætur til verndar náttúru, munu taka til sín stóran hluta þeirra þriggja milljarða sem gert er ráð fyrir í innviðaaætlun á næstu árum.


Óvarlegt er að gefa fögur fyrirheit um uppbyggingu sem ljóst er að erfitt mun verða að fjármagna og standa við. Mögulegt kann að vera að afla sértekna, en samanburður sértekna Vatnajökulsþjóðgarðs við mögulegar sértekjur á suðurhálandinu er hæginn, enda ekki um að ræða jafn fjölsóttu ferðamannastaði þar og eru við þjóðveg 1 á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Ekki verður heldur unnt að treysta því að sjálfboðaliðastarf leysi vandann við rekstur svæðanna. Af hálfu Bláskógabyggðar er einnig varað við því að hagræn áhrif af rekstri þjóðgarða og friðlýstra svæða í formi margfeldisáhrifa fyrir samfélögin verði of ráðandi við ákvarðanatöku um hvort ráðast eigi í að stofna miðhálandisþjóðgarð, enda kann að vera að þau fái ekki samræmst markmiðum um náttúruvernd.



Að lokum er ítrekað af hálfu Bláskógabyggðar að sveitarfélagið legst alfarið gegn stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Virðingarfyllst,


Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar



Borgarbyggð - 31.10.2019

Umsögn byggðarráðs Borgarbyggðar um áherslur nefndar til undirbúnings lagafrumvarps um hálendisþjóðgarð og umfjöllun nefndar um fjármögnun hálendisþjóðgarðs.

Nefnd sem hefur starfað að undirbúningi

miðhálendisþjóðgarðs

Borgarnesi, 31. október 2019

1908157 GAJ

Efni: Undirbúningur miðhálendisþjóðgarðs

Byggðarráð Borgarbyggðar ræddi undirbúning að miðhálendisþjóðgarði á fundi sínum þann 31. október 2019. Eftirfarandi var bókað:

Framlagt minnisblað frá vinnufundi sveitarstjórnar þann 4. september sl. þar sem fjallað var um undirbúning að stofnun Miðhálendisþjóðgarðs.

Byggðarráð ræddi málefnið ítarlega. Það hefur ekki enn tekið afstöðu til framkominna hugmynda um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu. Þó vill byggðarráð Borgarbyggðar leggja fram eftirfarandi áhersluatriði vegna umsagnar um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu sem varða undirbúning að stofnun miðhálendisþjóðgarðs:

- a. Stjórn fyrirhugaðs svæðisráðs fyrir þann hluta miðhálendisþjóðgarðs sem tengist Borgarbyggð verði alfarið í höndum sveitarstjórnar Borgarbyggðar.
- b. Skipulagsvald þess hluta miðhálendisþjóðgarðs sem tengist Borgarbyggð verði alfarið á ábyrgð sveitarstjórnar Borgarbyggðar.
- c. Tryggt verði fjármagn í að byggja upp aðgangsgáttir í Borgarbyggð sem tengjast fyrirhuguðum miðhálendisþjóðgarði, eftirlit, samgöngubætur og náttúruvernd á því svæði miðhálendisþjóðgarðs sem tengist Borgarbyggð. Náði samráð verði haft við sveitarstjórn Borgarbyggðar um forgangsröðun verkefna og ráðstöfun fjármagns.
- d. Mótuð verði atvinnustefna fyrir fyrirhugaðan miðhálendisþjóðgarð.
- e. Mótuð verði skýr tímaáætlun með tilheyrandi kostnaðaráætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir á næstu 10 árum innan miðhálendisþjóðgarðs.

Virðingarfyllst,

Gunnlaugur A Júlíusson

sveitarstjóri

#36 Ágúst Sigurðsson - 13.08.2019

Á samráðsgátt stjórnvalda er óskað eftir umsögnum um textadrög þverpólítískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um: skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar. Málið er merkt S-135/2019. Hér fylgir umsögn byggðarráðs Rangárpings ytra um textadrögin.

Byggðarráð Rangárpings ytra telur að textadrög nefndarinnar séu að mörgu leyti sett fram með skýrum hætti og vel unnin. Þá er einnig til fyrirmyndar að nefndin hefur boðið upp á kynningar- og umræðufundi um málefnið víða um land þar sem m.a. sveitarstjórnarfolk hefur getað komið skoðunum sínum og spurningum á framfæri. Byggðarráð Rangárpings ytra gerir því ekki beinar athugasemdir við textadrögin á þessu stigi. Hins vegar er það mat byggðarráðs Rangárpings ytra að almennt sé ekki nægjanleg samstaða um að stofnað skuli yfir höfuð til þjóðgarðs sem nær yfir allt miðhálandi Íslands. Það sé því enn nokkuð í land að samhljómur sé hjá landsmönnum um slíka aðgerð og greina þurfi betur hverju slíkur allsherjar þjóðgarður fyrir stóran hluta Íslands skili þjóðinni. Það eru því tilmæli byggðarráðs Rangárpings ytra að sú grundvallar umræða verði tekin áður en lengra verður haldið.



Húnathing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Umhverfisráðuneytið
Skuggasundi 1-3
150 Reykjavík

Hvammstangi, 12. ágúst 2019
Tilvísun: 1812025

Efni: Umsögn byggðarráðs Húnathing vestra um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, mál nr. S-135/2019 í samráðsgátt stjórnvalda.

Á 1008. fundi byggðarráðs Húnathing vestra þann 12. ágúst 2019var eftirfarandi fært til bókar við 5. lið:

„1812025 Umsögn um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, mál nr. S-135/2019 í samráðsgátt stjórnvalda.

Lögð fram eftirfarandi tillaga að bókun:

„Byggðarráð Húnathing vestra vill áréttta að það er ósk þess að land innan marka sveitarfélagsins verði ekki hluti fyrirhugaðs þjóðgarðs á miðhálandinu.

Byggðarráð Húnathing vestra vill benda á að samkvæmt lögum er skipulagsvald, þ.e. vinnsla og samþykkt svæðis-, aðal- og deiliskipulags á höndum sveitarfélaga. Það er því ekki í verkahring ráðherraskipaðrar nefndar að hafa með beinum hætti áhrif á skipulag sveitarfélaga með því að gera tillögu að legu þjóðgarðs á miðhálandinu innan marka þeirra.

Í fyrirleggjandi tillögu um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu felst skerðing á skipulagsvaldi sveitarstjórna með færslu þess til stjórnunar- og verndaráætlana. Þannig eru áhrif sveitarfélaga til þess að móta sér stefnu um uppbyggingu innviða, landnýtingu og landvernd innan marka þeirra verulega takmörkuð. Byggðarráð Húnathing vestra bendir á að stjórnunar- og verndaráætlanir geta ekki takmarkað skipulagsvald sveitarstjórna.

Þjóðlendur innan marka Húnathing vestra eru í afréttareign og því fylgir upprekstrar- og veiðiréttur auk annarra nýtingarréttinda. Byggðarráð Húnathing vestra vill áréttta mikilvægi þess að upprekstrar- og nýtingarréttur haldist um alla framtíð. Samkvæmt tillögum nefndarinnar verður nýting afréttta og ýmiskonar starfssemi háð stjórnunar- og verndaráætlunum. Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu hefur þannig í för með sér skerðingu á nýtingarrétti íbúa sveitarfélagsins og takmörkun á rétti þeirra til umferðar um land innan marka þess. Einnig er líklegt að setning atvinnustefnu innan þjóðgarðs valdi verulegum takmörkunum á tekjuöflun vegna starfsemi innan marka hans.

Tillaga nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands felur í sér verulega skerðingu á valdheimildum sveitarfélaga og réttindum íbúa þeirra. Tillaga nefndarinnar hvað varðar mörk þjóðgarðs á miðhálandinu virðist fyrst og fremst tilkomin til þess að styrkja eignar- eða ráðstöfunarrétt ríkisins yfir landi í hálandi Íslands“.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.“

Virðingarfyllt,

Guðný Hrunn Karlsdóttir, sveitarstjóri





Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2019

Efni: Umsögn um tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, mál nr. S-111/2019.

Tilv. 201904-0007

Vísað er til málsins sem birt var á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 4. apríl sl. þar sem óskað var eftir umsögnum um textadrög þriðja verkefnis þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun.

Bændasamtök Íslands og Landsamband Kúabænda (hér eftir samtökin) telja gagnrýniverð að nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu óski eingöngu eftir umsögnum um þætti sem lúta að skipulagi og mörkum slíks þjóðgarðs en ekki um hugmyndina um að stofna þjóðgarðinn yfirleitt, þar sem ekki er hægt að segja að samstaða hafi skapast um þá niðurstöðu.

Samtökin vísa til skýrslu sem unnin var af nefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu þar sem dregnar eru upp fjórar sviðsmyndir í málinu en nefndin virðist aðeins horfa til einnar þeirra, þ.e. um einn stóran miðhálandisþjóðgarð.¹ Samtökin leggja til að fram fari samráð á þeim forsendum sem framangreind skýrsla byggir á þannig að niðurstaðan gæti orðið þjóðgarðar sem yrðu á raunverulegu forræði heimamanna.

Rétt er að vitna til reynslu af stofnun og rekstri þeirra þjóðgarða sem þegar eru starfandi. Stofnun og rekstur þjóðgarðs kallar á mikið fjármagn ef vel á að standa að málum varðandi uppbyggingu innviða, viðhald o.fl. Ef þjóðgarður á að geta byggt upp atvinnu og stutt við búsetu á nærsvæðum þarf fjármagn að fylgja. Einnig ef þjóðgarður á að bjóða upp á aðgengi og möguleika til útivistar, sérstakar aðgerðir gagnvart öryggismálum og vöktun sem og að laða að ferðamenn.

Skilgreina þarf hvernig samstarfi við heimamenn á hverjum stað verði háttáð og hver þeirra réttindi verða, t.a.m. hvað varðar nýttarétt eins og beitarnýtingu og veiði. Í umræddum drögum sem nú eru til umsagnar er t.d. aðeins tekið þannig til orða að stefnt sé að því að „viðhalda réttindum sem nú þegar eru tryggð í þjóðlendum, s.s. fyrir sveitarfélög og/eða aðila sem stunda atvinnurekstur“ í stað þess að kveða skýrt á um að þau réttindi haldist.

¹ Sjá skýrsluna hér: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6e28d2ce-c478-11e7-941e-005056bc4d74>



LANDSSAMBAND
KÚABANDA

Með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu er verið að færa hluta skipulagsvalds sveitarfélaganna yfir til stjórnunar- og verndaráætlana sem binda hendur sveitarfélaganna hvað varðar uppbyggingu innviða og vernd og nýtingu á umræddum svæðum. Með öðrum orðum er verið að skerða skipulagsvald sveitarfélaganna. Því eru samtökin mótfallin.

Áður en lengra er haldið áfram með undirbúning stofnunar þjóðgarðs á miðhálandinu er rétt að hugað verði að stöðu, hlutverki og vilja sveitarfélaganna til verkefnisins. Jafnframt verði teknar saman upplýsingar um stöðu annarra þjóðgarða, rekstrargrundvöll þeirra og hvernig mat heimamanna á hverjum stað fyrir sig er á að til hafi tekist.

Virðingarfyllt

f.h. Bl og LK

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. desember 2018

Efni: Umsögn um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Tilv. 201812-0008

Óskað er eftir umsögnum um textadrög fyrstu tveggja verkefna þverpólíttískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðaðþróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu.

Textadrög fyrstu tveggja verkefna þverpólíttískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands voru birt á samráðsgáttinni 21. nóvember sl. og var frestur veittur til 21. desember til að skila umsögn um drögin. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni draganna og gera eftirfarandi athugasemdir.


Stjórn og skipulag hálandisins er nú í höndum sveitastjórna að mestu. Hún stendur dyggilega við bakið á bændum og öðrum þeim sem hafa áhuga á uppgræðslu og bættri umgengni á hálandi Íslands. Nú er það svo að mikil vinna við uppgræðslu lands og merking göngu- og reiðleiða er unnin í sjálfböðavinnu. Þá hafa slóðar og vegir, þ.m.t. vöð yfir ár, verið merktir og hnitsettir en uppbygging og viðhald skála hefur einnig verið unnin í sjálfböðavinnu þó með fjárhagslegri aðstoð sveitarfélaga.

Í drögunum er m.a. fjallað um að aukin þátttaka sveitarfélaga, félagasamtaka o.fl. í verkefni á borð við stofnun miðhálandisþjóðgarðs geti skapað tækifæri til samfélagssáttar um náttúruvernd, aukið skilning allra aðila á fjölbreyttum áhersluatriðum þeirra sem koma að verkefninu o.fl. Valddreifing stjórnunar slíks verkefnis geti myndað samstöðu fjölbreytts hóps um málið. Bændasamtökin telja jákvætt að hafa skuli samráð við þá aðila sem nefndir eru og að skapa eigi sátt um málið. Samtökin leggja áherslu á að allt skipulag verði ekki fært á eina hendi, þ.e. ríkisins. Þannig verði hætt við að yfirsýn og utanumhald rýrni til muna. Þeir bændur sem setja fé á afrétti fylgjast vel með gróðri og þekkja manna best hvar þörf er á uppgræðslu. Um margra ára skeið hefur víðast hvar verið samvinna með Landgræðslu ríkisins varðandi hvenær leyft er að fara með fé til fjalls. Hálandismálum verður því að mati samtakanna án efa



best sinnt af heimamönnum, enda þeirra hagur að vel sé á málum haldið. Ekki verður framhjá því litið að kostnaður við miðhálandisþjóðgarð yrði gífurlegur. Sveitarfélögin vilja halda þeim kostnaði niðri og heimamenn vilja halda á sínum afréttarmálum, því er bæði eðlilegt og hagkvæmt að stjórn þessara mála verði dreift með skynsamlegum hætti á hlutaðeigandi aðila, en ráðuneytið hafi ekki alla stjórn á sínum höndum.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2019

Efni: Umsögn um tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, mál nr. S-111/2019.

Tilv. 201904-0007

Vísað er til málsins sem birt var á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 4. apríl sl. þar sem óskað var eftir umsögnum um textadrög þriðja verkefnis þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun.

Bændasamtök Íslands og Landsamband Kúabænda (hér eftir samtökin) telja gagnrýniverð að nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu óski eingöngu eftir umsögnum um þætti sem lúta að skipulagi og mörkum slíks þjóðgarðs en ekki um hugmyndina um að stofna þjóðgarðinn yfirleitt, þar sem ekki er hægt að segja að samstaða hafi skapast um þá niðurstöðu.

Samtökin vísa til skýrslu sem unnin var af nefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu þar sem dregnar eru upp fjórar sviðsmyndir í málinu en nefndin virðist aðeins horfa til einnar þeirra, þ.e. um einn stóran miðhálandisþjóðgarð.¹ Samtökin leggja til að fram fari samráð á þeim forsendum sem framangreind skýrsla byggir á þannig að niðurstaðan gæti orðið þjóðgarðar sem yrðu á raunverulegu forræði heimamanna.

Rétt er að vitna til reynslu af stofnun og rekstri þeirra þjóðgarða sem þegar eru starfandi. Stofnun og rekstur þjóðgarðs kallar á mikið fjármagn ef vel á að standa að málum varðandi uppbyggingu innviða, viðhald o.fl. Ef þjóðgarður á að geta byggt upp atvinnu og stutt við búsetu á nærsvæðum þarf fjármagn að fylgja. Einnig ef þjóðgarður á að bjóða upp á aðgengi og möguleika til útivistar, sérstakar aðgerðir gagnvart öryggismálum og vöktun sem og að laða að ferðamenn.

Skilgreina þarf hvernig samstarfi við heimamenn á hverjum stað verði háttáð og hver þeirra réttindi verða, t.a.m. hvað varðar nýttarétt eins og beitarnýtingu og veiði. Í umræddum drögum sem nú eru til umsagnar er t.d. aðeins tekið þannig til orða að stefnt sé að því að „viðhalda réttindum sem nú þegar eru tryggð í þjóðlendum, s.s. fyrir sveitarfélög og/eða aðila sem stunda atvinnurekstur“ í stað þess að kveða skýrt á um að þau réttindi haldist.

¹ Sjá skýrsluna hér: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6e28d2ce-c478-11e7-941e-005056bc4d74>



LANDSSAMBAND
KÚABANDA

Með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu er verið að færa hluta skipulagsvalds sveitarfélaganna yfir til stjórnunar- og verndaráætlana sem binda hendur sveitarfélaganna hvað varðar uppbyggingu innviða og vernd og nýtingu á umræddum svæðum. Með öðrum orðum er verið að skerða skipulagsvald sveitarfélaganna. Því eru samtökin mótfallin.

Áður en lengra er haldið áfram með undirbúning stofnunar þjóðgarðs á miðhálandinu er rétt að hugað verði að stöðu, hlutverki og vilja sveitarfélaganna til verkefnisins. Jafnframt verði teknar saman upplýsingar um stöðu annarra þjóðgarða, rekstrargrundvöll þeirra og hvernig mat heimamanna á hverjum stað fyrir sig er á að til hafi tekist.

Virðingarfyllt
f.h. Bl og LK



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

Einar Kristján Haraldsson - 30.04.2019

Var að þæla í að henda inn í mínu nafni eithverju svona 9

Varðar nýjan þjóðgarð.

Ég tel það vera verulega áhugavert að stofna þjóðgarð af þessari stærðargráðu á Íslandi.

Hann er á stærð við Danmörk. Hinsvegar ber margt að varast við slíka framkvæmd.

Sporin úr VJÞ hræða. Það þarf skýrari löggjöf utan um slíkan garð. Einnig þarf að tryggja áhrif almennings, hvort sem er vestfirðinga, höfuðborgarbúa eða íbúa Reykjanes og Akureyrar.

Það má ekki vera á þann hátt að íbúar örfárra smárra hreppa muni ráða yfir slíku landsvæði. Sporin úr VJÞ hræða. Það þekkja flesti vandamál eða deilur er varða Vonarskarð, en það er bara einn þáttur af mörgum. Það má ekki vera of mikill rammalagabragur á þessu. Vegakerfi þarf að vera á hreinu áður. Bæði hver sér um veghald vega (F. Merktra) og Slóða. Einnig þarf að skoða núverandi friðlýsingar innan garðsins, og skilgreina strax, USCN hluta mismunandi. Það á til að mynda að vera öðru vísi skilgreining á Snapadal og Tungnáröræfum. Það á að henda út banni við umferð reiðhjólandi manna og lausagöngu hunda utan varpsvæða í Guðlaugstungum. Það þarf að tryggja aðkomu regnhlífasamtakanna SAMÚT að stjórnun ekki síður en fámennra sveitarfélaga. En innan SAMÚT eru öll þau útivistarfélög sem hafa náttúruvernd innan sinnar skilgreininga og hafa áhuga á að starfa saman á þessum vetvangi. SAMÚT er öllum slíkum félögum opið. Allt frá SKOTVÍs yfir í Landsamband Hestamanna, frá Skátum yfir í Landsamband Vésleðamanna. Frá Kajakklúbbnum yfir í F4X4. Og allt þar á milli. Núna eru um 16 félög í samtökunum með drjúgan hluta þjóðarinnar innanborðs. Það er bjargföst trú mín að ef að vel á að takast til þurfa sem flestir Íslendingar að geta haft áhrif. En áhrifin mega hinsvegar ekki vera það mikil að hægt sé að koma í veg fyrir ferðamennsku almennings. (Ekki í atvinnuskyni) Eða eðlilega útivist eða eðlilega og sjálfbæra nýtingu sem almenn útivist er hvort sem um er að ræða heimamenn eða utangarðsfólk.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Þverpólítísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu
b.t. Steinars Kaldal
Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Skaftárhreppi, 30. apríl 2019

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi fagna og styðja af heilum hug áform um stofnun Miðhálandisþjóðgarðs, svo sem fram hefur komið í fyrra erindi samtakanna til undirbúningsnefndar.

Samtökin þakka fyrir hið opna samtáð sem viðhaft er við vinnuna og setja hér fram nokkrar ábendingar er varða tillögur nefndarinnar að áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun fyrirhugaðs þjóðgarðs.

Fyrst ber að nefna að orðið „nýting“ kemur alloft fyrir í tillögunni. Eldvötn benda á að allt sem gert er þarf að vera á forsendu náttúrunnar. Vernd hennar verður ætíð að vera undirstaðan; hinn eiginlegi grunnur – og er í eðli sínu nýting. Leggja verður ríka áherslu á það að nýting má ekki undir nokkrum kringumstæðum verða ágeng og þarf ætíð að vera á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Hvað friðlýsingarflokka sem og stýringu ferðamanna viðkemur, benda Eldvötn á það að friðlýst svæði draga í eðli sínu að gesti. Stór áskorun er að halda svo um tauma, að hin miklu verðmæti sem í lítt snortinni náttúru og víðernunum hálandisins felast hnjóti ekki hnekki sökum ágangs. Sýna þarf hinum viðkvæma, hægvoxta öræfagróðri tilhlítandi virðingu, en auk þess er bent á að rannsóknir sýna að verðmæti hálandisins felast, í huga ferðamanna, ekki síst í fámenninu og sterkri upplifun fágætra víðerna. Stýringu gesta á slíku svæði þarf að vanda. Vakin er sérstök athygli á því að aukin þjónusta, t.a.m. sala veitinga, dregur að þjónustusinnaða fjöldaferðamenn, en sá hópur sem sérstaklega sóttist eftir náttúruupplifun bægist þá frá.

Þessu til áréttingar er hér gripið niður í inngang skýrslu dr. Önnu Dóru Sæþórsdóttur, *Ferðamenska á miðhálandi Íslands: Staða og spá um framtíðarhorfur*, sem skrifuð er að beiðni Skipulagsstofnunar, útg. af Land- og ferðamálafræðistofu, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands 2012, og er samantakt rannsókna og skýrslna Önnu Dóru áratuginn á undan.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Til viðbótar við fjölbreytilega og einstæða náttúru á hálendinu felst aðdráttarafl þess í fámenninu og fjarveru hins manngerða. Slík svæði eru fágæt í heimalöndum flestra ferðamanna sem sækja hálendið heim. Undanfarin ár hafa landsmenn sótt æ meira í útivist af ýmsu tagi og er útivist orðin snar þáttur í daglegu lífi fjölda fólks. Aðgangur að óraskaðri náttúru og að geta upplifað víðerni eru hluti af lífsgæðum Íslendinga og verður sífellt mikilvægari í borgarsamfélagi nútímans.

Þegar víðerni verða vinsælir ferðamannastaðir getur mannmergð og röskun á umhverfinu dregið úr þeim eiginleikum sem upphaflega löðuðu að ferðamenn. Með aukinni ásókn ferðamanna í hálendið hefur þurft að byggja upp aðstöðu og bæta innviði en við það dregur úr víðerniseiginleikum og að mati sumra er þeim „spillt“. Til þess að fólk upplifi einveru má þar heldur ekki vera margt fólk. Nú þegar má greina ákveðin hættumerki um að þolmörkum ferðamanna sé náð sums staðar á hálendinu (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2010a, 2010b). Þetta bendir til þess að standa þurfi öðru vísi að málum en hingað til, skipuleggja svæðið og ferðamennsku á því betur og stýra umferð. Ferðamennska umfram ákveðin mörk getur haft neikvæð áhrif í för með sér. Hin neikvæðu áhrif geta gert það að verkum að svæði missa aðdráttarafl sitt og hvergi er þetta brothættara en einmitt á hálendinu þar sem náttúran er viðkvæm og gert er út á ímynd hins „óspillta“. Því getur verið erfitt að viðhalda eiginleikum hálendisins á sama tíma og ásókn ferðamanna í þau eykst.

Að þessu sögðu skora Eldvötn á undirbúningsnefnd um stofnun Miðhálandisþjóðgarðs og aðra hlutaðeigandi, að leita samstarfs við færustu sérfræðinga, innlenda sem erlenda, við gerð áætlunar um stýringu ferðamanna um þjóðgarðinn. Meðal þess sem samtökin telja að huga þurfi að eru möguleikar á fjöldatakmörkunum og leiðir að þeim.

Þessu ekki óskýlt er einnig á það bent hvað aðgengi varðar, að malarvegir og óbrúaðar ár eru ekki aðeins hluti eftirsóknarverðrar, fágætrar upplifunar, heldur einnig leið til stýringar ferðamanna og þannig náttúruvernd í sjálfu sér. Varað er við því að gera vegi um Miðhálandisþjóðgarð fólksbílafæra með þeim umferðarpunga og mannmergð sem fylgir, en nýta heldur atvinnutækifærið sem í því felst að bjóða upp á skipulagðar gæðaferðir um svæðið. Bent er á að í Bandaríkjunum eru dæmi um að farið sé að taka malbik af vegum í þjóðgördum til að skapa „trekt“ inn á svæði. Meginþema, í takt við það sem hér að framan hefur verið sagt, verður að vera að halda hálendinu lágstemmdu, enda er slíkt í takt við gildandi landsskipulagsstefnu.

Eldvötn benda einnig á hið mikilvæga starf sem landverðir sinna við umsjón friðlýstra svæða, m.a. við upplýsingagjöf til gesta og þannig um leið stýringu þeirra. Samtökin leggja áherslu á að fjöldi starfandi landvarða í Miðhálandisþjóðgarði þarf að vera viðundandi, sem og starfsaðstaða þeirra.

Hvað samráð varðar, benda Eldvötn á að til að fyrirbyggja árekstra væri ráð að skilgreina verklag strax við upphaf þess, þ.e. hvað ætlunin er að fá út úr samráði og hver meðferð niðurstaðna þess er ætlað að verða.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Horft verði til leiðbeininga Alþjóða náttúruverndarsamtakanna, IUCN, hvað umfang, skipulag og framgang samráðs varðar. Hin almenna regla er að því meira og opnara sem samráð og samtal er, því líklegri verði sátt. Áherslan í drögum undirbúningsnefndar, sem hér eru til umsagnar, á merki samráðsaðila á forsíðu stjórnunar- og verndaráætlunar þykir samtökunum nokkurri furðu sæta; þunginn ætti að vera á innihald og gæði samráðsins.

Eldvötn taka undir það sjónarmið sem fram kemur í drögnum, að atvinnustefna ætti að vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Þá ætti, að mati samtakanna, að stefna að því að hafa alla þá áætlun tilbúna áður en starfsemi Miðhálandisþjóðgarðs hefst.

Eins taka samtökin undir það sjónarmið að fulltrúar sveitarstjórna í svæðisráðum þjóðgarðsins séu kjörnir fulltrúar. Verklag við skipun fulltrúa félagasamtaka þarf einnig að vera skýr, sem og gildistími þeirra og jafnvel jafnvel hámarks setutími.

Í drögnum kemur fram að endurskoða skuli stjórnunar- og verndaráætlunina eftir því sem tilefni er til. Eldvötn benda á að hámarkstíma á milli endurskoðana þarf að tiltaka.

Að lokum senda Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi góðar kveðjur til hinnar þverpólítísku nefndar, með von og ósk um að Miðhálandisþjóðgarður megi verða að veruleika innan tíðar.

F. h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi



Ingibjörg Eiríksdóttir
formaður

netf. eldvotn@gmail.com

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Nefnd um stofnun miðhálandisþjóðgarðs

b.t. Steinars Kaldal

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Skuggasundi 1

101 Reykjavík

netf. steinar.kaldal@uar.is

Efni: Athugasemdir Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi við tillögur/áherslur þverpólítískrar nefndar um miðhálandisþjóðgarð

Skaftárhreppi, 4. nóvember 2019

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi ítreka stuðning sinn við stofnun miðhálandisþjóðgarðs og þakka þá vinnu sem lögð hefur verið í verkefnið.

Samtökin benda á áður innsenda ábendingu sína, dags. 16. apríl sl., um hálandismörk. Sú lína sem unnið var út frá við gerð svæðisskipulags miðhálandisins 1999-2015 – og síðan hefur verið nefnd hálandislína – byggði á stöðu þjóðlenduúrskurða eins og þeir stóðu á þeim tíma. Á þeim tveimur áratugum sem liðnir eru hafa svæði á jaðrinum verið úrskurðuð þjóðlendur; svæði sem sannarlega eru hálandissvæði og mynda sterka heild með svæðum innan línunnar – og ættu skilyrðislaust að teljast til miðhálandis Íslands. Því óska samtökin eftir því að þessi mörk verði skoðuð m.t.t. þjóðlenduúrskurða eins og þeir standa í dag og eðlilegra landslagsheilda.

Þá benda Eldvötn á að ástæða er til að nefna víðerni sérstaklega í kaflanum um markmið, við upptalningu þeirra þátta sem ber að vernda innan þjóðgarðsins.

Það markmið að „Auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist.“ þarf að mati Eldvatna að skoða vel. Ekki er hyggilegt að greiða aðgengi að hálandinu um of, þ.e. verðmæti þess liggja skv. rannsóknum ekki síst í víðernum og öræfaupplifun í fámenni. Eldvötn mæla með því að stýring ferðamennsku innan þjóðgarðsins verði vönduð mjög og m.a. fjöldatakmarkanir inn á

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Ákveðin svæði verði skoðuð alvarlega, sbr. það sem gert er víða erlendis og margar áhugaverðar útfærslur eru á. Uppbyggingu vega þarf að skoða samhliða þessu og fara að þeim málum með gát.

Hvað kafla um orkunýtingu varðar, er það mat Eldvatna að „brúun og viðhald“ virkjana innan marka miðhálandisþjóðgarðs megi alls ekki krefjast frekara rasks á landi og náttúru en orðið er. Engar frekari framkvæmdir vegna orkuvinnslu rýmist innan þjóðgarðs; hvorki nýframkvæmdir né endurbætur sem krefjast jarðrasks. Hvað orkudreifingu varðar, þá skuli eingöngu heimila flutning í jörðu, en loftlínur séu ekki viðeigandi á svæði sem njóti verndar vegna m.a. landslags og víðerna.

Hvað orkuöflun vegna þjónustu og reksturs þjóðgarðsins viðkemur, er mikilvægt að slík mannvirki verði lágstemmd, falli vel að landi og náttúru, og trufli ekki dýralíf eða gesti garðsins.

Eldvötn hafa ekki athugasemdir við aðra þá nýtingu sem upp er talin, en benda þó á að skoða þarf sérstaklega ræktun og sleppingu seiða, sem dæmi eru um á hálandinu, og hvort slík inngrip í náttúruna séu heppileg.

Hvað rekstrarsvæði fyrirhugaðs þjóðgarðs varðar, benda Eldvötn á að mikilvægt er að horfa vel til landslagsheilda, ferðaleiða og skynsemi við rekstur. Þannig væri hyggilegra að hafa Kjöl og Sprengisand á sínu hvoru svæðinu, og varað er við því að kljúfa þann hluta Torfajökuls-/Fjallabakssvæðisins sem tilheyrir Skaftárhreppi frá vesturhlutanum.

Samhliða þessu vilja Eldvötn láta hér fljóta með ábendingar varðandi verndarflokka, sem fyrr hafa verið til umsagnar.

Í textadrögum nefndarinnar er bent á að stór hluti þjóðlenda (afréttir) séu nýttir til beitar og veiði. Bendir nefndin á að vegna þessarar nýtingar sé lögð áhersla á að þessi svæði falli undir verndarflokk VI, sjálfbæra hefðbundna nýtingu náttúruauðlinda, innan þjóðgarðsins. Skv. reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð (VJP) er hefðbundin landnýting, svo sem búfjárbætur, fuglaveiði, hreindýraveiði og veiði í ám og vötnum heimil í öllum garðinum að undanskildum jöklinum sjálfum og á landsvæðinu í kringum Öskju. Jafnframt er tekið fram í reglugerðinni að landnýtingin skuli vera sjálfbær. Í Vatnajökulsþjóðgarði eru þessi svæði hins vegar í flokki II, en umrædd nýting er skrifuð inn í reglugerð um þjóðgarðinn. Til einföldunar og til að tryggja að hefðbundin nýting haldi sér innan hálandisþjóðgarðs færi betur á að fara sömu leið þar og í VJP. Þ.e.a.s. að þjóðgarðurinn verði að stærstum hluta í flokki II, en að skrifað verði og fest í reglugerð að ofangreind hefðbundin nýting verði leyfð og að hún skuli vera sjálfbær. Rétt er þó að benda á að í VJP eru nokkur minni svæði í jöðrum þjóðgarðs í flokki VI. Þar er þó um að ræða lítil svæði, flest (ef ekki öll) í einkeigu.

Í megintillögu nefndarinnar að verndarflokkaskiptingu sést að mjög varlega er stigið til jarðar varðandi notkun á verndarflokki II; mikið af hálandinu er sett í verndarflokk IV. Nefndin velur t.a.m. að láta verndarflokka þeirra friðlýstra svæða sem fyrir eru á hálandinu halda sér. Það þýðir að t.a.m. Friðland að Fjallabaki fellur í verndarflokk IV (friðland). Eldvötn benda á að er Fjallabakssvæðið var friðlýst fyrir 40

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

árum síðan takmörkuðu þágildandi lög getu umhverfisyfirvalda til að lýsa það annað en friðland, þ.e. allt land innan þjóðagarða varð á þeim tíma að vera í ríkiseigu. Síðan þá hafa bæði verið úrskurðaðar þjóðlendur og ákvæðum náttúruverndarlaga hvað þetta varðar breytt, svo að ekkert er því lengur til fyrirstöðu að gera Fjallabakssvæðið að þjóðgarði. Hið sama má segja um fleiri svæði.

Með góðri kveðju og von um góðar undirtektir

F. h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi



Ingibjörg Eiríksdóttir
formaður

Afrit sent á:

- Óla Halldórsson, formann nefndar um stofnun miðhálandisþjóðgarðs, netf. oli@hac.is



Fannborg ehf.,
Bollagörðum 6,
170 Seltjarnarnesi.

Þverpólitísk Nefnd Um Stofnun Þjóðgarðs Á Miðhálandinu
Umhverfisráðuneytinu
Skuggasundi
101 Reykjavík

Kerlingarfjöllum apríl 2019

Umsögn um skjal nefndarinnar þar sem fjallað er um:

„ Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar og verndaráætlun“.

Undirritaður hefur fyrir hönd Fannborgar lesið ofangreind textadrög og nýtir sér með þessu bréfi það tækifæri sem er gefið til umsagnar, sbr tölvupóst Umhverfisráðuneytis 04.04.2019.

Gerðar er athugasemdir við Eftirfarandi atriði

Dreifistýring, bls 3:

Eðlilegt er að hagaðilar í sínu víðasta samhengi verði skilgreindir, en hagaðilar geta til dæmis verið fyrirtæki eins og Fannborg sem byggja rekstur sinn á þjónustu á svæðinu og hafa mikinn og augljósan hag af því að verndun og stjórnun verndunar takist vel og sé án hnökra.

Aðgengi, bls. 3 og 4:

Undir þessum lið væri eðlilegt að vitna í og samræma atvinnustefnu við ákvæði landsskipulagsstefnu um samgöngukerfið, til dæmis um opnun stofnvega og ítreka að rekstraraðilum verði gert mögulegt að stunda rekstur allt árið, telji þeir það sér til hagsbóta, þannig að virt verði ákvæði um að umferð að vori verði stýrt með þungatakmörkunum en ekki einhliða lokunum.

Samstarf/samningar við heimaaðila:

Í þeirri upptalningu sem er í þessum málslið væri eðlilegt að bæta rekstraraðilum með leiguréttindi á landi eða fasteignum við, en þeir aðilar hafa mikinn og afgerandi hag af verndun og viðhaldi svæðisins. Vill Fannborg hér minna á að á síðustu 20 árum hefur félagið staðið fyrir hreinsun á rusli meðfram samgöngumanvirkjum á Kjalarsvæðinu, hreinsunn á aflögðum varnargirðingum og auk að sjálfsögðu leifa frá starfsemi skíðaskólans.

Nytjaréttur, bls. 4:

Tekið er undir þau sjónarmið að hefðbundinn eða samningsbundinn nytjaréttur verði ekki skertur né breytist við stofnun Þjóðgarðs, frekar fái hann að þróast á eðlilegan hátt með samningum en ekki með einhliða valdboðum

Samgöngur bls. 4 til 5:

Það er mikilvægt að í áætlunum um nýtingu og vernd svæðisins séu ákvæði um eðlilega nýtingu samgöngumannvirkja, til dæmis þannig að komið verði í veg fyrir áhrif veðrunar af vatni eða vindum frá þeim sárum sem þessi mannvirki mynda eða hafa myndað í landslagi. Slóðir eða hjólför eru jafnan lægri en umhverfið og þar myndast vatns rásir sem stækka með tímanum, mikilvægt er því að nefndin komi með skýrari afstöðu til viðhalds mannvirkja en hér kemur fram.

Þjónusta, fræðsla og upplýsingar, bls. 5:

Þessi málsgrein er ekki nægilega skýr, er hér átt við þjónustu sem umsjónaraðili þjóðgarðs veitir eða er verið að tala almennt um þjónustu á svæðinu?

Fannborg vonar að ofangreindar athugasemdir nýtist nefndinni til frekara starfs, en áskilur sé jafnframt rétt til að koma með frekari og ítrekaðri athugasemdir á síðari stigum.

Með vinsemd og virðingu



Páll Gíslason
Framkvæmdastjóri
Fannborg ehf/ Kerlingarfjöll



Fannborg ehf.,
Bollagörðum 6,
170 Seltjarnarnesi.

ÞNUSÞÁM
(Þverpólitísk Nefnd Um Stofnun Þjóðgarðs Á Miðhálandinu)
Umhverfisráðuneytinu
Skuggasundi
101 Reykjavík

Kerlingarfjöllum desember 2018

Umsögn um skjal nefndarinnar þar sem fjallað er um:

„textadrög nefndar er varða þau mögulegu tækifæri fyrir byggðaþróun og atvinnulíf sem fylgt geta stofnun þjóðgarðs og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu.

Undirritaður hefur fyrir hönd Fannborgar lesið ofangreind textadrög og nýtir sér með þessu bréfi það tækifæri sem er gefið til umsagnar, sbr tölvupóst Umhverfisráðuneytis 26.11.2018. Umsögnin skiptist í tvo hluta, annars vegar almenn atriði og hinsvegar athugasemdir við einstaka textaliði.

Almenn atriði:

Þótt hér sé einungis um textadrög að ræða, sem ætlað er að fjalla um jafn afmarkaða þætti og „Byggðaþróun, Atvinnulíf og áherslur í Atvinnustefnu“ þá vekur það furðu að hvergi er minnst á önnur plögg sem stjórnvöld hafa nýlega kynnt eða eru að kynna, má þar benda á:

Loftslagsáætlun, sem meðal annars fjallar um orkuskipti í samgöngum, en ein meginforsenda orkuskipta er að unnið verði að framleiðslu og dreifingu raforku, erfitt er að sjá hvernig stefnan kemur til framkvæmda án þess að hugað sé að frekari nýtingu orkuauðlinda landsins, sem að stórum hluta er að finna innan marka væntanlegs þjóðgarðs.

Samgönguáætlun, sem er stefnumarkandi skjal um aðgerðir eða aðgerðaleyfi Stjórnvalda varðandi samgöngumál á öllu landinu.

Eigendastefnu forsætisráðuneytis varðandi umsýslu með þjóðlendunni, sem væntanlega er nánast sama landssvæði og boðaður þjóðgarður er á. Meðal atriða sem boðuð eru í eigendastefnunni má nefna að stefnt er að lágmarks lagfæringum eða viðhaldi vegakerfisins (innviða) og gerð er krafa um lágmarksskerðingu óbyggðaupplifunar við uppbyggingu innviða. Með þessari umsögn, fylgir umsögn Fannborgar vegna eigendastefnunnar.

Sá skortur á samhæfingu við eða tilvísun í ofangreind skjöl getur ekki talist hjálplegur varðandi trúverðugleika þessarar textadraga né til marks um faglega og víðsýna umfjöllun í aðdragandanum.

Fannborg ehf – eigandi Hálandsmiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum
Póstfang: Bollagarðar 6, 107 Seltjarnarnes, Ísland/Iceland
Tel: +354 664 7000 Email: pg@pg.is



Textatengdar athugasemdir:

Inngangur bls 2:

„Markmið með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu er að vernda náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar og ná utan um ofangreind náttúruverðmæti á heildstæðan hátt. Til að það markmið náist er mikilvægt að stjórnfyrirkomulag þjóðgarðsins byggji á víðtæku samstarfi ríkis, sveitarfélaga og annarra hagaðila“

Við hjá Fannborg teljum mikilvægt að sérstaklega sé fjallað um aðkomu þeirra sem eru rekstraraðilar og greiða leigugjöld fyrir aðstöðu í Þjóðlendunni. Það er mikilvægt að rödd þessa hóps sé sterk, enda hefur hann umfram aðra, hagsmuni af velferð og viðgangi náttúrunnar sem og af skilvirkni og ástandi innviða, hvort sem um er að ræða samgöngukerfi eða orkudreifingu svo dæmi séu tekin.

Innviðir, bls. 4:

„Miðhálandið er hins vegar mjög viðkvæm auðlind og því þyrfti að huga vel að því að öll innviðagerð í þágu útivistar, ferðaþjónustu og samgangna sé talin ásættanleg og að leitast verði eftir því að ná sem mestu jafnvægi milli hennar og verndunar náttúru- og menningarminja.“

Hér er ósamræmi við leigjendastefnu Forsætisráðuneytis, sem segir að halda skulu innviðagerð í lágmarki. Sömuleiðis er bent á að hjólför í vegum og slóðum á miðhálandinu eiga það til að dýpka og safna í sig vatni, sem leiðir jafnan til ásýndarbreytinga og skemmda á landinu. Það væri ákjósanlegt að skýrar væri kveðið á um áform hvað þetta varðar, bæði fjármögnun og útfærslu.

Innviðir bls 4:

„Aukið samstarf þjóðgarðsyfirvalda og aðila sem stunda atvinnustarfsemi innan svæðisins gæti einnig skapað tækifæri fyrir báða aðila. Þar væri til dæmis hægt að horfa til samstarfs opinberra og einkaaðila“

Benda má á í þessu samhengi að samstarf sem þetta, þótt óformlegt sé, hefur víða staðið yfir árum saman, má þar benda á viðhald og endurbætur FI á Laugaveginum og eins þátttöku Fannborgar í kostnaði við gerð innviða í Kerlingarfjöllum. Þarna þarf hins vegar að skýra nánar hvaða umgjörð væri utan um slíka samvinnu, fjárhagslegur hvati, möguleikar til stýringar í kjölfarið og svo framvegis.

Þjónusta, bls.5:



„Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu þarf, ef vel á að vera, að fylgja aukið þjónustustig á svæðinu.“

Spurt er hvort í þessari setningu felist áform um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, í þá veru að milda ákvæði viðauka 2 við lög nr 107/2000, til dæmis þannig að uppbygging smærri þjónustumiðstöðva verði ekki tilkynningarskyld. En vert er að benda á að áform Umhverfisarðuneytis hafa heldur verið á þá vegu að herða á öllum ákvæðum þessara laga, einkum hvað varðar aðgengi og aukinn kærurétt almennings.

Og neðar í sama kafla:

„Aukin áhersla á fræðslu um náttúru og sögu miðhálandisins mun þannig fylgja stofnun þjóðgarðs. Með aukinni ásókn í svæðið er einnig líklegt að kröfur gesta er varðar aðgengi, veitingar og gistingu muni aukast og verða fjölbreyttari.“

Hér er aftur bent á misræmi í textanum annars vegar og raunveruleikans hins vegar. Meðal þeirra sem tala fyrir eða tengjast stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu hefur gætt andstöðu við uppbyggingu þjónustumiðstöðva á miðhálandinu og í umsögnum um t.d. verkefni Fannborgar, hefur á þeim vettvangi verið lagt til að skoðað verði með að öll bygging eigi sér stað utan eða á jaðri miðhálandisins. Skýra mætti betur hvernig svara á óskum og þörfum þeirra sem sækja inn á svæðið í auknu mæli.

Vörur, bls. 5:

„Landsvæði innan þjóðgarðs fá á sig ákveðinn umhverfisgæðastimpill vegna þeirrar áherslu sem lögð er á að vernda umhverfi og náttúru slíkra svæða. Af því leiðir að auðlindir sem finna má innan svæðisins og nýttar eru til framleiðslu á vöru, geta einnig fengið þess konar gæðastimpil“

Hér mætti til áherslu benda á að nýting raforku til framleiðslu, t.d. á áli, hefur sérlega umhverfisvæna áferð, en ál er umhverfisvænasta umbúðaeefnið sem notað er, auk þess sem að nýting á áli í íhluti hefur verið og er undirstaða þess að minnka kolefnisfótspor ýmissa tækja, t.d. bíla og flugvéla. Þannig hefði það aukið trúverðugleika áforma um þjóðgarðsvæðingar á miðhálandinu með tilvísun í umhverfisvernd, að fjalla um það hvort og þá hvernig væri hægt að vatnsaflíð í þjóðlendunni til að framleiða meira rafmagn, t.d. til að knýja orkuskipti í samgöngum. En fyrir liggur að almennt hafa þekkingaraðilar litið þannig á að nýting vatnsorku til rafmagnsframleiðslu hafi til þessa verið mikilvægasta framlag Íslensks samfélags til loftslagsmála.

Rannsóknir bls 6.

„Samkvæmt þeim vísindamönnum sem vinna að umræddum rannsóknum felast mikil tækifæri í að rannsaka önnur svæði miðhálandisins að því gefnu að þau séu öröskuð. Þá gætu skapast tækifæri í nærsamfélögum til að byggja upp þekkingar/rannsóknarsetur þar sem sagan, jarðfræðin, menningin og náttúran verði rannsökuð og áhugasamir fræddir um þessi málefni á staðnum.“

Fannborg bendir á að íslensk ferðapjónusta byggir í dag að stórum hluta á því að fræða ferðamenn um og sýna þeim þau atriði sem þarna eru nefnd. Sömu leiðis er bent á gildandi lög er varða framkvæmdir almennt, sem setja ramma um framkvæmdir á miðhálandinu sem annarsstaðar. Þannig er tæplega hægt að halda því fram að rannsóknir á ósnortnu landi geti einungis komið til við stofnun Þjóðgarðs.

Miðlun og fræðsla bls 10

„Það væri til dæmis hægt að ímynda sér að landsvæði innan miðhálandisþjóðgarðs miðluðu upplýsingum um mismunandi tækifæri til náttúruverndar, upplifunar og atvinnusköpunar. Þar má nefna eldfjöllin á suðurhálandinu, heiðavötnin á norðvestursvæðinu, víðernin miklu á miðju miðhálandinu, hraunin norðan Vatnajökuls o.fl.“

Tekið er undir þennan lið, en bent á að ekki er síður hægt að minnst á ummerki samspils flekamótanna og heita reitsins á vestanverðu miðhálandinu og ekki síður að hefja til vegs og virðingar þá framsækni sem var drifkraftur þess að nýta vatnsaflíð til raforkuframleiðslu, eins og reyndar hefur verið minnst á framar í þessari umsögn.

Auðlindir og uppbygging bls. 11:

„Þá þarf að huga vel að sjálfbærniþættinum með því að nýta sem kostur er krafta vinnuafls af svæðinu og byggingarefni sem ekki er sótt langt að.“

Hér þarf að skýra nánar, hvaða byggingarefni er verið að tala um? Reynsla Fannborgar er sú að efnistaka t.d. efnis í steypu, er meðal þeirra atriða sem andstæðingar uppbyggingar t.d. þjónustumiðstöðva og samgöngumannvirkja setja sig á móti. Fannborg fær ekki séð að þessi setning gangi upp né geti talist trúverðug.

Þjónustuframboð, bls. 11

„Þar er grundvallarskilyrði að þolmörk svæðisins séu virt, þ.e.a.s. að hvers konar nýting og úthlutun takmarkaðra gæða spilli ekki náttúru og menningarsögulegum minjum. Þjónusta í miðhálandisþjóðgarði á að byggja á fagmennsku og gæðum sem eykur upplifun gesta og njótenda af svæðinu. Það á bæði við um staðbundna þjónustu við gesti sem og um útivistarferðir, fræðsluferðir, heilsuferðir, o.fl.. Eðlilegt er að gerðar séu kröfur um gæði þeirrar þjónustu sem boðið er upp á. Til dæmis að þjónusta og vörur séu vottaðar af viðurkenndum vottunaraðilum.“

Fannborg tekur undir fyrstu setninguna, en bendir á að í skilaboðunum og almennt í skjalinu felst ákveðin mótsögn, nokkuð er gefið undir fótinn með að þjónustan sé staðbundin og feli í sér tækifæri fyrir íbúa nærliggjandi svæða á móti er hér gerð krafa um fagmennsku, gæði og vottun. Staðbundin fyrirtæki eru jafnan smá í sniðum, frumleg og framsækin og eiga jafnan auðvelt með að uppfylla kröfuna um að byggja sitt starf á að gæðum og fagmennsku, en fyrir þeim er vottun mjög íþyngjandi og jafnvel óraunsæ krafa sem mun kom í veg fyrir vöxt þeirra og viðgang í byrjun.

Gjaldtaka, Bls 11

„Möguleikar til gjaldtöku sem gætu nýst til aðgangsstýringar í tíma og rúmi sem og til að standa undir viðhaldi og gæðum þurfa því að vera til staðar. Slíkar ákvarðanir þarf hins vegar að taka á breiðum grundvelli og í samræmi við heildstæða stefnumörkun stjórnvalda um fyrirkomulag gjaldtöku. Varðandi mögulega samninga hefur verið minnst á samstarf opinberra og einkaaðila. Mikilvægt er að ef af slíkum samningum verður þá muni tímamörk þeirra ráðast af fjárfestingum hvað varðar fasteignir, markaðssetningu og mannauð. Þá leggur nefndin áherslu á að ferli vegna mögulegrar gjaldtöku og samninga verði gegnsæ.“

Fannborg telur að ef opnað verði á möguleika til gjaldtöku, þá sé þar komin hugmynd að aðgangsstýringu sem gæti nýst, en bendir jafnframt á að til að slíkt geti staðið undir sér má búast við að það þurfi allmikinn fjölda ferðamanna til að standa undir þeim kostnaði sem stofna þarf til. Viðbrögð Fannborgar eru að benda á að þegar framlengja átti samninginn við félagið um leigu á landi í Ásgarði í Kerlingarfjöllum, að auglýsa þurfti samkvæmt reglum sem gilda á Evrópska Efnahagssvæðinu, eðlilegast væri að hliðstæð ákvæði giltu um möguleg útboð leyfa til aðgangsstýringar og gjaldtöku.

Hér er því tilefni til að minna á það að í upphafi þessarar umsagnar var bent á að heppilegt væri er samhengi við aðrar stefnumótanir hins opinbera væri meira.



Fannborg vonar að ofangreindar athugasemdir nýtist nefndinni til frekara starfs, en áskilur sé jafnframt rétt til að koma með frekari og ítrekaðri athugasemdir á síðari stigum.

Með vinsemd og virðingu

Páll Gíslason
Framkvæmdastjóri
Fannborg ehf/ Kerlingarfjöll

Stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands:

Greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu

Fjallskilanefnd Biskupstungna tók málið fyrir á fundi 11. desember 2018 og bókaði eftirfarandi:

Í kaflanum vörur er því ranglega haldið fram að öll sauðfjárframleiðsla í landinu sé gæðastýrð samkvæmt reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 1160/2013. Nokkuð er um að aðilar sem ekki eru innan gæðastýringar nýti afrétti á miðhálandinu. Í kaflanum um öryggi og gæði er uppástunga um að setja þáttöku í gæðastýringu sem skilyrði fyrir sauðfjárbeit í þjóðgarðinum, þarna koma strax fram hugmyndir um að þrengja að hefðubudnum notum bænda á landinu þrátt fyrir fögur fyrirheit um annað.

Eins höfum við verulegar áhyggjur af auknu skrifræði og kostnaði sem því fylgir, t.d vegna vottana og lengri boðleiða vegna minni framkvæmda.

f.h Fjallskilanefndar Biskupstungna

Eiríkur Jónsson

Umhverfis-auðlindaráðuneyti

Skuggasundi 1

101 Reykjavík

Végarði 12.08 2019

Efni: Umsögn Fljótsdalshrepps um textadrög þverpólítískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Óskað er umsagna um skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landssvæða verndarflokka og umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

1. Varðandi stofnun miðhálandisþjóðgarðs á miðhálandi Íslands, sem gæti tekið til 40% alls landsins, bendir sveitarstjórn á að tölverð andstaða er við þau áform t. d. hjá sveitarfélögum sem liggja munu að þeim miðhálandisþjóðgarði sem markaður hefur verið í vinnu nefndarinnar. Ekki hafa heldur verið færð rök fyrir því af hverju stofna eigi þjóðgarð á miðhálandi Íslands. Þeirri grundvallarspurningu þarf að svara, áður en lengra er haldið og sýna á fram á að nægjanlegt fjármagn til reksturs og uppbyggingar í þessum gríðarstóra þjóðgarði verði tryggt, reynsla varðandi flesta aðra þjóðgarða á Íslandi er að þar skortir fjármagn bæði til reksturs og uppbyggingar.

Sveitastjórn Fljótsdalshrepps telur að stofnun miðhálandisþjóðgarðs skerði skipulagsvald sveitarfélaga og æðra stjórnvald gangi fram með ofríki gagnvart sveitarfélögum og íbúum þeirra, verði stofnun miðhálandisþjóðgarðs að veruleika þrátt fyrir þekktu andstöðu og án þess að sátta sé leitað og skipulagsvald sveitarfélaga tryggt.

2. Nefndin leggur til í textadrögum að mörk miðhálandisþjóðgarðs taki mið af friðlýstum svæðum og þjóðlendumörkum. Þannig háttar til í Fljótsdalshreppi að stór landsvæði voru dæmdar þjóðlendum og ná þær að hluta ofan í byggð. Sveitarstjórn lýsir andstöðu við að mörkin verði með þeim hætti sem nefndin leggur til og áréttar fyrri afstöðu sem fram kom hjá fulltrúum sveitarfélagsins á fundi með nefndinni, um að komi til stofnunar miðhálandisþjóðgarðs miðist mörk hans í Fljótsdalshreppi við mörk Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í textadrögum nefndarinnar kemur fram að þó nefndin telji ekki forsendur til þess á þessum tímamarki að leggja til að þjóðgarðsmörk nái yfir einstakar ríkisjarðir eða jarðarluta við jaðra hálandisins, þá telji nefndin þó óráðlegt að slíkum jörðum verði ráðstafað til annarra nota á meðan undirbúningsvinnu stofnunar þjóðgarðs á miðhálandi Íslands stendur. Það er eindregin skoðun sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps að ríkisjörðum skuli ráðstafað til ábúðar og landbúnaðarafnota og mikilvægt sé að ekki verði ábúðarrof á jörðunum í lengri tíma, því er það miður að nefndin leggi til með þessum hætti til að ríkisjörðum verði ekki ráðstafað á meðan vinnu nefndarinnar stendur og vill sveitarstjórn mótmæla því viðhorfi. Almennt verði horft til þess sem aðalhlutverks ríkisjarða að efla og styðja við landbúnaðarframleiðslu og horfa til þessara jarða sem mikilvægs þáttar í byggðaðróun í dreifbýli landsins.

3. Við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs voru mörk hans dregin utan orkuvinnslusvæðis Kárahnjúkavirkjunar sem er í Fljótsdalshreppi og á Fljótsdalshéraði og þá talið eðlilegt að röskuð svæði vegna orkuvinnslu væru utan marka þjóðgarðs. Fram kemur í textadrögum að nefndin telji að þau orkuvinnslusvæði sem fyrir eru geti rúmast innan skilgreiningar IUCN, en verndarflokkun IUCN geri ekki ráð fyrir nýjum orkuvinnslusvæðum og er þá væntanlega lokað fyrir öll áform um frekari

orkuvinnslu innan markaðs miðhálandisþjóðgarðs. Það væri stór ákvörðun sem snerti hag landsmanna allra og ástæða væri til fyrir nefndina að taka ítarlegra samtal um það sem og aðra landnýtingu innan þjóðgarðsins bæði við sveitarfélögin sem skipulagsvald og íbúa sem hagaðila.

4. Sveitarstjórn er að mestu sammála því sem kemur fram í textadrögum nefndarinnar um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, þ.e. að að meginstofni verði byggt á þegar komnum mannvirkjum og aðkomuleiðum, en vill að gert verði ráð fyrir hálandisvegi norðan Vatnajökuls sem tengi saman NA-land og Austfirði við Suðurland með heilsársvegi. Þá er bent á að til framtíðar litið má búast við að svæði sem í dag eru óbyggileg og jöklum hulin, verði af völdum hlýnunar byggileg og möguleg landnýting önnur en nú og horfa eigi til þess þáttar í hugmyndavinnu nefndarinnar.

f.h. sveitarstjórnar Fljótaldshrepps

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti

Á fundi sveitarstjórnar Fljótshrepps 11.12 2018, var eftirfarandi bókað :
Oddvita falið að senda inn umsögn sveitarfélagsins um mikilvægi þess að
skipulagsvald sveitarfélaga verði ekki skert á því svæði sem um ræðir.

Reykjavík 27.07.2019

Umsögn um textadrög þverpólíttískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um: skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Fuglavernd fagnar þessu framlagi í átt að þjóðgarði á miðhálandinu. Félagið telur nefndina hafa unnið gott starf og skilað vel skiljanlegum textadrögum og að mörgu leyti ásættanlegum en vill þó koma á framfæri nokkrum athugasemdum.

Mörk þjóðgarðsins

Fjallað er skilmerkilega um tillögu að mörkum þjóðgarðsins í samnefndum kafla. Þykir félaginu ástæða til að innlima í þjóðgarðinn þær ríkisjarðir sem liggja að mörkunum sem þjóðlendur gefa. Ríkið ætti auk þess að neyta færiss og kaupa jarðir sem liggja að mörkunum þegar þær fara í sölu.

Fuglavernd hvetur til að útvíkka mörkin til norðurs allt til ármóta við Svartá og að Svartá og Suðurá verði hluti af þjóðgarðinum. Bæði er röð fagurra fossa í fljótinu og Svartá og Suðurá eru einhverjar vatnsmestu lindir landsins sem fóstura auðugt lífríki.

Fuglavernd mælir með því að fundnar verði leiðir til að tengja Jökulsárgljúfur og þar með talið Ásbyrgi betur við þjóðgarðinn. Friðlýsing er nú þegar í undirbúningi fyrir þetta svæði og sterkara fyrir svæðið og þjóðgarðinn að vera ein samhangandi landræðileg heild. Landfræðilega tengingin er Jökulsá á Fjöllum og þeir farvegir sem hún hefur grafið á leið sinni til sjávar síðustu 10 þúsund árin.

Tillögur nefndar um skiptingu landsvæða í verndarflokka IUCN

Í gegnum Breska konunglega fuglaverndarfélagið höfum við fengið að fylgjast með hvernig Bretar hafa hagað hlutum í Cairngorms þjóðgarðinum en félagið hlaut nýlega stóran styrk frá Landscape Restoration Programme til að endurheimta búsvæði innan þjóðgarðsins. Í Cairngorms er að finna mjög góð dæmi um afmörkun þar sem blandaðar leiðir eru farnar í verndun og verndarflokkum, þar sem saman fer vernd, búseta, landbúnaður og önnur atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins. Einnig gerir framtíðarsýn fyrir þjóðgarðinn ráð fyrir endurheimt stærri svæða. Á sama hátt mætti gera ráð fyrir endurheimt náttúrulegra búsvæða í fyrirhuguðum miðhálandisþjóðgarði á Íslandi. Það svæði er ekki eins ósnert og margir vilja vera láta, enda hefur ósjálfbær nýting, einkum ofbeit, valdið gróður- og jarðvegseyðingu.

Þau svæði sem nefndin vill setja undir flokk VI ættu að falla undir flokk II, eins og er ríkjandi verndarflokkur fyrir núverandi þjóðgarð. Flokkur II ásamt verndar- og nýtingaráætlun ætti að geta virkað ágætlega fyrir hagsmunaaðila þó að krafan ætti alltaf að vera að nýting sé sjálfbær innan þjóðgarðs, sem þó hefur ekki verið hingað til. En með því yrði verndarsvæðið samfellt, með sömu



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ fuglavernd@fuglavernd.is

áherslur og þar af leiðandi auðveldara að eiga við verndun og nýtingu. Flokkur II gefur rými fyrir hefbundna sjáfbæra landnýtingu.

Varðandi að setja iðnaðarsvæðin í flokk V, þá telur félagið gott mál að hafa þau innan þjóðgarðs þar sem passa þarf upp á að hvers kyns framkvæmdir skemmi ekki landslagsheildir og ávallt skal miðað að því að gera núverandi mannvirki sem minnst sýnileg og truflandi. Í því samhengi má benda á Fiordland þjóðgarðinn á Nýja Sjálandi þar sem orkuvinnsla á sér stað innan þjóðgarðsins en öll mannvirki eru neðanjarðar.

Fyrir hönd stjórnar Fuglaverndar

Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri.



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
steinar.kaldal@uar.is

Borg, 20. desember 2018

Efni: Umsögn á verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps, þann 19. desember 2019 var lagt fram til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Eftirfarandi bókun var gerð:

16. Birt til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps leggur áherslu á að skipulagsvald sveitarfélaga verði ekki skert og þeim og íbúum verði áfram tryggður „notkunarréttur“ að því svæði sem áætlað er að þjóðgarðurinn nái yfir. Jafnframt er nefndin hvött til að sýna sem fyrst einhvers konar hugmynd að skipulagi þjóðgarðsins. Erfitt getur reynst að styðja við þá fjölbreyttu þjónustu og atvinnutækifæri sem nefndin leggur til í þessum verkefnum ef ekki liggur nokkuð vel fyrir hvaða þjónusta eigi að vera í boði og hver sé möguleg framtíðarsýn fyrir svæðið.

Passa þarf upp á að svæðið verði ekki yfirfullt af hverskyns mannvirkjum, vegum og öðru sem tryggja aukið þjónustustig fyrir ferðamanninn. Þessu til stuðnings er vísað til þessara orða í nefndarálitinu á bls. 5: „Í ljósi fækkunar víðerna alls staðar á jörðinni aukast verðmæti slíkra svæða og annarra náttúrulegra svæða sem eftir standa. Á Íslandi má enn finna víðáttumikil svæði þar sem náttúran ræður ríkjum og í ljósi þess að náttúruferðamennska er ört vaxandi í heiminum eru þau svæði orðin að mikilvægri auðlind.“

Miðhálandi Íslands er í dag meira og minna ósnortið víðerni og falleg náttúra en það er einmitt meðal þess sem heillar ferðamenn hvað mest við Ísland og hefur meðal annars hjálpað til við að auka umsvif ferðaþjónustu á Íslandi. Ferðamálstofa tekur saman á hverju ári tölur um heimsóknir erlendra ferðamanna og spyr jafnframt nokkurra spurninga um dvölinu. Í einni þeirra eru svarendur beðnir að taka afstöðu til þess hvaðan hugmyndin að Íslandsferð hefði vaknað og voru 92,4% sögðu að náttúra landsins eða einstök náttúrufrábærni og þegar að það var flokkað betur niður var niðurstaðan sú að 45% af þeim komu út af Norðurljósunum og 44% út af Ósnortinni náttúru/hreinleika landsins.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Það þarf því að tryggja að ósnortið víðerni verði áfram mikilvægur þáttur á miðhálandi Íslands, ekki bara fyrir ferðamenn heldur einnig fyrir almenning og komandi kynslóðir.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

Reykjavík 17. október 2019

Umsögn um áherslur nefndar í lagafrumvarpi um hálandisþjóðgarð (mál nr. 253/2019 á samráðsgátt stjórnvalda, birt 11.10.2019)

Útdráttur

Í markmiðskafla vantar að nefna vernd víðerna og endurheimt náttúrusvæða. Af lestri kafla um orkunýtingu má ætla að þjóðgarðurinn muni ekki hafa í för með sér neina aukna vernd náttúrusvæða fyrir orkuöflun og að virkjanir sem Alþingi kann að setja í virkjanaflokk Rammaáætlunar megi reisa innan marka þjóðgarðsins.

Kafli I

Í kafla I er fjallað um markmið með stofnun þjóðgarðsins en í þá upptalningu vantar að nefna víðerni. Í skýrslu frá 2013 um óbyggð víðerni í Evrópu sem nefnist *Wilderness register and indicator for Europe* kemur fram að stór hluti villtustu víðerna Evrópu sé á Íslandi (42% samkvæmt niðurstöðu eins skýrsluhöfundar og Ófeigar náttúruverndarsamtaka). Víðerni á hálandi Íslands eru því meðal síðustu stóru víðerna Evrópu og mikilvægt er að fjalla um hálandið í því ljósi. Engu að síður hefur verilega gengið á þessi víðerni á síðustu árum og áratugum. Um það hefur m.a. verið fjallað í meistararitgerð Victoriu Frances Taylor frá 2011 sem nefnist *GIS assessment of Icelandic wilderness from 1936 to 2010*. Samkvæmt henni minnkuðu íslensk víðerni um 68% á þessu 74 ára tímabili. Mikilvægt er að stöðva þessa þróun og það hlýtur að vera meðal markmiða stjórnvalda með stofnun sérstaks hálandisþjóðgarðs. Þess má geta þess að í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir sérstaklega að Ísland geti verið sterk rödd á alþjóðavettvangi með því að vernda ósnortin víðerni.

Í markmiðskafla þarf einnig að bæta við endurheimt náttúrusvæða og víðerna innan marka garðsins. Stefna mætti að því að endurheimta t.d. jarðhitasvæði sem spillt hefur verið með Hágöngustíflu eða víðerni Vonarskarðs sem spillt hefur verið með ónotuðum stíflugarði sem reistur var á 10. áratugnum.

Kafli II

Í kafla II segir að þjóðgarðurinn verði „sjálfstæð eining“. Vert er að geta þess að umhverfis- og auðlindaráðherra hefur lagt fram frumvarp um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða (778. mál, 149. löggjafarþing). Í greinargerð frumvarpsins segir í kafla um tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar að núverandi stjórnkerfi náttúruverndar sé í höndum margra aðila og veigamikil rök séu fyrir því að „hægt sé að efla og styrkja það með því að sameina á einn stað verkefni sem nú heyra undir þrjár stofnanir“. Mikilvægt er að nýr hálandisþjóðgarður heyri undir nýja þjóðgarðastofnun, verði frumvarpið að lögum.

Kafli III

Í kafla III er fjallað um orkunýtingu innan þjóðgarðsins í fjórum liðum. Af textanum má ætla að þjóðgarðurinn muni ekki hafa í för með sér neina aukna vernd náttúrusvæða fyrir orkuöflun, umfram

þá sem nú þegar er í gildi. Það gengur þvert gegn því markmiði sem sett er fram í kafla I, þar sem segir að markmið með stofnun miðhálandisþjóðgarðs sé að vernda náttúru, svo sem landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar.

Í öðrum lið kafla III segir að hægt verði að „viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs“ og að „málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum kallist á við áætlanir Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu“.

Ljóst er að þetta orðalag mun bjóða upp á áframhaldandi deilur um núverandi orkuvinnslusvæði innan væntanlegra marka þjóðgarðsins, t.d. í Þjórsárverum þar sem Landsvirkjun hefur enn upp áætlanir um veituframkvæmd í tengslum við aðrar virkjanir í Þjórsá, nú undir nafni Kjalölduveitu. Eins mun þetta orðalag hafa þau áhrif að áfram verður hægt að reisa nýjar virkjanir innan þjóðgarðsins, fái þær samþykki Alþingis samkvæmt Rammaáætlun. Þar má m.a. nefna Hágönguvirkjun og Skrokkölduvirkjun á miðju hálandinu sem myndu skerða verðmæta náttúru og hálandisviðerni. Aðrar virkjanir sem eru í biðflokki Rammaáætlunar og gætu fallið innan marka hálandisþjóðgarðs eru Fljótshnjúksvirkjun, Hrafnabjargarvirkjun, Eyjadalsárvirkjun, Hrútshálsar, Fremrinámur, Búðartunguvirkjun og Hagavatnsvirkjun. Ef stofnun hálandisþjóðgarðs veitir viðernum og íslenskri náttúru ekki vernd fyrir stórfelldum virkjanaframkvæmdum þá er óhætt að álykta sem svo að vinna að að stofnun þjóðgarðsins sé tilefnislaus eyðsla á almannafé og vinnutíma þingmanna og opinberra starfsmanna.

Eins og að ofan er greint segir í drögunum að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum kallist á við áætlanir Alþingis um orkudreifingu. Ekki er ljóst af þessu orðalagi við hvaða áætlun er átt við en gera má ráð fyrir að nefndin vísi þar til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku sem samþykkt var 11. júní 2018. Þar segir í 4. málsgrein A-liðar: „Ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálandið.“ Það er fagnaðarefni ef þessi ályktun verður höfð að leiðarljósi við stofnun hálandisþjóðgarðsins.

Virðingarfyllt,

Guðmundur Hörður Guðmundsson
Ægisíðu 105, 107 Reykjavík
ghgudmundsson@gmail.com
s. 8680386

Akureyri 30. júní 2019

Efni: Umsógn Hrafnabjargavirkjunar (HBV) varðandi hugmyndir um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Hrafnabjargavirkjun hf. var stofnuð árið 2004 með það fyrir augum að kanna orkunýtingakosti m.a. í Skjálfandafljóti. Stofnendur voru Orkuveita Reykjavíkur, Norðurorka hf. Orkuveita Húsavíkur og sveitarfélagið Þingeyjarsveit. Nokkrum árum síðar keyptu aðrir hluthafar hlut Orkuveitu Reykjavíkur. Eigendur í dag eru Norðurorka 48,75%, Orkuveita Húsavíkur 48,75% og Atvinnuefning Þingeyjarsveitar 2,5%. Hrafnabjargavirkjun hf. og Landsvirkjun hafa sameiginlega haft rannsóknarleyfi vegna hugmynda um orkunýtingarkostinn Hrafnabjargavirkjun í Skjálfandafljóti.

Sendar voru inn tillögur til verkefnisstjórnar Rammaáætlunar III um þrjár mismunandi leiðir til virkjunar á Hrafnabjargasvæðinu auk virkjunarhugmynda við Fljótshnjúk ofar á vatnasviði Skjálfandafljóts. Að mati stjórnar Hrafnabjargavirkjunar þarf að reisa vatnsaflsvirkjanir á Norðurlandi m.a. vegna raforkuskorts á hluta þess og til að tryggja að vatnsaflsvirkjunum á Íslandi sé dreift m.a. utan áhættusvæða hvað varðar náttúruhamfarir.

Varðandi tillögur um hugmyndir um stofnun miðhálandisþjóðgarðs:

Að stofna til þjóðgarðs á miðhálandi Íslands sem nær yfir stóran hluta landsins er stórmál fyrir íslensku þjóðina til allrar framtíðar. Innan svæðisins eru yfir 60% af öllu rafmagni landsins framleidd, orku sem Íslenska þjóðin nýtur hagsældar af.

Í umfjöllun um virkjunarsvæði á miðhálandinu er þess getið að verndarflokkar IUCN geri almennt ekki ráð fyrir nýjum virkjunaráformum en þess getið að sé orkan nýtt innan þjóðgarðsins sé það ekki útilokað. Bendir HBV á að í núgildandi rammaáætlun II eru virkjunarkostir sem mundu teljast innan nýs þjóðgarðs væri hann skilgreindur í anda verkefnahópsins. Einnig bendir HBV á að IUCN flokkunin er eingöngu til leiðbeininga og hjálpar og því eðlilegt að hvert land taki tillit til aðstæðna heima fyrir. Í landi þar sem hrein orka er framleidd, og mögulegt að nýta frekar fyrir framtíðarkynslóðir, þarf eðlilega að taka tillit til þeirrar möguleika þjóðarinnar.


Fyrirhugað miðlunarlón Hrafnabjargavirkjunar mun, samkvæmt áformum verkefnahópsins, að stærstum hluta lenda innan þeirra marka sem hugmyndir nefndar um miðhálandisþjóðgarð gera ráð fyrir.

Með tilliti til þessa mótmæla tveir stærstu hluthafar Hrafnabjargavirkjunar hf., Norðurorka hf. og Orkuveita Húsavíkur, því að stofnaður verði hálandisþjóðgarður sem ná yfir allt þjóðlendusvæði hálandisins nema að þar verði leyfð raforkuframleiðsla a.m.k. í samræmi við núgildandi rammaáætlun og í samræmi við þarfir þjóðarinnar samkvæmt væntanlegri orkustefnu.

Að lokum bendir HBV á að unnið er að orkustefnu fyrir Ísland, á meðan svo er, er óeðlilegt að verkefnahópurinn komi fram með hugmyndir sem svo gott sem, útiloka nýtingu hreinna orkukosta til framtíðar fyrir íslenska þjóð.

Virðingarfyllst

F.h. Hrafnabjargavirkjunar hf.


Helgi Jóhannesson stjórnarformaður

#1 Hrunamannahreppur - 07.06.2019

14. Mörk Miðhálandisþjóðgarðs: Samráðsgátt.

Oddviti kynnti drög að tillögum sem liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda um skilgreiningu marka þjóðgarðs, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka og umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðar.

Sveitarstjórn telur að ef til Miðhálandisþjóðgarðs verði stofnað tekur hún undir tillögu nefndarinnar að mörk þjóðgarðsins verði miðuð við þjóðlendumörk.



Ráðherranefnd um miðhálandisþjóðgarð

Húnavöllum 6. ágúst 2019

Umsögn Húnavatnshrepps um tillögur um skilgreiningu á mörkum þjóðgarðs, áherslur um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka og umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Vísað er til umsagnarbeiðni um skjalið *Stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Skilgreining á mörkum þjóðgarðs, áherslur um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka, umfjöllun um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar*. Skjalið er unnið af nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu skipaðri af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018. Ráðgert er að nefndin skili tillögum til ráðherra í september 2019.

Á vegum Húnavatnshrepps hefur verið fjallað um áhrif þjóðgarðsstofnunar fyrir sveitarfélagið og greining á þeim áhrifum tekin til umfjöllunar í sveitarstjórn Húnavatnshrepps. Umsögn þessi er sett fram á grundvelli þeirrar vinnu.

Helstu sjónarmið sem sveitarstjórn hefur litið til eru varða m.a. eftirtalin atriði:

- A. Ekki hefur verið tekið til umfjöllunar, né tekið upp samráð á vegum lýðræðislega kjörinna fulltrúa um kosti og galla þjóðgarðsstofnunar m.a. með tilliti til annarra friðunar- og verndarheimilda, sbr. t.d. nýleg náttúruverndarlög og heimildir til hverfisverndar samkvæmt skipulagsáætlunum.
- B. Umfjöllun og skýringar um þýðingu alþjóðlegra viðmiða um þjóðgarða hefur ekki komið fram. Lýsingar á heimildum til annarrar notkunar svæða en fellur undir kjarnasvæðis þjóðgarðs og kröfur um lágmarks umfang slíks svæðis er því óreiðanleg til að byggja á ákvarðanatöku sveitarfélaga.
- C. Ljóst er að stofnun þjóðgarðs felur í sér verulega takmörkun á skipulagsvaldi sveitarfélaga og þar með forræði sveitarstjórna á að marka stefnu um þróun byggðar og landnotkunar í sveitarfélagi.
- D. Stofnun þjóðgarðs takmarkar ráðstöfunarheimildir sveitarfélaga yfir þjóðlendum og heimildir til að afla tekna vegna starfsemi í þjóðlendum, sem sveitarfélög geta nýtt í þágu þjóðlenda innan sveitarfélagamarka.
- E. Ófyrirséðar breytingar geta orðið á lagalegri umgjörð um þjóðgarð og stjórnunar- og verndaráætlun í framtíðinni, sbr. t.d. breytingar sem raskað hafa forsendum sem til staðar voru við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.
- F. Nýting afréttareignar innan þjóðgarðs og önnur starfssemi, verður háð stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðs.
- G. Aðkoma sveitarfélags að stjórn þjóðgarðs verður óveruleg.

Um forsendur um afmörkun þjóðgarðs.

Þær meginforsendur sem tillögur um afmörkun þjóðgarðsins hvíla á draga fram þau grunnsjónarmið sem Húnavatnshreppur hefur bent á varðandi störf ráðherranefndarinnar sbr. einkum töluliði A og C hér frammar.

- Tillaga um afmörkun þjóðgarðs virðist að verulegu leyti byggja á því hvaða svæði eru þjóðlendur.
- Jafnframt er litið til afmörkunar á skipulagssvæði miðhálandisins, sem unnið var að á grundvelli skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tilgangur svæðisskipulagsins var að samræma aðalskipulag einstakra sveitarfélaga innan svæðisins

Hvorug þessara forsenda varðar sérstaklega eiginleika svæðanna sem styðja mikilvægi þess að fella þau undir þjóðgarð, svo sem út frá markmiðum náttúruverndarlaga, sbr. 1. gr. laganna.

Ríkt tillit til afmörkunar þjóðlenda og miðhálandisskipulags ber með sér að forsenda þjóðgarðsstofnunar yrðu aðallega eignarréttarleg ráðstöfun íslenska ríkisins þar sem fagleg sjónarmið sem eiga að vera grundvöllur þjóðgarðsstofnunar almennt verða afgangsstærð.

Stofnun þjóðgarðs, sem aðallega væri eignarréttarleg ráðstöfun, yrði þá forsenda þess að takmarka skipulagsvald sveitarfélaga og færi fram án tillits til margvíslegra hagsmuna sem tengjast svæðunum. Þar getur verið um að ræða hagsmuni sem sveitarfélög eru best fallin til að fjalla um á grundvelli skipulagsvalds og jafnframt þjóðhagslegra hagsmuna til langrar framtíðar.

Húnavatnshreppur hefur bent á að á miðhálandinu eru fjöldi svæða sem eru friðlýst. Umfjöllun um afmörkun þjóðgarðs gæti helst varðað þau svæði, enda yrði jafnframt staldrað við og rætt á lýðsræðislegum vettvangi af hverju þjóðgarðsstofnun kæmi til álita fremur en nýting annarra friðunarkosta. Þáttur í þeirri umræðu væri m.a. umræða um fjárhagslegan grundvöll ábyrgðar ríkisins vegna núverandi friðlýsingar og beindist að því hvernig sinna ætti betur þeim svæðum sem nú eru friðlýst.

Vilji ríkið leggja fjármuni í náttúruvernd og tengja það jafnframt möguleikum til uppbyggingar þjónustu fyrir ferðafólk og náttúruunnendur, eru forsendur til þess vegna þeirra svæða sem eru friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum eða njóta annarrar verndar.

Í umfjölluninni hefur litið verið hugað að þýðingu landsáætlana og almennrar umfjöllunar um stöðu innviðauppbyggingar á Íslandi.

Tillaga um afmörkun þjóðgarðs tekur ekki mið af aðalskipulagi sveitarfélaga. Þá er ekki fjallað um hvert skuli vera gildi aðalskipulaga varðandi afmörkun svæðisins, ef/þegar líta ætti til slíkra þátta. Á þessum grunni felst í tillögu um afmörkun þjóðgarðs að litið er fram hjá hagsmunum sem markmið skipulagslaga, sbr. 1. gr. laganna, er ætlað að tryggja.

Kort með tillögum að afmörkun þjóðgarðssvæðisins eru ekki nægjanlega glögg svo hægt sé að bera saman tillöguna við aðalskipulag Húnavatnshrepps með nákvæmum hætti. Meginsjónarmiðin við tillöguna eru þessi, með vísan til framangreindrar umfjöllunar og fyrri umfjöllunar Húnavatnshrepps um málið:

- Lagst er gegn því að afmörkun miðhálandisþjóðgarðs verði innan Húnavatnshrepps að svo stöddu og miðað við þær forsendur sem byggt er á í fyrirbyggjandi tillögu. Eðlilegt er að taka til umfjöllunar stöðu Hofsjökuls og friðlýsts svæðis í Guðlaugstungum, svo sem varðandi framkvæmd núverandi friðlýsingar.
- Sjónarmiðum um að þjóðgarðsmörk ráðist af tilliti til eignarréttarlegra stöðu landsvæða, einkum þjóðlenda, er mótmælt. Umfjöllun um þjóðgarðsmörk verður að hvíla á faglegum sjónarmiðum varðandi skipulagsmál, náttúruvernd og almennum þjóðhagslegum hagsmunum.
- Sveitarfélagið telur ekki komin fram rök sem mæla með því að raskað verði fyrirkomulagi skipulagsvalds stórs hluta Húnavatnshrepps en sveitarfélagið hefur m.a. nýtt úrræði til hverfisverndar og gert ráð fyrir friðlýsingu svæða á grundvelli faglegra sjónarmiða.
- Húnavatnshreppur bendir á að afmörkun skv. tillögunni nær til svæðis þar sem aðalskipulag gerir ráð fyrir uppbyggingu nýrra virkjunarkosta.
- Þá er mikilvægt að Húnavatnshreppur fari með skipulagsvald á svæðum á Kili og við Hveravelli. Vegurinn um Kjöl er ein af aðkomuleiðum umferðar og innviðamannvirkja að sveitarfélaginu og augljós skipulagsleg rök standa til forræðis sveitarfélagsins á því svæði til framtíðar.
- Þá er stærstur hluti þess svæðis sem tillagan gerir ráð fyrir að þjóðgarður nái til afréttareign í þjóðlendu. Í því felast mikilvægir hagsmunir fyrir atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu í heild og getur kallað á ýmis konar breytingar er varða umferð, girðingar og aðra þætti sem tengist valdheimildum sveitarfélagsins. Þjóðgarðsstofnun mun þyngra ákvarðanatöku varðandi slíka þætti, jafnvel líklegt sé að nýting svæðis breytist lítið í meginatriðum óháð þjóðgarðsstofnun.

Tillögur um þjóðgarðsstofnun og umfang þjóðgarðs hvíla ekki á augljósum rökum þegar litið er til byggðaþróunar til framtíðar og þjóðhagslegra hagsmuna. Sjónarmið byggð á markmiðum náttúruverndarlaga mæta jafnvel afgangi í þeim tillögum sem komnar eru fram. Hugmyndir um að leggja svo til allar þjóðlendur inn í miðhálandisþjóðgarð fela í sér nýtt skref til aukinnar miðstýringar á landnýtingu á Íslandi.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd Húnavatnshrepps,


Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri





Húnavöllum, 29. apríl 2019.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, mál nr. 111/2019.

Stofnun þjóðgarðs hefur óhjákvæmilega í för með sér að skipulagsvald sveitarfélaga skerðist. Lagaramminn um þjóðgarða er þess eðlis að verulegur hluti skipulagsvalds er færður frá sveitarstjórnnum með stjórnunar- og verndaráætlunum sem binda hendur sveitarstjórna þegar m.a. kemur að ákvörðunum um landnýtingu, mannvirkjagerð, samgöngur og aðra innviði. Allir þeir meginþættir sem felast í skipulagsvaldi eru því færðir frá sveitarfélögunum.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps telur ekki ásættanlegt að stjórn og umráð yfir 40% Íslands verði í höndum fárra aðila. Stöðugt er vegið að sjálfstæði landsbyggðarsveitarfélaga og þeim ekki treyst fyrir því landsvæði sem er innan þeirra sveitarfélagsmarka.

Í ljósi þeirrar reynslu sem komin er á rekstur þjóðgarða á Íslandi má glöggjt sjá að mjög víða er pottur brotinn t.d. í viðhaldi vega, fráveitumálum og merkingum svo eitthvað sé nefnt. Ljóst er að mörg stór verkefni sem útheimta mikið fjármagn bíða framkvæmda í þjóðgördum landsins.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps fær ekki séð hvernig ríkinu ætlar að takast að halda utanum, sinna og fjármagna, öll þau stóru verkefni sem munu bætast við verði miðhálandisþjóðgarður að veruleika. Allvíða á hálandinu þar sem ekki eru þjóðgarðar er þegar mjög vel haldið á málum.

Þar hafa verkefni verið unnin í samvinnu sveitarfélaga og heimamanna með mikilli sjálfboðavinnu fyrir lítið fjármagn. Verði miðhálandisþjóðgarður að veruleika má búast við að heimamenn dragi sig til hlés. Gera má ráð fyrir að öll sú vinna og fjármagn sem heimafólk hefur lagt til hálandisins muni færast yfir til ríkisins. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps hefur miklar áhyggjur af því að þau svæði á hálandinu þar sem vel hefur verið haldið á málum er varðar viðhald og uppbyggingu verði aftarlega í röðinni þegar kemur að úthlutun fjármagns til svæða í fyrirhuguðum þjóðgarði. Í ljósi reynslunnar telur sveitarstjórn að þá muni þeim eignum sem áður voru í eigu og umsjá viðkomandi sveitarfélaga ekki verða viðhaldið og að endingu lokað. Á það bæði við um húsbyggingar og vegslóða eins og dæmi eru um í Vatnajökulsþjóðgarði. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps vill benda á umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem birtist í samráðsgáttinni 21. des. 2018 vegna vinnu við fyrirhugaða stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Í niðurlagi umsagnarinnar segir: „mikilvægt er að tryggja þjóðgördum sem fyrir eru í landinu rekstrargrundvöll áður en lögð er áhersla á að stofna nýjan þjóðgarð“.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps leggst alfarið gegn áformum um stofnun miðhálandisþjóðgarðs sem kynnt hafa verið sveitarfélögum á umliðnum vikum. Nefnd sem skipuð var af umhverfis- og auðlindaráðherra á vordögum 2018 hefur það hlutverk að vinna að tillögum um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, en hvorki að meta eða gera tillögu um hvort stofna skuli slíkan þjóðgarð, né heldur að meta kosti og galla slíkrar stofnunar. Samráð um þann grundvallarþátt málsins, hvort stofna skuli þjóðgarð á miðhálandinu, hefur ekki átt sér stað.

Helstu rök sem borin hafa verið á borð fyrir sveitarstjórnarfólk á fundum með miðhálandisnefndinni eru að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að stofna þjóðgarðinn. Orðið þjóðgarður sé vörumerki sem laði að sér ferðamenn, þeim fylgi kröfur um aukið aðgengi og bættu þjónustu og þ.a.l. meiri mengun og ágangur á náttúruna sem þurfi að vernda. Í þessu liggja þversagnir.

Að endingu vill sveitarstjórn vekja athygli ríkisstjórnarinnar á því að mörg mikilvæg verkefni kalla á athygli og aukið fjármagn og eru mun brýnni hagsmunamál náttúru og þjóðar en stofnun miðhálandisþjóðgarðs.

Virðingarfyllst,


Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri



Meðfylgjandi: Minnisblað sveitarstjóra, dagsett 18. janúar 2019

Minnisblað

Til: Sveitarstjórnar Húnavatnshrepps

Frá: Sveitarstjóra

Efni: Möguleg stofnun Miðhálandisþjóðgarðs.

1. Almennt um undirbúning stofnunar miðhálandisþjóðgarðs¹.

- a. Í apríl 2018 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Henni var falið það hlutverk að vinna að tillögum um stofnun slíks verndarsvæðis. Nefndinni er ætlað að skila lokatillögum sínum til ráðherra í september 2019. Tillögurnar sem nefndinni var falið að vinna að eru:
 - Greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf
 - Tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu
 - Skilgreining á mörkum þjóðgarðsins
 - Setja fram áherslur um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka
 - Fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði
 - Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun
 - Tillögur að lagafrumvarpi um þjóðgarðinn sem tekur til stjórnskipulags
 - Áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu
- b. Nú liggja fyrir textadrög af fyrstnefndu tveimur liðum sem hafa meðal annars verið kynntir í samráðsgátt stjórnvalda. Gera má ráð fyrir að drög vegna annarra liða verði sett inn þar til almennra umsagna.
- c. Verkefni nefndarinnar verður að gera tillögu að stofnun Miðhálandisþjóðgarðs. Málið varðar ekki hvort stofna eigi slíkan garð, heldur hvernig. Í því felst meðal annars að leggja til afmörkun þjóðgarðsins, vernd svæða innan hans og hvernig stjórnun hans verður háttað. Í ljósi almennra laga og eðli þjóðgarða verða hér sett fram sjónarmið um áhrif hugsanlegs þjóðgarðs. Þá verður nokkuð litið til ákvæða laga um Vatnajökulþjóðgarð, en líklegt er að þau verði nýtt sem fyrirmynd að einhverju marki.

¹ Hér má finna skýrslu sem kom út í lok nóvember 2017 frá nefnd fyrri umhverfisráðherra
<https://www.sjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6e28d2ce-c478-11e7-941e-005056bc4d74>

2. Um verkefni ráðherranefndarinnar. Af hverju þjóðgarður? Aðrar friðunarheimildir.

- a. Ráðherranefndinni er ætlað að greina tækifæri sem fylgja þjóðgarðsstofnun en jafnframt að leggja til nákvæma útfærslu um stofnun þjóðgarðs. Því sjónarmiði er hér velt upp að nefndin á að taka mörg og stór skref í samanburði við aðdraganda ákvarðanatöku vegna ýmissa annarra þjóðfélagslegra stórmála. Eflítið er til annarra mála hins opinbera í svipuðum stærðarflokki, mætti líkja hlutverki nefndarinnar við að nefnd sem fjalla ætti um kosti byggingar nýs háskólasjúkrahúss ætti jafnframt að vinna ítarlegar teikningar af byggingu og skipulagi nýtingar hennar.
- b. Jafnvel þótt haft verði samráð um vinnu nefndarinnar virðist ekki gert ráð fyrir að staldrað sé við og lýðræðislegar forsendur fyrir málinu kannaðar með formlegum hætti. Ef málið er aftur borið saman við byggingu nýs háskólasjúkrahúss, er enn frekari þörf á slíku fyrirkomulagi vegna miðhálendisþjóðgarðs, enda varðar málið fjölda sveitarfélaga með beinum og varanlegum hætti og svæðið fellur nú undir skipulagsvald lýðræðislegra kjörinna sveitarstjórna.
- c. Ekki er stofnað til starfs nefndarinnar á grundvelli þingsályktunartillögu. Þingsályktunartillögur um þjóðgarð á miðhálendinu hafa verið bornar upp á undanförunum árum en ekki fengið afgreiðslu. Þess skal getið á árinu 2015 óskaði Alþingi eftir umsögnum um slíka tillögu, en tillagan var ekki afgreidd.²
- d. Verkefni ráðherranefndarinnar felur ekki í sér að fjallað verði um kosti og galla þess valkosta að stofna þjóðgarð. Athugun málsins með sérstöku tilliti til þess hvort aðrar heimildir til friðlýsingar séu heppilegri fer því til dæmis ekki fram. Slík atriði hefðu komið til umfjöllunar á lýðræðislegum vettvangi svo sem með afgreiðslu þingsályktunar um málefnið þar sem óskað hefði verið eftir nýjum umsögnum sveitarstjórna. Í náttúruverndarlögum er gert ráð fyrir ýmis konar friðunarmöguleikum, sem taka mið af flokkun friðlýsingar á vegum alþjóðlegra stofnana, sbr. umfjöllun hér síðar um IUCN.
- e. Hugmyndir um friðun miðhálendisins hvíla á því að þar er að finna víðáttumikil ósnortin landsvæði. Með náttúruverndarlögum nr. 60/2013 sem tóku gildi í lok ársins 2015, voru heimildir til friðlýsingar óbyggðra víðerna lögbundnar, sbr. 46. gr. Í eldri náttúruverndarlögum var gert ráð fyrir að stofnun friðlanda tengdist einkum sérstöku landslagi og þar að leiðandi áttu þær heimildir ekki við um mörg víðfeðm og einsleit svæði miðhálendisins. Stofnun friðlands felur ekki í sér stofnun þjóðgarðs. Sú spurning vaknar af hverju ekki kemur til álita að nýta þennan nýja friðlýsingarmöguleika á afmörkuðum svæðum og með tilliti til skipulagsáætlana sveitarfélaga. Hugmyndir um stofnun miðhálendisþjóðgarðs komu fram áður en þessi sérstaki friðlýsingarmöguleiki var tekinn upp í náttúruverndarlög og í raun er hægt að fullyrða að umræða um hann hefur verið óveruleg.

² Hér má finna þingsályktunartillöguna sem ekki var afgreidd:

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=146&mmr=367>

Á Alþingi komu fram athugasemdir frá flutningsmanni tillögunnar, Katrínu Jakobsdóttur, um að málið væri ekki borið undir þingið á sínum tíma.



- f. Þá má einnig nefna aðrar heimildir til friðunar og verndar, sem ekki fela í sér eins varanlega og ófyrirséðar takmarkanir á landnýtingu. Slíkar aðferðir geta hugnast sveitarfélögum betur m.a. í ljósi fjölbreytilegra sjónarmiða um þarfir fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu og innviðaupbyggingar landsins.

3. Hvað er Þjóðgarður.

- a. Alþjóðasamvinna um Þjóðgarðsmál er vegum stofnunarinnar, IUCN, þ.e. The International Union for Conservation of Nature. Þjóðgarður er þar nefndur sem einn af sjö flokkum verndarsvæða. Á vegum stofnunarinnar hefur Þjóðgarður verið skilgreindur á eftirfarandi hátt³.
- i. *Large natural or near natural areas set aside to protect large-scale ecological processes, along with the complement of species and ecosystems characteristic of the area, which also provide a foundation for environmentally and culturally compatible spiritual, scientific, educational, recreational and visitor opportunities.*
 - ii. Þýðing skilgreiningar Þjóðgarðs m.v. eldri viðmið/staðla fyrir árið 2008 var eftirfarandi⁴: *Friðlýst náttúrulegt svæði lands og/eða sjávar þar sem; verndaðar eru vistfræðilegar heildir eins eða fleiri vistkerfa fyrir múlifandi og komandi kynslóðir, komið er í veg fyrir nýtingu eða búsetu sem samrýmist ekki friðun svæðisins og sköpuð eru skilyrði til að sinna megi vísindum, menntun, útivist og þörfum gesta í samræmi við vernd náttúru og menningararfs.*
- b. Viðmið/staðlar um flokkun friðlýstra svæða á vegum IUCN var breytt árið 2008. Hafa ber í huga að umfjöllun um málefni Miðhálandisþjóðgarðs, t.d. skýrsla nefndar frá árinu 2004 byggði á fyrri stöðlum/viðmiðum en lítið hefur verið fjallað um breytingar sem gerðar hafa verið á þessum stöðlum/viðmiðum og hafa eðli máls samkvæmt áhrif á stöðu Þjóðgarðs sem stofnað yrði til nú. Eldri viðmið um svæðisskiptingu Þjóðgarða, sbr. fyrri heimild, fólu í sér eftirfarandi.
- Svæði A, kjarninn (core zone): Ströng friðun, engin notkun, almenningi einungis leyfður aðgangur á merktum stígum, engin afskipti höfð af gangi náttúrunnar. Kjarninn er alltaf staðsettur þar sem sérstökustu svæðin eru í Þjóðgarðinum, þess vegna geta verið margir litlir kjarnar í einum Þjóðgarði.
 - Svæði B, almennt verndað svæði (general protected area): Aðeins skipulögð afþreyingarstarfsemi, engin önnur landnotkun, engin búseta.
 - Svæði C, landslagsvernd (protected landscape): Takmarkaður rekstur eða landnotkun sem er í samræmi við markmið verndunarinnar.
 - Svæði D; virkt/þróunar svæði, (transition zone): Arðbær landnotkun og búseta.

³ <http://www.biodiversitya-z.org/content/iucn-category-ii-national-park>

⁴ Hér er stuðst við samantekt á greininni Hvað er Þjóðgarður, e. Þórdísi Bjarnadóttur og Susanne Greef, sem kynnt var á Fræðaðingi landbúnaðarins, 2004. Sjá nánar.

<http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/c82cc3845cc9f05900256e3d00329e94?OpenDocument>

- Byggt var á því að 75% af öllum þjóðgarðinum yrði að vera á svæði A til að fá viðurkenningu IUCN.
- c. Ný viðmið/staðlar, Guidelines for Applying Protected Area Management Categories, um flokkun friðlýstra svæða og þ.m.t. kröfur til svæðisskiptingar þeirra voru samþykktar af IUCN á árinu 2008⁵. Umfjöllun um kröfur til þjóðgarða er m.a. á bls. 16-18, þar sem koma fram grundvallarsjónarmið um eðli friðunar og hvaða starfsemi getur átt sér stað innan þjóðgarðs. **Meginreglan um að 75% þjóðgarðs falli undir aðalmarkmið verndunar gildir ennþá, sbr. umfjöllun á bls. 35-36.** Að öðru leyti eru ekki settar fram upplýsingar um stærðir og/eða hlutföll mismunandi starfsemi sem kynni að vera heimil. Slík viðmið geta þó verið til staðar í verklagsreglum IUCN um hvort þjóðgarðar verði viðurkenndir.
- d. Þessar upplýsingar eru settar fram með tillit til þess að **jafnvel þótt nokkurt svigrúm geti verið til staðar um mismunandi notkun svæða innan þjóðgarða, má ætla að stefnt verði að því að þjóðgarðurinn uppfylli skilyrði sem gerð eru til „þjóðgarða“ á alþjóðlega vísu.** Umræða um hver þau skilyrði eru virðist nauðsynleg til þess að sveitarstjórn Húnavatnshrepps og aðrar sveitarstjórnir geti tekið afstöðu til kosta þess að hluti sveitarfélagsins verði tekin undir þjóðgarð.

⁵ https://www.iucn.org/sites/dev/files/import/downloads/iucn_assignment_1.pdf

4. Þjóðgarður og skipulagsvald sveitarfélaga.

- a. Í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru almenn ákvæði um þjóðgarða, en þau lýsa í raun grunnhugmyndum um þann varanleika sem þjóðgarðshugtakið byggir á. Samkvæmt 47. gr. laganna gildir til að mynda að allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins eru bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist. Skilja má sérlög um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007, þannig að þar kunni að vera rýmra svigrúm til framkvæmda, enda samræmist það stjórnunar- og verndaráætlun.
- b. Fyrir hvern þjóðgarð (og reyndar öll friðlýst svæði) er gerð stjórnunar- og verndaráætlun, sbr. 81. gr. náttúruverndarlaga. Efni þeirrar áætlunar er samkvæmt 2. mgr.:
 - i. *Í stjórnunar- og verndaráætlun skal meðal annars fjallað um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks. Ef ekki hafa verið settar sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á viðkomandi svæði í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að setja slíkar reglur í stjórnunar- og verndaráætlun svo og reglur um önnur atriði er greinir í IV. kafla.*
- c. Til samanburðar er fjallað um stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs í 12. gr. laga um garðinn og um efni hennar segir í 2. mgr.:
 - i. *Í stjórnunar- og verndaráætlun skal nánar tiltekið gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan Vatnajökulsþjóðgarðs, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu, mannvirkjagerð, samgöngum og öðrum innviðum á svæðinu. Þar skal fjallað um umferðarrétt almennings, aðgengi að svæðinu og not þess.*
- d. Í 13. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð er fjallað um réttaráhrif áætlunarinnar og gildi hennar gagnvart skipulagsvaldi sveitarfélaga:
 - i. *Sveitarstjórnir eru bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs.*
 1. Þessi regla virðist í raun nauðsynleg og rökrétt í ljósi almennra hugmynda um stöðu og hlutverk þjóðgarða. Reglan skerðir hins vegar skipulagsvald sveitarfélags stórkostlega.
- e. Í umsögnum nokkurra sveitarfélaga við starf Miðhálandisþjóðgarðsnefndarinnar hafa verið sett fram sjónarmið um að stofnun þjóðgarðs megi ekki skerða skipulagsvald sveitarfélaga. Í þessari afstöðu fellst í raun misskilningur um eðli þjóðgarða. Það er óumflýjanlegur þáttur þjóðgarðsstofnunar að skipulagsvald sveitarfélags skerðist verulega.
- f. Með stofnun þjóðgarðs flyst skipulagsvald í raun yfir til stjórnarstofnana þjóðgarðs sem fjalla um þætti eins og landnýtingu, mannvirkjagerð, samgöngur og aðra innviði, í stjórnunar- og verndaráætlun. Það sem eftir stendur af skipulagsvaldi sveitarfélags virðist helst varða minniháttar útfærsluatriði.

5. Þjóðgarður og reglur um ráðstöfun lands.

- a. Stofnun þjóðgarðs hefur áhrif á heimildir til ráðstöfunar lands og fjárhagslega hagsmuni tengda því. Þau atriði verða hér skoðuð út frá tvennu; annars vegar vegna áhrifa á sveitarfélög þar sem þjóðlenda er innan þjóðgarðs og hins vegar stöðu eiganda afréttareignar innan þjóðgarðs.

6. Áhrif á ráðstöfun lands þjóðlendu sem fellur innan þjóðgarðs.

- a. Ákvæði náttúruverndarlaga gera ráð fyrir því að land innan þjóðgarðs skuli almennt vera í eigu ríkisins, sbr. 4. mgr. 47. gr. laganna. Þjóðlendur eru í eigu ríkisins, en um ráðstöfun lands þjóðlenda gilda sérstakar reglur 3. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sbr. til dæmis 1.-4 mgr.:
 - i. *Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.*
 - ii. *Leyfi ráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, vindorku, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Ráðherra er jafnframt heimilt að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum.*
 - iii. *Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutadeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki ráðherra. Rísi ágreiningur um veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein sker ráðherra úr honum.*
 - iv. *Ráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu réttinda sem hann heimilar skv. 2. mgr. Með sama hætti er sveitarstjórn heimilt að fengnu samþykki ráðherra að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar skv. 3. mgr. Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, eftir nánari ákvörðun ráðherra. Tekjum af leyfum sem sveitarstjórn veitir skv. 3. mgr. skal varið til hliðstæðra verkefna innan þjóðlendna samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn skal árlega gera ráðherra grein fyrir ráðstöfun fjárins.*
- b. Ákvæðin fela í sér að sveitarstjórn semur um ráðstöfun lands innan þjóðlendu, enda varðar ráðstöfunin ekki orkunýtingu eða nýtingu jarðefna. Tekjur vegna þeirrar ráðstöfunar skulu nýttar innan viðkomandi þjóðlendu. Sveitarfélagið hefur almennt forræði á þessum atriðum, en leyfisveitingin og ráðstöfun fjár er þó háð sérstöku samþykki eða almennum ramma ríkisins, þar að segja forsætisráðuneytisins sem fer með málefni þjóðlenda. (Til dæmis má ætla að eigendastefna þjóðlenda muni skýra nánar samskipti ríkis og sveitarfélaga)



- c. Dæmi eru um að sveitarfélög hafi ráðstafað landi til rekstrar- og þjónustuaðila, sem stofnað hafa til umtalsverðra tekna sveitarfélaga, sem unnt er að nýta innan viðkomandi þjóðlendu.
- d. Í lögum um Vatnajökulspjóðgarð, samanber breytingarlög nr. 101/2016, er fjallað um ráðstöfun lands innan garðsins. Það er athyglivert að ákvæðin komu inn í lögin eftir lagabreytingu sem gerð var 9 árum eftir upphaflega lagasetningu um stofnun garðsins og var afgreidd án mikillar umfjöllunar. Slíkar breytingar sýna hve einfalt er að breyta forsendum um starfsemi þjóðgarðs frá því sem kynnt var í upphafi.
- e. Í nýrri 15. gr. a, er kveðið á um að óheimilt er að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum án samnings við Vatnajökulspjóðgarð. Í 15. gr. b er kveðið á um að afla þurfi leyfis Vatnajökulspjóðgarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu. Við 21. gr. laganna var svo bætt ákvæði að heimilt væri að innheimta gjald vegna leyfa skv. 15. gr. a og b. Gjöldunum er ætlað að mæta kostnaði við gerð samninga, veitingu leyfa, umsjón og eftirlit vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi.
- f. Þá er í 3. málsgrein 15. gr. b. svohljóðandi ákvæði:
- i. Ákvæði laga þessara um leyfisveitingar ganga framur ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.
- g. Í skýringum í frumvarpi við lögin þar sem samspil við þjóðlendulög var skýrt sagði meðal annars:
- i. Þannig þarf ekki að fá leyfi sveitarstjórna vegna nýtingar lands og landsréttinda á þjóðlendum innan Vatnajökulspjóðgarðs heldur dugir að leita til þeirrar stofnunar sem ákveðið hefur verið að fari með umsjón svæðisins.
- h. Staða mála varðandi ráðstöfun lands innan þjóðlenda Vatnajökulspjóðgarðs er því eftirfarandi:
- Sveitarfélög koma ekki að leyfisveitingum
 - Sveitarfélög koma ekki að innheimtu gjalda fyrir leyfisveitingar eða ráðstöfun þeirra fjármuna
 - Gjöld sem innheimt eru miðuð við kostnað Vatnajökulspjóðgarðs en ekki gert ráð fyrir að þau geti skapað fjármuni sem nýta skuli til almennra uppbyggingarverkefna á svæðinu.
1. Bein áhrif sveitarfélags eru því engin. Þar fyrir utan virðast möguleikar til að afla fjár frá leyfishöfum til uppbyggingar hafa verið skertir, frá því sem hefði verið ef svæði væri venjuleg þjóðlenda.

7. Ráðstöfun tengd eignarhaldi á afréttareign.

- a. Samkvæmt 5. gr. Þjóðlendulaga gildir að þeir sem hafa nýtt land innan Þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Í úrskurðum Óbyggðanefndar er kveðið á um afmörkun afrétta inn Þjóðlendu og hverjum afréttareign tilheyrir. Oft er þar um að ræða sveitarfélög en einnig getur verið um að ræða aðila sem hafa fengið afréttareign framselda eða að afréttur tilheyrir tiltekinni jörð.
- b. Afréttareign tengjast ýmis not auk beitarréttar, til dæmis silungsveiðiréttur, umferðarréttur, slóðar og mannvirki eins og girðingar, réttir, hesthús og fjallaskálar. Þessi mannvirki kunna einnig að hafa verið fénytt í þágu fjallskilasjóða utan nýtingar vegna fjallskila, til dæmis með leigu á fjallaskálum. (Eyvindarstaðaheiði)
- c. Til samanburðar verður litið til Vatnajökulspjóðgarðs. Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er almennt gert ráð fyrir óbreyttri beitarnýtingu innan þjóðgarðsins. Þar er þó gert ráð fyrir heimildum til takmarkana vegna gróðurverndarsjónarmiða. Hafa ber í huga að beitarnýting afrétta er háð reglum um gróðurvernd, til dæmis samkvæmt lögum um afréttarmálefni og fjallskil, lögum um landgræðslu og regluverki um gæðastýringu í sauðfjárrækt. Sveitarstjóri telur hins vegar að ljóst að með því að afréttarsvæði falli undir þjóðgarð skapist heimildir þjóðgarðs til þess að gera aðrar kröfur um beitarnotkun lands, en gilda samkvæmt almennum reglum.
- d. Þá er bent á að í stjórnunar- og verndaráætlun er fjallað um hvers kyns mannvirkjagerð, nýtingu og atvinnustarfsemi. Í þessu felst að nýting réttar sem í afréttareign felst er háð stjórnunar- og verndaráætlun, til dæmis varðandi gerð slóða, girðinga eða heimildir til að leigja mannvirki til atvinnustarfsemi.
- e. Nýting afréttareignar fellur því almennt undir umfjöllunaratriði stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðs, sem getur leitt til ófyrirséðra takmarkana á réttindum sem henni fylgir.

8. Stjórnun þjóðgarða.

- a. Samkvæmt almennum ákvæðum náttúrverndarlaga er gert ráð fyrir að stjórn þjóðgarða sé í höndum Umhverfisstofnunar sem ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Þá skuli ráðinn þjóðgarðsvörður sem er starfsmaður stofnunarinnar, sbr. 81. og 82. gr. laganna. Gert er ráð fyrir samráði um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Þá er til dæmis gert ráð fyrir sérstakri ráðgjafarnefnd um málefni Snæfellsjökulspjóðgarðs, þar sem sem viðkomandi sveitarfélag á einn fulltrúa.

- b. Stjórnun Vatnajökulsþjóðgarðs er með öðrum hætti og hvílir á sérlögum um þjóðgarðinn, nr. 60/2007, með síðari breytingum. Samkvæmt 4. gr. laganna er garðurinn sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir ráðherra. Í stjórn stofnunarinnar sitja 7 einstaklingar. Þar á meðal eru formenn allra fjögurra svæðisráða, skv. skiptingu rekstrarsvæða garðsins. Í hverju svæðisráði sitja 6 fulltrúar, þar af 3 tilnefndir af sveitarfélögum og skal formaður valinn úr þeirra hópi. Í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs sitja því 4 einstaklingar sem tilnefndir eru af sveitarfélögum.
- c. Ráðherra ræður framkvæmdastjóra garðsins, að fenginni tillögu stjórnar. Í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð eru engin ákvæði um hvar framkvæmdastjóri skuli jafnan starfa. Hins vegar er tekið fram að þjóðgarðsverðir, skuli starfa á hverju rekstrarsvæða garðsins. Ef tvær meginstarfstöðvar garðsins eru á rekstrarsvæði er gert ráð fyrir ráðningu þjóðgarðsvarðar á hvorri starfstöð.
- d. Líklegt virðist að einhver fyrirmynd verði höfð af regluverki um Vatnajökulsþjóðgarð við stjórnun Miðhálandisþjóðgarðs. Vegna fjölda sveitarfélaga sem slíkt svæði gæti náð yfir og mögulegrar „innlimunar“ Vatnajökulsþjóðgarðs, er ljóst að áhrif einstakra sveitarfélaga á stjórn slíkrar stofnunar yrðu þá takmörkuð.
- e. Því má velja upp hversu langt væri hægt að ganga í því að stjórnun einstakra svæða þjóðgarðsins væri í höndum viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga. Ef litið er til Vatnajökulsþjóðgarðs eru svæðisstjórnir fyrst og fremst ráðgefandi og ákvarðanir þeirra þurfa rúmast innan stjórnunar- og verndaráætlunar sem stjórn garðsins samþykkir. Það virðist að mörgu leyti falla illa að alþjóðlegri skilgreiningu þjóðgarðs og markmiðum að baki stofnunar sérstaks miðhálandisþjóðgarðs að stjórn allra helstu þátta um þróun og uppbyggingu sé ekki á einni hendi.
- f. Þá er jafnframt ljóst að fyrirkomulag stjórnunar garðsins hlýtur að taka nokkuð mið af fjárveitingum og/eða tekjustofnum. Að því marki sem þjóðgarður er háðir beinum fjárframlögum ríkisins má að gera ráð fyrir að stjórnun garðsins þurfi að vera í nánnum tengslum við ríkið og stofnanir þess. Það kunna hins vegar að felast í því tækifæri til aukins valds svæðisstjórna í þjóðgarði ef tekjustofnar þjóðgarðs og einstakra rekstrarsvæða eru sem tryggastir. Þar fyrir utan munu slíkir þættir skipta miklu um það hvernig þjóðgarðsstofnun tekst til.

9. Framhald af vinnu nefndar um stofnun Miðhálandisþjóðgarðs. Samráðsferli.

- a. Nefnd ráðuneytisins mun vinna og kynna á næstu mánuðum eða misserum tillögur vegna allra punktaliða sem nefndir eru í upphafi minnisblaðsins. Það virðist mikilvægt að sveitarfélagið móti afstöðu til málsins. Á grunni slíkrar stefnu er þá hægt að taka afstöðu með samræmdum hætti til einstakra tillagna nefndarinnar og málsins í heild. Þá er án efa gagnlegt að kanna hvort hagsmunasamtök sveitarfélaga og/eða aðliggjandi sveitarfélög Húnavatnshrepps sem liggja inn á hálendið vilji taka undir þær áherslur sem sveitarfélagið hefur í málinu.

Húnavöllum, 18. janúar 2019, Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.





Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Húnavöllum, 30. október 2019.

Umsögn Húnavatnshrepps um tillögur um skilgreiningu á mörkum þjóðgarðs, áherslur um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka og umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Vísað er til umsagnarbeiðni um skjalið *Stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Skilgreining á mörkum þjóðgarðs, áherslur um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka, umfjöllun um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar*. Skjalið er unnið af nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu skipaðri af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018.

Á vegum Húnavatnshrepps hefur verið fjallað um áhrif þjóðgarðsstofnunar fyrir sveitarfélagið og greining á þeim áhrifum tekin til umfjöllunar í sveitarstjórn Húnavatnshrepps. Umsögn þessi er sett fram á grundvelli þeirrar vinnu.

Helstu sjónarmið sem sveitarstjórn hefur litið til eru varða m.a. eftirtalin atriði:

- A. Ekki hefur verið tekið til umfjöllunar, né tekið upp samráð á vegum lýðræðislega kjörinna fulltrúa um kosti og galla þjóðgarðsstofnunar m.a. með tilliti til annarra friðunar- og verndarheimilda, sbr. t.d. nýleg náttúruverndarlög og heimildir til hverfisverndar samkvæmt skipulagsáætlunum.
- B. Umfjöllun og skýringar um þýðingu alþjóðlegra viðmiða um þjóðgarða hefur ekki komið fram. Lýsingar á heimildum til annarrar notkunar svæða en fellur undir kjarnasvæðis þjóðgarðs og kröfur um lágmarksumfang slíks svæðis er því óáreiðanleg til að byggja á ákvarðanatöku sveitarfélaga.
- C. Ljóst er að stofnun þjóðgarðs felur í sér verulega takmörkun á skipulagsvaldi sveitarfélaga og þar með forræði sveitarstjórna á að marka stefnu um þróun byggðar og landnotkunar í sveitarfélagi.
- D. Stofnun þjóðgarðs takmarkar ráðstöfunarheimildir sveitarfélaga yfir þjóðlendum og heimildir til að afla tekna vegna starfsemi í þjóðlendum, sem sveitarfélög geta nýtt í þágu þjóðlenda innan sveitarfélagamarka.
- E. Ófyrirséðar breytingar geta orðið á lagalegri umgjörð um þjóðgarð og stjórnunar- og verndaráætlun í framtíðinni, sbr. t.d. breytingar sem raskað hafa forsendum sem til staðar voru við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.
- F. Nýting afréttareignar innan þjóðgarðs og önnur starfssemi, verður háð stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðs.
- G. Aðkoma sveitarfélags að stjórn þjóðgarðs verður óveruleg.

Um forsendur um afmörkun þjóðgarðs.

Þær meginforsendur sem tillögur um afmörkun þjóðgarðsins hvíla á draga fram þau grunnsjónarmið sem Húnavatnshreppur hefur bent á varðandi störf ráðherranefndarinnar sbr. einkum töluliði A og C hér framar.

- Tillaga um afmörkun þjóðgarðs virðist að verulegu leyti byggja á því hvaða svæði eru þjóðlendur.
- Jafnframt er litið til afmörkunar á skipulagssvæði miðhálandisins, sem unnið var að á grundvelli skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tilgangur svæðisskipulagsins var að samræma aðalskipulag einstakra sveitarfélaga innan svæðisins

Hvorug þessara forsenda varðar sérstaklega eiginleika svæðanna sem styðja mikilvægi þess að fella þau undir þjóðgarð, svo sem út frá markmiðum náttúruverndarlaga, sbr. 1. gr. laganna.

Ríkt tillit til afmörkunar þjóðlenda og miðhálandisskipulags ber með sér að forsenda þjóðgarðsstofnunar yrðu aðallega eignarréttarleg ráðstöfun íslenska ríkisins þar sem fagleg sjónarmið sem eiga að vera grundvöllur þjóðgarðsstofnunar almennt verða afgangsstærð.

Stofnun þjóðgarðs, sem aðallega væri eignarréttarleg ráðstöfun, yrði þá forsenda þess að takmarka skipulagsvald sveitarfélaga og færi fram án tillits til margvíslegra hagsmuna sem tengjast svæðunum. Þar getur verið um að ræða hagsmuni sem sveitarfélög eru best fallin til að fjalla um á grundvelli skipulagsvalds og jafnframt þjóðhagslegra hagsmuna til langrar framtíðar.

Húnavatnshreppur hefur bent á að á miðhálandinu eru fjöldi svæða sem eru friðlýst. Umfjöllun um afmörkun þjóðgarðs gæti helst varðað þau svæði, enda yrði jafnframt staldrað við og rætt á lýðsræðislegum vettvangi af hverju þjóðgarðsstofnun kæmi til álita fremur en nýting annarra friðunarkosta. Þáttur í þeirri umræðu væri m.a. umræða um fjárhagslegan grundvöll ábyrgðar ríkisins vegna núverandi friðlýsingar og beindist að því hvernig sinna ætti betur þeim svæðum sem nú eru friðlýst.

Vilji ríkið leggja fjármuni í náttúruvernd og tengja það jafnframt möguleikum til uppbyggingar þjónustu fyrir ferðafólk og náttúruunnendur, eru forsendur til þess vegna þeirra svæða sem eru friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum eða njóta annarrar verndar.

Í umfjölluninni hefur litið verið hugað að þýðingu landsáætlana og almennrar umfjöllunar um stöðu innviðauppbyggingar á Íslandi.

Tillaga um afmörkun þjóðgarðs tekur ekki mið af aðalskipulagi sveitarfélaga. Þá er ekki fjallað um hvert skuli vera gildi aðalskipulaga varðandi afmörkun svæðisins, ef/þegar líta ætti til slíkra þátta. Á þessum grunni felst í tillögu um afmörkun þjóðgarðs að litið er fram hjá hagsmunum sem markmið skipulagslaga, sbr. 1. gr. laganna, er ætlað að tryggja.

Kort með tillögum að afmörkun þjóðgarðssvæðisins eru ekki nægjanlega glögg svo hægt sé að bera saman tillöguna við aðalskipulag Húnavatnshrepps með nákvæmum hætti. Meginsjónarmiðin við tillöguna eru þessi, með vísan til framangreindrar umfjöllunar og fyrri umfjöllunar Húnavatnshrepps um málið:

- Lagst er gegn því að afmörkun miðhálandisþjóðgarðs verði innan Húnavatnshrepps að svo stöddu og miðað við þær forsendur sem byggt er á í fyrirbyggjandi tillögu. Eðlilegt er að taka til umfjöllunar stöðu Hofsjökuls og friðlýsts svæðis í Guðlaugstungum, svo sem varðandi framkvæmd núverandi friðlýsingar.
- Sjónarmiðum um að þjóðgarðsmörk ráðist af tilliti til eignarréttarlegra stöðu landsvæða, einkum þjóðlenda, er mótmælt. Umfjöllun um þjóðgarðsmörk verður að hvíla á faglegum sjónarmiðum varðandi skipulagsmál, náttúruvernd og almennum þjóðhagslegum hagsmunum.
- Sveitarfélagið telur ekki komin fram rök sem mæla með því að raskað verði fyrirkomulagi skipulagsvalds stórs hluta Húnavatnshrepps en sveitarfélagið hefur m.a. nýtt úrræði til hverfisverndar og gert ráð fyrir friðlýsingu svæða á grundvelli faglegra sjónarmiða.
- Húnavatnshreppur bendir á að afmörkun skv. tillögunni nær til svæðis þar sem aðalskipulag gerir ráð fyrir uppbyggingu nýrra virkjunarkosta.
- Þá er mikilvægt að Húnavatnshreppur fari með skipulagsvald á svæðum á Kili og við Hveravelli. Vegurinn um Kjöl er ein af aðkomuleiðum umferðar og innviðamannvirkja að sveitarfélaginu og augljós skipulagsleg rök standa til forræðis sveitarfélagsins á því svæði til framtíðar.
- Þá er stærstur hluti þess svæðis sem tillagan gerir ráð fyrir að þjóðgarður nái til afréttareign í þjóðlendu. Í því felast mikilvægir hagsmunir fyrir atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu í heild og getur kallað á ýmis konar breytingar er varða umferð, girðingar og aðra þætti sem tengist valdheimildum sveitarfélagsins. Þjóðgarðsstofnun mun þyngja ákvarðanatöku varðandi slíka þætti, jafnvel líklegt sé að nýting svæðis breytist lítið í meginatriðum óháð þjóðgarðsstofnun.

Tillögur um þjóðgarðsstofnun og umfang þjóðgarðs hvíla ekki á augljósum rökum þegar litið er til byggðaþróunar til framtíðar og þjóðhagslegra hagsmuna. Sjónarmið byggð á markmiðum náttúruverndarlaga mæta jafnvel afgangi í þeim tillögum sem komnar eru fram. Hugmyndir um að leggja svo til allar þjóðlendur inn í miðhálandisþjóðgarð fela í sér nýtt skref til aukinnar miðstýringar á landnýtingu á Íslandi.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd Húnavatnshrepps.



Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri.

Húnaþing vestra - 30.04.2019

Varðandi verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, mál nr. S-111/2019.

Verkefni þetta tekur til helstu áherslum sem ríkið tekur til í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill hér með benda á eftirfarandi atriði:

- Í þessum drögum virðist einungis miðað við einn stóran þjóðgarð á miðhálandi Íslands fremur en að skoðað sé með einhverjum raunverulegum áhuga hvernig smærri og fleiri þjóðgarðar kæmu út í samanburði.

- Stofnun og rekstur þjóðgarðs kallar á gríðarmikið fjármagn ef vel á að vera hægt að standa að hlutum, ekki virðist sýnt samkvæmt þessum drögum hvernig þjóðgarður á að vera fjármagnaður.

- Töluverður hluti af skipulagsvaldi sveitarfélaga er tekinn í burtu með þessum drögum og velmest skipulagsvald falið undir stjórn þjóðgarðs, ekki getur talist viðunandi að sveitarfélög svæðisins missi beint skipulagsvald og feli það í staðinn svæðis- eða umdæmisráðum eins og gert er ráð fyrir í drögum þessum, sérlega ekki þegar ekkert er vitað um það hvernig viðkomandi ráð verða skipuð.

- Í atvinnustefnu draganna er gert ráð fyrir atvinnustefnu, sem vissulega er nauðsynleg. Hins vegar, þar sem fyrir liggja í dag drög að atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs, verður að benda á í þessu samhengi að í drögum að atvinnustefnu fyrrnefnds þjóðgarðs virðist vera afar lítið gert úr vægi sveitarfélaga og landeigenda og virðist helst sem allir atvinnurekendur á svæðinu þurfi sérstakt atvinnuleyfi frá stjórn þjóðgarðsins, burtséð frá því hver atvinnustarfsemin er og hverjar skoðanir heimafélks eru. Verður því að líta svo á að þarna séu sveitarfélögum og landeigendum settar verulegar og hamlandi skorður, til dæmis varðandi beitarrétt og veiðar, og að viðkomandi aðilar missi þar með drjúgan umráðarétt yfir sínu landi. Ef sami tónn verður viðhafður í atvinnustefnu miðhálandisþjóðgarðs, sem ekki er ósennilegt verði drög að atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð samþykkt, getur Húnaþing vestra einfaldlega ekki fellt sig við slíka verðfellingu skipulagsmála í heimahéraði.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggst gegn fyrirleggjandi drögum nr. S-111/2019 og hvetur til þess að þau verði endurskoðuð í mun nánara samstarfi við heimamenn en verið hefur.



Húnathing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1-3
150 Reykjavík

Hvammstangi, 24. október 2019

Tilvísun: 1812025

Efni: Umsögn byggðarráðs Húnathing vestra um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, mál nr. 253/2019 í samráðsgátt stjórnvalda.

Á 1018. fundi byggðarráðs Húnathing vestra þann 21. október 2019 var eftirfarandi fært til bókar við 10. lið:

„1812025 Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Lögð er fram eftirfarandi bókun:

„Byggðarráð Húnathing vestra ítrekar ósk sína að land innan marka Húnathing vestra verði ekki hluti fyrirhugaðs þjóðgarðs á miðhálandinu. Á þetta bæði við um land í beinni eigu sveitarfélagsins og þjóðlendur í afréttareign innan marka Húnathing vestra.

Byggðarráð vill áréttta að samkvæmt lögum er skipulagsvald, þ.e. vinnsla og samþykkt svæðis-, aðal- og deiliskipulags í höndum sveitarfélaga. Það er því ekki í verkahring ráðherraskipaðar nefndar, ráðherra eða Alþingis að hafa með beinum hætti áhrif á skipulag sveitarfélaga með því að gera tillögu að legu þjóðgarðs á miðhálandinu innan marka þeirra.

Áherslur er varða stjórnskipun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands fela í sér flutning á stefnumörkun, umsjón og rekstri frá sveitarfélögum til svæðisráða. Þessar hugmyndir takmarka áhrif sveitarfélaga til þess að móta sér stefnu til að mynda hvað varðar uppbyggingu innviða, atvinnumál, landnýtingu og landvernd. Byggðarráð gagnrýnir að fyrirliggjandi textadrög feli í sér hugmyndir um færslu á valdheimildum sveitarstjórna til svæðisráða. Þannig flyst ákvarðanatataka frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum sveitarfélaga til kjörinna fulltrúa annarra sveitarfélaga, embættismanna og hagsmunahópa. Byggðarráð leggur áherslu á að í dag ríkir engin óvissa um stjórn svæða innan marka sveitarfélagsins.

Byggðarráð telur að fyrirliggjandi tillaga nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands feli í sér verulega skerðingu á valdheimildum sveitarfélaga og réttindum íbúa þeirra. Í fyrirliggjandi textadrögum þar sem fjallað er um markmið með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu er ekki lýst brýnni nauðsyn fyrir stofnun hans. Hugmyndir um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu virðast fyrst og fremst tilkomnar til þess að styrkja eignar- eða ráðstöfunarrétt ríkisins yfir landi á hálandi Íslands.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.“

Virðingarfyllt,

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

Jóhann Björgvinsson - 31.10.2019

Ég sé ekki tilgang með að stofna enn annan fjársveltann þjóðgarð. Reynsla frá störfum Vatnajökulspjóðgarðs er ekki góð og ekki nokkur ástæða til að ætla að nýr þjóðgarður verði betri. Stofnun Miðhálandisþjóðgarðs mun einnig koma algerlega í veg fyrir alla uppgræðslu á þeim gríðarmiklu auðnum sem eru á hálandinu. Með sorg í hjarta Jóhann Björgvinsson

Jón Guðmundur Guðmundsson - 28.04.2019

Miðhálandisþjóðgarður getur verið hið besta mál ef rétt er farið að.

Hinsvegar hefur öll stjórnslásla, utanumhald og framkvæmdir í Vatnajökulsþjóðgarði verið með þeim endemum að sporin hræða.

Tryggja verður ferðafrelsi og almannarétt og að allar takmarkanir og breytingar á núverandi nytjum og verði rökstuddar.

Einnig má ekki búa svo um hnútana að fámenn sveitarfélög geti í krafti nálægðar sinnar við þjóðlendur hindrað not og ferðafrelsi allrar þjóðarinnar í krafti þröngra eiginhagsmuna og skyndihugdettna.

Hafa ber í huga að til útivistarfólks teljast öll þau sem ferðast og njóta hálandisins. Einnig þau sem ferðast á vélknúnum faratækjum. Til að miðhálandisþjóðgarður geti verið fyrir þjóðina þurfa víðerni þar að geta verið með fáfarna slóða fyrir vélknúna umferð. Því að ferðaleiðir fyrir vélknúin ökutæki geta líka verið til upplifunar en ekki bara til samgangna.

Í vernaráætlun um Vatnajökulsþjóðgarð stendur að það skuli bæta aðgengi almennings að náttúrunni. Raunin hefur verið allt önnur. Leiðum og slóðum er lokað að því er virðist af handahófi og án vitræns rökstuðnings.

Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir sveigjanleika í breytilegu náttúrlegu umhverfi. Hafa ber í huga að veðurfar og færð á hálandinu er sífellt að breytast, og vegslóðar og vöð þurfa að taka mið af því. Ekki er hægt að negla niður staðsetningu þeirra nema að vel athuguð máli, og í samráði við það fólk sem ferðast um svæðið.

Miðað við fjárþörf núverandi þjóðgarða virðist fjármagn alls ekki tryggt í nægilegu magni. Ýmislegt má að vísu segja um nýtingu fjármagns í þeim þjóðgöörðum sem eru fyrir, en ef þjóðgarður á að ná yfir miðhálandið eins og það leggur sig verður fjárþörfin gríðarleg. Bæði í formi fræðslu, framkvæmda og landvörslu. Mikil hætta er á það þetta verið enn eitt vanfjármagnaða ríkisbatterið með takmarkaða getu til að framfylgja lögum og eigin stefnu.

Jón Guðmundur Guðmundsson - 31.10.2019

Stjórnskipulag með svæðisráðum virðist í alla staði handónýtt í Vatnajökulsþjóðgarði og setur allar ákvarðanir og tillögurétt í hendur á fámennum sveitarfélögum. Slíkt fyrirkomulag má ekki vera í miðhálandisþjóðgarði.

Þetta á að vera ÞJÓÐ-garður en er í raun smákóngagarður. ("Að meirihluti stjórnarmanna séu fulltrúar sveitarfélaga sem hafa sveitarfélagamörk upp á miðhálandi.")

Annað stingur í augu; "Að sjálfbær* xxxx verði rétt höfum áfram heimil"

*Skilgreining á sjálfbær: *Varðandi sjálfbærnimat þessara nytja verði miðað við gildandi löggjöf á viðkomandi sviði.

Þau lagafrumvörp sem fjalla m.a. um sjálfbærni í lögum um afréttarmál hafa sýnt sig að virka **ENGAN VEGIN**.

Það er allt of loðið hvernig á að tryggja fjármagn í þetta.

Það er lögð áhersla á sértekjur, en skilgreiningin á **HVERNIG** sértekjur það eru er allt of opið.

Það er talað um "gjaldtöku fyrir veitta þjónustu," en hvaða þjónusta er það?

Jón Sigurgeirsson - 16.10.2019

Orðalag laga um Vatnajökulsþjóðgarð og þessara tilagna bendir til að fram eigi að fara mikil uppbygging svo almenningur fái notið hálandisins. Það er í hróplegu ósamræmi við stjórn á núverandi hálandisþjóðgarði (Vatnajökulsþjóðgarði.) sem er undir yfirstjórn þess ráðherra sem setur þetta fram.

Mér finnst það vægast sagt óheiðarlegt af honum að reyna þannig að slá ryki í augu þeirra sem fjalla um þetta mál.

Tökum dæmi: Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs státar af mikilli uppbyggingu innan garðsins. Síðan tiltekur hún hvað um er að ræða. Þá kemur í ljós að nánast er um vegasjoppur að ræða næst þjóðveginum. Nánast engin vegalagning eða þjónustuuppbygging hefur verið á hálandinu sjálfu. Eins og kemur fram í þessum drögum er tilgangur þjóðgarða að gera svæðið aðgengilegt. Það þýðir á mannamáli að laga vegi þannig að þeir séu færir venjulegum ökutækjum. Þá þarf ferðafólk að komast á klósett og neyta matar og jafnvel að gista.

Möguleikar til slíks hafa mér vitandi varla verið bættir svo neinu nemi utan alfaraleiðar á láglandi. Þá er mikið rætt um það að þjóðgarðar gefi svo mikið fé fyrir samfélagið. Auðvitað er verið að ljúga að fólk. Ef aðgengi verður ekki aukið og þjónusta bætt skeður ekkert.

Utanvegaakstur er ekki eingöngu að menn móti nýjar leiðir langt frá þeim sem fyrir eru. Megin hluti utanvegaasksturs er vegna þess að fyrri slóðar eru orðnar drullusvað og menn fara við hlið þeirra. Úr verður sífellt breiðari flög af djúpum hjólförum. Þetta er hræðilegur lýtur á landinu og er eingöngu vegna þess að þjóðgarðurinn stendur ekki við skuldbindingar sínar.

Þegar landið er gert aðgengilegt eins og tillögurnar gera ráð fyrir þá þarf að auka vörslu til muna. Friðun án vörslu er gagnslaus. Eina sem stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs dettur í hug er að loka hefðbundunum vegaslóðum. Í einu tilfellinu sem mikið hefur verið deilt á er leið lokað af því að viðkvæmt hverasvæði er í 8 km fjarlægð frá slóðanum. Auðvitað geta þeir sem geta gengið meira en þessa 16 km. fram og til baka traðkað þetta svæði niður. Það er því ekkert nema uppbygging og varsla sem getur hlíft þessu svæði -nákvæmlega eins og lögin gera ráð fyrir – aðgengi og verndun.

Þá er reynslan af Vatnajökulsþjóðgarði að sögn heimamanna í þeim hreppum sem misst hafa skipulagsvaldið yfir svæðinu slæm. Lögin gerðu ráð fyrir samráði við sveitarstjórnir í gengum svæðisráð. Þar sem þau eru aðaðllega ráðgefandi hefur stjórnin náð að hunsa þau algjörlega að þeirra sögn.

Orðalag tillagnanna samkvæmt reynslu er aðeins til að blekkja. Reynslan er önnur. Menn sveigja lögin að eigin öfgum og þörfum. Meðan ekki er hægt fara að lögum varðandi núverandi þjóðgarð ættu menn ekki að samþykkja frekari stækkun hans fyrr en nákvæm útlistun kemur fram um hvernig menn

ætla að skipuleggja svæðið svo það opnist raunverulega almenningi og jafnframt að vernda viðkvæm svæði.

Kjartan Magnússon - 25.04.2019

Mikilvægt er að réttur ferðafólks á vélknúnum ökutækjum verði ekki síðri en réttur ferðafólks án vélknúinna tækja, með það sjónarmið í huga að báðir eigi upplifun í ferðalagi sínu, óháð ferðamáta, þótt upplifunin sé ekki sú sama. Þá á ég sérstaklega við um ferðir breyttra jeppa, jafnt um vetur sem sumar. Ef þjóðgarðurinn á sannarlega að vera fyrir almenning, þá þarf þessi réttur að koma skýrt fram, svo ekki þurfi að kýta um það í framtíðinni.

Þá er rétt að ræða veðuráhrif á færi vega og breytilega slóða. Árvöð færast til í leysingum og rigningum, ferðafólk þarf að geta farið yfir ár á góðum vöðum, þótt það þýði að aka þurfi meðfram ám, en þó ekki þannig að varanlegt rask verði af (rask verður ef blaut mold er undir, en ekki í sandi og grófri möl, til dæmis).

Stærsta atriðið er, að allar hugmyndir um breytingar á skipulagi hálendisins þurfa að bæta eitthvað. Ekki verður séð að bót felist í að gera reglur óskýrar og bjóða upp á rifrildi eftir á. Ekki verður heldur séð að bót felist í skertu aðgengi eftir ferðamáta. Umhverfisáhrif vélknúinna ökutækja eru hverfandi, einfaldlega vegna þess hve fá þau eru. Það eru mikil lífsgæði að njóta ferðafrelsis og þeirra ber að gæta með jafnræði í huga, samkvæmt stjórnarskránni.

Umhverfis-auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjahlíð, 13. ágúst 2019

Efni: Umsögn stjórnar Landeigenda Reykjahlíðar ehf. varðandi drög að tillögum ráðherraskipaðrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Vísað er til máls nr. s-135/2019 í Samráðsgátt þar sem óskað er eftir umsögn um tiltekin drög nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Í 5. tölulið á bls. 5 og efst á bls. 7 í drögum þessum segir að nefndin telji ekki forsendur til að leggja til að eignarlönd einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra lögaðila falli undir þjóðgarðinn enda þótt þau eignarlönd komi til með að verða innan ytri marka hins væntanlega þjóðgarðs, nema eigendur þeirra landareigna óski eftir því sérstaklega.

Stjórn Landeigenda Reykjahlíðar ehf. telur ljóst að þó að mörk hins fyrirhugaða þjóðgarðs nái ekki með beinum hætti inn á land Reykjahlíðar muni hinn væntanlegi miðhálandisþjóðgarður umhverfis Reykjahlíðarland hafa neikvæð áhrif á nýtingu þeirra landareigna með einum eða öðrum hætti.

Þessum hugmyndum nefndarinnar er því eindregið andmælt.

Virðingarfyllt


Form. stjórnar LR. ehf.



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 2-4
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 30. apríl 2019

Efni: Umsögn um tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands

Vísað er til efnis á samráðsgátt stjórnvalda, dags. 4. apríl sl., hvar óskað er umsagnar um textadrög þriðja verkefnis þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun.

Í apríl árið 2018 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra þverpólitíska nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Verkefni nefndar þessarar er allyfirgripsmikið en eitt verkefna hennar, hvert nú er í textadrögum fram komið, snýr að því að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn.

Hér er þannig ekki fram komin fullmótuð stjórnunar- og verndaráætlun heldur einungis tillögur að helstu áherslum slíkrar áætlunar. Það hlýtur þó að vera mjög mikilvægt að vandað sé til verka hvað varðar áhersluatriði væntanlegrar stjórnunar- og verndaráætlunar, enda grunnurinn þar lagður og leiðin mörkuð. Um þetta atriði segir og nefndin sjálf: „*Nefndin telur mikilvægt að í því ferli [við útfærslu áætlunarinnar sjálfrar] verði horft til þeirra áhersluatriða sem fram koma í þessu skjali.*“

Landgræðslan vill koma að ábendingum um tvö atriði sérstaklega.

A)

Í 81. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um stjórnunar- og verndaráætlun. Í þeirri áætlun skal fjallað um ýmis atriði. Þar skulu m.a. koma fram upplýsinga um stjórnun, nýtingu og vernd þeirra náttúrugæða sem á svæðinu eru. Í töflu 1 í skjali því sem hér er til umfjöllunar segir um flokkinn *Vernd*: Markmið snúi sérstaklega að viðhaldi víðerna, náttúruverðmæta og menningarminja á heildstæðan hátt. Í kaflanum um *vernd náttúru og menningarminja svæðisins* (á bls. 3) er þetta markmið útfært nánar. Þegar sá kafli er lesinn sýnist ljóst að lögð er höfuðáhersla á að inngrip verði þar sem minnst. Eyðisandar eru talin sérstæð náttúrufrýrbæri, einkennandi fyrir miðhálandi Íslands sem og að verndarmarkmið þjóðgarðsins skuli snúa sérstaklega að vernd og viðhaldi lítt snortinna víðerna.


Landgræðslan vill benda á að fyrr á öldum var talsverður hluti eyðisanda og víðerna hálendisins mun meira gróin en þau eru í dag. Vistkerfi hálendisins hafa tapað stærstum hluta gróður- og jarðvegsþekju sinnar, einkum vegna ósjálfbærrar landnýtingar á svæðum með rofgjörnum jarðvegi, samhliða harðneskjulegu veðurfari og tíðum eldgosum sem sköpuðu aukið álag á vistkerfin. Skýrslan *Jarðvegsrof á Íslandi* sem kom út árið 1997 sýndi glögg að stór hluti vistkerfa á miðhálandinu er í röskuðu eða jafnvel eyddu ástandi. Landgræðslan telur því algerlega nauðsynlegt að í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins verði gert ráð fyrir endurheimt raskaðra vistkerfa á miðhálandinu með uppgræðsluaðferðum sem henta aðstæðum hverju sinni. Það getur ekki verið sérstakt markmið stjórnvalda að viðhalda manngerðum auðnum á hálendinu, a.m.k. ekki í stórum stíl. Slíkt væri og í algerri andstöðu við sett markmið stjórnvalda um bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi enda væri ekki um slíkt að ræða sem og að áframhaldandi losun frá rofnum vistkerfum væri óumflýjanleg. Með hliðsjón af markmiðum þeim sem fram koma í lögum um landgræðslu nr. 155/2018, sjá sérstaklega 1., 2. og 3. gr., sem og b-lið 2. gr. náttúruverndarlaga fer Landgræðslan fram á að í kaflann um *vernd náttúru og menningarminja svæðisins* verði sérstaklega tekið fram að almennt skuli stefnt að endurheimt raskaðra vistkerfa nema annað sé sérstaklega tekið fram.


B)

Á bls. 4 eru m.a. kaflar um *atvinnustefnu og samstarf/samninga við heimaaðila*. Í umfjöllun um atvinnustefnu kemur fram að áherslur þeirrar stefnu (sem nefndin hefur þegar sent frá sér) fái vægi í stjórnunar- og verndaráætlun. Í umfjöllun um samstarf/samninga við heimaaðila kemur fram að mikilvægt starf sé almennt unnið af heimamönnum og mikilvægt sé að svo verði áfram. Þróa þurfi nýjar leiðir til að styðja við búsetu og atvinnulíf á nærsvæðum þjóðgarðs, mögulega með útfærðu samstarfi og/eða þjónustusamningum/umsjónarsamningum sem gagnkvæmur hagur væri af.

Landgræðslan bendir á að heimamenn, bændur og aðrir landeigendur, hafa í samstarfi við Landgræðsluna og með hennar tilstyrk stundað landgræðslu á miðhálandinu hvar þeir víðast eiga þau óbeinu eignarréttindi er felast í beitarrétti. Slíkt starf styður svo sannarlega við byggð og búsetu í landinu, auk þess að efla vistfræðilega virkni vistkerfa á hálendinu til frambúðar. Gríðarlega mikilvægt er að ekki verði lokað á þessa möguleika og það sem meira er – gert ráð fyrir þeim í stjórnunar- og verndaráætlun.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslunnar


Árni Bragason,
landgræðslustjóri.


Birkir Snær Fannarsson,
lögfræðingur.



LANDGRÆÐSLAN

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 2-4
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 30. október 2019

Efni: Umsögn um tillögur/áherslur þverpólítískrar nefndar í lagafrumvarp um miðhálandisþjóðgarð og umfjöllun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs.

Landgræðslan hefur kynnt sér þær tillögur og áherslur sem þverpólítísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu hefur lagt fram. Hér er um að ræða tillögur/samantekt er varða tvö atriði sérstaklega, þ.e. annars vegar um þau áhersluatriði sem nefndin sér fyrir sér að verði í væntu lagafrumvarpi um þjóðgarð á miðhálandinu og hins vegar umfjöllun um fjármögnun þjóðgarðsins. Óskað var ábendinga stofnunarinnar.

Ábendingar stofnunarinnar snúa að fyrra atriðinu, þ.e. áhersluatriðum í væntu lagafrumvarpi en síður að fjármögnunarluta verkefnisins.

Landgræðslan byggir ábendingar sínar á því hlutverki sem stofnunin gegnir að lögum, sbr. lög um landgræðslu nr. 155/2018.

Almennt er Landgræðslan jákvæð í garð þess að á miðhálandi Íslands verði stofnaður og starfræktur þjóðgarður, með öllum þeim tækifærum sem slíkt hefur í för með sér.

Í bréfi, dags. 30. apríl sl., gaf Landgræðslan umsögn um textadrög þriðja verkefnis þverpólítískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun, en umsögn þá má finna á samráðsgátt stjórnvalda.¹ Í þeirri umsögn segir m.a:

„Landgræðslan vill benda á að fyrr á öldum var talsverður hluti eyðisanda og víðerna hálandisins mun meira gráin en þau eru í dag. Vistkerfi hálandisins hafa tapað stærstum hluta gróður- og jarðvegsþekju sinnar, einkum vegna ósjálfbærrar landnýtingar á svæðum með rofjörnum jarðvegi, samhlíða harðneskjulegu veðurfari og tíðum eldgosum sem sköpuðu aukið álag á vistkerfin. Skýrslan Jarðvegsrof á Íslandi sem kom út árið 1997 sýndi glögg að stór hluti vistkerfa á miðhálandinu er í röskuðu eða jafnvel eyddu ástandi. Landgræðslan telur því algerlega nauðsynlegt að í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins verði gert ráð fyrir endurheimt raskaðra vistkerfa á miðhálandinu með uppgræðsluáðferðum sem henta aðstæðum hverju sinni. Það getur ekki verið sérstakt markmið stjórnvalda að viðhalda manngerðum auðnum á hálandinu, a.m.k. ekki í stórum stíl. Slíkt væri og í algerri andstöðu við sett markmið stjórnvalda um bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi enda væri ekki um slíkt að ræða sem og að áframhaldandi losun frá rofnum vistkerfum væri óumflýjanleg. Með hliðsjón af markmiðum þeim sem fram koma í lögum um landgræðslu nr. 155/2018, sjá sérstaklega 1., 2. og 3. gr., sem og b-lið 2. gr. náttúruverndarlaga fer Landgræðslan fram á að í kaflann um vernd náttúru og menningarminja svæðisins verði sérstaklega tekið fram að almennt skuli stefnt að endurheimt raskaðra vistkerfa nema annað sé sérstaklega tekið fram.“

¹ [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1370](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1370)

Í ljósi ofangreinds lýsir Landgræðslan yfir mikilli ánægju með þær tillögur nefndarinnar sem hér eru fram komnar og finna má í *Kafla 1 – Stofnun Miðhálandisþjóðgarðs*, sérstaklega um að eitt af markmiðum þjóðgarðsins skuli vera að: „Endurheimta vistkerfi sem hafa raskast“ og annað að: „Leitast við að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og á landinu öllu, meðal annars með því að hvetja til sjálfbærrar landnýtingar.“

Um áherslupunkt um endurheimt vistkerfa sem hafa raskast

Það að endurheimta skuli vistkerfi sem raskast hafa í væntum þjóðgarði sé sérstakt markmið væntra laga um þjóðgarð á miðhálandinu er sérlega mikið fagnaðarefni. Allt í senn er þetta markmið sérstaklega þjóðhagslega hagkvæmt, sem og að vera í samræmi við ýmis lög og þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands. Þjóðgarðurinn mun, ef af verður, ná yfir meginþorra hálandis landsins. Á því svæði er gnæð verkefna hvað endurheimt vistkerfa varðar sem mikilvægt er að ráðist verið í að vandlega athuguðu máli og í samræmi við viðurkenndar aðferðir. Landgræðslan og fleiri stofnanir og félagasamtök hafa innan sinna vébanda umfangsmikla þekkingu og reynslu, sem án efa mun reynast verðmæt þegar áskorunin er eins stór og eydd og röskuð vistkerfi miðhálandisins bera best raun um.

Um áherslupunkt um að leitast skuli við að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og á landinu öllu, meðal annars með því að hvetja til sjálfbærrar landnýtingar.

Um leið og endurheimt raskaðra vistkerfa er brýn er og mikilvægt að sú fjölbreytta landnýting sem fram fer og mun fara fram innan marka vænts þjóðgarðs sé ávallt með sjálfbærum hætti. Hverskonar ósjálfbær landnýting, innan sem utan þjóðgarðs, er óásættanleg og við henni verður að sporna til að koma í veg fyrir skemmdir á því andlagi sem þjóðagarðinum er ætlað að vernda – landinu í heild eða afmörkuðum hlutum þess. Sérstaklega hljóta hér að koma til skoðunar atriði er snúa að þeim búfjár á hálandinu og ágangi ferðamanna á einstaka staði þess.

Í *Kafla III – Starfsemi í þjóðgarðinum, landnýting og þjónusta* leggur nefndin áherslu á hefðbundnar nýttjar, t.a.m. að hefðbundnar nýttjar geti þróast með eðlilegum hætti og að um þær verði sérstaklega fjallað í lagatexta og að sjálfbær búfjárbeit verði rétt höfum áfram heimil.

Landgræðslan er ofangreindri nálgun algerlega sammála. Í lagatexta er ástæða til að fjalla um hefðbundnar nýttjar rétt hafa. Beitarréttindi eru hefðbundin, óbein, eignarréttindi ákveðinna aðila til ákveðins svæðis. Þessi réttindi er eðlileg að rétt hafa geti nýtt sér á fyrirfram gefnum forsendum, til framfærslu sér og sínum. Um leið er eðlileg krafa að nýting þessara réttinda sé takmörkuð, sé hún þess eðlis að ósjálfbær teljist og valdi jafnvel hnignun á nú þegar viðkvæmum vistkerfum.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslunnar


Arni Bragason

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

30.4.2019
2019-01-641/0.11.2

Efni: Umsögn um tillögur að áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun

Landsnet vísar til auglýsingar á samráðsgátt stjórnvalda um textadrög þriðja verkefnis þverpólitískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu varðandi tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun, mál nr. S-111/2019.

Á þessu stigi liggja hvorki fyrir tillögur að skilgreiningu á mörkum fyrirhugaðs þjóðgarðs né áherslur um skiptingu landsvæðis innan þjóðgarðs í verndarflokka. Þá liggur ekkert fyrir um atvinnustefnu en í tillögunum kemur fram að atvinnustefna verði fullmótuð áður en þjóðgarður taki formlega til starfa.

Þar sem hvorki liggur fyrir afmörkun garðsins né skipting hans í verndarflokka er erfitt að taka beina afstöðu til efnis í tillagnanna. Það hlýtur að ráðast af umfangi þjóðgarðsins og verndarákvæðum hvernig stefna um stjórnun og verndun hans snertir núverandi stöðu og framtíðaráform um uppbyggingu meginflutningskerfis raforku í landinu. Í ljósi þessa telur Landsnet mikilvægt að atvinnustefna verði sett fram sem hluti af stjórnunar- og verndaráætlun.

Landsnet bendir á að flutningsmannvirki eru í rekstri innan skilgreindra miðhálandismarka (landsskipulagsstefnu). Mikilvægt er að í stjórnunar- og verndaráætlun sé tryggt greitt aðgengi að slíkum grunninnviðum hvað varðar viðhald, viðgerðir og uppfærslur. Samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd skal í stjórnunar- og verndaráætlun m.a. fjalla um landnýtingu og nauðsynlegt er að í þeirri umfjöllun sé vikið að grunninnviðum og heimildum vegna þeirra.

Þá er ljóst að burtséð frá því hvernig meginflutningskerfið þróast til framtíðar mun það að einhverju leyti fara inn fyrir þessi skilgreindu mörk en aðstæður á Íslandi geta gert það að verkum að önnur leið er ekki fær til að hægt sé að komast á milli landsvæða. Þá bendir Landsnet á að ákvarðanir um að takmarka möguleika til uppbyggingar flutningskerfis raforku á afmörkuðum svæðum mun setja aukinn þrýsting á önnur svæði. Landsnet hlýtur því að vera mikilvægur hagsmunaaðili þegar kemur að samráði um mótun atvinnustefnunnar.

Virðingarfyllt,



Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur Landsnets.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

31.10.2019
2019-01-641/0.11.2

Efni: Umsögn um textadrög varðandi áherslur í lagafrumvarp um þjóðgarð

Landsnet vísar til auglýsingar á samráðsgátt stjórnvalda um textadrög þverpólítískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu varðandi áherslur í lagafrumvarp um þjóðgarð (mál nr. 253/2019). Landsnet hefur í fyrri umsögnum gert athugasemdir við að ekki sé fjallað um flutningskerfi raforku innan fyrirhugaðs þjóðgarðs. Um er að ræða afar mikilvæga grunninnviði í raforkukerfi landsins, sem gera þarf ráð fyrir þegar mótuð er stefna um miðhálandisþjóðgarð.

Í III. kafla textadraganna er fjallað um starfsemi í þjóðgarðinum, landnýtingu og þjónustu, þ.á m. orkunýtingu, en um hana segir:

- Að heimilt verði að starfrækja innan Miðhálandisþjóðgarðs þær virkjanir sem eru í rekstri við stofnun hans.
- Að hægt verði að viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs.
- Að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum kallist á við áætlanir Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu.
- Að orkuöflun vegna þjónustu og reksturs þjóðgarðsins verði leyfð.

Í punkti þrjú er vikið að orkudreifingu sem Landsnet gerir ráð fyrir að innifeli flutning raforku þótt orðalagið samræmist ekki hugtakanotkun raforkulaga. Þar er lagt til að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum kallist á við áætlanir Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og að tekið verði tillit til þeirra í frumvarpi um þjóðgarð. Landsnet lítur svo á að þarna sé a.m.k. vísað til stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku sem ráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi, sbr. 39. gr. a í raforkulögum nr. 65/2003. Í þingsályktun nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku er vikið að ýmsum atriðum sem lúta að uppbyggingunni. Í stefnunni er m.a. kveðið á um að tryggja beri að flutningskerfið geti á hverjum tíma mætt þörfum raforkunotenda og stuðlað að þeim þjóðhagslegu markmiðum sem fram koma í raforkulögum og að styrking og uppbygging flutningskerfisins skuli miða að því að auka afhendingaröryggi raforku á landsvísu með sérstakri áherslu á þau landsvæði sem búa við skert orkuöryggi. Þá er í þingsályktuninni kveðið á um að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálandið.

Landsnet bendir hins vegar á að fyrirtækið gefur árlega út á grundvelli raforkulaga kerfisáætlun sem samþykkt er af Orkustofnun og hefur m.a. stöðu gagnvart skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Áætlunin felur annars vegar í sér langtímaáætlun varðandi þá þætti í meginflutningskerfinu sem fyrirhugað er að byggja upp eða uppfæra á næstu tíu árum og hins vegar framkvæmdaáætlun sem sýnir ákvarðanir um fjárfestingar í flutningskerfinu á næstu þremur árum. Mikilvægt er að tekið sé tillit til þessarar áætlunargerðar og skapað svigrúm til styrkinga á flutningskerfinu í samræmi við langtíma stefnumörkun hennar. Allar sviðsmyndir kerfisáætlunar varðandi það markmið að tryggja sem jafnast aðgengi landsmanna óháð búsetu að hreinni endurnýjanlegri orku fela í sér að framtíðarmannvirki flutningskerfisins munu að einhverju leyti liggja innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs. Ábyrg nýting orkumannvirkja og aðstæður fela í sér að hægt sé að koma raforku á milli landsvæða.

Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku tekur eðli máls samkvæmt ekki á rekstri og stöðu núverandi mannvirkja. Mikilvægt er að tekin sé afdráttarlaus afstaða til stöðu þeirra flutningsvirkja sem kunna að verða innan marka Miðhálandisþjóðgarðs, með sama hætti og gert er varðandi virkjanir í textadrogunum. Mikilvægt er að tryggt sé greitt aðgengi að slíkum grunninnviðum hvað varðar viðhald, viðgerðir og uppfærslur.

Í ljósi þessa leyfir Landsnet sér að leggja til eftirfarandi breytingar á orðalag III. kafla textadraganna um orkunýtingu:

- Að heimilt verði að starfrækja innan Miðhálandisþjóðgarðs þær virkjanir **og flutningsvirki raforku** sem eru í rekstri við stofnun hans.
- Að hægt verði að viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði **og flutningsvirki raforku** innan þjóðgarðs.
- Að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum kallist á við áætlanir Alþingis **sem og aðrar lögbundnar opinberar áætlanir** um orkunýtingu og orkudreifingu, **þ.á m. þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku og kerfisáætlun flutningsfyrirtækis raforku**, og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu.
- Að orkuöflun vegna þjónustu og reksturs þjóðgarðsins verði leyfð.

Virðingarfyllst,



Guðmundur I. Ásmundsson, forstjóri Landsnets hf.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

1.8.2019
2019-01-641/0.11.2

Efni: Umsögn um textadrög varðandi skilgreiningu á mörkum þjóðgarðs

Landsnet vísar til auglýsingar á samráðsgátt stjórnvalda um textadrög þverpólitískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu varðandi skilgreiningu á mörkum þjóðgarðs.

Í umfjöllun textadraganna um verndarflokka er fjallað um virkjanasvæði á miðhálandinu. Í umfjölluninni skortir hins vegar á að fjallað sé um mannvirki Landsnets sem liggja innan þeirra marka hálandisþjóðgarðs sem nefndin gerir tillögu um. Landsnet telur að afmörkun þjóðgarðsins og verndarflokkar hans verði að taka tillit til núverandi flutningskerfi Landsnets og skapa svigrúm til styrkinga á flutningskerfinu í samræmi við langtíma stefnumörkun kerfisáætlunar.

Við grófan samanburð á afmörkun fyrirhugaðs þjóðgarðs og núverandi flutningskerfis Landsnets eru a.m.k. sex raflínur Landsnets í meginflutningskerfinu innan marka garðsins auk nokkurra tengivirkja. Um er að ræða Sultartangalínu 1 og 3, Sigöldulínu 3 og 4, Prestbakkalínu 1 og Fljótsdalslínu 2. Sjá nánar kortasjá Landsnets.¹

Í samþykktari Kerfisáætlun 2018-2027² er stefnt að styrkingu meginflutningskerfis landsins sem felur m.a. í sér styrkingu á milli landshluta. Í Kerfisáætlun 2019-2028 sem er nú í vinnslu áður hún verður send Orkustofnun til afgreiðslu fyrir 1. september n.k. er stefnan óbreytt hvað þessa samtengingu varðar. Þar liggur nú einnig fyrir greining á nauðsyn þess að Landsnet tengi saman flutningskerfi milli SV-lands og Norðurlands, til að uppfylla lögbundnar kröfur um tryggt og öruggt rafmagn.³


Í framangreindum kerfisáætlunum hefur verið lagt mat á tvo meginvalkosti A („Hálendisleið“) og B („Byggðaleið“), en er ekki tekin endanleg afstaða til hvor þeirra verði valinn. Á þessu stigi hafa verið teknar ákvarðanir um að ráðast í byggingu þeirra lína sem eru sameiginlegar báðum valkostunum og fær Landsnet ekki séð að þær framkvæmdir falli innan afmörkun fyrirhugaðs þjóðgarðs, en um er að ræða Kröflulínu 3, Hólasandslínu 3, Blöndulínu 3 og Suðurnesjalínu 2. Hins vegar er ljóst að hluti línulagna sem tilheyra frekari styrkingu meginflutningskerfisins í samræmi við kerfisáætlunir, lenda innan þjóðgarðsins, óháð hvort um er að ræða valkost A eða B. Augljóslega færi lína sem tilheyrir valkosti A, yfir Sprengisand inn í þjóðgarðinn, en einnig færu raflínuframkvæmdir samkvæmt flestum útfærslum á valkosti B inn fyrir þjóðgarðsmörkin. Sjá meðfylgjandi kort með valkostum A og B.⁴

¹ Kortavefsjá Landsnets: <https://www.map.is/landsnet>


² Kerfisáætlun 2018-2027. Slóð: <https://www.landsnet.is/um-okkur/utgafa-og-samskipti/kynningarrit-og-skyrslur/kerfisaaetlun-2018-2027/>

³ Kerfisáætlun 2019-2028. Slóð: <https://framtidin.landsnet.is/>

⁴ <https://framtidin.landsnet.is/umhverfisskyrsla/valkostir-i-meginflutningskerfinu/>



Valkostir A í Kerfisáætlun 2019-2028.



Valkostir B í Kerfisáætlun 2018-2029.

Í tillögu nefndarinnar er lagt til að virkjanasvæði geti verið innan skilgreindra svæða V, þar sem hægt sé að gera ráð fyrir núverandi virkjanastarfsemi. Í þeirri umfjöllun er m.a. vísað til þess að um er að ræða sjálfberandi orkubúskap, sem sé alþjóðlega vottaður. Landsnet bendir á í því samhengi að starfsemi Landsnets er alþjóðlega vottuð með tilliti til gæðastjórnunar og umhverfisstjórnunar (ISO 9001 og ISO 14001).

Um er að ræða afar mikilvæga grunninnviði í raforkukerfi landsins, sem gera þarf ráð fyrir þegar mótuð er stefna um miðhálandisþjóðgarð. Í þingsályktun nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku er vikið að ýmsum atriðum sem lúta að uppbyggingunni. Í stefnunni er m.a. kveðið á um að tryggja beri að flutningskerfið geti á hverjum tíma mætt þörfum raforkunotenda og stuðlað að þeim þjóðhagslegu markmiðum sem fram koma í raforkulögum og að styrking og uppbygging flutningskerfisins skuli miða að því að auka afhendingaröryggi raforku á landsvísu með sérstakri áherslu á þau landsvæði sem búa við skert orkuöryggi. Ljóst er að burtséð frá því hvernig meginflutningskerfið þróast til framtíðar mun það væntanlega að einhverju leyti fara inn fyrir þau skilgreindu mörk þjóðgarðs sem gerð er tillaga um. Aðstæður á Íslandi geta gert það að verkum að önnur leið er ekki fær til að hægt sé að komast á milli landsvæða. Landsnet bendir á að ákvarðanir um að takmarka möguleika til uppbyggingar flutningskerfis raforku á afmörkuðum svæðum mun setja aukinn þrýsting á önnur svæði.

Virðingarfyllt,

Einar S. Einarsson
Framkvæmdastjóri Stjórnarsviðs

Umhverfis- og Auðlindarráðuneytið
Skuggasundi 1
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2019


Efni: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu (S-111-209)

Á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þann 4. apríl, var óskað er eftir umsögnum um textadrög þriðja verkefnis þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun.

Landssamtök sauðfjárbænda (LS) taka undir það sem fram kemur í textadrögum nefndarinnar að með tilkomu þjóðgarðs á miðhálandinu þurfi að tryggja hefðbundnar nytjar, s.s. beitarnýtingu og veiði. Einnig að sambærileg réttindi séu tryggð í þjóðlendum.

Þær hugmyndir sem uppi eru um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu fela í sér að hluti skipulagsvalds er færtil stjórnunar- og verndaráætlana. Það skerðir verulega skipulagsvald sveitarfélaganna. LS eru þessu mótfallin og telja mikilvægt að tryggt verði að skipulagsvald haldist hjá sveitarfélögum.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda



Unnsteinn Snorri Snorrason
Framkvæmdastjóri

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík



**LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA**

Sent í gegnum samráðsgátt
Mál nr. S-111/2019, Miðhálandisþjóðgarður.

Hugleiðingar vegna áforma um miðhálandisþjóðgarð

Landssamtök skógareigenda fagnar hugmyndum um miðhálandisþjóðgarð. Margt gott getur áunnist með samstöðu hagsmunaaðila um betri nýtingu miðhálandisins. Rætt er um að stofna garð um mjög stórt svæði til langs tíma. Margir hafa hagsmuni að gæta, hvort sem það eru vatnsréttindi, beitarhagar, raflagnir, útivist, veiði, ferðamennska eða hvað það sem framtíðin mun bera í skauti. Með hlýnandi veðurfari og mögulegu breyttu neyslumynstri fólks má búast við breyttu landslagi á næstu árum og áratugum. Það má búast við hraðri bráðnun jökla, jarðumhleyplingum og öðruvísi veðurfari sem getur allt í senn orðið þurrar, rakara, stormasamara eða hvað eina. Vætanlega mun gróður fíkra sér leið búsvæði upp til fjalla og inn á hálandið, þar sem skilyrði um landið allt eru og munu breytast vegna loftslagsbreytinga. Aðstæður breytast með bráðnun jökla og breyttra ytri aðstæðna. Eins dauði er annars brauð. Skilyrði gróðurs á hálandinu munu breytast vegna öðruvísi árstíða, veðurs og vatnsbúskapur á eftir að vera öðruvísi en við höfum vanist. Með gróðri binst meiri raki í jarðvegi og því stærri og stöndugri sem hann er þeim mun vænlegra er fyrir líf en ekki.

Skógrækt á bújörðum og lendum ríkisins hefur aukist á síðustu árum og áratugum og ekkert lát virðist vera á vinsældum skógræktar enda ávinningur skógræktar mikill og margþættur. Skógrækt hefur ekki verið stunduð lengi á Íslandi, rétt rúma öld, en samt nógu lengi til að sjá að tré sá sér út við rétt skilyrði líkt og annar gróður. Ætla má að skógar muni sá sér út, hvort sem um ræðir birki eða barrtré. Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti en ef til náttúrulegrar sáningar skógarplantna kemur á miðhálandinu má ætla að einhverjir vilji nýta þá skógarauðlind sem þar býr sér bólfestu.

Ekki er tjaldað til einnar nætur þegar um þjóðgarð er að ræða og því er vert að velta framtíð hans og þróun fyrir sér. Passa þarf upp á að skógarnir verði ekki eyddir út en um leið að þeir verði nýttir á sjálfbæran hátt, hvort sem er af landeiganda eða umsjónarmönnum þjóðgarðsins sjálfs. Eins og fyrr segir má búast við auknum hlýindum á næstu áratugum og allt óvíst um mögulega breyttan vatnsbúskap á Íslandi öllu vegna þess. Besta leið til að halda landinu í blóma, frá fjöru til fjalla, er með vatni og besta leiðin til að viðhalda vatni er með gróðri, því stærri sem gróðurinn er, þeim mun meiri er framvindan.

Hlynur Gauti Sigurðsson
Framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda.



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
B.t. Steinars Kaldal
101 REYKJAVÍK
steinar.kaldal@uar.is

Reykjavík, 20.12.2018
Tilvísun vor: M-2018-294/00.11

Vísað er til máls nr. S-237/2018 í samráðsgátt stjórnvalda þar sem kynnt er greining nefndar sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði í apríl sl. á tækifærum með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu. Landsvirkjun hefur kynnt sér þau gögn sem birt hafa verið í samráðsgáttinni og þakkar tækifæri til að koma að samráði vegna vinnu nefndarinnar.

Landsvirkjun styður þá sýn sem fram kemur í tillögum að skýr atvinnustefna þurfi að liggja fyrir áður en ákvörðun sé tekin um verndun miðhálandisins og hún skuli unnin frá grunni í samráði við hagsmunaaðila. Landsvirkjun hefur mikla hagsmuni á svæðinu því fyrirtækið á og rekur allmörg mannvirki á miðhálandinu eins og það var skilgreint í *Svæðisskipulagi Miðhálandisins 2015*. Langstærsti hluti raforkuvinnslu fyrirtækisins byggir á nýtingu vatns sem safnað er í miðlunarlón. Þá eru fimm af aflstöðvum fyrirtækisins ásamt tilheyrandi stíflumannvirkjum á miðhálandinu. Miðhálandið er því afar þýðingarmikið fyrir raforkukerfi landsins sem og orkuöryggi. Mikilvægt er að skipulag svæðisins og afmörkun verndarsvæða tryggi að hægt verði að reka þessi mannvirki, vinna að viðhaldsframkvæmdum og sinna endurbótum með skilvirkum hætti.

Í greiningu nefndarinnar á tækifærum er bent á að það er unnin orka með endurnýjanlegum orkulindum á miðhálandinu. Í ljósi mikilvægi hálandisins fyrir raforkukerfi landsins mætti leggja meiri áherslu á endurnýjanlega orku í greiningu á tækifærum og atvinnustefnu.

Þá er ljóst að markmið með verndun þurfa að vera skýr og mælanleg og standast tímans tönn. Það þarf að vera ljóst hvað er verið að friða á einstökum svæðum, hvers vegna, hvernig svæðið er afmarkað, hvaða nýting má vera á hverju svæði o.s.frv. Því þarf að leggja töluverða vinnu í undirbúning og byggja verndun á umfangsmiklum gögnum og upplýsingum sem þurfa að liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin og markmið sett. Auk beinna rannsókna á orkulindum hefur Landsvirkjun um áratuga skeið látið gera kort af stórum hluta hálandisins og stundað margvíslegar rannsóknir vegna virkjunarkosta m.a. á vatnafari, jarðhitasvæðum, jöklum, jarðfræði, lífríki og veðurfari sem hafa almennt nota- og upplýsingagildi. Rannsóknir eru meðal tækifæra sem fram koma í greiningu á tækifærum og ætla má að rannsóknir sem Landsvirkjun hefur staðið að geti komið að gagni í því sambandi. Mikið af þessum rannsóknagögnum geta komið að gagni við áframhaldandi vinnu nefndarinnar. Landsvirkjun lýsir vilja til að samstarfs við nefndina vegna þessa.

Landsvirkjun hefur fundið fyrir miklum og vaxandi áhuga ferðamanna á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Heimsóknir í gestastofur bæði í Kröflu og Ljóssfossi staðfesta þetta. Við mótun atvinnustefnu telur Landsvirkjun að það séu góð tækifæri til að tengja nýtingu á auðlindum hálandisins (landbúnað, orkuvinnslu, ferðapjónustu og útivist) við verndun og alþjóðlega



samninga, t.d. Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Gallup kannaði viðhorf erlendra ferðamanna til endurnýjanlegra orkugjafa og nýtingu þeirra á Íslandi í Leifsstöð í byrjun árs 2016¹. Rannsóknin var gerð á vegum Landsvirkjunar. Niðurstöður könnunar sýna að 97% þátttakenda voru jákvæði í garð endurnýjanlegra orkugjafa, 76% sögðu að orkuvinnsla með endurnýjanlegum orkugjöfum á Íslandi hafi haft jákvæð áhrif á upplifun þeirra, en einungis 1% sögðu reynsluna neikvæða. Á síðustu árum hefur Landsvirkjun jafnframt látið gera kannanir meðal innlendra og erlendra ferðamanna á þremur stöðum við miðhálandisbrúnina eða í nágrenni hálandisins, nánar tiltekið á Hafinu milli Búrfellsstöðvar og Sultartangavirkjunar², milli Blöndustöðvar og Blöndulóns³ og loks við Kröflu⁴. Allar þessar kannanir sýna að endurnýjanleg orka og nýting hennar er hluti af ímynd Íslands hjá erlendum ferðamönnum og að jafnvel á mannvirkjasvæðum upplifir stór meirihluti þeirra svæðin hvoru tveggja sem náttúruleg og sem víðerni.

Landsvirkjun vinnur samkvæmt umhverfisstefnu en eitt af stefnumiðum hennar er að starfsemin sé í sátt við náttúru og ásýnd. Leiðir að því stefnumiði fela meðal annars í sér að viðhalda náttúrulegum fjölbreytileika og lágmarka rask, endurheimta vistkerfi og fylgja stefnu um útlit mannvirkja og landmótun. Stefnan og vinna í þessu sambandi byggir m.a. á löggjöf og regluverki stjórnvalda. Sömuleiðis er unnið eftir bæði öryggis- og gæðastefnu og hægt er að kalla neyðarstjórn ef meiri háttar áföll eða náttúruhamfarir eiga sér stað. Hugsanlega getur vinna fyrirtækisins vegna þessa komið að gagni við nánari greiningar á tækifærum og mótun atvinnustefnu.

Landsvirkjun er að sjálfsgöðu reiðubúin til að taka þátt því samráði við hagsmunaaðila um starfsemi innan þjóðgarðsins sem boðað er ítillögum nefndarinnar að áherslum í atvinnustefnu. Sömuleiðis eru fulltrúar þess tilbúnir til að skýra sjónarmið þau sem fram koma í þessari umsögn nánar og eiga fund með nefndinni eða fulltrúum hennar.

Virðingarfyllt,

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri

¹ <https://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/fjolmidlatorg/frettir/frett/erlendir-ferdamenn-jakvaedir-i-gard-endurnyjanlegrar-orkuvinnslu-a-islandi/>

² <https://www.landsvirkjun.is/Media/lv-2015-072-ahrif-vindmylla-i-burfellslundi-a-ferdathjonustu-og-ibua2.pdf>

³ <https://www.landsvirkjun.is/Media/ahrif-blonduvirkjunar-a-upplifun-ferdamanna.pdf>

⁴ <http://gogn.lv.is/files/2018/2018-044.pdf>



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
B.t. Steinars Kaldal
101 REYKJAVÍK
steinar.kaldal@uar.is

Reykjavík, 28.06.2019
Tilvísun vor: M-2018-294/00.11


Efni: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu – S-135/2019

Vísað er til máls nr. S-135/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir „*umsögnum um textadrög þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um: skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar*“. Landsvirkjun hefur kynnt sér þau gögn sem birt hafa verið í samráðsgáttinni og þakkar tækifæri til að koma að sjónarmiðum fyrirtækisins í þessu efni.

Í umsögnum Landsvirkjunar til nefndarinnar bæði varðandi S-237/2018 og S-111/2019 hefur fyrirtækið bent á að nýting orkulinda á hálandinu hefur gríðarlega þjóðhagslega þýðingu en sú endurnýjanlega orka sem þar er framleidd er undirstaða atvinnulífs og nútíma lífsgæða þjóðarinnar. Á hálandinu eru vatnsmiðlanir fyrir níu aflstöðvar Landsvirkjunar sem anna um tveimur þriðju hlutum af orkuþörf landsmanna og fimm aflstöðvar eru á svæðinu sem nefndin leggur til að miðhálandisþjóðgarður nái yfir. Innan þess eru auk einnig flutningsmannvirki í eigu Landsnets.

Orkumannvirki á hálandinu eru mjög þýðingarmikil fyrir raforkukerfi landsins og orkuöryggi landsmanna. Bent er á að mörg þessara mannvirkja eru innan skipulagðra svæða og í sumum tilvikum liggur fyrir bæði aðal- og deiliskipulag þar sem svæði eru skilgreind sem iðnaðarsvæði. Hluti mannvirkja er skráð hjá Þjóðskrá Íslands og af þeim eru greidd fasteignagjöld til viðkomandi sveitarfélaga. Þá er nýfallinn dómur um að vatnsréttindi skuli skráð og metin til fasteignagjalds. Enn fremur liggja fyrir leyfi forsætisráðuneytisins vegna nýtingar á þjóðlendum. Ítrekað er það sem fram hefur komið í fyrri umsögnum Landsvirkjunar til nefndarinnar að komi til stofnunar miðhálandisþjóðgarðs er nauðsynlegt að skipulag svæðisins, skipting þess í verndarflokka, stjórnunar- og verndaráætlun sem og aðkomuleiðir og vegir innan svæðisins tryggi skilvirka nýtingu orkulinda á svæðinu áfram. Brýnt er að miðhálandisþjóðgarður hamli ekki áframhaldandi rekstri orkumannvirkja, að hægt verði að sinna viðhald þeirra og endurbótum og síðast en ekki síst verði unnt að auka afl og hagkvæmni virkjana í rekstri (t.d. með því að stækka virkjanir) eins og gert hefur verið ráð fyrir, að því gefnu að leyfi fáiast fyrir þeim framkvæmdum. Hvergi annars staðar í núverandi virkjunarkerfi eru slíkir möguleikar til stækkana og til að mæta þörf um sveigjanleika sem mun verða vaxandi með tilkomu vindorkugarða og rafvæðingu samgangna. Þess ber að geta að miðað við núverandi lög þurfa slíkar stækkanir að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum og þ.a.l. einnig í verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun).

Í textadrögunum sem hér eru til umfjöllunar kemur fram að nefndin hafi „*viðhaft viðtækt samráð á vinnslutíma, m.a. boðað til fjölda funda með sveitarfélögum, hagaðilum og almenningi þar sem lögð hefur verið sérstök áhersla á að fá fram sjónarmið um mörk þjóðgarðsins.*“ Í ljósi þessa



og þýðingu svæðisins fyrir orkukerfið og almannaheill kemur það fyrirtækinu á óvart að nefndin skuli ekki hafa haft samráð við fyrirtækið umfram það að taka á móti umsögnum þess í samráðsgátt stjórnvalda. Það skal tekið fram að fulltrúar Landsvirkjunar hafa setið tvo opna kynningarfundir nefndarinnar í Reykjavík í júní á sl. ári og í maí á þessu ári og fylgst með starfi nefndarinnar í gegnum heimasíðu hennar.

Í 1. kafla textadraganna, „*Skilgreining á mörkum þjóðgarðs*“, eru sýnd kort sem nefndin nýtti sér við að skilgreina mörk hálandisþjóðgarðs. Þessi kort sýna afmörkun miðhálandisins samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, þjóðlendur, friðlýst svæði og svæði á náttúruminjasrá. Athygli vekur að ekki er fjallað um auðlindir á svæðinu umfram þær sem falla undir náttúruvernd. Þá eru hvorki birt kort sem sýna stöðu skipulagsmála á svæðinu og mannviki sem þar eru, svo sem orku- og samgöngumannvirki, né gerð grein fyrir nýtingu svæðisins eða þeim leyfum sem veitt hafa verið til að nýta það og þær auðlindir sem þar er að finna. Landsvirkjun telur að það þurfi að bæta við bæði kortum og upplýsingum um þessa þætti áður en gengið verður frá textanum og endanlegum tillögum um mörk svæðisins og skiptingu þessi í flokka tengt verndun eða nýtingu

Í umfjöllun um verndarflokka IUCN kemur fram að virkjanir og tengd mannvirki sem fyrir eru geta fallið innan marka þjóðgarðs en að „[v]erndarflokkar IUCN og friðlýsingarflokkar laga um náttúruvernd eru hins vegar skilgreindir með þeim hætti að nýjar virkjanir rúmist ekki innan þeirra“. Síðar er rökstutt að núverandi orkuvinnslusvæði geti fallið í verndarflokk V og verndin geti miðað að því að viðhalda meginlandslagseinkennum en veita svigrúm fyrir þróun og breytingar. Bendir Landsvirkjun á að samkvæmt gildandi rammaáætlun og lokaskýrslu verkefnastjórnar 3. áfanga er að finna virkjunarkosti í nýtingarflokki á umræddu svæði. Byggir sú niðurstaða á langri og ítarlegri vinnu af hendi fjölmargra sérfræðinga og er nauðsynlegt að hún endurspeglar í skilgreiningu svæða innan hálandisins.

Landsvirkjun tekur í meginatriðum undir umfjöllun í kaflanum „*VIRKJANASVÆÐI Á MIÐHÁLENDINU*“ og er sammála því að það sé ekki andstætt IUCN flokkuninni að skilgreina orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs. Í ljósi þess hve stór og fjölbreyttur hluti Íslands er innan þess svæðis sem nefndin leggur til að verði innan þjóðgarðs er sérstök ástæða til að hafa framangreint í huga og byggja flokkunina á þeim verndarmarkmiðum sem ná þarf fram en um leið tryggja að verndunin skaði ekki aðra nýtingarhagsmuni á svæðinu.

Tillaga Landsvirkjunar

Með vísan til þess hvernig fyrirhugaður miðhálandisþjóðgarður er skilgreindur er nauðsynlegt að öll virkjunarsvæði Landsvirkjunar séu utan hans. Þótt tiltekinn sveigjanleiki sé fyrir hendi á orkuvinnslusvæðum eins og þau eru skilgreind í verndarflokki V, þá dugir hann ekki til eins og rökstutt er hér að framan. Því sýnist sá kostur einn í stöðunni að orkuvinnslusvæði Landsvirkjunar séu með öllu utan fyrirhugaðra þjóðgarðsmarka, sjá meðfylgjandi kort. Á Þjórsár-/Tungnaásvæðinu og á Blöndusvæði er að mestu um að ræða hluta af því svæði sem var á svokölluðu „*mannvirkjabelti*“ samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandisins sem var í gildi fram á árið 2016. Við undirbúning virkjunarkosta horfði Landsvirkjun til þessa svæðis og reynt var að fara sem minnst út fyrir þetta belt með virkjunarmannvirki. Með þessu móti væri tryggt að hægt væri að sinna viðhaldi, endurbótum og stækkunum á orkumannvirkjum sem nú eru í rekstri og stuðla að orkuöryggi í landinu. Samkvæmt núverandi lögum er farið með stækkanir virkjana á sama hátt og nýjar virkjanir og því er ekki hægt að sjá að slíkar stækkanir yrðu heimilaðar innan þjóðgarðs miðað við óbreytt orðalag núverandi tillögu.

Að öðrum kosti þurfi að vera skýrt hvað má gera innan núverandi orkuvinnslusvæða komi til stofnunar þjóðgarðs. Ef ekki er fallist á ofangreint sjónarmið telur Landsvirkjun að það þurfi að vera alveg skýrt hvað má gera innan núverandi orkuvinnslusvæða komi til stofnunar miðhálandisþjóðgarðs. Í því sambandi þarf að hafa í huga að IUCN leggur „*áherslu á í sínum*





leiðbeiningum að hvert ríki skilgreini sín verndarsvæði m.v. aðstæður í hverju landi. Leiðbeiningum IUCN sé ætlað að vera til aðstoðar í þeim efnum“ eins og segir í textadrögunum. Í ljósi þess hve fyrirhugaður þjóðgarður nær til stórs svæðis má ætla að svigrúm sé til að nýta auðlindir sem þar er að finna með sjálfbærum hætti. Landsvirkjun leggur til að innan skilgreindra orkuvinnslusvæða verði heimilt að stækka núverandi virkjanir og byggja nýjar virkjanir að því gefnu að leyfi fáiast fyrir þeim framkvæmdum. Í þeim tilvikum sem umræddar framkvæmdir eru rammaáætlunarskyldar sé heimilt að taka þær til umfjöllunar. Áhersla er lögð á að þetta komi fram í friðlýsingarskilmálum þjóðgarðsins því samkvæmt lögum um rammaáætlun tekur hún ekki til landsvæða í A-hluta náttúruminjaskrár, sbr. lög um náttúruvernd, nema tekið sé fram í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.

Aðrar athugasemdir

Landsvirkjun gerir eftirfarandi athugasemdir við þá afmörkun verndarflokka orkuvinnslusvæða sem lögð er til í textadrögunum:

- Á Suðurlandi þarf að afmarka orkuvinnslusvæði um Kvíslavatn og eðlilegast að það sé gert þannig að orkuvinnslusvæðið sem teiknað er um Hágöngulón sé einnig látið ná yfir Kvíslavatn.
- Á Norðurlandi þarf að gæta þess að orkuvinnslusvæðið sem afmarkar Blöndulón nái til norðurs að jaðri fyrirhugaðs þjóðgarðsins til að útiloka ekki virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar sem eru í nýtingarflokki 2. áfanga rammaáætlunar.
- Á Austurlandi þarf að afmarka orkuvinnslusvæði sem nær yfir Ufsarlón, Kelduárlón, Grjótlón, Innri Sauðárlón og Sauðárvatn.

Lokaorð

Stofnum þjóðgarðs sem tekur til um þriðjungs af flatarmáli landsins er gríðarlega stórt mál sem ætlað er að hafa mikil áhrif til langrar framtíðar. Landsvirkjun bendir á að IUCN flokkunin¹ miðar að því að flokka svæði sem njóta verndunar með tilliti til markmiða verndunar, en jafnframt skuli tekið tillit til aðstæðna við flokkunina. Í kafla 1 í leiðbeiningum við IUCN-flokkun er bent á þær takmarkanir sem flokkunin hefur, þar segir m.a.: „*A word of warning: protected areas exist in an astonishing variety – in size, location, management approaches and objectives. Any attempt to squash such a rich and complicated collection into half a dozen neat little boxes can only ever be approximate. The IUCN protected area definition and categories are not a straitjacket but a framework to guide improved application of the categories.*“.

Þau sem taka ákvörðun um stofnun þjóðgarðs þurfa því að hafa aðgengileg ítarleg gögn um svæðið, m.a. þau náttúruverðmæti og þær auðlindir sem þar er að finna, nýtingu svæðisins í dag og greiningar á áhrifum friðlýsingar á þessa þætti og margt fleira. Markmið friðlýsingar þurfa að vera skýr og áætlun um hvernig brugðist skuli við ef sýnt þykir að markmiðin náist ekki. Þessar upplýsingar þarf almenningur, sveitarfélög og hagaðilar að geta kynnt sér og sömuleiðis tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum og athugasemdum að áður en ákvörðun er tekin af Alþingi um að stofna miðhálandisþjóðgarð. Eðlilegt er því að líta til Alþingis sem leyfisveitanda í því efni og við lagasetninguna þarf þingið því að hafa a.m.k. jafngóð gögn og gerð er krafa um þegar sveitarfélög eða aðrir opinberir aðilar veita leyfi fyrir landnýtingu eða framkvæmdum.

¹ <https://portals.iucn.org/library/sites/library/files/documents/PAG-021.pdf>





Að lokum vill Landsvirkjun þakka fyrir að fá að koma sjónarmiðum fyrirtækisins á framfæri og óskar eftir að haft verði samráð við fyrirtækið um endanlega tillögu um afmörkun þjóðgarðsins og orkuvinnslusvæða hvort sem þau verða innan eða utan þjóðgarðsins sbr. meðfylgjandi kort.


Virðingarfyllt,

Hörður Arnarson
Forstjóri

Fylgiskjal: Kort af orkuvinnslusvæðum Landsvirkjunar á miðhálandi Íslands



Þjóðgarður á miðhálandi - orkuvinnslusvæði Landsvirkjunar



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
Bt. Steinars Kaldal
101 Reykjavík
steinar.kaldal@uar.is

Reykjavík, 29.4.2019
Tilvísun vor: M-2018-294/ 00.11

Efni: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu – S-111/2019

Vísað er til máls nr. S-111/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir athugasemdum við textadrög þriðja verkefnis þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun. Í umsögninni verður vísað til þess sem draganna. Landsvirkjun hefur kynnt sér þau gögn sem birt hafa verið í samráðsgáttinni og þakkar tækifæri til að koma að sjónarmiðum fyrirtækisins í þessu efni.

Umhverfisstofnun gaf í síðasta mánuði (mars 2019) út Handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar¹. Í handbókinni er m.a. fjallað um gerð stjórnunar- og verndaráætlana, gerð vöktunaráætlunar, svæðisskiptingu o.fl. Landsvirkjun hvetur nefndina til að byggja eftir því sem kostur er á handbókinni og þeirri aðferðafræði sem þar er gert ráð fyrir þegar tillögur um áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun eru mótaðar. Rétt er þó að vekja athygli á að í þessu máli þyrftu Atvinnu- og nýsköpunaráðuneytið, Orkustofnun og Landsvirkjun að vera í hópi mögulegra samráðaðila (sjá bls. 26-27) vegna mikilla hagsmuna á miðhálandinu. Jafnframt er bent á að bæði Orkustofnun og Landsvirkjun hafa stundað umfangsmiklar rannsóknir á svæðinu sem ætla má að geti komið að miklu gagni svo sem við að meta grunnástand þeirra verðmæta sem ætlunin er að vernda með stofnun þjóðgarðs, mat á verndargildi og afmörkun svæða í verndarflokka, gerð vöktunaráætlunar o.fl. Landsvirkjun ítrekar vilja til samstarfs við nefndina og boð um að veita henni aðgang að gögnum sem fyrirtækið hefur aflað vegna þessa samanber umsögn fyrirtækisins til nefndarinnar dags. 20. desember sl.

Landsvirkjun ítrekar sömuleiðis að þau orkumannvirki sem eru á miðhálandinu hafa gríðarlega þjóðhagslega þýðingu. Á svæðinu eru vatnsmiðlanir fyrir níu aflstöðvar fyrirtækisins sem anna um tveimur þriðju hlutum af orkuþörf landsmanna. Fimm af aflstöðvunum eru á svæðinu auk flutningsmannvirkja í eigu Landsnets. Öll þessi starfsemi er því afar mikilvæg fyrir raforkukerfi landsins og orkuöryggi. Það vekur athygli að orkulindir og nýting þeirrar auðlindar er ekki nefnd í drögunum. Nauðsynlegt er að skipulag svæðisins, afmörkun þess í verndarsvæði og stjórnunar- og verndaráætlunin geri ráð fyrir að orkulindir á svæðinu verði nýttar áfram. Mikilvægt er að stjórnunar- og verndaráætlunin taki mið af þjóðhagslegri þýðingu orkumannvirkja á svæðinu og tryggi áframhaldandi rekstur og viðhald þeirra, sem og að hægt verði að sinna endurbótum um langa framtíð. Til að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar sé markviss þurfa markmið með verndun að vera skýr. Það þarf að vera ljóst hvað er verið að friða á einstökum svæðum, hvers vegna, hvernig svæðið er afmarkað, hvaða nýting má vera á hverju svæði o.s.frv. Þegar

¹ <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Verndaraaetlanir/i-vinnslu/HandbókMars2019.pdf>



Þetta liggur fyrir þarf að staðfesta grunnástand varðandi þau verðmæti sem ætlunin er að vernda þannig að hægt sé að gera vöktunaráætlun til að fylgjast með þeim þáttum og í framhaldi af því aðgerðaáætlun bæði til að verja verðmætin og eins bregðast við ef með þarf. Vinna við mat á verndargildi, afmörkun svæða og hvernig einstök svæði verða nýtt er skammt á veg komin, en nauðsynlegt er að þetta liggja fyrir áður en ákvörðun um verndun er tekin og meginlínur stjórnunar- og verndaráætlunar lagðar.

Í drögunum eru talin upp þau meginatriði sem stjórnunar- og verndunaráætlun þarf að fela í sér. Sum þessi atriði eru bæði nokkuð óljós og almenn. Landsvirkjun telur að úr því þurfi að bæta. Þannig þyrfti að vera skýrt að áætlunin eigi meðal annars að taka til:

- Markmiða með stofnun þjóðgarðs.
- Verndargilda bæði náttúru- og menningarminja og verndarflokka á svæðinu í heild og sem og á minni svæðum innan þess.
- Lýsingar – stöðu þekkingar – á svæðinu, rannsókna sem þarf til að bæta úr þar sem þörf er á, aðgerða sem þarf að ráðast í til að tryggja vernd náttúru- og menningarminja, hvaða vöktun þurfi að tryggja til að markmið náist.
- Lagalegs og stjórnsýslulegs ramma sem verndunin og áætlunin byggir á.
- Leiðarljós sem þjóðgarðurinn þarf að fylgja varðandi framkvæmdir o.fl.
- Leiðarljós um hvaða starfsemi verði heimil á einstökum svæðum.
- Hvernig staðið verður að veitingu leyfa til starfsemi á svæðinu.
- Leiðarljósá fyrir aðila sem nú eru með starfsemi á svæðinu eða sækja um leyfi til að verða með starfsemi innan svæðisins og takmarkana sem kann að þurfa að setja starfseminni.
- Nytja landbúnaðar, veiða, útvistar og ferðaþjónustu.
- Heimilda til framkvæmda og efnistöku.
- Heimilda innlendra og erlendra aðila til rannsókna.
- Innviðaupbyggingar.
- Fræðslu og upplýsingamála, meðal annars um nýtingu á svæðinu, þ.m.t. nýtingu orkulindanna.
- Samgangna inn á og innan svæðisins, þ.m.t. reglna fyrir umferð og heimild til að dvelja á svæðinu.
- Umhverfismála, s.s. meðhöndlunar úrgangs, hreinsunar skólps frá dvalarstöðum, geymslu á og umferðar með jarðefnaeldsneyti, aðrar mengunarvarnir, aðgerða á sviði loftslagsmála, o.s.frv.
- Öryggismála.
- Landvörslu.

Varðandi framsetningu stjórnunar- og verndaráætlunar kemur fram í drögunum að nefndin telji eftirfarandi atriði mikilvæg:

- að áætlunin verði skýr og myndræn í framsetningu,
- að textaumbölgur verði einföld og hnitmiðuð,
- að áætlunin verði þróuð og unnið eftir henni í miklu og nánu samráði þeirra aðila sem eiga hagsmuna að gæta í tengslum við þjóðgarðinn.

Landsvirkjun tekur undir að mikilvægt er að stjórnunar- og verndaráætlun verði skýr og hnitmiðuð, en bendir á að auk þeirra aðila sem fara með stjórn á svæðinu er hún grundvallar plagg fyrir alla aðila sem eru með eða koma til með að vera með starfsemi á svæðinu. Í henni þarf því að vera fjallað um alla þætti sem skipta máli fyrir þessa aðila, sbr. upptalningu hér að ofan. Hugsanlega mætti birta útdrátt úr henni og setja hann fram með þeim hætti sem fram kemur í drögunum, en það er ekki fullnægjandi fyrir rekstraraðila. Eins og áður hefur komið fram á Landsvirkjun fjölmörg mannvirki á svæðinu sem hafa mikla þjóðhagslega þýðingu og væntir





fyrirtækið því þess með vísun til þess sem fram kemur í drögunum að haft verði mikið og náið samstarf við fyrirtækið við gerð áætlunarinnar.

Í töflu 1 í drögunum eru tillögur að aðalatriðum eða helstu áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun miðhálandisþjóðgarðs. Landsvirkjun telur með vísun þess sem að framan segir að fjalla þurfi ítarlegar um verndargildi, þörf á að bæta þekkingu á náttúruferjum, menningarminum o.fl., skilgreina hvaða þættir á að vernda sérstaklega og ákveða verndarflokka. Á grundvelli þessa þarf að gera aðgerðaáætlun, vöktunaráætlun og viðbragðsáætlun ef eitthvað fer úrskeiðis. Gott gæti verið að hafa einskonar mælaborð til að fylgjast með breytingum. Undir liðnum upplýsingar þyrfti að bæta við gerð korta og upplýsingaefnis, sem nauðsynlegt er að vinna til að þjóðgarður geti staðið undir nafni. Landsvirkjun er tilbúin bæði til að veita aðgang að efni sem fyrirtækið ræður yfir og veita upplýsingar í því efni. Í umsögn til nefndarinnar dags. 20. desember sl. var bent á viðhorfskannanir sem fyrirtækið hefur látið gera meðal innlendra og erlendra ferðamanna. Þessar kannanir sýna að endurnýjanleg orka og nýting hennar er hluti af jákvæðri ímynd Íslands hjá erlendum ferðamönnum og að jafnvel á mannvirkjasvæðum á hálendinu upplifir stór meirihluti þeirra svæðin hvoru tveggja sem náttúruleg og sem víðerni. Landsvirkjun telur eðlilegt að nýtingu endurnýjanlegrar orku á miðhálandinu verði gerð skil í upplýsingagjöf og er reiðubúin til að koma með öflugum hætti að því.

Í kaflanum ATVINNUSTEFNA kemur fram að atvinnustefna þarf að vera fullmótuð og skýr áður en þjóðgarður tekur til starfa. Eins og ítrekað hefur verið bent á í þessari umsögn er miðhálandið gríðarlega mikilvægt fyrir raforkumálin og þjóðarhag. Það þarf að endurspeglast í áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun miðhálandisþjóðgarðs. Þar þarf að fjalla um rekstur núverandi virkjana og eins hvaða skilyrði nýjar virkjanir og aðrar framkvæmdir þurfa að uppfylla. Nefna má að mannvirkjagerð hefur tekið miklum breytingum og tækninýjungar og aðrar mótvægisáðgerðir geta dregið úr áhrifum á náttúruferjum og verndargildi.

Í kaflanum NYTJARÉTTUR Á HÁLENDINU kemur fram að brýnt sé að tilkoma hálandisþjóðgarðs skerði ekki sjálfbærar hefðbundnar nytjar og að viðhaldið verði réttindum sem nú þegar eru tryggð í þjóðlendum fyrir aðila sem stunda atvinnurekstur eða kunna að hafa áform um slíkt. Þó ekki sé minnst á nýtingu orkulindanna eða orkumál í drögunum lítur Landsvirkjun svo á að starfsemi fyrirtækisins falli undir þetta, enda er nýtingin sjálfbær og meira en hálf öld liðin frá því að elstu mannvirkin voru gerð. Brýnt að ekki verði hróflað við réttindum til nýtingar orkulinda og mannvirkja á svæðinu.

Í kaflanum SAMGÖNGUR Á HÁLENDINU kemur fram að nefndin telji eðlilegt að stjórnunar- og verndaráætlun útiloki ekki athafnir tengdum efnistöku tengdum samgöngumannvirkjum, t.d. efnistöku og að hægt verði að nýta áfram efnistökuastaði í nærumhverfi þeirra mannvirkja. Landsvirkjun væntir þess að sama eigi við um orkumannvirki. Til að lágmarka umhverfisáhrif verði efni vegna viðhalds og endurnýjunar mannvirkja sótt á nærsvæði mannvirkjana ef kostur er á.

Að framan hefur verið bent á ýmis atriði sem Landsvirkjun telur mikilvægt að horft verði til við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ef áform um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu ganga eftir. Landsvirkjun er reiðubúin til að skýra þau sjónarmið sem fram koma nánar eftir því sem þörf er á og eiga fund með nefndinni eða fulltrúum hennar.

Virðingarfyllt

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri





Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
B.t. Steinars Kaldal
101 REYKJAVÍK
steinar.kaldal@uar.is

Reykjavík, 20.12.2018
Tilvísun vor: M-2018-294/00.11

Vísað er til máls nr. S-237/2018 í samráðsgátt stjórnvalda þar sem kynnt er greining nefndar sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði í apríl sl. á tækifærum með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu. Landsvirkjun hefur kynnt sér þau gögn sem birt hafa verið í samráðsgáttinni og þakkar tækifæri til að koma að samráði vegna vinnu nefndarinnar.

Landsvirkjun styður þá sýn sem fram kemur í tillögum að skýr atvinnustefna þurfi að liggja fyrir áður en ákvörðun sé tekin um verndun miðhálandisins og hún skuli unnin frá grunni í samráði við hagsmunaaðila. Landsvirkjun hefur mikla hagsmuni á svæðinu því fyrirtækið á og rekur allmörg mannvirki á miðhálandinu eins og það var skilgreint í *Svæðisskipulagi Miðhálandisins 2015*. Langstærsti hluti raforkuvinnslu fyrirtækisins byggir á nýtingu vatns sem safnað er í miðlunarlón. Þá eru fimm af aflstöðvum fyrirtækisins ásamt tilheyrandi stíflumannvirkjum á miðhálandinu. Miðhálandið er því afar þýðingarmikið fyrir raforkukerfi landsins sem og orkuöryggi. Mikilvægt er að skipulag svæðisins og afmörkun verndarsvæða tryggi að hægt verði að reka þessi mannvirki, vinna að viðhaldsframkvæmdum og sinna endurbótum með skilvirkum hætti.

Í greiningu nefndarinnar á tækifærum er bent á að það er unnin orka með endurnýjanlegum orkulindum á miðhálandinu. Í ljósi mikilvægi hálandisins fyrir raforkukerfi landsins mætti leggja meiri áherslu á endurnýjanlega orku í greiningu á tækifærum og atvinnustefnu.

Þá er ljóst að markmið með verndun þurfa að vera skýr og mælanleg og standast tímans tönn. Það þarf að vera ljóst hvað er verið að friða á einstökum svæðum, hvers vegna, hvernig svæðið er afmarkað, hvaða nýting má vera á hverju svæði o.s.frv. Því þarf að leggja töluverða vinnu í undirbúning og byggja verndun á umfangsmiklum gögnum og upplýsingum sem þurfa að liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin og markmið sett. Auk beinna rannsókna á orkulindum hefur Landsvirkjun um áratuga skeið látið gera kort af stórum hluta hálandisins og stundað margvíslegar rannsóknir vegna virkjunarkosta m.a. á vatnafari, jarðhitasvæðum, jöklum, jarðfræði, lífríki og veðurfari sem hafa almennt nota- og upplýsingagildi. Rannsóknir eru meðal tækifæra sem fram koma í greiningu á tækifærum og ætla má að rannsóknir sem Landsvirkjun hefur staðið að geti komið að gagni í því sambandi. Mikið af þessum rannsóknagögnum geta komið að gagni við áframhaldandi vinnu nefndarinnar. Landsvirkjun lýsir vilja til að samstarfs við nefndina vegna þessa.

Landsvirkjun hefur fundið fyrir miklum og vaxandi áhuga ferðamanna á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Heimsóknir í gestastofur bæði í Kröflu og Ljóssfossi staðfesta þetta. Við mótun atvinnustefnu telur Landsvirkjun að það séu góð tækifæri til að tengja nýtingu á auðlindum hálandisins (landbúnað, orkuvinnslu, ferðapjónustu og útivist) við verndun og alþjóðlega



samninga, t.d. Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Gallup kannaði viðhorf erlendra ferðamanna til endurnýjanlegra orkugjafa og nýtingu þeirra á Íslandi í Leifsstöð í byrjun árs 2016¹. Rannsóknin var gerð á vegum Landsvirkjunar. Niðurstöður könnunar sýna að 97% þátttakenda voru jákvæði í garð endurnýjanlegra orkugjafa, 76% sögðu að orkuvinnsla með endurnýjanlegum orkugjöfum á Íslandi hafi haft jákvæð áhrif á upplifun þeirra, en einungis 1% sögðu reynsluna neikvæða. Á síðustu árum hefur Landsvirkjun jafnframt látið gera kannanir meðal innlendra og erlendra ferðamanna á þremur stöðum við miðhálandisbrúnina eða í nágrenni hálandisins, nánar tiltekið á Hafinu milli Búrfellsstöðvar og Sultartangavirkjunar², milli Blöndustöðvar og Blöndulóns³ og loks við Kröflu⁴. Allar þessar kannanir sýna að endurnýjanleg orka og nýting hennar er hluti af ímynd Íslands hjá erlendum ferðamönnum og að jafnvel á mannvirkjasvæðum upplifir stór meirihluti þeirra svæðin hvoru tveggja sem náttúruleg og sem víðerni.

Landsvirkjun vinnur samkvæmt umhverfisstefnu en eitt af stefnumiðum hennar er að starfsemin sé í sátt við náttúru og ásýnd. Leiðir að því stefnumiði fela meðal annars í sér að viðhalda náttúrulegum fjölbreytileika og lágmarka rask, endurheimta vistkerfi og fylgja stefnu um útlit mannvirkja og landmótun. Stefnan og vinna í þessu sambandi byggir m.a. á löggjöf og regluverki stjórnvalda. Sömuleiðis er unnið eftir bæði öryggis- og gæðastefnu og hægt er að kalla neyðarstjórn ef meiri háttar áföll eða náttúruhamfarir eiga sér stað. Hugsanlega getur vinna fyrirtækisins vegna þessa komið að gagni við nánari greiningar á tækifærum og mótun atvinnustefnu.

Landsvirkjun er að sjálfsgöðu reiðubúin til að taka þátt því samráði við hagsmunaaðila um starfsemi innan þjóðgarðsins sem boðað er í tillögum nefndarinnar að áherslum í atvinnustefnu. Sömuleiðis eru fulltrúar þess tilbúnir til að skýra sjónarmið þau sem fram koma í þessari umsögn nánar og eiga fund með nefndinni eða fulltrúum hennar.

Virðingarfyllt,

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri

¹ <https://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/fjolmidlatorg/frettir/frett/erlendir-ferdamenn-jakvaedir-i-gard-endurnyjanlegrar-orkuvinnslu-a-islandi/>

² <https://www.landsvirkjun.is/Media/lv-2015-072-ahrif-vindmylla-i-burfellslundi-a-ferdathjonustu-og-ibua2.pdf>

³ <https://www.landsvirkjun.is/Media/ahrif-blonduvirkjunar-a-upplifun-ferdamanna.pdf>

⁴ <http://gogn.lv.is/files/2018/2018-044.pdf>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
Bt. Steinars Kaldal
101 Reykjavík
steinar.kaldal@uar.is

Reykjavík, 29.4.2019
Tilvísun vor: M-2018-294/ 00.11

Efni: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu – S-111/2019

Vísað er til máls nr. S-111/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir athugasemdum við textadrög þriðja verkefnis þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun. Í umsögninni verður vísað til þess sem draganna. Landsvirkjun hefur kynnt sér þau gögn sem birt hafa verið í samráðsgáttinni og þakkar tækifæri til að koma að sjónarmiðum fyrirtækisins í þessu efni.

Umhverfisstofnun gaf í síðasta mánuði (mars 2019) út Handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar¹. Í handbókinni er m.a. fjallað um gerð stjórnunar- og verndaráætlana, gerð vöktunaráætlunar, svæðisskiptingu o.fl. Landsvirkjun hvetur nefndina til að byggja eftir því sem kostur er á handbókinni og þeirri aðferðafræði sem þar er gert ráð fyrir þegar tillögur um áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun eru mótaðar. Rétt er þó að vekja athygli á að í þessu máli þyrftu Atvinnu- og nýsköpunaráðuneytið, Orkustofnun og Landsvirkjun að vera í hópi mögulegra samráðaðila (sjá bls. 26-27) vegna mikilla hagsmuna á miðhálandinu. Jafnframt er bent á að bæði Orkustofnun og Landsvirkjun hafa stundað umfangsmiklar rannsóknir á svæðinu sem ætla má að geti komið að miklu gagni svo sem við að meta grunnástand þeirra verðmæta sem ætlunin er að vernda með stofnun þjóðgarðs, mat á verndargildi og afmörkun svæða í verndarflokka, gerð vöktunaráætlunar o.fl. Landsvirkjun ítrekar vilja til samstarfs við nefndina og boð um að veita henni aðgang að gögnum sem fyrirtækið hefur aflað vegna þessa samanber umsögn fyrirtækisins til nefndarinnar dags. 20. desember sl.

Landsvirkjun ítrekar sömuleiðis að þau orkumannvirki sem eru á miðhálandinu hafa gríðarlega þjóðhagslega þýðingu. Á svæðinu eru vatnsmiðlanir fyrir níu aflstöðvar fyrirtækisins sem anna um tveimur þriðju hlutum af orkuþörf landsmanna. Fimm af aflstöðvunum eru á svæðinu auk flutningsmannvirkja í eigu Landsnets. Öll þessi starfsemi er því afar mikilvæg fyrir raforkukerfi landsins og orkuöryggi. Það vekur athygli að orkulindir og nýting þeirrar auðlindar er ekki nefnd í drögunum. Nauðsynlegt er að skipulag svæðisins, afmörkun þess í verndarsvæði og stjórnunar- og verndaráætlunin geri ráð fyrir að orkulindir á svæðinu verði nýttar áfram. Mikilvægt er að stjórnunar- og verndaráætlunin taki mið af þjóðhagslegri þýðingu orkumannvirkja á svæðinu og tryggi áframhaldandi rekstur og viðhald þeirra, sem og að hægt verði að sinna endurbótum um langa framtíð. Til að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar sé markviss þurfa markmið með verndun að vera skýr. Það þarf að vera ljóst hvað er verið að friða á einstökum svæðum, hvers vegna, hvernig svæðið er afmarkað, hvaða nýting má vera á hverju svæði o.s.frv. Þegar

¹ <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Verndaraaetlanir/i-vinnslu/HandbókMars2019.pdf>



Þetta liggur fyrir þarf að staðfesta grunnástand varðandi þau verðmæti sem ætlunin er að vernda þannig að hægt sé að gera vöktunaráætlun til að fylgjast með þeim þáttum og í framhaldi af því aðgerðaáætlun bæði til að verja verðmætin og eins bregðast við ef með þarf. Vinna við mat á verndargildi, afmörkun svæða og hvernig einstök svæði verða nýtt er skammt á veg komin, en nauðsynlegt er að þetta liggja fyrir áður en ákvörðun um verndun er tekin og meginlínur stjórnunar- og verndaráætlunar lagðar.

Í drögunum eru talin upp þau meginatriði sem stjórnunar- og verndunaráætlun þarf að fela í sér. Sum þessi atriði eru bæði nokkuð óljós og almenn. Landsvirkjun telur að úr því þurfi að bæta. Þannig þyrfti að vera skýrt að áætlunin eigi meðal annars að taka til:

- Markmiða með stofnun þjóðgarðs.
- Verndargilda bæði náttúru- og menningarminja og verndarflokka á svæðinu í heild og sem og á minni svæðum innan þess.
- Lýsingar – stöðu þekkingar – á svæðinu, rannsókna sem þarf til að bæta úr þar sem þörf er á, aðgerða sem þarf að ráðast í til að tryggja vernd náttúru- og menningarminja, hvaða vöktun þurfi að tryggja til að markmið náist.
- Lagalegs og stjórnsýslulegs ramma sem verndunin og áætlunin byggir á.
- Leiðarljós sem þjóðgarðurinn þarf að fylgja varðandi framkvæmdir o.fl.
- Leiðarljós um hvaða starfsemi verði heimil á einstökum svæðum.
- Hvernig staðið verður að veitingu leyfa til starfsemi á svæðinu.
- Leiðarljósá fyrir aðila sem nú eru með starfsemi á svæðinu eða sækja um leyfi til að verða með starfsemi innan svæðisins og takmarkana sem kann að þurfa að setja starfseminni.
- Nytja landbúnaðar, veiða, útvistar og ferðaþjónustu.
- Heimilda til framkvæmda og efnistöku.
- Heimilda innlendra og erlendra aðila til rannsókna.
- Innviðauppyggingar.
- Fræðslu og upplýsingamála, meðal annars um nýtingu á svæðinu, þ.m.t. nýtingu orkulindanna.
- Samgangna inn á og innan svæðisins, þ.m.t. reglna fyrir umferð og heimild til að dvelja á svæðinu.
- Umhverfismála, s.s. meðhöndlunar úrgangs, hreinsunar skólps frá dvalarstöðum, geymslu á og umferðar með jarðefnaeldsneyti, aðrar mengunarvarnir, aðgerða á sviði loftslagsmála, o.s.frv.
- Öryggismála.
- Landvörslu.

Varðandi framsetningu stjórnunar- og verndaráætlunar kemur fram í drögunum að nefndin telji eftirfarandi atriði mikilvæg:

- að áætlunin verði skýr og myndræn í framsetningu,
- að textaumbjöllum verði einföld og hnitmiðuð,
- að áætlunin verði þróuð og unnið eftir henni í miklu og nánu samráði þeirra aðila sem eiga hagsmuna að gæta í tengslum við þjóðgarðinn.

Landsvirkjun tekur undir að mikilvægt er að stjórnunar- og verndaráætlun verði skýr og hnitmiðuð, en bendir á að auk þeirra aðila sem fara með stjórn á svæðinu er hún grundvallar plagg fyrir alla aðila sem eru með eða koma til með að vera með starfsemi á svæðinu. Í henni þarf því að vera fjallað um alla þætti sem skipta máli fyrir þessa aðila, sbr. upptalningu hér að ofan. Hugsanlega mætti birta útdrátt úr henni og setja hann fram með þeim hætti sem fram kemur í drögunum, en það er ekki fullnægjandi fyrir rekstraraðila. Eins og áður hefur komið fram á Landsvirkjun fjölmörg mannvirki á svæðinu sem hafa mikla þjóðhagslega þýðingu og væntir





fyrirtækið því þess með vísun til þess sem fram kemur í drögunum að haft verði mikið og náið samstarf við fyrirtækið við gerð áætlunarinnar.

Í töflu 1 í drögunum eru tillögur að aðalatriðum eða helstu áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun miðhálandisþjóðgarðs. Landsvirkjun telur með vísun þess sem að framan segir að fjalla þurfi ítarlegar um verndargildi, þörf á að bæta þekkingu á náttúruferjum, menningarminum o.fl., skilgreina hvaða þættir á að vernda sérstaklega og ákveða verndarflokka. Á grundvelli þessa þarf að gera aðgerðaáætlun, vöktunaráætlun og viðbragðsáætlun ef eitthvað fer úrskeiðis. Gott gæti verið að hafa einskonar mælaborð til að fylgjast með breytingum. Undir liðnum upplýsingar þyrfti að bæta við gerð korta og upplýsingaefnis, sem nauðsynlegt er að vinna til að þjóðgarður geti staðið undir nafni. Landsvirkjun er tilbúin bæði til að veita aðgang að efni sem fyrirtækið ræður yfir og veita upplýsingar í því efni. Í umsögn til nefndarinnar dags. 20. desember sl. var bent á viðhorfskannanir sem fyrirtækið hefur látið gera meðal innlendra og erlendra ferðamanna. Þessar kannanir sýna að endurnýjanleg orka og nýting hennar er hluti af jákvæðri ímynd Íslands hjá erlendum ferðamönnum og að jafnvel á mannvirkjasvæðum á hálendinu upplifir stór meirihluti þeirra svæðin hvoru tveggja sem náttúruleg og sem víðerni. Landsvirkjun telur eðlilegt að nýtingu endurnýjanlegrar orku á miðhálandinu verði gerð skil í upplýsingagjöf og er reiðubúin til að koma með öflugum hætti að því.

Í kaflanum ATVINNUSTEFNA kemur fram að atvinnustefna þarf að vera fullmótuð og skýr áður en þjóðgarður tekur til starfa. Eins og ítrekað hefur verið bent á í þessari umsögn er miðhálandið gríðarlega mikilvægt fyrir raforkumálin og þjóðarhag. Það þarf að endurspeglast í áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun miðhálandisþjóðgarðs. Þar þarf að fjalla um rekstur núverandi virkjana og eins hvaða skilyrði nýjar virkjanir og aðrar framkvæmdir þurfa að uppfylla. Nefna má að mannvirkjagerð hefur tekið miklum breytingum og tækninýjungar og aðrar mótvægisáðgerðir geta dregið úr áhrifum á náttúruferjum og verndargildi.

Í kaflanum NYTJARÉTTUR Á HÁLENDINU kemur fram að brýnt sé að tilkoma hálandisþjóðgarðs skerði ekki sjálfbærar hefðbundnar nytjar og að viðhaldið verði réttindum sem nú þegar eru tryggð í þjóðlendum fyrir aðila sem stunda atvinnurekstur eða kunna að hafa áform um slíkt. Þó ekki sé minnst á nýtingu orkulindanna eða orkumál í drögunum lítur Landsvirkjun svo á að starfsemi fyrirtækisins falli undir þetta, enda er nýtingin sjálfbær og meira en hálf öld liðin frá því að elstu mannvirkin voru gerð. Brýnt að ekki verði hróflað við réttindum til nýtingar orkulinda og mannvirkja á svæðinu.

Í kaflanum SAMGÖNGUR Á HÁLENDINU kemur fram að nefndin telji eðlilegt að stjórnunar- og verndaráætlun útiloki ekki athafnir tengdum efnistöku tengdum samgöngumannvirkjum, t.d. efnistöku og að hægt verði að nýta áfram efnistökuastaði í nærumhverfi þeirra mannvirkja. Landsvirkjun væntir þess að sama eigi við um orkumannvirki. Til að lágmarka umhverfisáhrif verði efni vegna viðhalds og endurnýjunar mannvirkja sótt á nærsvæði mannvirkjana ef kostur er á.

Að framan hefur verið bent á ýmis atriði sem Landsvirkjun telur mikilvægt að horft verði til við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ef áform um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu ganga eftir. Landsvirkjun er reiðubúin til að skýra þau sjónarmið sem fram koma nánar eftir því sem þörf er á og eiga fund með nefndinni eða fulltrúum hennar.

Virðingarfyllt

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
B.t. Steinars Kaldal
101 REYKJAVÍK
steinar.kaldal@uar.is

Reykjavík, 28.06.2019
Tilvísun vor: M-2018-294/00.11


Efni: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu – S-135/2019

Vísað er til máls nr. S-135/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir „*umsögnum um textadrög þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um: skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar*“. Landsvirkjun hefur kynnt sér þau gögn sem birt hafa verið í samráðsgáttinni og þakkar tækifæri til að koma að sjónarmiðum fyrirtækisins í þessu efni.

Í umsögnum Landsvirkjunar til nefndarinnar bæði varðandi S-237/2018 og S-111/2019 hefur fyrirtækið bent á að nýting orkulinda á hálandinu hefur gríðarlega þjóðhagslega þýðingu en sú endurnýjanlega orka sem þar er framleidd er undirstaða atvinnulífs og nútíma lífsgæða þjóðarinnar. Á hálandinu eru vatnsmiðlanir fyrir níu aflstöðvar Landsvirkjunar sem anna um tveimur þriðju hlutum af orkuþörf landsmanna og fimm aflstöðvar eru á svæðinu sem nefndin leggur til að miðhálandisþjóðgarður nái yfir. Innan þess eru auk einnig flutningsmannvirki í eigu Landsnets.

Orkumannvirki á hálandinu eru mjög þýðingarmikil fyrir raforkukerfi landsins og orkuöryggi landsmanna. Bent er á að mörg þessara mannvirkja eru innan skipulagðra svæða og í sumum tilvikum liggur fyrir bæði aðal- og deiliskipulag þar sem svæði eru skilgreind sem iðnaðarsvæði. Hluti mannvirkja er skráð hjá Þjóðskrá Íslands og af þeim eru greidd fasteignagjöld til viðkomandi sveitarfélaga. Þá er nýfallinn dómur um að vatnsréttindi skuli skráð og metin til fasteignagjalds. Enn fremur liggja fyrir leyfi forsætisráðuneytisins vegna nýtingar á þjóðlendum. Ítrekað er það sem fram hefur komið í fyrri umsögnum Landsvirkjunar til nefndarinnar að komi til stofnunar miðhálandisþjóðgarðs er nauðsynlegt að skipulag svæðisins, skipting þess í verndarflokka, stjórnunar- og verndaráætlun sem og aðkomuleiðir og vegir innan svæðisins tryggi skilvirka nýtingu orkulinda á svæðinu áfram. Brýnt er að miðhálandisþjóðgarður hamli ekki áframhaldandi rekstri orkumannvirkja, að hægt verði að sinna viðhald þeirra og endurbótum og síðast en ekki síst verði unnt að auka afl og hagkvæmni virkjana í rekstri (t.d. með því að stækka virkjanir) eins og gert hefur verið ráð fyrir, að því gefnu að leyfi fáiast fyrir þeim framkvæmdum. Hvergi annars staðar í núverandi virkjunarkerfi eru slíkir möguleikar til stækkana og til að mæta þörf um sveigjanleika sem mun verða vaxandi með tilkomu vindorkugarða og rafvæðingu samgangna. Þess ber að geta að miðað við núverandi lög þurfa slíkar stækkanir að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum og þ.a.l. einnig í verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun).

Í textadrögunum sem hér eru til umfjöllunar kemur fram að nefndin hafi „*viðhaft viðtækt samráð á vinnslutíma, m.a. boðað til fjölda funda með sveitarfélögum, hagaðilum og almenningi þar sem lögð hefur verið sérstök áhersla á að fá fram sjónarmið um mörk þjóðgarðsins.*“ Í ljósi þessa



og þýðingu svæðisins fyrir orkukerfið og almannaheill kemur það fyrirtækinu á óvart að nefndin skuli ekki hafa haft samráð við fyrirtækið umfram það að taka á móti umsögnum þess í samráðsgátt stjórnvalda. Það skal tekið fram að fulltrúar Landsvirkjunar hafa setið tvo opna kynningarfundir nefndarinnar í Reykjavík í júní á sl. ári og í maí á þessu ári og fylgst með starfi nefndarinnar í gegnum heimasíðu hennar.

Í 1. kafla textadraganna, „*Skilgreining á mörkum þjóðgarðs*“, eru sýnd kort sem nefndin nýtti sér við að skilgreina mörk hálandisþjóðgarðs. Þessi kort sýna afmörkun miðhálandisins samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, þjóðlendur, friðlýst svæði og svæði á náttúruminjasrá. Athygli vekur að ekki er fjallað um auðlindir á svæðinu umfram þær sem falla undir náttúruvernd. Þá eru hvorki birt kort sem sýna stöðu skipulagsmála á svæðinu og mannviki sem þar eru, svo sem orku- og samgöngumannvirki, né gerð grein fyrir nýtingu svæðisins eða þeim leyfum sem veitt hafa verið til að nýta það og þær auðlindir sem þar er að finna. Landsvirkjun telur að það þurfi að bæta við bæði kortum og upplýsingum um þessa þætti áður en gengið verður frá textanum og endanlegum tillögum um mörk svæðisins og skiptingu þessi í flokka tengt verndun eða nýtingu

Í umfjöllun um verndarflokka IUCN kemur fram að virkjanir og tengd mannvirki sem fyrir eru geta fallið innan marka þjóðgarðs en að „[v]erndarflokkar IUCN og friðlýsingarflokkar laga um náttúruvernd eru hins vegar skilgreindir með þeim hætti að nýjar virkjanir rúmist ekki innan þeirra“. Síðar er rökstutt að núverandi orkuvinnslusvæði geti fallið í verndarflokk V og verndin geti miðað að því að viðhalda meginlandslagseinkennum en veita svigrúm fyrir þróun og breytingar. Bendir Landsvirkjun á að samkvæmt gildandi rammaáætlun og lokaskýrslu verkefnastjórnar 3. áfanga er að finna virkjunarkosti í nýtingarflokki á umræddu svæði. Byggir sú niðurstaða á langri og ítarlegri vinnu af hendi fjölmargra sérfræðinga og er nauðsynlegt að hún endurspeglar í skilgreiningu svæða innan hálandisins.

Landsvirkjun tekur í meginatriðum undir umfjöllun í kaflanum „*VIRKJANASVÆÐI Á MIÐHÁLENDINU*“ og er sammála því að það sé ekki andstætt IUCN flokkuninni að skilgreina orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs. Í ljósi þess hve stór og fjölbreyttur hluti Íslands er innan þess svæðis sem nefndin leggur til að verði innan þjóðgarðs er sérstök ástæða til að hafa framangreint í huga og byggja flokkunina á þeim verndarmarkmiðum sem ná þarf fram en um leið tryggja að verndunin skaði ekki aðra nýtingarhagsmuni á svæðinu.

Tillaga Landsvirkjunar

Með vísan til þess hvernig fyrirhugaður miðhálandisþjóðgarður er skilgreindur er nauðsynlegt að öll virkjunarsvæði Landsvirkjunar séu utan hans. Þótt tiltekinn sveigjanleiki sé fyrir hendi á orkuvinnslusvæðum eins og þau eru skilgreind í verndarflokki V, þá dugir hann ekki til eins og rökstutt er hér að framan. Því sýnist sá kostur einn í stöðunni að orkuvinnslusvæði Landsvirkjunar séu með öllu utan fyrirhugaðra þjóðgarðsmarka, sjá meðfylgjandi kort. Á Þjórásar-/Tungnaásvæðinu og á Blöndusvæði er að mestu um að ræða hluta af því svæði sem var á svokölluðu „*mannvirkjabelti*“ samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandisins sem var í gildi fram á árið 2016. Við undirbúning virkjunarkosta horfði Landsvirkjun til þessa svæðis og reynt var að fara sem minnst út fyrir þetta belt með virkjunarmannvirki. Með þessu móti væri tryggt að hægt væri að sinna viðhaldi, endurbótum og stækkunum á orkumannvirkjum sem nú eru í rekstri og stuðla að orkuöryggi í landinu. Samkvæmt núverandi lögum er farið með stækkanir virkjana á sama hátt og nýjar virkjanir og því er ekki hægt að sjá að slíkar stækkanir yrðu heimilaðar innan þjóðgarðs miðað við óbreytt orðalag núverandi tillögu.

Að öðrum kosti þurfi að vera skýrt hvað má gera innan núverandi orkuvinnslusvæða komi til stofnunar þjóðgarðs. Ef ekki er fallist á ofangreint sjónarmið telur Landsvirkjun að það þurfi að vera alveg skýrt hvað má gera innan núverandi orkuvinnslusvæða komi til stofnunar miðhálandisþjóðgarðs. Í því sambandi þarf að hafa í huga að IUCN leggur „*áherslu á í sínum*





leiðbeiningum að hvert ríki skilgreini sín verndarsvæði m.v. aðstæður í hverju landi. Leiðbeiningum IUCN sé ætlað að vera til aðstoðar í þeim efnum“ eins og segir í textadrögunum. Í ljósi þess hve fyrirhugaður þjóðgarður nær til stórs svæðis má ætla að svigrúm sé til að nýta auðlindir sem þar er að finna með sjálfbærum hætti. Landsvirkjun leggur til að innan skilgreindra orkuvinnslusvæða verði heimilt að stækka núverandi virkjanir og byggja nýjar virkjanir að því gefnu að leyfi fáiast fyrir þeim framkvæmdum. Í þeim tilvikum sem umræddar framkvæmdir eru rammaáætlunarskyldar sé heimilt að taka þær til umfjöllunar. Áhersla er lögð á að þetta komi fram í friðlýsingarskilmálum þjóðgarðsins því samkvæmt lögum um rammaáætlun tekur hún ekki til landsvæða í A-hluta náttúruminjaskrár, sbr. lög um náttúruvernd, nema tekið sé fram í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.

Aðrar athugasemdir

Landsvirkjun gerir eftirfarandi athugasemdir við þá afmörkun verndarflokka orkuvinnslusvæða sem lögð er til í textadrögunum:

- Á Suðurlandi þarf að afmarka orkuvinnslusvæði um Kvíslavatn og eðlilegast að það sé gert þannig að orkuvinnslusvæðið sem teiknað er um Hágöngulón sé einnig látið ná yfir Kvíslavatn.
- Á Norðurlandi þarf að gæta þess að orkuvinnslusvæðið sem afmarkar Blöndulón nái til norðurs að jaðri fyrirhugaðs þjóðgarðsins til að útiloka ekki virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar sem eru í nýtingarflokki 2. áfanga rammaáætlunar.
- Á Austurlandi þarf að afmarka orkuvinnslusvæði sem nær yfir Ufsarlón, Kelduárlón, Grjótlón, Innri Sauðárlón og Sauðárvatn.


Lokaorð

Stofnum þjóðgarðs sem tekur til um þriðjungs af flatarmáli landsins er gríðarlega stórt mál sem ætlað er að hafa mikil áhrif til langrar framtíðar. Landsvirkjun bendir á að IUCN flokkunin¹ miðar að því að flokka svæði sem njóta verndunar með tilliti til markmiða verndunar, en jafnframt skuli tekið tillit til aðstæðna við flokkunina. Í kafla 1 í leiðbeiningum við IUCN-flokkun er bent á þær takmarkanir sem flokkunin hefur, þar segir m.a.: „*A word of warning: protected areas exist in an astonishing variety – in size, location, management approaches and objectives. Any attempt to squash such a rich and complicated collection into half a dozen neat little boxes can only ever be approximate. The IUCN protected area definition and categories are not a straitjacket but a framework to guide improved application of the categories.*“.

Þau sem taka ákvörðun um stofnun þjóðgarðs þurfa því að hafa aðgengileg ítarleg gögn um svæðið, m.a. þau náttúruverðmæti og þær auðlindir sem þar er að finna, nýtingu svæðisins í dag og greiningar á áhrifum friðlýsingar á þessa þætti og margt fleira. Markmið friðlýsingar þurfa að vera skýr og áætlun um hvernig brugðist skuli við ef sýnt þykir að markmiðin náist ekki. Þessar upplýsingar þarf almenningur, sveitarfélög og hagaðilar að geta kynnt sér og sömuleiðis tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum og athugasemdum að áður en ákvörðun er tekin af Alþingi um að stofna miðhálandisþjóðgarð. Eðlilegt er því að líta til Alþingis sem leyfisveitanda í því efni og við lagasetninguna þarf þingið því að hafa a.m.k. jafngóð gögn og gerð er krafa um þegar sveitarfélög eða aðrir opinberir aðilar veita leyfi fyrir landnýtingu eða framkvæmdum.

¹ <https://portals.iucn.org/library/sites/library/files/documents/PAG-021.pdf>





Að lokum vill Landsvirkjun þakka fyrir að fá að koma sjónarmiðum fyrirtækisins á framfæri og óskar eftir að haft verði samráð við fyrirtækið um endanlega tillögu um afmörkun þjóðgarðsins og orkuvinnslusvæða hvort sem þau verða innan eða utan þjóðgarðsins sbr. meðfylgjandi kort.


Virðingarfyllt,

Hörður Arnarson
Forstjóri


Fylgiskjal: Kort af orkuvinnslusvæðum Landsvirkjunar á miðhálandi Íslands



Þjóðgarður á miðhálandi - orkuvinnslusvæði Landsvirkjunar



Þjóðgarður á miðhálandi - orkuvinnslusvæði Landsvirkjunar



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
B.t. Steinars Kaldal

101 REYKJAVÍK
steinar.kaldal@uar.is

Reykjavík, 29.10.2019
Tilvísun vor: M-2018-294/00.11

Efni: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu – S-253/2019

Vísað er til máls nr. S-253/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir umsögnum um „textadrög þverpólíttískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Áherslur nefndar í lagafrumvarp um hálandisþjóðgarð og umfjöllun nefndar um fjármögnun hálandisþjóðgarðs“. Fyrirtækið þakkar góðar upplýsingar um starf nefndarinnar og gögn sem hafa verið birtar á vefsvæði hennar sem og opna fundi sem hún hefur haldið til að kynna verkefnið og störf sín.

Í umsögnum Landsvirkjunar til nefndarinnar varðandi mál S-237/2018, S-111/2019 og S-135/2019 hefur fyrirtækið bent á að nýting orkulinda á hálandinu hefur gríðarlega þjóðhagslega þýðingu enda er sú endurnýjanlega orka sem þar er framleidd undirstaða atvinnulífs og nútíma lífsgæða þjóðarinnar.

Orkuöryggi framtíðar

Í textadrögunum kemur fram að gert sé ráð fyrir að þjóðgarðurinn myndi ná til um 32% af flatarmáli Íslands. Friðunin myndi hafa verulega þjóðhagslega þýðingu og mikil áhrif til langrar framtíðar. Á svæðinu eru miklar auðlindir ekki síst orkulindir. Þannig benti orkumálastjóri á fundi Samtaka iðnaðarins í þessum mánuði á að á svæðinu sem lagt er til að miðhálandisþjóðgarður nái yfir hafi verið skilgreindir virkjunarkostir þar sem hægt væri að vinna yfir 15 TWst af raforku á ári. Til samanburðar var raforkuvinnsla á sl. ári tæplega 20 TWst. Orkumálastjóri benti einnig á að á svæðinu væru mikil tækifæri bæði til að auka raforkuöryggi og tók sem dæmi virkjunarkost utan gosbeltisins. Mikilvægt er að þegar gerð er tillaga um nýtingu landssvæðisins sé horft til þessa og að þau sem taki endanlega ákvörðun hafi upplýsingar um þjóðhagsleg og samfélagsleg áhrif.

Tryggja þarf núverandi rekstur og framþróun núverandi orkukerfis

Landsvirkjun fer með mikla hagsmuni á miðhálandinu. Þar eru vatnsmiðlanir fyrir níu aflstöðvar Landsvirkjunar sem anna um tveimur þriðju af orkuþörf landsmanna. Auk vatnsmiðlananna eru fimm aflstöðvar innan svæðisins sem nefndin leggur til að miðhálandisþjóðgarður nái yfir. Þar eru einnig flutningsmannvirki í eigu Landsnets. Þessi mannvirki eru mjög þýðingarmikil fyrir raforkukerfi landsins og orkuöryggi landsmanna. Bent er á að mörg þeirra eru innan skipulagðra svæða. Hluti mannvirkja eru skráð hjá Þjóðskrá Íslands og af þeim eru greidd fasteignagjöld til viðkomandi sveitarfélaga. Þá er nýfallinn dómur um að vatnsréttindi skuli skráð og metin til fasteignagjalds. Enn fremur liggja fyrir leyfi forsætisráðuneytisins vegna nýtingar á þjóðlendum.



Landsvirkjun vill ítreka það sem fram hefur komið í fyrri umsögnum til nefndarinnar að komi til stofnunar miðhálandisþjóðgarðs er nauðsynlegt að skipulag svæðisins, skipting þess í verndarflokka, stjórnunar- og verndaráætlun sem og aðkomuleiðir og vegir innan svæðisins tryggji skilvirka nýtingu orkulinda á svæðinu áfram. Brýnt er að miðhálandisþjóðgarður hamli því ekki áframhaldandi rekstri orkumannvirkja, að hægt verði að sinna viðhald þeirra og endurbótum og síðast en ekki síst verði unnt að stuðla að framþróun með því auka afl og hagkvæmni virkjana í rekstri að því gefnu að leyfi fáiast fyrir þeim framkvæmdum. Hér er átt við að auka afl virkjana með því að stækka þær, eins og er mögulegt með allar efstu virkjanir á Þjórsársvæði, eða fara í nýjar framkvæmdir innan núverandi virkjunarsvæða sem miða að því að auka nýtingu, skilvirkni og öryggi núverandi kerfis. Slíkar framkvæmdir eru ekki einungis fjárhagslega hagkvæmar heldur hafa í för með sér lágmarks áhrif á umhverfi og náttúru þar sem uppistöðulón o.fl. eru þar þegar til staðar. Nýleg dæmi um slíkar framkvæmdir eru Búðarhálsvirkjun, stækkun Búrfellsvirkjunar, tvær vindmyllur ofan Búrfells og breytingar á Hágöngustíflu. Fjölmörg önnur tækifæri eru til staðar sbr. virkjanir í Blönduveitu, Skrokkölduvirkjun, vindlundir við Búrfellsvirkjun og Blönduvirkjun sem hafa verið til umfjöllunar í rammaáætlun og/eða mati á umhverfisáhrifum lokið, auk annarra möguleika sem ekki hafa verið til umfjöllunar innan stjórnsýslunnar. Hvergi annars staðar í núverandi virkjunarkerfi en á orkuvinnslusvæðum á miðhálandinu eru slíkir möguleikar til stækkana í virkjunum til að mæta þörf um sveigjanleika sem mun vaxa með rafvæðingu samgangna og tilkomu vindorkugarða.

Í textadrögunum er bent á að áherslur nefndarinnar taka mið af umsögnum sem áður hafa verið sendar til nefndarinnar. Í fyrri umsögnum Landsvirkjunar og fleiri aðila hefur komið fram sú tillaga að núverandi virkjunarsvæði verði utan þjóðgarðs. Landsvirkjun telur ennþá að það væri besta lausnin og myndi marka skýrari skil á milli verndunar svæða og nýtingar þeirra.

Athugasemdir við textadrög miðhálandisnefndar

Í textadrögunum er áherslum nefndarinnar varðandi orkunýtingu er lýst í fjórum punktum:

1. *Að heimilt verði að starfrækja innan Miðhálandisþjóðgarðs þær virkjanir sem eru í rekstri við stofnun hans.*
2. *Að hægt verði að viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs.*
3. *Að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum kallist á við áætlanir Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu.*
4. *Að orkuöflun vegna þjónustu og reksturs þjóðgarðsins verði leyfð.*

Landsvirkjun skilur orðalag áhersluatriða 2 og 3 með þeim hætti að innan skilgreindra orkuvinnslusvæða verði heimilt að stækka virkjanir sem nú eru reknar á svæðinu og byggja nýjar virkjanir að því gefnu að leyfi fáiast fyrir þeim framkvæmdum. Í þeim tilvikum sem umræddar framkvæmdir eru rammaáætlunarskyldar sé heimilt að taka þær til umfjöllunar þar. Áhersla er lögð á að þetta komi skýrar fram í skýrslu nefndarinnar og í texta væntanlegs lagafrumvarps því samkvæmt lögum um rammaáætlun tekur hún ekki til landsvæða í A-hluta náttúruminjaskrár, sbr. lög um náttúruvernd, nema tekið sé fram í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.

Að auki skilur Landsvirkjun orðalag áhersluatriðis 3 með þeim hætti að fullt tillit verði tekið til orkustefnu til langs tíma sem nú er unnið að, kerfisáætlunar Landsnets, byggðastefnu og atvinnustefnu stjórnvalda. Fyrirtækið telur jafnframt að í ljósi þeirra miklu þjóðhagslegu hagsmuna sem um er að ræða væri æskilegt að verkefnisstjórn rammaáætlunar verði heimilt að fjalla um virkjunarkosti á miðhálandinu utan orkuvinnslusvæða ef hún svo kys.

Landsvirkjun hefur í fyrri umsögnum um mál sem nefndin hefur sett í samráðsgáttina bent á fjölmörg önnur atriði sem fyrirtækið telur að þurfi að horfa til við undirbúning stofnunar



miðhálandisþjóðgarðs. Meðal annars er bent á mikilvægi þess byggja á umfangsmiklum gögnum og upplýsingum um verndargildi og grunnástand náttúru- og menningarminja á svæðinu, afmarka og setja skýr og mælanlega markmið um verndun einstakra svæða og menningarminja, flokka svæði með tilliti til verndar og vinna vandaða stjórnslu- og verndaráætlun sem m.a. taki til vöktunar og hvernig bregðast skuli við ef með þarf. Jafnframt hefur fyrirtækið vakið athygli á upplýsingum og rannsóknargögnum sem það hefur safnað á svæðinu og lýst vilja til að sú þekking nýtist við starf nefndarinnar.

Að lokum, Landsvirkjun fer með stóra hagsmuni á svæðinu og nauðsynlegt er að gott samráð sé við fyrirtækið við undirbúning að stofnun þjóðgarðs. Samþykki Alþingi að stofna þjóðgarð þarf að tryggja gott samstarf milli þjóðgarðsins og fyrirtækisins. Mikilvægt er að það komi fram í tillögum og skýrslu nefndarinnar.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
Forstjóri

Fylgiskjöl:

1. Umsögn Landsvirkjunar dag. 20. 12. 2018 um textadrög nefndarinnar varðandi greiningu tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu.
2. Umsögn Landsvirkjunar dags. 29. 4. 2019 um textadrög nefndarinnar varðandi tillögur að helstu áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun.
3. Umsögn Landsvirkjunar dags. 28. 6. 2019 um textadrög nefndarinnar varðandi skilgreiningu marka þjóðgarðs, áherslur varðandi skiptingu landsvæða í verndarflokka og umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.



Umsögn Landvarðafélags Íslands um mörk, verndarflokkar, aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Stjórn Landvarðafélags Íslands fagnar vinnu nefndar um stofnun Miðhálandisþjóðgarðs og vill ítreka mikilvægi þjóðgarðsins fyrir framtíðar skipulag og verndun hálandis Íslands.

Stjórn Landvarðafélagsins tekur undir með nefndinni, að núverandi nýtingarform landsvæðis sem áætlað er undir þjóðgarðinn, ætti ekki að standa í vegi fyrir stofnun Miðhálandis-þjóðgarðs. Nú þegar eru svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs undir mismunandi verndunar- og nýtingarflokkum og hefur landvörðum gengið vel að skipuleggja starf sitt með tilliti til þess. Landverðir vilja benda á að svæði eins og t.d. virkjanasvæði við Srengisand, sem eru utan þjóðgarðs og utan verndaðra svæða. Þessi svæði eru lítið vöktuð og verða fyrir meiri ágangi á náttúruna eins og utanvegaakstri. Það yrði til mikilla hagsbóta fyrir þessi svæði að vera innan þjóðgarðs. Það er þó mikilvægt eins og nefndin leggur til að þessi svæði verði með óbreyttu nýtingarformi og ekki verði gert ráð fyrir auknum virkjanaframkvæmdum. Í framhaldi af þessu þá er einnig mikilvægt að ítreka að verndunarflokkar svæðanna og mörk þeirra verða að vera skýr svo að daglegt starf þjóðgarðsins, sem fer að mestu fram hjá landvörðum, sé aðgengilegt og skýrt.

Stjórn Landvarðafélagsins vill koma á framfæri nauðsyn þess að standa vel að allri uppbyggingu innan þjóðgarðs. Eins og kemur fram í skýrslu nefndarinnar hefur nú þegar orðið töluverð uppbygging innan Vatnajökulsþjóðgarðs og friðlýstra svæða. Sú uppbygging er engan vegin búin og á mörgum núverandi þjónustusvæðum er þörf á töluverðum umbótum í þágu náttúruverndar og aðbúnaði fyrir landverði. Stjórn Landvarðafélagsins vill ítreka mikilvægi þess að vanda vel til verka þegar kemur að uppbyggingu innan þjóðgarðsins og þá sérstaklega á hálandismiðstöðvum, sem eiga að vera að miklu leiti í umsjón einkaaðila. Nauðsynlegt er að náttúruverndin sé alltaf sett í fyrsta sæti og að landvarsla, fræðsla og aðsetur landvarða fái alltaf sitt vægi og rými í þessari uppbyggingu.

Að lokum vill stjórn Landvarðafélagsins ítreka mikilvægi þess að ýta undir almenningssamgöngur innan þjóðgarðsins. Seinustu ár hefur mikið dregið úr almenningssamgöngum á hálandinu. Almenningssamgöngur eru ekki einungis þjónusta, sem eykur aðgengi fólks að hálandinu, heldur einnig stuðla þær að auknu öryggi fyrir göngu- og hjólaþjófum og reynslulitla ferðamenn sem vilja síður þurfa að aka sjálfir við aðstæður sem þeim eru framandi. En almenningssamgöngur stuðla einnig að aukinni náttúruvernd með færri bílum á villigötum og skipulagðari upplýsingagjöf til ferðamanna. Við teljum því mikilvægt að Miðhálandisþjóðgarður geri ráð fyrir almenningssamgöngum í uppbyggingu á innviðum og þjónustu þjóðgarðsins.

Stjórn Landvarðafélags Íslands



Umsögn Landvarðafélags Íslands um áherslur nefndar Miðhálandisþjóðgarðs um lagafrumvarp og umfjöllum um fjármagn.

Stjórn Landvarðafélags Íslands lýsir enn og aftur yfir ánægju sinni á fyrirhugaðri stofnun Miðhálandisþjóðgarðs. En vill á sama tíma skerpa á nokkrum atriðum sem við kemur landvörslu innan þjóðgarðsins.

Öll uppbygging innan þjóðgarðs þarf að taka mið af starfsemi landvarða. Landverðir eru fjölmennasti hópur þeirra sem búa innan marka þjóðgarðsins. Þeirra starf, starfsumhverfi og búsetuskilyrði eiga því að vera höfð sem forgangsatridi í allri uppbyggingu innan þjóðgarðs.

Stjórn Landvarðafélags Íslands vill undirstrika eins og kemur fram í nefndinni að auka þarf fjármagn til landvörslu jafnvel þó fjármagn hafi aukist seinustu ár. Eins og staðan er í dag eru svæði innan þjóðgarða og friðlýstra svæða enn undir fjármögnuð. Á sama tíma vill stjórn Landvarðafélagsins benda á að landvörslustörf eru staðbundin störf sem hafa jákvæð áhrif á atvinnutækifæri í nærsamfélögum miðhálandisþjóðgarðs.

Stjórn tekur einnig undir að grunnrekstur þjóðgarðs á miðhálandi Íslands verði að byggjast á rekstrarframlagi úr ríkissjóði og stofnunin verður að hafa nægilegt fjármagn. Stjórn vill benda á tekjuleið Noregs á Svalbarða en þar greiða allir ferðmenn 150 NOK eða um 2.000 ISK í svokallaðan náttúrusjóð (Svalbard Environmental Protection Fund). Gjaldið er lagt ofan á alla sem koma til Svalbarða með flugi eða skipi og nýtist fjármagnið í náttúruvernd með því að auka fræðslu og upplýsingar, náttúruvernd og rannsóknir á ferðamennsku og náttúruverndarsvæðum. Slíkt gjald væri auðvelt að taka upp á okkar eyju og gjaldið geta svo íbúar Svalbarða fengið endurgreitt. Slík leið gæti tryggt nægilegar tekjur til að tryggja rekstur þjóðgarðsins og minnkað þrýsting á sértekjur t.d. í formi bílastæðagjalda eða salernisgjalda sem getur sett rekstarsvæði sem ekki fá mikinn fjölda ferðamanna í erfiða stöðu. Einnig gæti þessi leið aukið jákvæða upplifun erlendra og innlendra gesta. Þrýstingur á sértekjur þjóðgarða og náttúruverndarsvæða getur einnig haft neikvæð áhrif á náttúruvernd þar sem slíkt hefur mikil áhrif á rekstur og skipulag þjóðgarða, krefst sérstakra innviða, utanumhalds, starfsfólks og t.d. stækkun bílastæða. Hagræn áhrif þjóðgarða eru vel þekkt eins og nefndin nefnir og hagsmunir náttúruverndar geta ekki verið beintengdir hagnaði. Stjórn tekur undir að sanngjörn þjónustugjöld vegna starfssemi eða reksturs innan þjóðgarðs sé eðlilegt að innheimta vegna þeirrar umsýslu sem slíkt krefst.

Að lokum vill stjórn Landvarðafélagsins gagnrýna óljósa greinagerð um samgöngur og samgöngu úrbætur innan þjóðgarðs. Það er vissulega svo að samgöngur heyra undir annað ráðuneyti en Miðhálandisþjóðgarður verður að hafa skýra stefnu þegar kemur að

uppbyggingu samgangna innan þjóðgarðsins. Við viljum því undirstrika mikilvægi þess að takmarka aðgengi að vissum svæðum með fjallvegum og að leggja þurfi áherslu á að byggja upp almenningssamgöngur sem auðvelda yfirsýn, stjórn og upplýsingagjöf til gesta og dregur úr náttúruskemmdum vegna þekkingarleysis eins og utanvega aksturs og átroðningi á viðkvæmum stöðum.

Stjórn Landvarðafélags Íslands

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Borgarfirði, 30. júní 2019

Umsögn Landverndar um Mál nr. S-135/2019 Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Landvernd lýsir fullum stuðningi við áform um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands og telur nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu (hér eftir kölluð nefndin) hafa unnið gott starf. Þjóðgarður á miðhálandinu er í samræmi við stefnu Landverndar, sjá til dæmis ályktun frá aðalfundi samtakanna 2012¹ og 2019².

Landvernd hvetur nefndinda til að vinna áfram marksvist að því að undirbúa stofnun Hálandisþjóðgarðs í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og væntir mikils af þeim niðurstöðum sem hún væntanlega skilar á þessu ári. Verði stofnun þjóðgarðsins að veruleika á þessu kjörtímabili yrði það það myndarlegt framlag Íslendinga til verndar ósnortinnar náttúru hálandisins og varðveislu víðerna; mikilvægt framlag til varðveislu vermæta á heimsmælikvarða.

Þær tillögur að helstu áherslum sem hér liggja frammi til umsagnar eru í það heila jákvæðar og má ljúka lofsorði á þá áherslu sem lögð hefur verið á að vinna að framgangi málsins í samvinnu við sem flesta sem málið varðar.

Rétt er samt að drepa á nokkrum atriði sem stjórn Landverndar telur verð umhugsunar:

Mörk þjóðgarðs

Stjórn Landverndar telur að strax í upphafi eigi að nýta tækifærið og víkka út mörk þjóðgarðs umfram þjóðlendur og ríkisjarðir eins og náttúruverndarsjónarmið gefa tilefni til. Að draga mörkin eftir þjóðlendum er lægsti sameiginlegi nefnari og lýsir skorti á metnaði þar sem um mikla samfélagslega hagsmuni er að ræða.

¹ <https://landvernd.is/alyktanir/alyktun-adalfundar-um-thjodgard-a-midhalendi-islands>

² <https://landvernd.is/sidur/alyktanir-samthykktar-a-adalfundi-landverndar-2019>

Allar ríkisjarðir sem liggja að fyrirhuguðum mörkum þjóðgarðsins á að mati stjórnar Landverndar að fella inn í þjóðgarðinn sem fyrst. Þá á ríkið ekki að gefa eftir eignarhald á löndum í grennd við mörk þjóðgarðar eins og nefndin leggur til og er það vel. Nefndin ætti í tillögum sínum að hvetja ríkið til þess að eignast jarðir innan miðhálandismarka þegar færi gefst til þess að geta fellt þær inn í miðhálandisþjóðgarð.

Þá er alveg ljóst að ekki eru nein haldbær rök fyrir því að láta miðhálandisþjóðgarð ekki ná óslitinn að og um Jökulsárgljúfur. Svæðið er nú þegar í verndarflokki rammaáætlunar og friðlýsing á þeim grunni í undirbúningi. Landvernd hvetur nefndina til breyta framlagðri tillögu svo þjóðgarðurinn nái yfir þetta svæði líka.

Í niðurstöðum verkefnisstjórnar rammaáætlunar liggur fyrir að friða jökulsár í Skagafirði og Skjálfandafjót fyrir vatnsaflsvirkjunum. Nefndin gæti því jafnframt lagt til að mörk þjóðgarðarins nái einnig um vatnasvið fyrrgreindra vatnsfalla.

Verndarflokkar - orkunýting

Landvernd hefur skilning á því að mjög erfitt er að ákvarða hvernig skilgreina eigi vernd á mikið röskuðu landi með stórum mannvirkjum eins og virkjanasvæði. Nefndin leggur til að virkjanasvæði sem falla innan marka þjóðgarðsins skuli fara í sérstakan flokk VI. Stjórn Landverndar telur þetta vera varhugavert. Þau lönd sem Ísland að jafnaði ber sig saman við hafa ekki iðnaðarsvæði sem virkjanir eru innan marka þjóðgarða. Að vísa til dæma um þetta í örðum löndum eru ekki rök í málinu. Að mati landverndar mynd sú tilhögun sem lögð er til gengisfella hugtakið „þjóðgarður“. Flokkur VI miðast við hófsama nýtingu náttúrauðlinda sem ekki er iðnvædd. Sú lýsing við þau virkjanasvæði sem tilgreind eru og því hafnar Landvernd algjörlega tillögunni hvað þetta varðar. Skilgreina ætti sjálfar virkjanirnar og lón utan þjóðgarðs en skrifa inn í lög og reglugerðir hvernig fara á með orkuvinnslu sem fyrir er umlukt þjóðgarðinum til þess að skilgreina skyldur og ábyrgð umsjónaraðila virkjana sem eru nátengd þjóðgördum.

Í lögum um hálandisþjóðgarð þarf að taka skýrt fram að ný orkuvinnsla geti ekki samræmst markmiðum þjóðgarðsins, að orkuvinnsla sem fyrir er umlukt af þjóðgarði (eða sérstaklega skilgreind innan hans ef nefndin vill leggja það til) sé starfrækt eftir bestu mögulegu stöðlum og að aldrei megi raska frekar landi innan þjóðgarðsins í þágu orkuvinnslu.

Verndarflokkar- þegar friðlýst svæði

Landvernd lýsir eftir greiningu á svæðum sem ættu að vera undir strangri vernd (Ia). Stjórn Landverndar telur að Orravatnsrústir og Kerlingafjöll þurfi að skoða þurfi sérstaklega í þessu samhengi. Landvernd telur að þetta eigi líka við Guðlaugstungur og Þjórásarver og hugsanlega fleiri svæði þar sem sýna þarf ýtrustu nærgætni í umgengni við lífríkið.

Landnýting

Landvernd telur að ef leyfa á hefðbundna landnýtingu eins og beit og veiði innan marka þjóðgarðsins, skuli hún skilyrðislaust vera sjálfbær. Þess hefur ekki verið gætt innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem beit á illa förnu landi hefur verið leyfð. Þá er rétt að benda á nýútkomna skýrslu Ólafs Arnalds prófessors við Landbúnaðarháskóla Íslands um brotalamir í gæðastýringarkerfi í sauðfjárrækt þegar kemur að sjálfbærri landnýtingu³. Þá varar Landvernd við því að of langt verði gengið í eftirgjöf við hópa sem vilja nýta land innan þjóðgarðs en hvetur til þess að sjónarmið náttúruverndar sem eru forsenda og grunnur þjóðgarða verði látin ráða. Varúðarreglan á skilyrðislaust að gilda innan svæða sem skilgreindir eru sem þjóðgarðar. Landvernd varar því við að svæði sem illa eru farin vegna ofbeitar og jarðvegseyðingar verði sett í flokk VI nema fyrirvari gildi um framangreind atriði.

Stjórn Landverndar leggur til við nefndina að hún taki fram hvernig mat á sjálfbærri landnýtingu fari fram og að hún krefjist þess að það sé gert á grunni vísindarannsókna. Í áður nefndri skýrslu um gæðastýringu í sauðfjárrækt er ljóst að sjálfbær landnýting þegar kemur að beit er í mörgum tilfellum á Íslandi eingöngu að nafninu til. Innan þjóðgarðs er nauðsynlegt að byggja stýringu á trúverðugum gögnum sem aflað er með bestu mögulegu aðferðum af hlutlausum aðilum. Nefndin ætti því að leggja drög að stjórnarsýslu í kringum svæði í flokki VI, skilgreiningar á sjálfbærri landnýtingu og virkt eftirlit og úttekt óháðra aðila á ástandi lands.

Stjórnarsýsla

Stjórn Landverndar vill nota tækifærið og hvetja nefndina til þess að hafa í huga að skýr ábyrgð og skilvirk ákvarðanataka er lykilatriði í stjórnun miðhálandisþjóðgarðs samfara eðlilegri valddreifingu. Gæta verður að því að veita ákveðnum aðilum ekki of mikið vald umfram aðra í nafni valddreifingar og hafa þarf í huga að markmið þjóðgarðs er alltaf vernd náttúru, viðerna, landlagsheilda og menningarminja. Nefndin þarf í því tilögum sínum um stjórnarsýslu að tryggja að við stjórnun þjóðgarðsins megi taka ákvarðanir byggðar á framsæknum náttúruverndarsjónarmiðum og sjálfbærri landnýtingu. Landvernd vísar í umsögn sína um frumvarp um þjóðgarðastofnun frá dags. 9. maí 2019 en þar segir m.a.

„12. gr. Umdæmisráð og 14. gr. Hlutverk umdæmisráðs.

Landvernd telur að samsetning umdæmaráða endurspegli ekki þá fagþekkingu sem nauðsynleg er til setu í svo valdamiklu ráði. Þó friðlýsingar og náttúruvernd hafi klárlega efnahagslegan ávinning í för með sér, bæði til langs og skamms tíma er tilgangur friðlýsinga og verndar fyrst og fremst náttúruvernd. Áherslur í samsetningu ráðsins eru alls ekki á náttúruvernd heldur mun frekar á nýtingu. 5 fulltrúar sveitarfélaga eru auk þess háðir þeirri skammtímahugsun sem

³ https://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/rit_lbh%C3%8D_nr_118.pdf

kjörtímabil sveitastjórna bjóða upp á en ekki af hagsmunum náttúrunnar. Hins vegar er enginn skipaður fulltrúi með faglega þekkingu á náttúruferi eða náttúruvernd í umdæmisráðinu og telur Landvernd þetta varhugaverða þróun að fulltrúar sveitarfélaga skuli hafa svona mikið vægi í tengslum við náttúruverndarsvæði og friðlýsingar.“

Stjórn Landverndar telur að rétt sé að setja kröfur á þá fulltrúa sem sitja í nefndum og ráðum þjóðgarðsins um fagþekkingu og að þeir hafi ekki persónulegra hagsmuna að gæta af því hvernig þjóðarðinum er stýrt til dæmis þegar kemur að nýtingu í atvinnuskyni eða eignarhaldi á landi í grennd þjóðgarðarins. Þá er rétt að benda á að sveitarfélög hafa i mörgum tilfellum á að skipa fagfólki í skipulags-, náttúruverndar- og nýtingarmálum sem gætu tekið sæti í nefndum/ráðum/stjórnnum þjóðgarðsins og hafa þá fagþekkingu og skyldu til þess að gæta hlutleysis .

Lokaorð

Að þessu sögðu skal nefndin hvött til þess að halda áfram því góða starfi sem hún hefur unnið hingað til þar sem samráð og fagleg vinnubrögð hafa verið höfð í heiðri. Nefndin er einnig hvött til þess að skila vinnu sinni sem fyrst svo stofnun þjóðgarðs geti átt sér stað sem fyrst.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar,

Auður Önnu Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 29. apríl 2018

Umsögn Landverndar um Mál nr. S-111/2019 Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Landvernd lýsir fullum stuðningi við áform um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands og telur starfshópin sem vinnur að því verki hafa unnið gott starf. Þjóðgarður á miðhálandinu er í samræmi við stefnu samtakana, sjá til dæmis ályktun frá aðalfundi samtakana 2012¹

Landvernd hvetur starfshópin til dáða og væntir mikils af þeim niðurstöðum sem hann væntanlega skilar á þessu ári. Þess er vænst að stofnun þjóðgarðsins verði að veruleika á næstu árum og væri slíkt myndarlegt framlag Íslendinga til verndar ósnortinnar náttúru hálandisins og varðveislu víðerna heimsins.

Þær tillögur að helstu áherslum sem hér liggja frammi til umsagnar eru mjög jákvæðar og má ljúka lofsorði á þá áherslu sem lögð hefur verið á að vinna að framgangi málsins í samvinnu við sem flesta sem málið varðar.

Rétt er samt að drepa á nokkur atriði sem stjórn Landverndar telur verð umhugsunar:

Almannaréttur

Í kafla sem fjallar um aðgengi og almannarétt er sjálfsagt að taka undir að útivistarfólk geti nýtt hálandið til útivistar þar sem því verður við komið með ábyrgum og sjálfbærum hætti. Lögð er áhersla á að leita samráðs við þá aðila sem nú nýta hálandið í slíkum tilgangi.

Rétt er að hafa í huga í þessu samhengi að eðli málsins samkvæmt er þjóðgarður stofnaður með hagsmuni náttúruverndar að leiðarljósi og starf slíks þjóðgarðs hlýtur því að vera að vernda með eðlilegum ráðum þá náttúru sem garðurinn er stofnaður til að vernda.

¹ <https://landvernd.is/alyktanir/alyktun-adalfundar-um-thjodgard-a-midhalendi-islands>

Óhjákvæmilegt er því að á einhverjum svæðum innan garðsins geti orðið breytingar á aðgengi/umferð eftir aðstæðum hverju sinni háð verndargildi þeirra svæða sem um ræðir.

Þótt rætt sé um samráð við þá aðila sem nú stunda hálandisferðir skal varað við því að laða menn til fylgis við hugmyndina um þjóðgarð á þeim forsendum að óbreytt ástand muni ríkja á hálandinu eftir stofnun garðsins. Þetta er brýnt að hafa í huga þegar litið er til framtíðar og má hér horfa til reynslunnar af Vatnajökulsþjóðgarði. Stofnun hans hafði í för með sér skert aðgengi fyrir einstaka hópa á ýmsum svæðum og eimir örlítið enn eftir af deilum vegna þess.

Nitjaréttur

Hið sama gildir um kaflann þar sem fjallað er um nytjarétt á hálandinu. Þar virðist nefndin telja brýnt að tilkoma þjóðgarðs skerði ekki sjálfbærar hefðbundnar nytjar s.s. beitarnýtingu og veiði. Þarna er orðið sjálfbært í lykilhlotverki. Varla verður deilt um að á tilteknum svæðum á hálandinu hefur fram til þessa verið stundaður upprekstur og beit sem ekki getur talist sjálfbær og á því hljóta að verða breytingar.

Samgöngur

Í kaflanum um samgöngur er talað um mikilvægi aðgengis og má vel taka undir það en þó með áþekkingu fyrirvörum og nefnd eru hér á undan. Víða á hálandinu er að finna net slóða sem í mörgum tilvikum verður ekki séð að hafi neinn sérstakan tilgang. Sú stjórnun sem óhjákvæmilega fylgir þjóðgarði mun væntanlega hafa vald til þess að nýta "vegakerfi" hálandisins til þess að stýra umferð og álagi. Slíkri stjórnun munu fylgja breytingar sem alls ekki þurfa að skerða samgöngur eða aðgengi.

Lokaorð

Að þessu sögðu skal starfshópurinn hvattur til þess að ljúka þessu þjóðþrifaverki sem allra fyrst því raunverulega umræður geta varla farið fram fyrr en mótaðar tillögur og ásetningur stjórnvalda liggur fyrir.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar,

Auður Önnu Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri

**Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík**

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 29. október 2019.

Umsögn Landverndar um textadrög þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands – áherslur um lagafrumvarp og fjármögnun

Stjórn Landvernd fagnar fram komnum tillögum. Starf nefndarinnar hefur nú þegar skilað mikilvægum árangri og veur vonir um að áform ríkisstjórnarinnar um Miðhálandisþjóðgarð muni ná fram að ganga.

Stjórn Landvernd vill nota það tækifæri sem nú gefst til samráðs til að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Kafli I - Stofnun

Ríkisjarðir

Nefndin leggur til að ríkisjarðir geti fallið að hluta eða öllu leyti innan þjóðgarðsmarka, kjósi þeir aðilar sem fara með umsjón lands fyrir hönd ríkisins að leggja það til.

Landvernd telur skynsamlegra að vísa til hagsmuna þjóðgarðsins frekar en vilja þeirra aðila sem hafa umsjón með ríkisjörðum. Ef færa má rök fyrir því að land sem tilheyrir ríkisjörðum sé mikilvægur hluti þjóðgarðsins svo hann nái takmarki sínu ætti þau sjónarmið að veða þyngra en viðhorf þeirra sem hafa umsjón með jörðum í eigu ríkisins.

Um markmið

Landvernd telur að vísa beri til verndunar víðerna sem eitt af markmiðum þjóðgarðsins. Víðerni hafa vaxandi náttúrverndargildi.

Vísað er til ákvæða um að auðvelda eigi almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist. Hér þarf að horfa til þess að núverandi notendahópur hálandisins lítur á erfitt aðgengi sem hluta af aðdráttarafli miðhálandisins. Til að mynda vaknar sú spurning hvort þetta þýði að ráðast eigi í miklar vegabætur innan þjóðgarðsins. Í því

sambandi vísar Landvernd á greingerð sem tekin var saman af vinnuhópi samtakanna um hálendisvegi fyrir fáeinum árum, sem hér fylgir.

Kafli II - stjórnskipulag

Landvernd leggur áherslu á að gerðar séu kröfur um hæfi og þekkingu þeirra sem sitja í svæðisráðum.

Landvernd telur að gæta verði jafnræðis í skipan stjórnar þjóðgarðsins og vara við því að meirihluti stjórnarmanna komi frá þeim sveitarfélögum sem hafa sveitarfélagsmörk upp á miðhálandið. Um er að ræða þjóðgarð, sem vísar til þjóðarinnar í heild, og því þarf að skipa stjórn í samræmi við það. Einnig þarf að gæta hæfis og fagþekkingar þeirra sem skipaðir verða í stjórn og tryggja að vernd náttúru- og menningarminja sé í forgrunni en ekki nýting og verður samsetning stjórna og ráða þjóðgarðsins að endurspeglar þetta. Af þeim sökum er ekki skynsamlegt að binda skipan við kjörna sveitarstjórnarmenn. Í þessu sambandi er rétt að minna á að sveitarstjórnir hafa skipulagsvaldið og geta því haft mikið að segja um þróun mála þó þeir myndi ekki meirihluta stjórnar. Stjórn Landverndar vill ítreka það sem hún benti á í síðustu umsögn sinni um miðhálandisþjóðgarðs dags. 30. júní:

„Stjórn Landverndar telur að rétt sé að setja kröfur á þá fulltrúa sem sitja í nefndum og ráðum þjóðgarðsins um fagþekkingu og að þeir hafi ekki persónulegra hagsmuna að gæta af því hvernig þjóðarðinum er stýrt til dæmis þegar kemur að nýtingu í atvinnuskyni eða eignarhaldi á landi í grennd þjóðgarðarins. Þá er rétt að benda á að sveitarfélög hafa í mörgum tilfellum á að skipa fagfólki í skipulags-, náttúruverndar- og nýtingarmálum sem gætu tekið sæti í nefndum/ráðum/stjórnnum þjóðgarðsins og hafa þá fagþekkingu og skyldu til þess að gæta hlutleysis.“

Kafli III - Starfsemi

Landvernd telur mjög óskynsamlegt að virkjanir verði innan marka þjóðgarðsins og minnir á flokka IUCN þar sem ekki er gert ráð fyrir iðnaðarsvæðum innan marka þjóðgarða. Landvernd telur að þetta geti gengisfellt hugtakið „þjóðgarður“. Stjórn Landvernd leggur því til að þessi svæði verði skilgreind sérstaklega sem *jaðarsvæði* þjóðgarðsins þar sem gæta beri mikillar varfærni í starfsemi svo hún hafi ekki neikvæð áhrif á þjóðgarðinn og sérstaklega víðerni.

Stjórn Landverndar telur að þó samtal við aðrar áætlanir stjórnvalda sé vissulega mikilvægt að þá verði verndun víðerna og náttúru- og menningarminja innan þjóðgarðs ekki minnkuð vegna fyrri áætlana um til dæmis orkunýtingu. Við stofnun þjóðgarðs verður að vera ljóst að uppbygging frekari orkuvinnslu innan þjóðgarðs er andstæð markmiðum þjóðgarðarins og furðar stjórn Landverndar sig á tillögum nefndarinnar sem segja annað.

Landvernd varar við því að staðsetning á þjóðgarðsmiðstöðum fyrir hvert og eitt svæði verði í höndum svæðisráðs. Skynsamlegra er að um þetta gildi skipulag fyrir þjóðgarðinn sem heild og að svæðisráð vinni með frekar útfærslu.

Landvernd tekur undir að strax í upphafi verði komið á samstarfi við aðila sem nú starfa innan þjóðgarðsins gegnum samstarfssamninga.

Rekstrarsvæði

Stjórn Landverndar telur heppilegt að láta náttúruvar og aðgengi ráða skiptingu þjóðgarðsins í rekstrarsvæði fremur en mörk sveitarfélaga.

Arnarvatnsheiði er mikilvægt útivistarsvæði, m.a. fyrir stóran hóp silungsveiðimanna, og tilheyrir bæði Borgarbyggð og Húnaþingi vestra. Eðlilegt væri að hafa svo mikilvægt svæði undir einu svæðisráði þannig að einfaldara væri að reka það sem eina heild.

Hálendið norðan Vatnajökuls nær frá Skjálfandafhljóti að Háslóni. Tillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir að það muni skiptast á milli tveggja rekstrarsvæða og alls sex sveitarfélaga. Þetta er óheppilegt svo ekki sé sterkara til orða tekið.

Eitt mikilvægasta og vinsælasta svæði miðhálandisins er Fjallabak. Tillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir að kljúfa það í tvö rekstrarsvæði. Heppilegra væri að hafa það sem eitt rekstrarsvæði.

Fjármögnun

Landvernd minnir á að rannsóknir sýna að fjárfesting í þjóðgördum og vernduðum svæðum skili miklum fjárhagslegum ávinningi til samfélagsins, ekki síst nærsamfélagsins¹.

Landvernd tekur undir að núverandi fjármögnun mun ekki nægja til að takast á við verkefnið Miðhálandisþjóðgarður með viðunandi hætti. Mikilvægt er að þjóðgarðurinn frá góðan heimamund í upphafi til að fjármagna uppbyggingu innviða. Við uppbyggingu innviða verður þó að taka mið af því takmörkuð þjónusta er hluti af aðdráttarafli Miðhálandisþjóðgarðs.

Landvernd tekur undir það sjónarmið að virða beri almannaréttinn og að því skuli ekki greiddur aðgangseyri. Landvernd styður að taka megi gjöld fyrir tilgreinda þjónustu og leyfa til starfsemi innan þjóðgarðsins þar sem því verður komið við.

¹ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2018) *Skýrsla nr. C18:08 Áhrif friðlýstra svæða á framleiðslu og atvinnu í næsta umhverfi*. Reykjavík 2018.



Við úrbætur á vegum þarf að marka heildstæða stefnu fyrir hálendið. Landvernd hefur tekið saman meðfylgjandi skjal um stefnumörkun vegna hálendisvega sem vonandi gæti komið að gangi í því sambandi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar,

Tryggvi Felixson, formaður



Minjastofnun
Íslands

21.12.2018/ISK/KHS/ÁH

Mál: MÍ 201812-0094

Stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu (Drög)

Minjastofnun Íslands þakkar fyrir tækifærið til að tjá sig um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Þjóðgarður sem nær yfir 40% landsins er ekki einungis svæði með merkilegum og áhugaverðum náttúruminum, heldur nær svæðið yfir mörg merk menningarminjasvæði, bæði búsetulandslag og einstaka fornleifar. Gamlir vegir, götur, leifar af stíflum, vöð, vörður, ferjustaðir og kláfar, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum sem nýttar hafa verið af Íslendingum í hundruð ára á fyrirhuguðu þjóðgarðssvæði, eru ekki náttúruminjar heldur menningarminjar. Þær eru fornleifar og heyra undir stjórnsýslu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Minjastofnun Íslands er eina ríkisstofnunin sem fer með stjórnsýslu málaflokksins í umboði ráðuneytisins. Það sama gildir um uppsprettur, brunna, álagabletti og aðra staði og kennileiti sem náð hafa 100 ára aldri, eins og fyrr nefndar minjar, og tengjast síðum, venjum, þjóðtrú og þjóðsagnahefð, allt eru þetta fornleifar. Í kafla um útivist og ferðaþjónustu nefnum við að auki nokkur dæmi um búsetulandslag innan svæðisins, sem eru einungis brot af því sem varðveitt er af menningarminjum á svæðinu.

Um menningarminjar, þ.m.t. fornleifar á Íslandi eru í fullu gildi lög um menningarminjar nr. 80/2012 (**„minjalög“**) (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>). Þau eru fyrst og fremst verndarlög, rétt eins og lög um náttúruvernd nr. 60/2013, og starfar Minjastofnun samkvæmt ákvæðum minjalaga.

Um menningarminjar gilda því önnur lög en um náttúruverðmæti, sviðið heyrir undir annað ráðuneyti en náttúruverðmæti og framkvæmd minjavörslu er í höndum annarrar stjórnsýslustofnunnar en framkvæmd náttúruverndar. Með því að flokka menningarminjar athugasemdalaust með náttúruverðmætum, eins og gert er víða í skjalinu um miðhálandisþjóðgarð, er hætt við að þessi staðreynd gleymist við skýrslu- og frumvarpsgerð um miðhálandisþjóðgarð. Við það myndast óþarft flækjustig varðandi stjórn þjóðgarðsins.

Íslenska ríkið hefur undirritað ýmsar samþykktir um minjavernd, svo sem Evrópusamning um vernd fornleifaarfsins (<https://rm.coe.int/16802ec9fa>), samning um vernd menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (<http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/UNESCO1972.pdf>) og Evrópusamning um landslag

(<https://www.coe.int/en/web/landscape/home>).¹ Þá hefur Minjastofnun hliðsjón af ýmsum samþykktum í starfi sínu þótt þær hafi ekki verið undirritaðar af Íslenska ríkinu. Ein þeirra Faro-samþykktin fjallar um gildi minja fyrir samfélagið og leggur hún áherslu á samstarf við íbúa landsins um vernd menningararfsins (<https://www.coe.int/en/web/conventions/full-list/-/conventions/treaty/199>).

Víða um land er nú verið að vinna að friðlýsingu náttúrusvæða og breytingu á stjórnsýslu þjóðgarða eða þróun nýrra þjóðgarða og hvetur Minjastofnun Íslands til þess að munað sé eftir stofnuninni í þeirri vinnu. Innan stofnunarinnar er mikil þekking sem ætti að koma að miklu gagni á ýmsum stigum vinnunnar.

Drögin sem hér eru til umsagnar eru fyrst og fremst tillögur er varða greiningu þeirra tækifæra í byggðapróun og atvinnulífi sem skapast með stofnun þjóðgarðs sem og tillögur að helstu **áherslum í atvinnustefnu. Í inngangi skjalsins segir „markmið með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu er að vernda náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar og ná utan um ofangreind náttúruverðmæti á heildstæðan hátt.“** Þá kemur einnig fram að mikilvægt sé að unnið verði að almennum markmiðum þjóðgarða samkvæmt íslenskum náttúruverndarlögum. Minjastofnun Íslands gerir alvarlega athugasemd við að menningarminjar flokkist hér undir náttúruverðmæti enda teljast þau ekki náttúruminjar í lagalegum né hefðbundum skilningi. Bendir stofnunin á mikilvægi þess að munað sé eftir að það gilda önnur lög um menningarminjar en um náttúruminjar innan þjóðgarða og að stjórnsýslan er í höndum Minjastofnunar Íslands.

Greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf

Innviðir

Í umfjöllun um innviði **stendur; „Í ljósi þess að náttúruvernd er aðalmarkmið þjóðgarða er jafnframt mikilvægt að fyrirbyggja að álag sem fylgt getur aðgengi almennings valdi raski eða skemmdum á miðhálandinu.“ Eins og** nefnt er framar í drögum er aðalmarkmið með stofnun þjóðgarða að vernda náttúru- og menningarminjar (bls 3). Hér hefur því tilvísun í menningarminjar dottið út. Nokkuð ber á því í drögum að menningarminjar séu ekki nefndar eða að fjallað er um þær sem hluta af náttúrunni. Slíkt er óásættanlegt að mati Minjastofnunar. Jarðfastar menningarminjar eru sérstakt fyrirbæri og um þær gilda sérlög. Menningarminjar falla eins og áður segir ekki undir náttúruverndarlög. Hér væri eðlilegt að bæta inn í setninguna **t.d. „Í ljósi þess að vernd náttúru og menningarminja** er aðalmarkmið þjóðgarða.“ Eins þarf hér að vísa til þess að það gilda sérlög um menningarminjarnar.

Þá kemur fram að mikilvægt er að vernd náttúru, landslags og menningarminja annars vegar og tryggt aðgengi til útivistar hins vegar, fari saman í þjóðgarði á miðhálandinu og þurfi að huga vel að því að öll innviðagerð sé í sem mestu jafnvægi við verndun náttúru- og menningarminja. Bent skal á að allar ákvarðanir um innviðabyggingu sem áhrif geta haft á menningarminjar þarf að

¹ Sjá nánar: <http://www.minjastofnun.is/um-stofnunina/log-og-samthyktir/althjodlegar-samthyktir-og-sattmalar/>

taka í samráði við Minjastofnun Íslands. Í drögunum er einnig vísað til þess hvernig samstarf opinbera geirans og einkaaðila getur skapað tækifæri fyrir báða aðila, en sú aðferð þekktist víða erlendis. Minjastofnun bendir á að slíkt samráð um menningarminjar er háð samþykki og leyfi Minjastofnunnar Íslands og þarf að fylgja minjalögum. Minjastofnun telur eðlilegt til að vernd menningarminja sé tryggð á sama hátt og vernd náttúru á þann hátt að Minjastofnun hafi fulltrúa í stjórn miðhálandisþjóðgarðs.

Þjónusta

Hér vísa drögin í kröfu náttúruverndarlaga um að áhersla skuli lögð á fræðslu og upplýsingar til gesta þjóðgarðsins og að aukin áhersla á fræðslu um náttúru og sögu muni fylgja stofnun þjóðgarðs. Þá muni kröfur gesta er varðar aðgengi, veitingar og gistingu aukast. Telja höfundar draganna að tækifæri felist í samstarfi opinberra aðila og einkaaðila hér líkt og við innviðaupbyggingu. Minjastofnun ítrekar að allt slíkt samstarf er varðar menningarminjar þarf að fara fram í samráði við stofnunina og ýtir sú staðreynd undir þörfina á að Minjastofnun hafi rödd í stjórn þjóðgarðsins.

Útivist/Ferðapjónusta

Áherslan hér í drögunum er á náttúruferðamennsku og sjálfbærni. Minjastofnun Íslands bendir á að menningartengd ferðamennska er ein af stærri greinum ferðamennsku í heiminum í dag. Starfsmenn Minjastofnunar sóttu nýlega ráðstefnu á vegum OECD, UNESCO og Evrópuráðsins þar sem m.a. var fjallað um ferðamennsku í dreifbýli. Þar kom fram að um 8,4 milljónir Evrópubúa eða 3,6% vinnuafis starfa við menningu og snertir ferðamennska stóran hluta þess starfs á einhvern hátt. Þar kom reyndar einnig fram að áherslan í ferðamennsku nú er að huga fyrst og fremst að íbúum landanna og líðan þeirra og að ferðamennirnir eru númer tvö í þeirri forgangs röðun. Er það mat Minjastofnunar að töluverðir möguleikar séu fyrir menningartengda ferðamennsku innan fyrirhugaðs þjóðgarðs og að stofnun miðhálandisþjóðgarðs sé af hinu góða. Innan vébanda miðhálandisþjóðgarðs má finna búsetulandslag eins og í Bárðardal, Ásbyrgi, hálandisbyggðina á Jökuldalsheiði og á svæðunum undir jökli, svo sem í Skaftafelli. Þá eru mörg svæði tengd gömlum þjóðsögum og útilegumönnum og minjar því tengdar. Fornar leiðir eru víða á miðhálandinu og gefa möguleika á að fylgt sé í spor fornanna svo sem Biskupaleið norðan Vatnajökuls, Sprengisandur, leiðir sjómanna yfir Vatnajökul o.fl. Hugsa þarf að því að ferðamennska á minjasvæðum falli vel að minjum á svæðunum og hafa skal vernd þeirra í fyrirrími. Óheft fjöldaferðamennska er ekki af hinu góða, það þarf að stýra ferðamennsku á Íslandi. Ferðamennsku sem tengist eða getur haft áhrif á menningarminjar þarf að skipuleggja í samráði við Minjastofnun Íslands og fylgja í því ferli minjalögum.

Vörur

Hér er fjallað um möguleika á mörkun/auðkenningu á vörum sem tengjast þjóðgarðinum með tilvísun í ákveðinn umhverfisgæðastimpil. Slíka auðkenningu fá vörurnar vegna þeirrar áherslu sem lögð er á að vernda umhverfi og náttúru þjóðgarðsins. Nú þegar er töluverð nýting á jurtum af miðhálandinu og eru t.d. bæði í Sænautaseli og á Skriðuklaustri seldar vörur með vísanir í gamlar hefðir og menningu s.s. fjallagrös og sultur. Þá eru víða framleiddar vörur úr hráefni af miðhálandinu sem vísa í hefðbundið handverk og menningararfinn, t.d. vörur úr hreindýrahornum og skinni. Miklir möguleikar eru að mati Minjastofnunnar í auðkenningu á vörum ekki eingöngu með tilvísun í hina hreinu og ósnortnu náttúru heldur einnig í hinn hefðbundna menningararf þar sem lífrænt efni af svæðinu eru nýtt á umhverfisvænan máta. Hið

enska hugtak yfir mörkun/auðkenningu „branding“ er vel þekkt innan menningarminjageirans á alþjóðavísu.

Rekstur

Áætlað er að miðhálandisþjóðgarður geti náð yfir allt að 40% af flatarmáli Íslands. Með aukinni áherslu á fræðslu og til að tryggja sem mesta verndun menningarminja telur Minjastofnun Íslands hér myndast gott tækifæri hjá miðhálandisþjóðgarði, verði hann stofnaður, til að ráða fornleifafræðinga í fastar stöður. Athygli vekur að ekki er neinn fornleifafræðingur í fastri stöðu hjá þjóðgarði á Íslandi þrátt fyrir að verndun minja sé, ásamt vernd náttúru, ein af helstu ástæðum fyrir stofnun þjóðgarða á heimsvísu eins og á er bent í drögunum.

Rannsóknir

Það eru mörg verkefni sem geta orðið til innan þjóðgarðsins sem beinast að rannsóknum á fornleifum. Það á eftir að vettvangsskrá mörg svæði og rannsaka minjarnar þar. Innan þjóðgarðsins verða til rannsóknartækifæri tengd skráningu, mati á minjagildi, miðlun, vöktun minja og uppgreiftri. Heildstæðar rannsóknir í formi fornleifaskráningar á stærri svæðum og uppgroftur á einstaka svæðum gefa möguleika á nýjum uppgötvunum og vitneskju um sögu Íslands. Slík rannsóknarvinna er í raun nauðsynleg ef uppfylla á markmið stofnunar þjóðgarðs við að vernda menningarminjar og kynna sögu svæðisins fyrir almenningi.

Samræmt valddreifit verklag

Nefndin telur mikilvægt að lögð sé áhersla á þátt samræmnds valldreifðs verklags í vinnu við stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu til að skapa tækifæri til samfélagssáttar um náttúruvernd. Hér þarf líka að huga að minjavernd og því að verklagið falli að minjalögum og samráð sé haft við Minjastofnun.

Tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu þjóðgarðs á miðhálandinu

Í tillögum að helstu áherslum í atvinnustefnu þjóðgarðs eru eftirfarandi markmið sett fram; „*Helstu markmið með stofnun þjóðgarða eru að vernda náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar og tryggja aðgengi almennings að svæði til sjálfbærrar hefðbundinnar nýtingar, útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins.*“

Þrátt fyrir að vernd menningarminja og aðgengi almennings að sögu svæðisins séu meðal helstu markmiða með stofnun þjóðgarðs er ekki frekar minnst á þann hluta markmiðanna í skjalinu. Í **fjórdu málsgrein stendur svo**; „*Að því sögðu leggur nefndin áherslu á að stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu eigi að tryggja vernd náttúru svæðisins.*“ **Eins og áður hefur komið fram teljast** menningarminjar ekki til náttúruminja og falla undir önnur lög, ráðuneyti og stjórnsýslustofnun og nær þessi setning ekki til þeirra. Hér telur Minjastofnun Íslands að bæta **ætti að við „... og menningarminja.“ í lok setningar enda verndun þeirra eitt af helstu markmiðum þjóðgarðs.**

Í sýn nefndar á helstu áherslur í atvinnustefnu þjóðgarðs á miðhálandinu er hvergi minnst á menningarminjar, menningu né sögu. Fjallað er um að fræðsla um náttúruverðmæti og miðlun á tækifærum til upplifunar í þjóðgarðinum eigi að vera hluti af stefnu garðsins við að ýta undir **fjölbreytta starfsemi innan hans. Hér mætti bæta inn orðinu menningarverðmæti** ; „*að fræðsla um náttúru- og menningarverðmæti*“. Þá þarf að huga að því að möguleg gjaldtaka samræmist minjalögum.

Samráð

Hér er megináhersla á að gæta beri að ólíkum aðstæðum innan landshluta og einstakra svæða innan miðhálandisins og nálgast samráð með tilliti til þess. Minjastofnun Íslands er með starfstöðvar um land allt og starfa þar sérfræðingar innan minjaverndar sem þekkja sín svæði vel.

Miðlun og fræðsla

Talið er að öflug miðlun og fræðsla muni auka skilning gesta á náttúru og menningu svæðisins og ánægju þeirra af upplifuninni. Möguleikar til að þróa mismunandi auðkenni ólíkra svæða byggð á náttúru, landslagi, hefðum og menningu þeirra eru nefnd til sögunnar. Minjastofnun bendir á að til þess að hægt sé að þróa slík undirauðkenni geti þurft að fara í rannsóknir t.d. fornleifaskráningu eða fornleifauppgröft. Einungis menntaðir fornleifafræðingar geta stýrt þeirri vinnu.

Umsjón

Hér er fjallað um að tryggja þurfi yfirsýn yfir umsjón svæða innan þjóðgarðsins. Fram kemur að: *„Nauðsynleg er að fullnægjandi landvarsla verði byggð upp til að tryggja vernd náttúru og menningarsögulegra minja og til að tryggja að ferðamenn fái viðhlítandi leiðbeiningar og fræðslu.“* **Hér** bendir Minjastofnun Íslands enn og aftur á nauðsyn þess að þjóðgarðar hafi starfandi innan sinna vébanda sérfræðing í menningarminjum.

Gjaldtaka og samningar

Minjastofnun ítrekar mikilvægi þess að öll gjaldtaka og samningar almennt um nýtingu menningarminja innan þjóðgarða séu í samræmi við minjalög.

Minjastofnun Íslands fer hér með fram á aukið samtal milli stofnunarinnar og nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Svæðið einkennist ekki einungis af víðernum þar eru einnig fjöldi fornleifa og búsetulandslag sem nauðsynlegt er að taka tillit til.

Með ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. ágúst 2019
MÍ201812-0094/6.00/ K.H.S.

**Efni: Stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Mörk,
verndarflokkar, aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar**

Minjastofnun Íslands hefur ítrekað vakið athygli á að umhverfis- og auðlindaráðuneyti hefur með lagafrumvörpum sínum er snerta náttúruvernd, á undanförunum árum, verið að teygja sig verulega inn á lögformlegt valdsvið stofnunarinnar. Hefur það verið gert án samráðs eða samtals við yfirvöld menningarminja í landinu. Í sumum tilfellum hafa lagagreinar verið lagfærðar en þrátt fyrir ákveðna viðleitni skortir verulega á að náttúrugeirinn sýni það að hann hafi skilning á skilum á milli náttúruverndar og verndar menningarminja. Það á einnig við í þessu tilfelli þar sem fjallað er um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi eins og útskýrt verður hér á eftir.

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands hefur ekki verið boðaður sérstaklega á fund með nefndinni sem stendur að gerð tillögunnar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands og telur Minjastofnun það grafalvarlegt mál. Þótt áhersla sé á náttúruminjar þá er einnig minnst á menningarminjar í greinargerðinni og má ætla af henni að þjóðgarðurinn muni fara með stjórnarsýslu einstakra menningarminja og menningarlandslags innan þjóðgarðsins. (sbr. efst á bls. 5 í greinargerð). Þar segir m.a. að stofnun þjóðgarðsins snúi *sérstaklega að vernd og viðhaldi lítt snortinna víðerna, náttúruverðmæta og menningarminja hálandisins á heildstæðan hátt*. Hvað þýðir hér „á heildstæðan hátt“ og hvernig snertir það framkvæmd laga um menningarminjar nr. 80/2012 ?

Minjastofnun Íslands hefur áður gert ítarlegar og alvarlegar athugasemdir við frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og enn á ný eiga sömu athugasemdir við varðandi greinargerð þessa um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi. Niðurlag þeirra athugasemda er því haft hér með sem fylgiskjal. Minjastofnun telur að það vanti allmennt heildstæða hugsun um hlutverk þjóðgarða, ekki síst um vernd menningarminja innan þeirra. Minjastofnun telur að mikil

Óvissa geti skapast um framkvæmd minjavörslu í landinu gangi þetta eftir óbreytt. Spurning Minjastofnunar er þessi: stendur til að taka stjórnarsýslu menningarminja á svæðinu af Minjastofnun Íslands og færa undir stjórn miðhálandisþjóðgarðs? Eiga lög um menningarminjar ekki að gilda innan þjóðgarðsins? Slíkt telur Minjastofnun ótækt og bendir jafnframt á að málefni menningarminja, þ.m.t. friðlýsing þeirra heyrir ekki undir umhverfis- og auðlindaráðherra.

Í þessu máli er ekki tekin ábyrg afstaða til menningarminja innan miðhálandisþjóðgarðs. Það er verið að þróa stjórnir yfir hinum ýmsu náttúrusvæðum landsins, þar á meðal innan fyrirhugaðs miðhálandisþjóðgarðs, án þess að gert sé ráð fyrir að ríkisstofnunin sem hefur það lögformlega hlutverk að stýra vernd menningarminja í landinu hafi þar aðkomu. Minjastofnun og starfsmönnum hennar er skipað í flokk með áhugamannafélögum í náttúruvernd en ekki litið á hana sem það stjórnvald sem hún er. Horft er fram hjá því að friðlýst svæði á Íslandi eru ekki eingöngu náttúruverndarsvæði og þ.a.l. friðlýst skv. náttúruverndarlögum, heldur er fjöldi friðlýstra menningarminja í landinu. Margar þeirra eru innan fyrirhugaðs miðhálandisþjóðgarðs og að auki eru þar aldursfriðaðar minjar sem náð hafa 100 ára aldri. Þrátt fyrir þetta hefur ekki verið rætt við Minjastofnun um málefni miðhálandisþjóðgarðs, eða áhrif friðlýstra menningarminja á mörk þjóðgarðsins.

Virðingarfyllst,


Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður

Afrit sent:

Fylgiskjal 1. Umsögn Minjastofnunar Íslands: Frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun (Drög 25. júlí 2018).

Fylgiskjal 1.

Frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun (Drög 25. júlí 2018)

Umsögn Minjastofnunar Íslands

Niðurlag:

Minjastofnun Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarpsdrög til laga um Þjóðgarðastofnun dags. 25. júlí 2018 sem endurspeglast sumpart í ofangreindum athugasemdum við breytingartillögur á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 dags. 25. júlí 2018. Það er ljóst að við gerð frumvarpsdraganna hefur ekki verið tekið tillit til laga um menningarminjar nr. 80/2012 og starfssviðs Minjastofnunar Íslands, sem ætti þó að veða býsna þungt þegar verið er að fjalla um vernd og nýtingu menningarminja. Minjastofnun ber ábyrgð á minjavörslu í landinu í umboði mennta- og menningarmálaráðherra og hefur forræði á allri ráðstöfun í tengslum við minjar. Nú er það mennta- og menningarmálaráðuneytið sem fer með stjórn málaflokksins, en ekki er að sjá að haft hafi verið samráð við það ráðuneyti við gerð frumvarpsins. Minjastofnun fær ekki séð hvernig ráðuneyti sem hefur ekki umsjón með menningarminjum á Íslandi getur samið lög sem snertir verulega þann málaflokk. Þeir sem komu að gerð frumvarpsins eru taldir upp í inngangi að greinargerð og er ljóst að enginn þeirra hefur sérþekkingu á málefnum menningarminja eða framkvæmd laga um málaflokkinn. Fyrir vikið skortir heildarsýn um hvernig framkvæmd minjavörslu er háttað í landinu og hvernig henni ætti að vera háttað í þjóðgörðunum og á friðlýstum náttúruverndarsvæðum og hvernig hún tengist og samræmist framkvæmd minjavörslu á landsvísu. Mikil vinna var lögð í gerð laga um menningarminjar nr. 80/2012 og stóð sá undirbúningur yfir í mörg ár. Minjavarsla á Íslandi á sér langa hefð og byggir í grunninn á lögum um verndun fornmenja frá 1907. Náttúruverndin á sér mun styttri sögu en hún hefur eflst verulega á undanförunum áratugum og á sér öfluga og duglega stuðningsmenn. Sú umhyggja og vinna í náttúruvernd hefur skilað sér í almennri virðingu þjóðarinnar fyrir náttúru landsins.

Við gerð frumvarps um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða landsins hefur því miður eitthvað brugðist, því í lagafrumvarpinu er gengið fram hjá þeim aðilum sem hafa lögformlegt hlutverk hvað varðar jarðfastar menningarminjar á Íslandi, þar með talið í þjóðgörðunum. Minjastofnun Íslands telur það mikilvægt að vandað sé til verka og hin nýju lög verði ekki til þess að flækja umhverfi minjavörslunnar og skapa óvissu um valdsvið og hlutverk stofnana eins og yrði ef ekki verður unnið betur með frumvarpið og því í raun umbylt.

Minjastofnun Íslands lítur svo á að aukið hlutverk þjóðgarða við vernd og eftirlit með menningarminjum geti orðið til heilla fyrir framkvæmd minjavörslu í landinu. Með því móti má samnýta krafta og fjármagn til verndar bæði náttúru og menningarminjum á umræddum svæðum. Allar breytingar á lögum, reglum og verklagi í þá átt þarf hins vegar að gera með virkri aðkomu Minjastofnunar og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Mikilvægt er að vel sé staðið að slíkri framkvæmd og að hún verði í samræmi við stefnu stjórnvalda í báðum málaflokkum og að öll aðkoma þjóðgarða að minjavernd sé unninn í náinni samvinnu við lögbundin yfirvöld minjaverndar í landinu.

Faint, illegible text at the top of the page, possibly a header or introductory paragraph.

Second block of faint, illegible text, appearing to be the start of a main section.

Third block of faint, illegible text, continuing the main body of the document.

Fourth block of faint, illegible text, possibly a concluding paragraph or a separate section.

Fifth block of faint, illegible text at the bottom of the page, possibly a footer or signature area.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun

Umsögn Minjastofnunar Íslands

Minjastofnun Íslands hefur nú til umsagnar tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Tillögurnar eru kynntar í samráðsgátt Stjórnarráðsins dags. 4. apríl 2019. Minjastofnun vekur athygli á að stofnunin á ekki fulltrúa í þverpólitískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu né hefur hún haft aðkomu að gerð þessara tillagna þótt verið sé að fjalla um gerð stjórnunar- og verndaráætlun sem meðal annars snertir menningarminjar á landsvæði sem þekur um 40% landsins.

1. Stjórnunar- og verndaráætlanir

Um stjórnun og vernd menningarminja á Íslandi eru í fullu gildi ***lög um menningarminjar nr. 80/2012***. Tilgangur þeirra laga er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Löggin eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim. Sérstök stofnun, Minjastofnun Íslands, annast framkvæmd verndunar og vörslu menningarminja í landinu samkvæmt lögum nr. 80/2012 í umboði mennta- og menningarmálaráðherra.

Í kafla um stjórnunar- og verndaráætlanir er vísað í 81.gr. íslenskra laga um náttúruvernd þar sem fjallað er um stjórnunar og verndaráætlun og tekin eru til helstu meginatriði sem stjórnunar- og verndaráætlun feli í sér. Hvergi kemur fram að hér geti fleiri lög en náttúruverndarlög átt við. Nauðsynlegt er að stjórnunar- og verndaráætlun byggji einnig á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og aðkoma Minjastofnunar Íslands að stjórnunar- og verndunaráætlunum vegna menningarminja innan miðhálandisþjóðgarðs sé skýrð. Einnig mætti hugsa til þess, vegna mikilvægis þess málaflokks sem Minjastofnun sinnir innan þjóðgarða, sé rétt að fulltrúar stofnunarinnar sitji í stjórn miðhálandisþjóðgarðs. Þá er mikilvægt að hafa í huga að Minjastofnun og lög um menningarminjar nr. 80/2012 og þar með stjórnun og verndun menningarminja heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra en þjóðgarðar undir ráðherra umhverfis- og auðlindamála.

2. Samráð

Ekki hefur verið formlega leitað eftir samráði við Minjastofnun Íslands vegna gerðar tillaga að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun. Þar sem ljóst er að stjórnunar- og verndaráætlun snertir minjar að miklu leyti er nauðsynlegt að haft sé náð samráð og samstarf við Minjastofnun Íslands á öllum stigum við gerð hennar.

3. Framsetning og inntak

Tekið er fram að áætlun verði skýr og myndræn í framsetningu og að aðkoma og sýnileiki samráðsaðila við vinnslu áætlunarinnar verði mikill. Upplýsingar um samráðsaðila eigi því að koma fram strax á fyrstu síðum skjalsins. Minjastofnun Íslands telur aukinn sýnileika samráðsaðila af því góða og ættu upplýsingar um stofnunina því að koma hér fram.

Nefndin telur „að samráð við hagaðila og eðlileg nýting hálandisins þurfi að liggja til grundvallar löggjöf og/eða áætlunum til stýringar, samhliða náttúruverndarmarkmiðum þjóðgarðs“. Hér telur Minjastofnun að þurfi að breyta orðalagi í „að samráð við hagaðila og eðlileg nýting hálandisins þurfi að liggja til grundvallar löggjöf og /eða áætlunum til stýringar, samhliða náttúru- og **minjaverndar**-markmiðum þjóðgarðs“.

4. Efnisleg áhersluatriði

Í töflu 1 eru sýndar tillögur að helstu áherslum nefndarinnar í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðs á miðhálandinu. Þar kemur fram að verndarmarkmið snúi sérstaklega að viðhaldi víðerna, náttúruverðmæta og menningarminja á heildstæðan hátt. Athuga þarf að aðrar áherslur svo sem aðgengi, atvinnustefna, og samningar hafi einnig vernd menningarminja að leiðarljósi.

5. Dreifstýring/vald heimamanna

Dreifstýring og þátttaka sveitarfélaga og hagaðila í stjórnun og skipulagi t.a.m. í gegnum svæðis- og umdæmisráð er talin skilyrði fyrir framgang verkefnisins. Minjastofnun telur að fara þurfi varlega í að fyrst og fremst séu settir sveitarstjórnarmenn og fulltrúar hagsmunasamtaka á sviði náttúruverndar og ferðamála í héraði í ráð og nefndir, sem ætlað er að setja stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir viðkomandi svæði. Með þessu er hætta á að verið sé að færa ákvörðunarvaldið frá fagaðilum yfir í svæðis- og jafnvel hagsmunapólitík. Minjastofnun hefur starfsstöðvar um allt land þar sem starfa minjaverðir, sérfræðingar í menningarminjamálum síns svæðis og ættu þeir að hafa aðkomu að svæðis- og umdæmisráðum.

6. Vernd náttúru og menningarminja svæðisins

Fram kemur að verndarmarkmið þjóðgarðs á miðhálandinu skulu snúa sérstaklega að vernd og viðhaldi lítt snortinna víðerna, náttúruverðmæta og menningarminja hálandisins á heildstæðan hátt, þó einnig verði horft til stakra svæða, náttúruyfyrirbæra eða minja. Til menningarminja eru talin upp bæði

áþreifanlegar minjar og óáþreifanlegar minjar s.s. hefðir og menningarsaga. Hér má bæta við hugtakinu menningarlandslag, en það er landslag og minjaheild mótuð af athöfnum og hefðum manna.

Möguleiki á svæðisskiptingu verndar innan þjóðgarðs m.t.t. til markmiða verndar á hverju svæði er talið lykilatriði í stjórnunar- og verndaráætlun. Minjastofnun minnir á að alla slíka vinnu þarf að vinna í samráði við stofnunina.

7. Aðgengi og almannaréttur

Lögð er áhersla á að réttur almennings til útivistar, upplifunar og náttúrufræðslu komi skýrt fram. Hér mætti bæta við menningar- og minjafræðslu. .

8. Atvinnustefna

Minjastofnun Íslands tekur undir það sjónarmið nefndar að atvinnustefna þurfi að vera fullmótuð áður en þjóðgarður tekur til starfa. Slíka stefnu þarf að vinna í samráði við Minjastofnun Íslands

9. Samstarf/samningar við heimaaðila

Samstarf, þjónustusamninga og umsjónarsamninga þarf að vinna í samráði við Minjastofnun Íslands. Huga þarf að hvernig slíkir samningar koma að minjum áður en þeir eru gerðir.

10. Nytjaréttur á hálendinu

Minjastofnun gerir engar athugasemdir við þennan kafla

11. Samgöngur á hálendi

Þróun og uppbygging samganga svo sem viðhald og lagfæringar vega í þjóðgarði þarf að vinna í samstarfi við Minjastofnun Íslands.

12. Öryggismál og vöktun

Minjastofnun gerir engar athugasemdir við þennan kafla

13. Þjónusta, fræðsla og upplýsingar

Mikilvægt er að landverðir og aðrir starfsmenn séu vel að sér um menningarsögu og minjar síns svæðis til að geta betur stuðlað að vernd þeirra, og einnig til að geta miðlað þeim upplýsingum áfram til almennings. Upplýsingar um minjar má nálgast hjá minjavörðum hvers svæðis og hjá skrifstofu Minjastofnunar Íslands í Reykjavík.

Niðurlag

Minjastofnun ber ábyrgð á minjavörslu í landinu í umboði mennta- og menningarmálaráðherra og hefur forræði á allri ráðstöfun í tengslum við minjar Minjastofnun Íslands lítur svo á að stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu geti orðið til heilla fyrir framkvæmd minjavörslu í landinu. Með því móti má samnýta krafta og fjármagn til verndar bæði náttúru og menningarminjum á umræddum svæðum. Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Þjóðgarðs á miðhálandinu þarf að gera með virkri aðkomu Minjastofnunar Íslands. Mikilvægt er að vel sé staðið að slíkri framkvæmd og að hún verði í samræmi við stefnu stjórnvalda í báðum málaflokkum og að öll aðkoma Þjóðgarðsins að minjavernd sé unninn í náinni samvinnu við lögbundin yfirvöld minjaverndar í landinu.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunnar Íslands


Inga Sólveig Kristjónsdóttir
Verkefnastjóri



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rannsóknar- og
miðlunarsvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Inga Sóley
Kristjónudóttir

ingasoley@minjastofnun.is

Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

31. október 2019

MÍ201812-0094/ 6.00 / I.S.K.

Stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands:

Tillögur að áherslum í lagafrumvarpi um þjóðgarð og umfjöllun um fjármögnun þjóðgarðs

Minjastofnun hefur nú til umsagnar tillögur að áherslum í lagafrumvarpi um þjóðgarð og umfjöllun um fjármögnun þjóðgarðs sem kynntar voru í samráðsgátt Stjórnarráðsins dagsett 11. október 2019. Minjastofnun vekur athygli á að stofnunin á ekki fulltrúa í þverpólitískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og hefur ekki haft neina aðkomu að gerð þessara tillagna þrátt fyrir að á svæðinu séu fjölbreyttar fornleifar .

(a)Áherslur þverpólitískrar nefndar sem fram munu koma í lagafrumvarpi um þjóðgarð á miðhálandinu

Í áherslum þverpólitískrar nefndar sem fram munu koma í lagafrumvarpi um þjóðgarð á miðhálandinu er lagt til að sett verði sérlög um miðhálandisþjóðgarð sem felld verði að lagaumhverfi um friðlýst svæði en nái eingöngu til miðhálandisþjóðgarðs. Minjastofnun Íslands telur það mikilvægt að vandað sé til verka og hin nýju lög verði ekki til þess að flækja umhverfi minjavörslunnar og skapa óvissu um valdsvið og hlutverk stofnana. Það er því miður reynsla stofnunarinnar vegna ýmissa lagabreytinga undanfarinna ára sem snerta stofnanir Umhverfis- og auðlindaráðuneytis og náttúruvernd. Hér er að um að ræða lög um þjóðgarð sem mun ná yfir um 40% landsins en þar má finna mikinn fjölda menningarminja af fjölbreyttum toga. Fjallað er um friðlýst náttúrusvæði í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Minjastofnun Íslands vekur athygli á að um friðlýstar og friðaðar menningarminjar og menningarlandslag er fjallað í lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Stjórnsýsla þeirra er í höndum Minjastofnunar Íslands og heyrir málaflókkurinn undir Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Mikilvægt er að vel sé staðið að gerð lagafrumvarpsins og að það verði í samræmi við stefnu stjórnvalda í báðum málaflókkum og að öll aðkoma þjóðgarðsins að minjavernd sé unninn í náinni samvinnu við lögbundin yfirvöld minjaverndar í landinu.

1. Stofnun Miðhálandisþjóðgarðs

Í fyrsta kafla tillögu nefndar eru talin upp helstu markmið sem leggja eigi til grundvallar við útfærslu texta lagafrumvarps um miðhálandisþjóðgarð. Meðal helstu markmiða sem talin eru upp eru varðveisla og kynning menningarminja og menningar og sögu þjóðgarðsins. Ennfremur er talað um að auðvelda eigi almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og að stuðla eigi að því að almenningur geti stundað heilnæma útivist innan þjóðgarðsins í sátt við náttúru. Hér má greina skort á heildstæðri hugsun þar sem ekki er minnst á menningarminjar en ekki er síst mikilvægt að aðgengi og útivist fari fram í sátt við menningarminjar í þjóðgarði þar sem vernd sögu og menningarminja er talið upp meðal helstu markmiða þjóðgarðsins. Skýrt þarf að koma fram að um menningarminjar gildi lög um menningarminjar nr. 80/2012 og að fara skuli að þeim.

2. Stjórn og umdæmisráð

Byggja á stjórnskipulag þjóðgarðsins á dreifðri stjórnun þar sem svæðisráð marka stefnu og fari með umsjón hvers rekstrarsvæðis, þ.m.t. meginákvæðanir um landnýtingu í stjórnar- og verndaráætlun. Stjórn verði yfir þjóðgarðinum sem fari með stefnumörkun í málefnum þjóðgarðsins í heild. Í svæðisráðum og stjórn skuli sitja fulltrúar sveitarfélaga, bænda/nytjaréttahafa, útivistar-, umhverfisverndar- og ferðamálasamtaka. Minjastofnun telur að fara þurfi varlega í að fyrst og fremst séu settir sveitarstjórnarmenn og fulltrúar hagsmunasamtaka á sviði náttúruverndar og ferðamála í ráð og stjórn. Með þessu er hætta á að verið sé að færa ákvörðunarvaldið frá fagaðilum yfir í svæðis- og jafnvel hagsmunapólitík. Miðhálandisþjóðgarður mun ná yfir allt að 40% Íslands. Ljóst er að gríðarlegur fjöldi menningarminja er að finna innan fyrirhugaðra marka hans. Minjastofnun hefur starfsstöðvar um allt land þar sem starfa minjaverðir sem eru sérfræðingar í menningarminjamálum síns svæðis. Ættu þeir að hafa aðkomu að svæðis- og umdæmisráðum. Þá ætti forstöðumaður Minjastofnunar að sitja í stjórn þjóðgarðs.

3. Starfsemi í þjóðgarðinum, landnýting og þjónusta

Mikilvægt er að starfsemi, landnýting og þjónusta og ákvarðanir um þá þætti fari að lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

4. Önnur atriði

Nefndin leggur sérstaka áherslu á nokkur atriði sem hugsanlega þurfi að útfæra með öðrum hætti en inni í lagatexta. Hér er um að ræða tekjur sveitarfélaga á þjóðlendum og samstarfssamninga Miðhálandisþjóðgarðs við félög, sjálfboðaliða og annarra aðila sem starfa innan þjóðgarðsmarka um þjónustu fyrir þjóðgarðinn. Skýrt þarf að koma fram í texta að slíka samninga þarf að vinna í samráði við Minjastofnun Íslands og huga að hvernig slíkir samningar snerta menningarminjar áður en þeir eru gerðir.

(b) Umfjöllun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs

Hér kemur fram að tvær stofnanir umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Vatnajökulsþjóðgarður og Umhverfisstofnun fari nú með málefni friðlýstra svæða á miðhálandinu. Vissulega er það rétt að þessar stofnanir fari með málefni friðlýstra náttúrusvæða. Með málefni friðlýstra og friðaðra menningarminja fer hins vegar Minjastofnun Íslands en hún heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Í umfjöllun nefndar kemur fram að á síðustu árum hefur auknu fé verið varið í vernd náttúru og menningarminja á Íslandi og nýtt til aukinnar landvörslu og vinnu við friðlýsingar og innviðaupbyggingar til verndar náttúru landsins og menningarminjum þar sem álag hefur aukist samhliða auknum ferðamannastraumi. Í samráðsvinnu nefndarinnar hefur komið fram sjónarmið um að þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði á Íslandi séu vanfjármögnuð og telur nefndin liggja fyrir að þörf sé á umtalsverðri aukningu fjármagns umfram það sem nú er varið til starfsemi tengdri náttúruvernd á miðhálandinu þar sem um stærra svæði er að ræða. Minjastofnun bendir á að menningarminjavernd á Íslandi sé verulega vanfjármögnuð og fjármagni sem veitt er til menningarminja er engan veginn í samræmi við það sem stofnanir náttúruverndar fá frá ríkinu. Er því mikil þörf á auknar fjárveitingar í þann málaflokk eigi að vera hægt að uppfylla markmið þjóðgarðsins um verndun menningarminja. Þess má geta að ekki hefur verið veitt auknu fé til friðlýsinga á menningarminjum.

Niðurlag

Minjastofnun ber ábyrgð á menningarminjavörslu í landinu í umboði mennta- og menningarmálaráðherra og hefur forræði á öllum ákvörðunumvarðandi menningarminjar. Minjastofnun Íslands lítur svo á að stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu geti orðið til heilla fyrir framkvæmd menningarminjavörslu í landinu. Standa þarf vel að gerð lagafrumvarps um miðhálandisþjóðgarð og gæta þess að það verði í samræmi við stefnu stjórnvalda í bæði náttúru- og menningarminjavernd. Lagafrumvarpið þarf að falla að lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Mikilvægt er að öll aðkoma þjóðgarðsins að menningarminjavernd sé unnin í náinni samvinnu við lögbundin yfirvöld menningarminjaverndar í landinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunnar Íslands



Inga Sóley Kristjónudóttir
Verkefnastjóri

Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Náttúruverndarsamtök Austurlands fagnar áformum um stofnum þjóðgarðs á miðhálandi Íslands sem nú er unnið að. Í þessu sambandi vill stjórn NAUST leggja sérstaka áherslu á að afmörkun þjóðgarðs á því svæði sem ekki hefur verið lokið við að marka þjóðlendu um á austurhálandi Íslands verði tekið til gagngerar skoðunar af hálfu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og miðhálandisnefndar sem fer með málaflokkinn. Fyrir liggur að Hraunasvæðið sem eftir stendur óraskað og óspillt utan áhrifasvæðis stórvirkjana þar á nærsvæðinu er í raun eina ósnortna víðerni sem eftir stendur á hálandi Austurlands.

Sé litið til tillögu í þeim drögum sem liggja hér fyrir til umsagnar hlýtur NAUST að gera þá kröfu til þeirrar þverpólítísku nefndar sem fjallar um afmörkun á Miðhálandisþjóðgarði að tillaga verði gerð um að það sem eftir stendur af svokölluðu Hraunasvæði verði með öllu skilgreind sem þjóðlenda og þar með innleidd sem hluti af miðhálandisþjóðgarði. Þar með talið verði einnig allt land í eigu ríkisins í landi Þingmúla á Hraunum og nágrenni sömuleiðis fellt inn í þjóðgarðinn.

Ekki verður annað séð í hjálögðum tillögum nefndarinnar en að krafa þessi af hendi NAUST falli vel að öllu leyti að þeirri sýn sem sett er fram í þeim tillögum sem liggja hér fyrir til athugasemda, samanber eftirfarandi texti í tillögum nefndar um Miðhálandisþjóðgarð sjá hér meðfylgjandi.

Áherslur miðhálandisnefndar:

Mörk

- 1. Að mörk miðist við þjóðlendur á miðhálandinu auk þegar friðlýstra landsvæða á miðhálandinu.**
- 2. Nefndin leggur ekki til að þjóðgarður ná inn á eignarlönd en telur mikilvægt að landeigendur sem það kjósa geti óskað eftir því að jarðir þeirra að hluta eða öllu leyti verði innan þjóðgarðs.**
- 3. Nefndin leggur til að ríkisjarðir geti fallið að hluta eða öllu leyti innan þjóðgarðsmarka, kjósi þeir aðilar sem fara með umsjón lands fyrir hönd ríkisins að leggja það til.**

Í ljósi liðar nr. 3. í tillögum nefndarinnar liggur fyrir að ekkert er til fyrirstöðu að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og miðhálandisnefnd geri skýlausa kröfu á að allt það land sem eftir stendur óraskað og er í ríkiseigu á austurhálandi Íslands verði í ljósi eignarhalds fellt innan marka þeirrar tillögu sem unnið er að um afmörkun þjóðgarðsins. Eftir sem áður mun hefðbundin núverandi nýting landsins haldast óbreytt.

Náttúruverndarsamtök Austurlands telja að friðun þess hluta sem eftir standur ósnortinn á hinu afmarkaða Hraunasvæði á hálandi Austurlands sé eitt stærsta einstaka náttúruverndarmál sem Austurland stendur frammi fyrir.

F. h. Náttúruverndarsamtaka Austurlands

Andrés Skúlason formaður.

Náttúrufræðistofnun telur framlagða greinargerð, „Greiningu tækifæra með stofnun Þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu" vera vandaða samantekt um framangreint og þau áhrif sem geta orðið vegna stofnun þjóðgarðs og reksturs hans hvað þessa þætti snertir. Hlutverk Náttúrufræðistofnunar hvað varðar byggðapróun og atvinnulíf er í flestum tilvikum að veita upplýsingar um náttúru landsins svo meta megji bæði verndargildi náttúrufarsþátta og hugsanleg áhrif á þá. Þannig er hlutverk stofnunarinnar að leiðbeina um landnotkun með það að markmiði að hún hafi sem minnst og helst engin áhrif á vistkerfi eða jarðminjar þ.e. að ætíð sé um sjálfbæra nýtingu að ræða. Í framlagðri greinargerð koma grunn markmið um stofnun þjóðgarðs skýrt fram þ.e. meginmarkmiðin eru náttúruvernd og að gefa almenningi tækifæri á að njóta náttúru viðkomandi svæðis. Einnig kemur skýrt fram í inngangi greinargerðarinnar, í umfjöllun um innviði og í kafla um „Tillögur að helstu áherslum í atvinnustarfsemi þjóðgarðs á miðhálandinu" að öll atvinnustarfsemi verði að taka mið af markmiðum náttúruverndar og þar sérstaklega vísað í varúðarregluna.

Eins og kemur fram í greinargerðinni er miðhálandið eitt stærsta landsvæði í Evrópu þar sem ekki er föst búseta og að því leitinu er svæðið ólíkt mörgum þjóðgördum í Evrópu þar sem töluverð byggð er innan þeirra, jafnvel heilu bæirnir. Með bættum samgöngum má segja að öll svæði Íslands séu nærsvæði þjóðgarðsins og í huga Íslendinga er miðhálandið allra auk þess sem um er að ræða þjóðlendur að mestu leiti. Engu að síður má ætla að íbúar þeirra sveitarfélaga sem ná inn á miðhálandið geti og muni tengjast mikið atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins verði að honum og þannig hefur hann meiri áhrif á byggðapróun þeirra en t.d. höfuðborgarsvæðisins eða Vestfjarða. Í kafla um „Samræmt valdreift verklag" er komið inn á samfélagssátt um náttúruvernd. Til að ná sátt þarf að tryggja að t.d. verndar- og stjórnunaráætlun fyrir þjóðgarðinn í heild gangi framár sérhagsmunum hvort sem um er að ræða ætlaða hagsmuni tiltekinna byggðarlaga eða fyrirtækja þegar um er að ræða atvinnustarfsemi. Atriði sem þarf að ná sátt um geta verið allt frá því að nýta einstakar jurtir til orkuvinnslu. Það er því mikilvægt frá byrjun að allar ákvarðanir byggji á öflugum þekkingargrunni.

Í tillögum nefndarinnar er fjallað um sýn/stefnu hennar eða áherslur og þar er gert ráð fyrir að fullt tillit sé tekið til verndarsjónarmiða. Síðan er fjallað um Samráð, Öryggi & gæði, Byggðafestu, Auðkenni og mörkun, Miðlun og fræðslu, Auðlindir og uppbyggingu, Umsjón, Þjónustuframboð og Gjaldtöku og samninga. Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu á þessu stigi að gera athugasemd við þessa þætti enda þeir stuttar lýsingar á því sem þarf að skoða og leggja þeir grunn að hvernig beri að nálgast ýmsa kosti eða vandamál. Það er þó einn þáttur sem virðist alfarið gleymast og þar er átt við öflun gagna, rannsóknir og vöktun. Stefnan er að atvinnustarfsemi verði í samræmi við meginreglur í umhverfisvernd en því markmiði verður einfaldlega ekki náð nema að ákveðin þekking sé til staðar og hennar verður ekki aflað nema með viðvarandi rannsóknum og vöktun bæði á sviði náttúrufræða og félagsvísinda. Að þessu leiti er því þekkingaröflun bæði hjálpartæki en líka atvinnustarfsemi sem ekki er hægt að flokka sem sér fyrirbæri t.d. aðeins undir þeim þætti sem heitir: „Setja fram áherslur um skiptingu landsvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka" sem ekki er hluti af þessari stefnu/verkefni. Skipting í verndarflokka er aðeins ein nálgun til að ná fram yfirsýn vegna náttúruverndar. Mun flóknara er að meta áhrif af mismunandi starfsemi og rekstri til langs tíma. Náttúrufræðistofnun leggur því til að litið sé á rannsóknir og vöktun sem eitt af áherslum í atvinnustefnu þjóðgarðsins því rannsóknir eru vissulega tiltekinn geiri innan atvinnulífs en ekki eingöngu til að afla grunnupplýsinga eða sem tæki í stjórnslu þó þeir þættir séu vissulega mikilvægir.

Umsögn Náttúruverndarsamataka Íslands

Náttúruverndarsamtök Íslands telja brýnt að fjármögnun þjóðgarðs byggji á traustum grunni. Skoða má gjöld á flug- eða ferjumiða til landsins. Á þann hátt legði ferðaþjónustan mikið til reksturs þjóðagarðs.

Æskilegt er að kannað verði hver sé æskilegur hámarksfjökdi ferðamanna innan þjóðgarðsins.

Vakin er athygli á að umfjöllun vegabætur og samgöngur er of almenn eða óljós.

Fyrir fjármögnun þjóðgarðsins er mikilvægt að tryggja að Miðhálandisþjóðgarðurinn njóti alþjóðlegrar viðurkenningar sem byggji á flokkun IUCN.

Að tryggja að þjóðgarður á miðhálandi njóti alþjóðlegrar viðurkenningar sem byggji á flokkun IUCN.



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Reykjavík 13. ágúst 2019

Tillögur þverpólíttískrar nefndar: *Skilgreining á mörkum þjóðgarðs, áherslur um skiptingu landsvæða innan þjóðgarðsins, umfjöllun um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.*

Umsögn Náttúruverndarsamátaka Íslands

Verndun náttúru á miðhálandinu felur ekki aðeins í sér ýmis atvinnutækifæri, t.d. snar þáttur í ferðamennsku, heldur, og sér í lagi, stuðlar hún að viðhaldi náttúrulegra ferla í vistkerfum og líffræðilegri fjölbreytni bæði til lands og sjávar. Miðhálandið er jafnframt uppspretta hamingju og vellíðunar - fólki er annnt um náttúruna, fegurðina og frelsið upp til fjalla. Óhóflegar virkjunarframkvæmdir eru sennilega líklegri til að leiða til minni möguleika til atvinnusköpunar í landinu heldur en verndun stórra landslags- og vistkerfisheilda. Virkjanir úr hófi fram geta m.a. haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir lífríki í strandsjónum, þ. á m. á nytjafiskistofna. ... Nú þegar hefur verið virkjað umtalsvert á hálandinu. Orkunýting þar á að heyra til undantekninga.

Hilmar Malmquist, 29. júlí 2019.

Náttúruverndarsamtök Íslands fagna fram komnum hugmyndum og lýsa ánægju sinni með þá afstöðu „... að verndarflokkar þegar friðlýstra svæða á miðhálandinu, sbr. auglýsingu viðeigandi friðlýsingar í stjórnartíðindum, haldist óbreyttir innan miðhálandisþjóðgarðs.”

1. Meginstilling nefndarinnar hvað varðar verndarflokka, er að: „rétt sé að skilgreina bæði þjóðlendur í afrétti og þjóðlendur í afréttareign innan miðhálandisþjóðgarðsins í IUCN verndarflokk VI. Aðrar þjóðlendur falli í verndarflokk II“
2. Þessi meginniðurstaða nefndarinnar, að meginhluti nýs Miðhálandisþjóðgarðs ætti að falla í frekar veikan friðunarflokk, vekur nokkra furðu, af þessum ástæðum:
 - a) Við stofnun sambærilegs þjóðgarðs, Vatnajökulsþjóðgarðs var 85% landsvæðis hans settur í verndarflokk II. Þar með var er garðurinn í heild sinni

- réttnefndur þjóðgarður skv. flokki II (þarf um 70 % lands að uppfylla kröfur flokks II), þrátt fyrir að önnur svæði hans féllu í aðra verndarflokka, þ.m.t. V og VI. Þessi forsenda flokkun var einn af hornsteinum þess sem gerði það að verkum að Vatnajökulsþjóðgarður komst á heimsminjaskrá Unesco nú nýlega.
- b) Þrátt fyrir að falla í flokk II, sýnir reynslan frá Vatnajökulsþjóðgarði, að allar hefðbundnar landnytjar á viðkomandi þjóðlendum, héldu áfram að vera heimilar, þ.m.t. veiðar (skot og fisk) og beit.
3. Að einhverju leiti, þótt óskýrt sé, virðist nefndin vísa til þess í megintillögu sinni að þessi flokkun sé nauðsynleg vegna þeirra virkjana sem fyrir eru og mögulegra smávirkjana. Hér er um misskilning að ræða. Til þess að setja virkjunarmannvirki (sem þegar hafa verið byggð) í viðeigandi stjórnunarflokk, þarf ekki að taka stærri svæði en þau sem virkjunarmannvirkin ásamt breyttum farvegum, og flutningsmannvirkjum ná yfir og setja þau í viðeigandi flokk. Ef hann er IUCN flokkur nr. V yrðu það tiltölulega takmörkuð svæði að ræða og líklega langt fyrir neðan 30% sem leyfilegt er að í veikari flokkum en II en samt standast kröfur IUCN um þjóðgarð.
 4. Hvað varðar smávirkjanir, (og þá með þá virkjun sem vitnað er í Vatnajökulsþjóðgarði sérstaklega í huga) þá er heimilt að reisa öll þau mannvirki sem þurfa þykir, þ.m.t. virkjanir, til að ná fram verndar- og stjórnunarmarkmiðum flokks II sem um ræðir. Þar eð eitt af meginmarkmiðum flokks II er ferðamennska er ljóst að sjálfbærar smávirkjanir til að tryggja öryggi og lágmarksþjónustu við ferðafólk er leyfileg skv. skilgreiningum fyrir flokk II.
 5. Landslag, náttúrufar og núverandi landnýting á þessu hálendisvæði sem um ræðir fellur einstaklega vel að lýsingu IUCN um flokk II eða jafnvel Ib. Hinsvegar á lýsingu IUCN um flokk V miklu frekar um byggð svæði, sjá [hér](#).

Miðað við ofangreinda liði er það nokkuð illskiljanlegt að nefndin leggi til að helsti verndarflokkur nýs þjóðgarðs skuli verða verndarflokkur V skv. viðmiðum IUCN. Nefndin hefur ekki sýnt fram á neinar góðar ástæður eða hagsmuni til þess að fórna kostum þess að miðhálandisþjóðgarðurinn verði í IUCN flokki og þess í stað setja garðinn í verndarflokk V án þess skýrt sé hvers vegna það þurfi.

Náttúruverndarsamtökin vekja athygli á að í fréttatilkynningu umhverfisráðherra frá 24. maí 2004, *Tillögur nefndar um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls*, segir:

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að hefðbundnar landnytjar innan þjóðgarðsins geti haldist mikið til óbreyttar, þ.e.a.s. veiðinytjar, beitaraftot á grundvelli sjálfbærrar nýtingar.

Ennfremur segir:

Nefndin leggur til að flokkun verndarsvæðisins með hliðsjón af verndarmarkmiðum og landnýtingu verði ákveðin skv. **alþjóðlegum**

skilgreiningum, þ.e. flokkun Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) um vernduð svæði og hefur nefndin unnið frumdrög að slíkri flokkun fyrir þjóðgarðssvæðið í heild.

og

Nefndin telur að svæðið norðan Vatnajökuls þjóði upp á einstaka möguleika á stofnun þjógarðs í alþjóðlegu samhengi

Allt hefur þetta gengið eftir. Landnytjar hafa haldist óbreyttar og og flokkun verndarsvæðisins innan Vatnajökulsþjóðgarðs, í samræmi við viðmið IUCN hefur reynst heilladrjúg í ljósi þess að hann hefur nú sótt um viðurkenningu sem World Heritage Site.

Sú nálgun sem birtist í skilgreiningum starfandi nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands byggir ekki á alþjóðlegum stöðlum.

.... telur nefndin að í megindrattum sé rétt að skilgreina bæði þjóðlendur í afrétti og þjóðlendur í afréttareign¹ innan miðhálandisþjóðgarðs í IUCN verndarflokk VI. Svokallaðar aðrar þjóðlendur² telur nefndin rétt að fari í IUCN flokk II.

Vissulega er rétt er sem segir í álitum starfandi nefndar, að

Hugtakið þjóðgarður varð til áður en flokkunarkerfi IUCN kom til sögunnar. Það að ákveðið hafi verið að nota orðið „þjóðgarð“ í heiti verndarsvæðis þýðir því ekki endilega að því sé stjórnað í samræmi við skilgreiningu IUCN um slíka tegund verndarsvæðis.

Íslensk stjórnvöld geta vissulega kallað verndarsvæði þjóðgarð þvert á alþjóðlega staðla eða viðmið. Á hinn bóginn fólst mun meiri metnaður í tillögum þeirrar nefndar sem skilaði álitum sínu í maí 2004.

Í [umsögn IUCN](#) um umsókn Vatnajökulsþjóðgarðs segir:

Paragraph 77: Nominated property meets World Heritage criteria.

Paragraph 78: Nominated property meets integrity, and protection and management requirements.

IUCN segir ennfremur í umaögn sinni:

¹ Óljóst er hvað átt er við með *afréttareign* innan þjóðlendna.

² Óljóst er við hvað átt er við með *svokallaðar aðrar þjóðlendur*.

More than 85% of the nominated property is classified as wilderness according to national legislation, and most of the nominated property qualifies for IUCN Category II protected area status.³

Í sjálfri umsókninni segir, að

Most of the property qualifies for IUCN Category II.⁴

Í ljósi þessa eru veigamikil rök fyrir því að stærstur hluti nýs þjóðgarðs á miðhálandinu verði í IUCN verndarflokki II. en ekki V eða VI. Ella er hætt er við að miðhálandisþjóðgarður muni síður ölast alþjóðlega viðurkenningu til gagns fyrir verndun og sjálfbæra þróun ferðaþjónustu á miðhálandinu; viðurkenningu sem stefnt var að með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.


Náttúruverndarsamtökin telja brýnt að nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu starfi í anda þeirrar framsýni og metnaðar sem kom fram í tillögum fyrirrennara hennar frá 2004.

Að lokum

Náttúruverndarsamtök Íslands taka heilshugar undir með Verndarfélagi Svartár og Suðurár um að *Suðurárbotnar, Suðurá og Svartá í Bárðardal, ásamt tungunni milli áanna tveggja og Skjálfandafljóts, verði hluti þjóðgarðs á miðhálandinu.*

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Arni Finnsson.

³ WORLD HERITAGE NOMINATION – IUCN TECHNICAL EVALUATION VATNAJÖKULL NATIONAL PARK: DYNAMIC NATURE OF FIRE AND ICE (ICELAND) – ID N° 1604

⁴ Nomination of Vatnajökull National Park, dynamic nature of fire and ice, for inclusion in the World Heritage List, Snorri Baldursson, Jónas Guðnason, Hrafnhildur Hannesdóttir and Þorvaldur Þórðarson, Vatnajökulsþjóðgarður 2019. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5776cacc-9ef7-11e9-9442-005056bc530c>



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Reykjavík 30. september 2019

Umsögn um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands

Náttúruverndarsamtökin lýsa ánægju sinni með framkomna skýrslu þverpólíttískrar nefndar um stofnun þjóðgarðsins.

Stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands hefur verið í um tvo áratugi. Kaflaskil urðu með stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2018.

Stofnaður verður þjóðgarður á miðhálandinu í samráði þverpólíttískrar þingmannanefndar, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sveitarfélaga, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra hagsmunaaðila. Skoðaðir verða möguleikar á þjóðgöörðum á öðrum svæðum.

Samtökin vekja athygli á að enn hafa [engir kostir](#) „... í verndarflokki rammaáætlunar auk verndarsvæða í samræmi við náttúruverndaráætlun með hliðsjón af stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.” í samræmi við stefnuyfirlýsinguna. Ekki er kunnugt um hvort vinna við friðlýsingar sé hafin. Um er að ræða mikilvæg náttúrusvæði á eða við miðhálandið. Náttúruverndarsamtökin leggja áherslu á að þessi vinna hefjist af krafti enda nátengd vinnu við stofnun hans.

Minnt er á að í stefnuyfirlýsingunni segir **þjóðgarður á miðhálandinu**. Þau mörk eru ekki nefnd í skýrslunni en samtökin vænta þess um þau sé ekki deilt innan nefndarinnar.

Minnt er á að stærstur hluti miðhálandisins er í eigu ríkisins, eign þjóðarinnar. Hagsmunir almennings felast fyrst og fremst í að miðhálandið verði verndað með stofnun þjóðgarðs með ólíkum verndarsvæðum.

Náttúruverndarsamtökin setja spurningamerki við skilgreingu á „Vernd” í Töflu 1. Óljóst á hverju hún byggir.


Náttúruverndarsamtökin lýsa sig sammála skilgreiningu á hefðbundnum nytjarétti í Töflu 1. en gera þann fyrirvara að nýtingin standist skilyrði um sjálfbærni. Væntanlega yrði tekið á slíku í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn.

Náttúruverndarsamtökin telja ekki nauðsynlegt að hefðbundinni nýtingu verði stjórnað af þjóðgarðinum. Á hinn bóginn ber að tryggja aðkomu allra hagaðila við ákvarðanir. T.d. varðandi sauðfjárbreit.

Varðandi samgöngur í töflu 1 er nauðsynlegt að áherslan verði á vernd þótt athafnir tengdum samgöngumannvirkjum verði ekki útilokaðar.

Náttúruverndarsamtökin þakka vinnu hinnar þverpólítísku nefndar.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands

A handwritten signature in green ink, appearing to read 'Árni Finnsson', enclosed in a thin black rectangular border.

Árni Finnsson

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 28. júní sl., þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 135/2019 vegna verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Þetta tiltekna verkefni fjallar um skilgreiningu á mörkum þjóðgarðsins, áherslu um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka auk umfjöllunar um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir verkefnið og telur það vera greinargott yfirlitt yfir umfjöllunarefni sérstaklega hvernig ákveða megi mörk þjóðgarðsins. Textinn um mörk þjóðgarðsins er þó þess eðlis að hér er fyrst og fremst um að ræða yfirlit yfir mismunandi kosti í stöðunni án þess að farið sé út í nákvæmar útlistanir á því hvað og hvernig beri að framkvæma það sem fjallað er um. Engu að síður er textinn skýr og góður grunnur fyrir frekari vinnu.

Þegar kemur að skiptingu landsvæða og mismunandi verndarflokka er málið flóknara. Þar er einnig að finna greinargóða lýsingu á ýmsum „hugtökum“ eða flokkunum á landi og þeim leiðum sem hafa verið farnar erlendis m.a. með skírskotun í IUCN flokkun á friðlýstum svæðum. Þar er einnig ljóst að nefndinni er ekki ætlað að fara í sjálfa flokkunina enda er það í eðli sínu mun flóknara verkefni sem verður að byggja á vönduðum grunnögnum um náttúruna og gögnum um nýtingu af ýmsu tagi.

Það sem vefst á þessu stigi mest fyrir Náttúrufræðistofnun er samaburður við þjóðgarða annarra landa s.s. að orkuvinnslusvæði séu innan þjóðgarða, þ.m.t. skírskotun í sjálfbæra nýtingu eða sjálfbæra orkuvinnslu. Vísað er til þess að heilu bæirnir erlendis geta verið hluti af þjóðgarði eins og virkjanir.

Hálendi Íslands er ekki þéttbýli Evrópu og að mati Náttúrufræðistofnunar ber að varast að skerða hugtakið þjóðgarð eða sérstöðu hálendisins með vísan til þess að aðrir hafa „neyðst“ til að gera það og gert t.d. bæi eða virkjanir að hluta þjóðgarða. Vissulega er, eins og kemur fram í greinargerðinni, hægt að búa til mismunandi skiptingu á landsvæðum og verndarsvæðum og nota svo hugtakið þjóðgarð um allt svæðið. Á sama hátt er auðvitað hægt að gera allt Ísland að þjóðgarði og skilgreina allar athafnir síðan sem „undanþágur“ sem væri líklega lang farsælast ef horft er til framtíðar út frá náttúru- og umhverfisverndarsjónarmiðum. Hvað þjóðgarð á hálendinu varðar er ljóst að þau svæði sem þegar eru friðlýst halda sinni sérstöðu en fyrir mörg þeirra er enn gríðarleg vinna fyrir hendi við að skipuleggja flokkun verndar innan þeirra svo ekki sé talað um að vakta og viðhalda náttúrufarsgæðum. Ekki síst m.t.t. þess álags sem sífellt er að aukast á hálendinu.

Vegna orkuvinnslu verður að ítreka að þó nýting vatnsorku eða jarðhita geti verið „sjálfbær“, ef rétt er á haldið, í nokkuð langan tíma þá er hvorugur þessara orkugjafa endalaus með sama hætti og sólarorka og vindorka. Við virkjunarframkvæmdir hafa almennt orðið verulegar breytingar á afrennsli frá vatnasviðum og jafnframt á því landi sem fer t.d. undir virkjanir og miðlunarlón auk landslagsáhrifa. Það skítur því skökku við að það sé eftirsóknarvert gera orkuvinnslusvæði að einingu í þjóðgarði þó svo að reynt sé að reka viðkomandi virkjanir eins vel og hægt er m.t.t. umhverfisins.

Það er að mati Náttúrufræðistofnunar engin sérstök ástæða til að gera virkjunarsvæði að hluta þjóðgarðs. Í greinargerðinni kemur fram að virkjanir hafa verið vottaðar og skv. því sem Náttúrufræðistofnun kemst næst er það vottun samkvæmt staðlinum ISO14001. Þó svo að virkjanasvæði geti fengið einhvers konar vottun (Náttúrufræðistofnun þekkir ekki nákvæmlega í hverju vottunin felst en hefur lagt til gögn vegna forvinnu við vottun virkjana) þá er ekki þar með sagt að sú tegund af vottun eða leiðbeiningar IHA (International hydropower association) :

<https://www.hydropower.org/goodpractice> taki t.d. til áhersluatriða á hálendi Íslands hvað náttúruvernd snertir s.s. að ekki séu notaðar framandi tegundir við uppgræðslu við virkjanir. Nær væri að samvinna næðist um rekstur/rekstrarfyrirkomulag þeirra þátta sem snúa að náttúrunni og varðar virkjanir sem eru „innan“ eða á jaðarsvæðum þjóðgarða. Náttúrufræðistofnun gerir sér grein fyrir að þessari umræðu er langt frá því lokið. Þó virkjanir geti verið nauðsynlegar þá er varasamt að gefa virkjunum sem hafa valdið stórfelldum breytingum á náttúru landsins þjóðgarðsstimpil og þar með óbeinum hættu horfa fram hjá þeim náttúrufarsbreytingum sem hafa orðið. Ef þetta er markmiðið þá er betra heima setið en af stað farið þó svo að það komi fram í greinargerðinni að komi til nýrra virkjana verði þær ekki hluti af þjóðgarðinum. Að góð samvinna náist um rekstrarfyrirkomulag í tengslum við umhverfis- og náttúruvernd virkjanasvæða sem fyrir eru er annað mál.

Á þessu stigi gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við umræðu um hálendismiðstöðvar og þjóðgarðsgáttir.

Eins og nefndinni er sjálfri kunnugt um þarf að fara í mun nánari vinnu við flokkun svæða og mun Náttúrufræðistofnun væntanlega koma að þeirri vinnu eftir því sem við á en stofnunin leggur áherslu á að öll vinna við miðhálendisþjóðgarð byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufræði og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Til: "Steinar Kaldal" <steinar.kaldal@uar.is>

Efni: Re: Til samráðs: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Upplýsi Sent: 30.10.2019 14:47:21 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019100023, Bréfalyklar: 42-0

ngar: Umsagnir almennt

Tilvísun í mál: 2019100023

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts þar sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 253/2019 - Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og fjallar kynningin annars vegar um áherslur í lagafrumvarpi um þjóðgarð og hins vegar um fjármögnun þjóðgarðs. Í inngangi við kynninguna er sérstaklega tekið fram að „Önnur forms- og efnisatriði sem fylgja lagatexta af þessu tagi koma svo til umfjöllunar á viðeigandi vettvangi við frágang lagafrumvarps og kynningu þess."

Almennt:

Hér á eftir fara nokkrar ábendingar og athugasemdir við framangreint en rétt er að taka fram að þar sem kynningin er mjög almenns eðlis þá eru athugasemdirnar að sama skapi almennar og ekki tæmandi.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er mjög óljóst hver séu önnur forms- og efnisatriði. Mörg formsatriði virðist þegar vera nokkuð fastmótuð meðan að önnur er ekki fjallað um. T.d. virðist sveitarfélög sem ekki eiga mörk inn í fyrirhugaðan þjóðgarð enga aðkomu eiga að þjóðgarðinum, 32 % af landinu. Þó er gert ráð fyrir dreifingu á valdi og að fjármagn til reksturs þjóðgarðsins komi m.a. úr ríkissjóði. Það getur t.d. talist óeðlilegt að sveitarfélög, meirihluti þjóðarinnar, t.d. á Vestfjörðum, Akureyrarbær, höfuðborgarsvæðið eða á Reykjanesi eigi engan fulltrúa í stjórn stærstu þjóðlendu landsins nema að einstaklingar frá þessum svæðum séu hluti af félagasamtökum. Einnig er mjög óljóst hvernig á að fara með ýmis friðlönd sem fyrirhugað er að setja inn í þjóðgarðinn og eru vernduð af sérstökum ástæðum og falla nú undir ákveðna stjórnarsýslu og eru sum hver einnig svæði sem „heyra" undir alþjóðasamninga. Einnig er óljóst hvernig sérlög um miðhálandisþjóðgarð verða fléttuð við lög um náttúruvernd og enn síður hvernig boðuð lög um þjóðgarðastofnun, sérlög um miðhálandisþjóðgarð og lög um náttúruvernd verða fléttuð saman. Bent er á að Náttúrufræðistofnun gagnrýndi margt við frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og samræmingu þeirra laga við tiltölulega ný lög um náttúruvernd, sjá meðfylgjandi bréf. Náttúrufræðistofnun gerir sér grein fyrir því að vel getur svo farið að miðhálandisþjóðgarður verði í umsjón væntanlegrar þjóðgarðastofnunar en stofnunin varar við því að flækja enn frekar þá þætti lagasetningar sem fjalla um grundvallaratriði í náttúruvernd.

Markmið:

Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við þau atriði sem hér eru nefnd enda þau mjög almenns eðlis og í raun lítið hægt að segja um hvernig útfærsla þeirra verður í lögum. T.d. er eitt markmiðanna að endurheimta vistkerfi sem hefur verið raskast en ekkert fjallað um hvernig það skuli gert þ.e. hver eigi að vera grundvallaratriði í slíkri endurheimt.

Stjórnskipulag:

Hér um að ræða stærsta náttúruverndarsvæði landsins. Samkvæmt því sem kemur fram í þessum kafla er búið að leggja drög að því hver rekstrarsvæðin verða og leggja jafnframt grunn að „pólítískri" samsetningu svæðisráða og stjórnar o.s.frv. Að lokum segir að forstjóri og eða þjónustustofnun þjóðgarða framfylgi stefnu og áætlunum sem stjórn hefur samþykkt o.s.frv. Hér vantar að byrja á því að tryggja að stjórn stærsta þjóðgarðs landsins geti ekki tekið ákvarðanir sem ganga gegn grundvallaratriðum í náttúruvernd. Stjórnir koma og fara og því þarf að vera ákveðið form sem tryggir ákveðna festu í náttúruvernd þannig að ekki sé lagt af stað með opna bók hvað það varðar. Það þarf einnig að vera tryggt að allar ákvarðanir, t.d. um hvort nýting sé sjálfbær eða ekki, byggji á vísindalegum niðurstöðum. Það mætti t.d. koma fram í markmiðssetningu hér að framan.

Hefðbundnar nytjar:

Skilgreina þarf hefðbundnar nytjar áður en talað er um að þær geti þróast. Að öðru leiti er vísað í það sem segir hér að framan að tryggja þarf að öll nýting byggji á rannsóknum og vöktun. Ekki er víst að gildandi löggjöf nægi eins og vísað er til. Koma þarf á sérstöku „vottunarkerfi“/verkferlum fyrir einingu eins og miðhálandisþjóðgarði ef af verður.

Orkunýting:

Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en að virkjanir sem þegar er á hálandinu komi til með að verða áfram í rekstri. Hins vegar er ekki þar með sagt að þær þurfi að vera hluti af þjóðgarðinum sem slíkum heldur verði gert samkomulag við rekstraraðila um hvernig sé tekið á sameiginlegum málum sem kunna að varða báða aðila. T.d. hafa virkjanaaðilar, t.d. Landsvirkjun, farið í uppgæðsluaðgerðir þar sem notaðar hafa verið framandi tegundir o.s.frv.

Ekki er ljóst hvað átt er við með orðalaginu að þróa orkuvinnslusvæði. Ef átt er við t.d. að skipta um túrbínu er hægt að skilja það sem þróun en ef átt er við að stækka virkjun eða bæta við vindorkugarði á virkjanasvæði þá er um allt annað að ræða.

Þessi kafli er einfaldlega of óljós. Hér má t.d. nefna til skýringar áratuga deilur um orkunýtingu á Þjórsárverasvæðinu sem vel má flokka sem þróun á eldri virkjunum!!

Þjónustumiðstöðvar:

Flest atriði í þessum kafla eru almenns eðlis. Þar segir m.a.: „Val á staðsetningu og útfærslu þjóðgarðamiðstöðva fyrir hvert og eitt rekstrarsvæði verði í höndum svæðisráða.“ Hér er hins vegar ákveðið að tiltekið svæðisráð hafi völd til að ákveða hvar þjóðgarðsmiðstöð eigi að vera. Vissulega má gera ráð fyrir því að farið verði að almennum leikreglum í náttúruvernd og verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði o.s.frv. Engu að síður er fulllangt gengið með að ákveða fyrirfram að ákvörðun af þessu tagi sé í alfarið í höndum svæðisráðs án þess að um leið séu settar ákveðnar skorður. Til dæmis eru ákveðin svæði nú þegar friðlýst vegna t.d. tiltekinna sérstöðu á landsvísu og því allsendis óvíst að tiltekið svæðisráð hafi þann grunn eða fagþekkingu sem þarf til að meta viðkomandi svæði. Ef ekki er farið varlega er hætt á að verið sé að tvístra ákvarðanatöku um almenn grundvallaratriði í náttúruvernd. Rétt er einnig að benda á að allar ákvarðanir sveitarfélaga, sem hafa væntanlega meirihluta í svæðisráði, hafa ekki alltaf geta flokkast undir sjálfbæra þróun eða sjálfbæra nýtingu.

Tekjur sveitarfélaga á þjóðlendum:

Ekki er minnst á rannsóknir eða vöktun í þessum kafla.

Samstarfssamningar:

Náttúrufræðistofnun telur ekkert eðlilegra en að hlutur þeirra sem starfa og eiga heima á ákveðnum svæðum sé virtur í alla staði. Hins vegar eru efnisatriði þessa kafla mjög þröng og mjög óljós um hverjir séu heimamenn og hverjir ekki nema að átt sé við að heimamenn séu eingöngu þeir sem tilheyra ákveðnu sveitarfélagi. Varla er átt við það að heimamenn allra sveitarfélaga sem eiga land að fyrirhuguðum þjóðgarði hafi einhver réttindi umfram aðra landsmenn (fyrir utan nýtingarrétt sem er til staðar) vegna þess að þeir eru heimamenn tiltekinna sveitarfélaga. Rétt er enn og aftur að benda á að hér er um þjóðlendu að ræða sem er eign þjóðarinnar ekki tiltekinna sveitarfélaga þó þau hafi þar ýmsar skyldur, skipulagsvald og geti t.d. innheimt fasteignagjöld. T.d. má nefna að Náttúrufræðistofnun hefur stundað rannsóknir á miðhálandinu fyrir almannafé í áratugi.

Rekstrarsvæði:

Ekki gerð athugasemd á þessu stigi.

Samantekt um fjármögnun:

Tryggja þarf að fjármögnun á miðhálandisþjóðgarði dragi ekki úr fjármögnun til verkefna eða svæða utan þjóðgarðsins hvort sem um er að ræða fjármagn til friðlýstra svæða eða skyldra verkefna í náttúruvernd þ.m.t. rannsóknir og vöktun.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Forstöðumaður vistfræði og ráðgjafardeildar

Tvær umsagnir Náttúrufræðistofnunar um skylt efni:

Athugasemdir Náttúrufræðistofnunar frá 29. apríl 2019.

Tilvísun í mál: 2019040007

(Sæll Steinar, NÍ sendir þér hér nokkrar athugasemdir, vonandi gagnast þær eitthvað.)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 4. apríl sl., þar sem kynnt er til samráðs mál. nr. 111/2019-Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og varðar tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun.

Náttúrufræðistofnun gerir sér grein fyrir að hér er um að ræða stutta lýsingu á því helsta sem þarf að taka tillit til í stjórnunar- og verndaráætlun og ekki farið í öll atriði sem kunna að koma upp. Stofnunin vill þó benda á eftirfarandi:

1. Í helstu áherslu atriðum er hvergi minnst á nauðsyn þess að byggja ákvarðanir eða stefnumótun áætlunarinnar á góðum grunnupplýsingum um náttúruna. Þ.e. t.d. grunnupplýsingum sem geta gefið vísbendingu um hvort tiltekin nýting sé sjálfbær eða ekki. Vernd víðerna eða landslagsheilda verður t.d. ekki tryggð án góðrar greiningar á landinu. Sama á við um afstöðu til beitar, er hún sjálfbær eða ekki o.s.frv. Ein af áherslum við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar og framkvæmd hennar ætti að vera að hún byggi á góðum rannsóknum og vöktun náttúrunnar.
2. Miðhálandið er innan margra sveitarfélaga og að stærstum hluta þjóðlenda. Um er að ræða mjög víðfema þjóðlendu og hefur miðhálandið mikla sérstöðu hvað það snertir og meðal landsmanna. Lögð er áhersla á dreifstýringu og vald heimamanna og aðkomu hagaðila og er það vel. Þrátt fyrir að um þjóðlendu sé að ræða er ekki minnst á aðkomu annarra landsmanna með öðrum hætti en í tengslum við almannarétt og þá hugsanlega ef þeir tilheyra samtökum. Mætti t.d. alveg hugsa sér að landshlutar utan miðhálandisins eigi fulltrúa í svæðisstjórnnum því hér er um að ræða stóran hluta landsins og auk þess þjóðlendu eins og komið hefur verið inn á.
3. Náttúrufræðistofnun telur í sjálfu sér ekkert athugasemdi, sjá kafla um Nytjarétt á hálandinu, við það að eftirlit með nytjum verði áfram í höndum þeirra sem með þau fara í dag samkvæmt lögum eða síðar verður ákveðið. Hins vegar hlýtur það að vera svo að það séu bæði markmið um náttúruvernd þ.m.t. um markið þjóðgarðsins sem endurspeglar einnig í nytjum landsins. Einnig er óljóst hvað átt er við meðkunna að hafa áform um slíkt.. þegar vísað er til réttinda og þeirra sem stunda atvinnurekstur í sama kafla. Einnig er orðalag um jákvæð umsvif mjög matskennt í sama kafla.
4. Spyrja má hvers vegna sérstaklega er fjallað um efnistöku í kafla um samgöngur.
4. Fjallað er um öryggismál og vöktun en ekki kemur sérstaklega fram hvaða vöktun er átt við?



þjóðgarða, 778. mál.tif

Frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS

Dags: 14-10-2019 10:08:41

Til: Anna Sveinsdóttir/NI.IS@NI.IS

Efni: Fw: Til samráðs: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. desember 2018
Tilvísun: OS2018110053/50.6
Verknúmer: 1257000

Efni: Fyrstu tvö verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Visað er til tölvupósts er sendur var f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytis um samráðsgátt stjórnvalda vistaða hjá island.is á netfang Orkustofnunar os@os.is 26. nóvember 2018, vegna máls nr. S-237/2018 – Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Fram kemur að umræddur tölvupóstur sé sendur á hagsmunaaðila skv. ákvörðun ábyrgðaraðila málsins og að umsagnarfrestur sé til og með 21. desember 2018. Einnig kemur fram að umsagnir verði birtar jafnóðum og þær berast, og að niðurstöður samráðsins verði birtar þegar unnið hafi verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast.

Óskað er eftir umsögnum um textadrög fyrstu tveggja verkefna þverpólíttískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, þ.e.:

- Greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf
- Tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu.

Eins og fram kemur í kynningu verkefnisins á samráðsgátt stjórnvalda var þverpólíttísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Jafnframt kemur fram að nefndinni er m.a. ætlað að skilgreina mörk þjóðgarðsins og setja fram áherslur um skiptingu landssvæða innan hans í verndarflokka. Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Að lokum kemur fram, að verklag nefndar er þannig að nefnd vinnur textadrög/tillögur fyrir hvern verkþátt, verkþættir verða svo sett í samráðsgáttina þar sem kallað er eftir athugasemdum. Athugasemdir sem berast verða teknar til skoðunar hjá nefnd og verkþáttur/þættir í kjölfarið kláraðir. Þegar allir verkþættir hafa farið í gegnum sama ferli verða þeir settir saman í heildarskýrslu sem einnig verður sett í samráðsgáttina. Í kjölfar þess mun nefnd skila skýrslunni til umhverfis- og auðlindaráðherra. Ráðgert er að skil fari fram í september 2019.

Orkustofnun mun í samræmi við framangreint verklag takmarka eftir föngum umsögn sína að þessu sinni við fyrstu tvö verkefni nefndarinnar, en óskar skilnings á mögulegri endurskoðun og viðbótum við

KG
SH.R.

hana síðar í ljósi umsagna frá öðrum aðilum og þeirra viðbragða í endurskoðuðum texta, sem vænta má frá nefndinni í kjölfarið.

Orkustofnun lýsir ánægju með að þegar í fyrstu mynd í framlögðum textadrögum um greiningu tækifæra skuli sjálfbær orka vera nefnd meðal mögulegra tækifæra er fylgt geti stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Orkan er þar tilgreind undir liðnum vörur, en tekið fram að skörun geti verið milli liða, t.d. milli liðsins þjónusta og vörur. Vistvæn orka er einmitt meðal þess, sem nefna mætti einnig undir flokknum þjónusta, rétt eins og veitingar, gistingu og fræðslu. Hennar er þörf í hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla og í upphitun, eldun og lýsingu fyrir aðra þjónustu á viðkomandi stað. Það væri að áliti Orkustofnunar andstætt markmiðum Íslands í loftslagsmálum að reka þjónustu í þjóðgarði með bruna á olíu og gasi. Tekið er fram í frekari umfjöllun undir millifyrirsögninni „vörur“ að á miðhálandinu sé framleidd orka úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Hins vegar kemur ekki fram, að skv. núgildandi lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 yrðu frekari orkurannsóknir og orkuframleiðsla sjálfkrafa óheimil við stofnun þjóðgarðs á viðkomandi svæði. Hvort hægt væri að leyfa hana sérstaklega í reglugerð um þjóðgarðinn þarfnast nánari athugunar. Orkustofnun bendir á, að gagnlegt væri fyrir frekari umræðu, ef nefndin fjallaði nánar um vistvæna orkunýtingu, m.a. í tengslum við baráttuna gegn veðurfarsbreytingum á heimsvísu og markmið Íslands á þeim vettvangi, og sýn sína á, hvernig hún samræmist stofnun og rekstri þjóðgarðs á miðhálandinu. Skoða mætti nánar umfjöllun um hina ýmsu flokka tækifæra í því ljósi. Stofnunin er ætíð reiðubúin til samráðs og samstarfs til að leita leiða í þessu sambandi, sé eftir því leitað. Frekari umfjöllun um áhrifin á mörk þjóðgarðsins bíður hins vegar þess að það atriði verði rætt í næstu drögum að tillögum nefndarinnar.

Í textadrögum um helstu áherslur í atvinnustefnu sýnist Orkustofnun skorta mjög á umfjöllun um vistvæna orku. Sem dæmi er ekki minnst á vistvæna orkuvinnslu í kafla undir millifyrirsögninni „auðlindir og uppbygging“, ekki einu sinni smávirkjanaverkefni stjórnvalda. Erfitt er fyrir stofnunina að veita beina umsögn þegar svo stendur á, enda ekki ætlunin með henni að yfirtaka hlutverk nefndarinnar. Aftur vill Orkustofnun benda á, að stofnunin er ætíð reiðubúin til samráðs og samstarfs, sé eftir því leitað.

Orkustofnun vonar að framangreindar ábendingar getið orðið nefndinni að liði í störfum sínum og væntir þess að geta komið frekar að málinu á næsta stigi umfjöllunar um það.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra


Skúli Thoroddsen


Kristján Geirsson

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. janúar 2019
Tilvísun: OS2019060056/50.6
Verknúmer: 1257001

Efni: Umsögn Orkustofnunar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Orkustofnun vísar til erindis frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti þar sem kynnt er til samráðs verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og óskað er eftir umsögnum um textadrög nefndarinnar um skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og um þjónustumiðstöðvar. Meðfylgjandi er umsögn Orkustofnunar.

Orkustofnun bendir á að ekki er lokið við yfirferð virkjunarkosta innan sem utan miðhálandisins, bæði liggja fyrir óafgreidd drög að 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, rammaáætlun, og að fjölmargir aðrir hugsanlegir virkjunarkostir hafa verið tilnefndir án þess að hafa fengið lögbundna umfjöllun. Í þessu ljósi bendir stofnunin á markmið rammaáætlunar en þau eru „að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“. Stofnunin telur þessi markmið tvinnast að miklu leyti við þá vinnu sem framundan er við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Við stofnun þjóðgarðs útilokast virkjunarkostir sem í eru fólgin gríðarleg verðmæti m.t.t. orkuframleiðslu og því er mikilvægt að fyrir liggja hverju sé fórnað með verndun þeirra landsvæða sem heyra undir þjóðgarðinn og hvaða áhrif það kunni að hafa á samfélagið í framtíðinni að þessara kosta njóti ekki lengur við. Þá bendir Orkustofnun á að ein möguleg afleiðing þessa er að nýting færist neðar í vatnsföllum landsins sem gæti jafnvel haft meiri umhverfisáhrif í för með sér en við sambærilega nýtingu ofar í landinu. Af þessum ástæðum er enn brýnna að lokið verði yfirferð virkjunarkosta með rammaáætlun áður en haldið er áfram með vinnu við stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Orkustofnun vekur einnig athygli á því að mikilvægt er að gera ráð fyrir rekstri og viðhaldi núverandi virkjana sem lenda innan þjóðgarðsins miðað við tilgreind mörk hans og að slík verndun getur jafnframt takmarkað mjög möguleika rekstraraðila að þróa virkjanir sem fyrir eru til áframhaldandi nýtingar, m.a. vegna afleiddra áhrifa loftslagsbreytinga á vatnafar vegna jökulbráðunar og -hörfunar.

Auk þessa hafa stjórnvöld sett á laggirnar starfshóp um orkustefnu fyrir Ísland og telur Orkustofnun að vinna þessara nefnda hljóti að vera grundvöllur þeirrar vinnu sem fyrirséð er við stofnun slíks þjóðgarðs. Að lokum bendir Orkustofnun á að við afmörkun sjálfs þjóðgarðsins þarf að hafa í huga áhrif á

jaðarsvæði hans, þ.e. hvort og þá hvaða takmarkanir stofnun þjóðgarðs hefði á nýtingu lands í næsta nágrenni hans, þ.m.t. í ljósi sjónrænna áhrifa og áhrifa á upplifun fólks innan hans.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra


Harpa Þórunn Pétursdóttir


Kristján Geirsson

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. nóvember 2019
Tilvísun: OS2019100039/50.6
Verknúmer: 1257001

Efni: Umsögn Orkustofnunar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Orkustofnun vísar til erindis frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti þar sem kynnt er til samráðs verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og óskað er eftir umsögnum um textadrög nefndarinnar um áherslur í lagafrumvarp um þjóðgarð og umfjöllun um fjármögnun þjóðgarðs. Meðfylgjandi er umsögn Orkustofnunar.

Orkustofnun ítrekar fyrri athugasemdir sínar, sem einhverjar hafa verið virtar og telur því ekki ástæðu til að lýsa þeim sérstaklega á ný. Umfram þær hefur stofnunin þó enn athugasemdir sem eru eftirfarandi:

- Orkustofnun telur mjög mikilvægt að gert sé efnahagslegt mat á þeim verðmætum sem tapast með því að útiloka alla þá virkjunarkosti sem hægt væri að nýta innan fyrirhugaðra marka og eru utan núverandi virkjunarsvæða.
- Orkustofnun telur mjög mikilvægt að gert sé ráð fyrir framkvæmdum vegna lagningu flutningsmannvirkja raforku innan þjóðgarðsmarkanna og að í engu verði girt fyrir að hægt sé að byggja flutningskerfi landsins upp með hagkvæmum hætti til framtíðar.
- Tryggt sé að stofnun þjóðgarðs geti á engan hátt haft gildi framfar þeirri vinnu sem þegar hefur verið lagt upp með af hálfu Alþingis um mat einstakra virkjunarkosta á hálandinu, þ.e. að ljóst sé að stofnun þjóðgarðs geti ekki talið að þær niðurstöður hafi ekki gildi innan þjóðgarðsins.
- Orkustofnun bendir á að skilgreining friðlýstra svæða hefur verið í mörgum tilfellum verið túlkuð þannig að miklar takmarkanir um framkvæmdir gildi einnig á jaðarsvæðum slíkra svæða. Nauðsynlegt sé því að gerð sé grein fyrir slíku fyrirætlunum þegar í upphafi vinnunnar.

Virðingarfyllst,



Guðni A. Jóhannesson



Harpa Þórunn Pétursdóttir

Páll Ásgeir Ásgeirsson - 27.04.2019

Hugmyndin um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands er stórkostleg og eitt merkasta framtak sem stjórnvöld hafa ráðist í á sviði náttúruverndar frá upphafi. Fullvíst má telja að meirihluti almennings sé hlynntur þessum áformum og gefa skoðanakannanir það til kynna.

Lítum samt á nokkur atriði:

Í kafla sem fjallar um aðgengi og almannarétt er sjálfsagt að taka undir að útivistarfólk geti nýtt hálandið til útivistar þar sem því verður við komið með ábyrgum og sjálfbærum hætti. Lögð er áhersla á að leita samráðs við þá aðila sem nú nýta hálandið í slíkum tilgangi.

Rétt er að hafa í huga í þessu samhengi að eðli málsins samkvæmt er þjóðgarður stofnaður með hagsmuni náttúruverndar að leiðarljósi og starf slíks þjóðgarðs hlýtur því að vera að vernda með eðlilegum ráðum þá náttúru sem garðurinn er stofnaður til að vernda.

Óhjákvæmilegt er því að á einhverjum svæðum innan garðsins geti orðið breytingar á aðgengi/umferð eftir aðstæðum hverju sinni háð verndargildi þeirra svæða sem um ræðir.

Þótt rætt sé um samráð við þá aðila sem nú stunda hálandisferðir skal varað við því að laða menn til fylgis við hugmyndina um þjóðgarð á þeim forsendum að óbreytt ástand muni ríkja á hálandinu eftir stofnun garðsins.

Hið sama gildir um kaflann þar sem fjallað er um nytjarétt á hálandinu. Þar virðist nefndin telja brýnt að tilkoma þjóðgarðs skerði ekki sjálfbærar hefðbundnar nytjar s.s. beitarnýtingu og veiði. Þarna er orðið sjálfbært í lykilhlutverki. Varla verður deilt um að á tilteknum svæðum á hálandinu hefur fram til þessa verið stundaður upprekstur og beit sem ekki getur talist sjálfbær og á því hljóta að verða breytingar.

Í kaflanum um samgöngur er talað um mikilvægi aðgengis og má vel taka undir það en þó með áþekkingu fyrirvörum og nefndir eru hér á undan. Víða á hálandinu er að finna net slóða sem í mörgum tilvikum verður ekki séð að hafi neinn sérstakan tilgang. Sú stjórnun sem óhjákvæmilega fylgir þjóðgarði mun væntanlega hafa vald til þess að nýta "vegakerfi" hálandisins til þess að stýra umferð og álagi. Slíkri stjórnun munu fylgja breytingar sem alls ekki þurfa að skerða samgöngur.

Við þetta mætti svo bæta að á undanförunum árum hefur orðið gríðarleg aukning á áhuga almennings á útivist á Íslandi. Sömuleiðis hefur áhugi á umhverfisvernd og náttúruvernd aukist mjög sérstaklega hjá yngri aldurshópum.

Þessi víðtæki áhugi endurspeglast ekki endilega í starfi þeirra félaga sem stjórnkerfið kallar til ráðgjafar þegar mál eins og þessi eru til umræðu. Þess vegna er brýnt þegar nýr þjóðgarður lítur dagsins ljós að vel verið hugað að því hvernig og með hvaða hætti leitað er til þeirra sem áhuga hafa á útivist og umhverfismálum.

Af núverandi fyrirkomulagi í starfi Vatnajökulsþjóðgarðs má vel sjá að raddir stórra hópa útivistarfólks heyrast alls ekki á þeim vettvangi því áheyrnarfulltrúi Samtaka útivistarfélaga hefur bróðurpartinn af starfstíma þjóðgarðsins einungis flutt og talað fyrir nokkuð forneskjulegum viðhorfum afmarkaðs hóps útivistarmanna.

Þetta hefur tekið á sig þá sérstæðu mynd að einu viðhorfin sem heyrast frá fulltrúa "alls" útivistarfólks innan þjóðgarðsins hefur verið þráhyggjukennd barátta fyrir auknum akstri aflmikilla og mengandi ökutækja um viðkvæm náttúrusvæði innan þjóðgarðsins. Full ástæða er til að draga í efa að slíkur málflutningur endurspegli vilja og þarfir þess stóra og unga hóps sem stundar útivist á Íslandi.

Við stofnun hins nýja þjóðgarðs er brýnt að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi og eru margar leiðir vel færar til þess og rétt að treysta þeim sem að þessu verkefni standa til þess.

Páll Gíslason
Kt. 180253 7699
Bollagörðum 6,
170 Seltjarnarnesi.

Samstarfsnefnd um stofnun
Miðhálandisþjóðgarðs
Umhverfisráðuneytinu,
Skuggasundi 3,
Reykjavík.

Efni: Umsögn um „*skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.*”

Með þessu bréfi vill undirritaður nýta sér rétt til að gefa umsögn um ofangreint skjal, sem kynnt er á Samráðsgátt stjórnvalda „[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1394](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1394)”, merkt: Mál nr. S-135/2019 Birt: 22.05.2019.

Undirritaður fagnar sem allir aðrir að viðleitni sé uppi af hálfu stjórnvalda til að vernda sérstöðu miðhálandisins. Á svæðinu er minn vinnustaður og því leyfi ég mér að hafa skoðun á fyrirætlunum í þjóðgarðsvæðingu svæðisins.

Við lestur áðurnefnds skjals þá verð ég að viðurkenna að mér finnst almennt að benda verði á eftirfarandi á atriði sem valda því að ég skil ekki alveg hvert markmið þessarar vinnu er. Í mínu daglega lífi á þessu svæði sé ég vandamál er tengjast skemmdum kringum umferðarmannvirki vegna vatnavaxta, vaxandi ásókn ferðamanna og vandamál vegna aukins þrýstings frá ferðamönnum að fara sem víðast, sem allt veldur álagi á náttúru. Á sama tíma er almennt í samfélaginu fjallað um nauðsyn orkuskipta og sjálfbærni til þess að hægt sé að tala um raunverulega verndun svæðisins.

Ég tel að samþætting þessara raunstærða komi mjög takmarkað fram í skjali nefndarinnar eða í starfi hennar til þessa, en þar má hins vegar skýrt lesa sýn sem miðar við mjög valkvæða verndun þar sem hvorki er fjallað um algera verndun og jafnvel lokun dýrmætra svæða né að skilgreindir séu nýtingarvalkostir landsvæða og þessir kostir metnir á faglegan hátt þannig að almenningur geti skilið innihald, umfang og afleiðingar þeirra tillagna sem lagðar eru fram.

Fjallað er um verndun en ekki nýtingu, slík umfjöllun er þá væntanleg síðar. Sömmuleiðis hef ég hvergi séð að fjallað sé á efnislegan og óhlutdrægan hátt um mismunandi nýtingarleiðir svæðisins, framlag þessara nýtingarleiða til sjálfbærni íslensks samfélags og framtíðarsýn varðandi það hvernig stýra má nýtingu svæðisins með tilliti til annarra áforma stjórnvalda. Hér má nefna atriði eins og:

- Staðbundna verndun landsvæða eða landslagsheilda með því að takmarka alla umferð þar, líkt og t.d. er gert í Surtsey, svæðið væri þá eins og safnstykki fyrir komandi kynslóðir án slóða, eða annarra ummerkja umferðar.
- Nýtingu landsvæða til að styðja við eða tengjast orkuskiptum í sinni víðustu mynd.
- Almennt hvernig íslenskt samfélag getur nýtt auðlindir á miðhálandinu til að uppfylla sjálfbærnimarkið nútímans.

Af skjalinu má ráða þann ásetning að stöðva verði alla viðbótarframleiðslu raforku á svæðinu, jafnframt því sem stiklað er kringum það hvort og þá hvernig hægt sé að laga skilgreiningu þekktra verndarflokkunaraðferða að þeirri nýtingu sem er á svæðinu í dag. Hvergi er hins vegar vitnað í samþættingu við önnur áform stjórnvalda, hvorki Rammaáætlun, átak í Loftslagsmálum og þýðingu orkuauðlinda svæðisins í þessu samhengi svo dæmi séu tekin.

Á blaðsíðu 12 er reifað hvernig réttlæta flokkun svæða sem í dag eru nýtt til raforkuframleiðslu, sú umfjöllun er bæði takmörkuð og villandi þar sem hvorki er fjallað um nýtingu raforkunnar út frá þeim vörum sem framleiddar eru né jákvæðum áhrifum á kolefnisfótspor heimsins, sem er mikilvægt þar sem kolefnismengun er hnattrænt en ekki staðbundið vandamál.

Hvað fyrri liðinn varðar þá er hægt að benda á hlutverk áls á umbúðamarkaðnum, þar sem það efni er hvað endurnýtanlegast þeirra efna sem eru nýtt í t.d. drykkjarvöruumbúðir nú um stundir, en í því samhengi má benda á að stór hluti þeirra orkuauðlinda sem nýttar eru á miðhálandinu eru einmitt nýttar til að framleiða ál.

Það vekur sömuleiðis til umhugsunar að vitnað er í erlendar skilgreiningar um þjóðgarða og þær nýttar meðal annars til að stikla í kringum hugmyndir um aðlögun okkar að þessum verndarflokkum. Þessar skilgreiningar og aðferðafræðin sem á þeim byggir eru sumar fyrir þann tíma þegar samfélagið hafði þann skilning á afleiðingum loftslagsbreytinga sem það hefur í dag. Þannig má leiða að því líkum að flokkun svæða eins og hún er kynnt í skjalinu byggir á hugmyndafræði sem hugsanlega hentar ekki við þær aðstæður sem eru til staðar á miðhálandinu þar sem helstu sjálfbæru orkuauðlindir landsins eru, auðlindir sem geta verið afgerandi varðandi sjálfbærni íslensks samfélags til lengri tíma.

Þannig telur undirritaður einsýnt að áður en að hægt er að fjalla um þá flokkun landsvæðisins í nýtingarflokka sem lagt er upp með, að skilgreindar verði sviðsmyndir varðandi eðli og ávinning þeirra nýtingarmöguleika sem taldir eru upp á blaðsíðu 9 í skjalinu, kostir og gallar þessara sviðsmynda metnir með tilliti til efnahags, sjálfbærni og loftslagsáhrifa.

Það verður að teljast óábyrgt að fara fram með þeim hætti sem lýst er almennt í skjalinu án þess að slík umfjöllun fari fram og niðurstöður kynntar almenningi, t.d. með svipuðu ferli og tíðkast varðandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.


Er nefndin hér með hvött til þess að staldra við og íhuga ofangreint, sem og nýleg ummæli orkumálastjóra varðandi ábyrgð samtímans gagnvart komandi kynslóðum.

Á blaðsíðu 15 er fjallað um þjónustumiðstöðvar og þar kemur fram að nefndin telji skynsamlegt að „skipta slíkum miðstöðvum í mismunandi stig“. Í augum ábyrgðarmanns á rekstri einnar slíkrar þjónustumiðstöðvar er þessi umfjöllun framandi. Sannleikurinn er sá að á hálandinu eru í dag nokkrar þjónustumiðstöðvar á svæðum sem eru annað hvort skilgreind sem hálandismiðstöðvar eða skálasvæði, en á þessum svæðum fer fram starfsemi sem nær yfir flest þau atriði sem talin eru upp í stigum 2 og 3 og ég held að þeir sem viðkomandi starfsemi reka, telji upptalin atriði á töflu eða mynd á bls. 16, eðlilega þætti í sinni starfsemi, svo sem að leggja gestum til snyrtiaðstöðu, veita þeim upplýsingar, sinna öryggismálum eftir því sem við á og beita sér fyrir verndun umhverfis og náttúru.


Það sem vekur athygli er að í stigi 3, sem væntanlega er hugsað sem mikilvægast, er ekki miðað við að náttúruvernd sé einn rekstrarþátta. Sömuleiðis er ekki fjallað um gistipjónustu, en benda má á að ferðamenn sem dvelja lengur en eina nótt í hverjum náttstað eru jafnan ákjósanlegustu

ferðamennirnir, oft með lægra kolefnisfótspor. Í því samhengi vill undirritaður benda á samstarf Fannborgar í Kerlingarfjöllum við ferðaskrifstofuna Wikinger Reisen, sem býður vikuferðir til Íslands þar sem dvalið er í Hálandsmiðstöðinni í Kerlingarfjöllum í 6 af 7 nóttum sem viðkomandi ferðamenn dvelja á landinu.

Á korti á bls 17 eru hálandsmiðstöðvar sýndar og staðsettar:



Athygli vekur að sú upptalning stemmir ekki við skilgreiningu í Landsskipulagsstefnu, sbr. mynd á að neðan, spurt er hverju það sætir.



Í þessari umsögn er lögð áhersla á samþættingu við gildandi samþykktir yfirvalda, hvort sem um er að ræða stefnumarkandi gögn, lög eða annað og þar sem vikið er frá slíku, þá liggi fyrir greining á umfangi frávika og afleiðingar metnar á faglegan hátt.

Það er von undirritaðs að umsögn þessi sé hjálpleg og nýtist í starfi nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

Páll Gíslason

Páll Gíslason

Páll Gíslason
Kt. 180253 7699
Bollagörðum 6,
170 Seltjarnarnesi.

Samstarfsnefnd um stofnun
Miðhálandisþjóðgarðs
Umhverfisráðuneytinu,
Skuggasundi 3,
Reykjavík.

Umsögn um: **„ÁHERSLUR NEFNDAR Í LAGAFRUMVÆRÐ OG UMFJÖLLUN UM FJÁRMÖGNUN..”**

Með þessu bréfi vill undirritaður nýta sér rétt til að gefa umsögn um ofangreint skjal, sem kynnt er á Samráðsgátt stjórnvalda „[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1512#advices](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1512#advices)”, merkt: Mál nr. 253/2019 Birt: 11.10.2019.

Undirritaður fagnar því að nefndi birti áherslur sínar þannig að almenningi gefist tækifæri að fylgjast með starfi nefndarinnar, meta framvindu starfsins og setja inn umsagnir. Af orðalagi skjalsins má ráða að þetta sé upplegg að verklokaskjali og því mikilvægt að allt komi fram sem nefndin hefur hugsað sé að leggja fram í sínu lokaskjali og er hér með ítrekað að svo sé.

Hvað varðar áherslurnar sem slíkar, þá vill undirritaður koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

- Á blaðsíðu 4 er sett fram tillaga að skiptingu í svæðisráð, skilgreind frá landfræðilegum forsendum. Síðar virðast þessi svæði skilgreind, bls 7, Rekstrarsvæði. Hér er vert að taka undir innsendar athugasemdir um að þessi skipting geti tæplega talist hentug né hafa skýra tilvísun í landfræðilegar forsendur. Má í því samhengi benda á að öll skilgreining svæði byggist á sveitarfélagsmörkum sem aðskilnaðarlínu. Í þessu samhengi er vert að benda á að nú um stundir er umrót í skipan sveitarfélaga og því varasamt að nota þá skiptingu alfarið. Mun raunsærra væri að skipta svæðinu eftir t.d. legu vatnsfalla og fjallgarða eða annarra náttúrulegra kennileita. Þannig má benda á að eflaust mætti hugleiða hvort Suðurlandshálendið ætti að skiptast í 3 svæði, annars vegar afmarkað af Þjórsá og hins vegar hvort svæðið austan Skeiðarársands ætti að tilheyra SA landi.
- Á blaðsíðu 4 er eins tilgreind hvernig skipan svæðisráða ætti að vera, það vekur bæði undrun og áhyggjur að rekstraraðilar á svæðinu virðist vera útilokaðir frá ákvarðanatöku varðandi umsýslu svæðisins, þrátt fyrir þá augljósu staðreynd að þessir aðilar hafa jafnan besta yfirsýn yfir daglega velferð þessara svæða auk þess að þeir hafa jafnan stærsta fjárhagslega hagsmuni af velferð og farsælli umsýslu viðkomandi svæðis. Þannig er lagt til að við verði bætt orðunum rekstraraðilar á svæðinu eða samtök þeirra.
- Það hefði verið hjálplegt ef betur hefði verið skýrt hvernig stjórn eigi að vera skipuð, en þar er bæði talað um formenn svæðisráða og síðan fulltrúa bænda, umhverfissamtaka og Ferðamálasamtaka. Hér er aftur bent á hagsmuni ferðaþjónustu og leigutaka.

- Í kafla Undir kaflanum hefðbundnar nýttjar hefði verið eðlilegt að fjalla einnig um útivist og ferðamennsku, enda eru það nýttjar sem eiga sér áratuga sögu og skila umtalsverðum arði í þjóðarbúið.
- Í kafla um þjónustumiðstöðvar, punkt 3 (bls 5), vekur enn og aftur undrun að ekki er minnst á rekstraraðila á svæðinu, sem byggja sinn rekstur á legusamningi um afnot af landi innan fyrirhugaðs þjóðgarðs og hafa þannig jafnan mjög góða staðbundna þekkingu og reynslu af rekstri á sínu svæði.
- Á blaðsíðu 6, neðst er fjallað um samstarfssamninga við meðal annars nýttjarréttarhafa, hér hefði verið heppilegra ef skýrt hefði verið við hvað er átt með orðinu „nýttjaréttarhafi“. Vísað er í næsta punkt að ofan.
- Í lok skjalsins er síðan umfjöllun um fjármál, þar sem fjallað er um eingreiðslu til verkefnisins við gildistöku friðlýsingarinnar. Þessir fjármunir verða þó að teljast mjög takmarkaðir ef litið er til fyrirætlana sem lesa má varðandi uppbyggingu þjónustumiðstöðva og að innan fárra ára þá þurfa stofnvegir og jafnvel fjölfarnir tengivegir á miðhálandinu að vera þannig útfærðir að þeir geti þjónað lögbundnu hlutverki þegar orkuskipti í samgöngum eru komin betur á veg. Ákjósanlegt hefi verið ef umfjölluninni hefði fylgt mat á þessum kostnaðaraliðum ásamt raunsæjum hugleiðingum um fjármögnun á rekstri hugsanlegs Miðhálandisþjóðgarðs til lengri tíma. Óhugsandi er fyrir þá sem ekki hafa þessi gögn, að taka afstöðu til þess hvort hugmyndir um stofnun Miðhálandisþjóðgarðs séu raunsæjar eða reksturinn geti orðið sjálfbær, hvorki í bráð eða lengd.

Að lokum vill undirritaður benda á að lagt hefur verið til að þau svæði sem lögð hafa verið utan virkjanamannvirki að standa utan þjóðgarðsins. Undirritaður telur þessar hugmyndir áhugaverðar og að samstarfsnefndin eigi að íhuga þær alvarlega og þá með þeirri viðbót að sama ætti að gilda um öll þau svæði á Miðhálandinu sem tilgreind eru í bið eða virkjanaflokk í Rammaáætlun. Minnt er á að Rammaáætlun var hugsuð sem sáttarferli hvað varðar landnýtingu svæða þar sem mögulegt gæti verið að vinna raforku og sjálfgefið að vænta þess að vinna miðhálandisnefndar takið mið af henni. Vísast í því samhengi í ummæli Orkumálastjóra sem véfengt hefur umboð til að binda landnýtingu á þessum svæðum á þann hátt sem tillögur samráðshópsins segja til um.

Það er von undirritaðs að umsögn þessi sé hjálpleg og nýtist í starfi nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

Páll Gíslason
Páll Gíslason

Rangárþing eystra - 30.04.2019

Eftirfarandi var bókað á 180. fundi Byggðarráðs Rangárþings eystra, 24. apríl 2019.

Rangárþing eystra gerir ekki efnislegar athugasemdir við textadrög varðandi helstu áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Mikilvægt er að lögð sé áhersla á verndun ósnortinar náttúru og almenna nýtingu hálandis við skipulagsgerð. Nú þegar hafa sveitarfélög á Suðurlandi hafið vinnu við að kanna möguleika á að vinna svæðisskipulag fyrir Suður hálandið. Ljóst er að mikil vinna er framundan á því sviði, en sú vinna er unnin í réttri röð og af réttum aðilum þ.e. sveitarfélögunum. Út úr þeirri vinnu gæti mögulega komið sú niðurstaða að sveitarfélög á Suðurlandi séu tilbúin að leggja hluta af hálandinu í þjóðgarð, en það er þá út frá forsendum sveitarfélaganna. Rangárþing eystra gerir því talsverðar athugasemdir við þær fyrirætlanir að stofnaður verði þjóðgarður á miðhálandi Íslands. Nefnd sem skipuð var af umhverfis- og auðlindaráðherra á vordögum 2018 hefur verið að vinna að því hvernig eigi að stofna miðhálandisþjóðgarð yfirleitt. Svo virðist sem að gleymst hafi að velja því fyrir sér hvort það ætti að fara í þá vegferð. Talsvert mikið af spurningum er enn ósvarað varðandi þann mikilvæga þátt. Vissulega hefur ágætis samráð átt sér stað á milli nefndarinnar og sveitarfélaga, en þar hefur líka talsvert borið á því að sveitarfélög eru frekar neikvæð í umræðunni og með varann á. Það er vel skiljanlegt á margan hátt og eðlilegt að sveitarfélög fari í baklás þegar að þverpólítísk nefnd er byrjuð að vinna að skipulagsmálum sveitarfélaga t.d. með að ákvarða mörk nýs þjóðgarðs, aðkomuleiðir, áningastaði og uppbyggingu. Það er og á að vera hlutverk sveitarfélaganna. Að mati Rangárþings eystra er mikilvægt að spólað verði aðeins til baka og umræðan um hvort eigi að stofna þjóðgarð verði tekin við sveitarfélögin. Samþykkt samhljóða



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Hvolsvelli, 8. ágúst 2019

Eftirfarandi var tekið fyrir og bókað á 183. fundi byggðarráðs Rangárþings eystra þann 25. júlí 2019.

1907061 - Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu; umsögn

Rangárþing eystra hefur áður lagt fram umsagnir vegna þeirra fyrirætlana að stofna þjóðgarð á miðhálandi Íslands. Byggðarráð stendur við fyrri bókanir og felur sveitarstjóra að fylgja þeim eftir.

Fyrri bókun Byggðarráðs:

Rangárþing eystra gerir ekki efnislegar athugasemdir við textadrög varðandi helstu áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Mikilvægt er að lögð sé áhersla á verndun ósnortinnar náttúru og almenna nýtingu hálandis við skipulagsgerð. Nú þegar hafa sveitarfélög á Suðurlandi hafið vinnu við að kanna möguleika á að vinna svæðisskipulag fyrir Suður hálandið. Ljóst er að mikil vinna er framundan á því sviði, en sú vinna er unnin í réttu ríði og af réttum aðilum þ.e. sveitarfélögunum. Út úr þeirri vinnu gæti mögulega komið sú niðurstaða að sveitarfélög á Suðurlandi séu tilbúin að leggja hluta af hálandinu í þjóðgarð, en það er þá út frá forsendum sveitarfélaganna. Rangárþing eystra gerir því talsverðar athugasemdir við þær fyrirætlunir að stofnaður verði þjóðgarður á miðhálandi Íslands. Nefnd sem skipuð var af umhverfis- og auðlindaráðherra á vordögum 2018 hefur verið að vinna að því hvernig eigi að stofna miðhálandisþjóðgarð yfirleitt. Svo virðist sem að gleymst hafi að velja því fyrir sér hvort það ætti að fara í þá vegferð. Talsvert mikið af spurningum er enn ósvarað varðandi þann mikilvæga þátt. Vissulega hefur ágætis samráð átt sér stað á milli nefndarinnar og sveitarfélaga, en þar hefur líka talsvert borið á því að sveitarfélög eru frekar neikvæð í umræðunni og með varann á. Það er vel skiljanlegt á margan hátt og eðlilegt að sveitarfélög fari í baklás þegar að þverpólísk nefnd er byrjuð að vinna að skipulagsmálum sveitarfélaga t.d. með að ákvarða mörk nýs þjóðgarðs, aðkomuleiðir, áningastaði og uppbyggingu. Það er og á að vera hlutverk sveitarfélaganna. Að mati Rangárþings eystra er mikilvægt að spólað verði aðeins til baka og umræðan um hvort eigi að stofna þjóðgarð verði tekin við sveitarfélögin.

Samþykkt samhljóða.

Sú vinna sem nú hefur farið fram á vegum nefndarinnar telur Rangárþing eystra ekki vera í hennar verkahring þ.á.m. að vinna með beinum hætti í skipulagsmálum sveitarfélaga þar sem



RANGÁRÞING EYSTRÁ

mörk og aðgangspunktur inn í miðhálandisþjóðgarð eru skilgreind. Að mati Rangárbíngs eystra er það alfarið á höndum sveitarfélaga að ákvarða slíkt í góðu samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Mun meiri opin umræða og samráð þarf að eiga sér stað áður en lengra er haldið, líkt og áður hefur verið bent á. Sem dæmi má nefna að miðað við þá markalínu sem dregin er um þjóðgarðinn í Rangárbíngi eystra, fer stærsti hluti hálandissvæðis og afrétta innan sveitarfélagsins undir þjóðgarð, en ekki er gert ráð fyrir neinni þjóðgarðsgátt eða hálandismiðstöð innan eða við svæðið. Bent er á að skv. rammaskipulagi Suðrhálandis sem unnið var og samþykkt af sveitarstjórnnum Rangárbíngs eystra, Rangárbíngs ytra og Skaftárhrepps er gert ráð fyrir hálandismiðstöð í Húsadal, Þórsmörk.

F.h. Rangárbíngs eystra

Anton Kári Halldórsson



Sveitarstjóri Rangárbíngs eystra



Reykjavík 31. okt. 2019

Samráð vegna verkefna nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi

Reykjavíkurborg fagnar þeirri vinnu sem komin er í þeirri vegferð að stofna miðhálandisþjóðgarð sem vonandi verður að veruleika.

Fyrirliggjandi tillögur og áherslur eru um margt ágætar svo langt sem þær ná en margt er nokkuð almennt orðað. Reykjavíkurborg áskilur sér því rétt til að gera athugasemdir á síðari stigum þegar nánari útfærslur liggja fyrir.

Í inngangi er nefnt að gert sé ráð fyrir að sett verði sérlög um miðhálandisþjóðgarð. Ekki kemur fram í tillögunum hvernig þessi lög munu samrýmast eða falla að náttúruvendarlögum en innan svæðisins eru t.d. ýmis þegar friðuð svæði. Ekki kemur heldur fram hver tengsl séu við frumvarp um Þjóðgarðastofnun. Reikna verður með að þetta muni skýrast í endanlegum tillögum.

Eins og fram kom í athugasemdum Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun þá veltir borgin því fyrir sér hver verði aðkoma sveitarfélaga að málefnum náttúruverndarsvæða sem eru utan þeirra umdæma. Friðlýst svæði eru sameign allra landsmanna en öll stór náttúruverndarsvæði og þar með talinn væntanlegur þjóðgarður eru staðsett utan Höfuðborgarsvæðisins þar sem stærstur hluti landsmanna býr. Akvarðanir um nýtingu og verndun náttúrusvæða varða ekki síður þá gesti sem heimsækja þau en íbúa heimabyggðar. Áætlað er að miðhálandisþjóðgarður þeki þriðjung landsins og enn fremur er lagt til að grunnfjármögnun komi úr ríkissjóði.

Það er því ekki óeðlilegt að fleiri en fulltrúar aðliggjandi sveitarfélaga eigi aðkomu að ákvarðanatöku sem varðar miðhálandisþjóðgarð.

Í tillögunum er lagður fram grundvöllur að svæðaskiptingu þar sem gert er ráð fyrir sex svæðum og mörk svæðanna verði skilgreind út frá landfræðilegum forsendum, reynslu af samvinnu samfélaga og aðkomu að hálandi Íslands eins og segir í tillögunum. Með tilvísun í athugasemdir Landverndar er þó bent á að þetta þýði að landfræðilegar heildir á hálandinu eins og Arnarvatnsheiði og svæðið að Fjallabaki verði skipt á milli svæðisstjórna sem getur verið óheppilegt.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir *Þórolfur Jónsson*

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir,
skrifstofustjóri, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur
Þórolfur Jónsson,
deildarstjóri, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur

Umhverfissráðuneytið
B.t. Steinar Kaldal
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
postur@uar.is



Reykjavík 19 desember 2018

Efni: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Óskað hefur verið eftir umsögnum um textadrög fyrstu tveggja verkefna þverpólískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands en vinnan gengur undir heitinu: Greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu.

Samtök ferðaþjónustunnar (Samtökin) lýsa ánægju með það verklag sem nefndin hefur tekið upp varðandi niðurbrot á verkefni sínu og bjóða uppá umsagnir við hvern verkhluta. Samtökin vilja þó ítreka það sem áður hefur komið fram um að þau hefðu talið eðlilegt að eiga beina aðild að starfi nefndarinnar.

Á þessu stigi eru það tvö af átta skilgreindum verkefnum nefndarinnar sem kynnt eru. Samtökin hafa kynnt sér tillögurnar og taka undir það sem fram kemur um að ferðaþjónusta er meginstöð í þjóðgörðum almennt og vænta samtökin þess að í fyrirhuguðum miðhálandisþjóðgarði muni þetta eiga við í ríkum mæli. Stýringar og dreifing gesta er hér afar mikilvæg. Til að vel megi takast við gerð stjórnunar- og verndaráætlauna og framkvæmd þeirra, er mikilvægt að ferðaþjónustan eigi rödd við það borð sem vinnur að verkefninu.

Í kaflanum um innviði kemur fram:

„Aukið samstarf þjóðgarðsyfirvalda og aðila sem stunda atvinnustarfsemi innan svæðisins gæti einnig skapað tækifæri fyrir báða aðila. Þar væri til dæmis hægt að horfa til samstarfs opinberra og einkaaðila (e. public-private partnership). Sú aðferð hefur m.a. verið notuð í þjóðgörðum í Bandaríkjunum og Nýja Sjálandi. Þar er um að ræða langtímaverkefni þar sem einkaaðilar eru fengnir að borðinu til að skila af sér fyrir fram skilgreindri þjónustu yfir ákveðið tímabil.“

Samtökin taka undir það sjónarmið sem þarna kemur fram um mikilvægi aukins samstarfs og telja það jákvæða þróun að komið sé inn á aukið samstarf á fleiri stöðum í tillögunum.

Þá vilja samtökin taka sérstakalega undir mikilvægi þess að við val á samstarfsaðilum tengdum atvinnustarfsemi innan þjóðgarðs sé litið til reynslu og fagna samtökin hugmyndum um að gerðar séu kröfur um „vottanir“ varðandi gæða- og umhverfismál. Samtökin benda einnig á mikilvægi þess að samrýma þarf atvinnustefnu miðhálandisþjóðgarðs og stefnu stjórnvalda um nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum.

Að mati samtakanna hefur starf nefndarinnar byrjað vel eins og þær tillögur sem nú eru birtar bera með sér. Óskum við nefndinni velgengni í því starfi sem framundan er við næstu kafla verkefnisins.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Anna G. Sverrisdóttir



Reykjavík, 13. ágúst 2019

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um textadrög fjórða og fimmta verkefnis þverpólítískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands (skilgreining á mörkum þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar).

Hinn 23. maí sl. birti umhverfis- og auðlindaráðuneytið tillögudrög að skilgreiningu á mörkum miðhálandisþjóðgarðs, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka og umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Drögin eru unnin af þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Frestur til að senda inn umsögn um drögin rennur út hinn 30. júní nk.

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið tillögudrögin og í grundvallaratriðum telja SAF tillögudrögin jákvætt innlegg í skýrslu sem áætlað er að nefndin skili ráðherra í september nk. Samtökin vilja þó koma á framfæri eftirfarandi

Mörk miðhálandisþjóðgarðs.

Samtökin telja tillögur nefndarinnar um mörk miðhálandisþjóðgarðs vera raunhæfar og líklegar til þess fallnar að verða lokaniðurstaða verði miðhálandisþjóðgarður að veruleika. Tillögurnar fela ekki í sér neina skörun á hagsmunum sveitarfélaga, landeigenda eða annarra sem hafa afnot af þjóðlendum. Samtökin benda á það sem áður hefur komið fram um að við val á samstarfsaðilum verið litið til reynslu þeirra sem eru með starfsemi innan marka miðhálandisþjóðgarðs.

Áherslu við skiptingu landsvæða

Samtökin telja þá víðtæku flokkun um verndarstig sem fram kemur í tillögunni jákvæðar en telja ærna ástæðu til að fara nákvæmar í það síðar með tilliti til verðmæta og eiginleika svæða. Mikilvægt er að horft sé til sjábærni varðandi umferð ferðamanna jafnt sem annarrar nýtingar. Samtökin telja að sjálfbær nýting, s.s. beit og veiðar eigi að vera hluti að þeirri starfsemi sem heimiluð sé innan garðsins. Samtökin telja mikilvægt að hafa svæði núverandi virkjanna innan þjóðgarðs og þeim virkjunum verði tryggður eðlilegur grundvöllur varðandi rekstur og viðhald. Nauðsynlegt að finna

fram tíðarfyrirkomulagi á því sviði farveg innan þjóðgarðsins, frekar en að umrædd svæði séu tekin út fyrir garðinn.

Aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir 14 svokölluðum þjóðgarðsgáttum sem samkvæmt lýsingu eru byggingar með ýmiskonar þjónustu, á láglandi utan þjóðgarðs, sem ríkið á og hefur umsjón með. Samtökin benda á að skilgreina þarf vel rekstur og uppbyggingu slíkra þjónustugátta og gera athugasemd við þann fjölda sem lagður er til. Mjög mikil hætta er á að fjármagn fari frekar í rekstur þjónustugáttanna en í uppbyggingu á innviðum þjóðgarðsins.

Samvinna einkaaðila við þjóðgarðinn (PPP)

Samtökin fagna hugmyndum nefndarinnar um að leitað verði til þeirra aðila sem hafa staðarþekkingu við svæðisstjórnun. Þetta er í samræmi við það sem áður hefur komið fram hjá nefndinni og samtökin hafa stutt um að efla samstarf þjóðgarðsyfirvalda við þá sem hafa með höndum atvinnustarfsemi og aðra starfsemi innan miðhálandisþjóðgarðs. Slíkt fyrirkomulag er afar líklegt til að skapa tækifæri fyrir báða aðila. Með aukningu á slíku samstarfi og að formgera það betur má ná bættum árangri t.d. við fyrirbyggjandi aðgerðir í náttúruvernd, landvörslu og öryggismálum.

Að lokum

Að lokum vilja samtökin benda á mikilvægi þess að miðhálandisþjóðgarður verði ætlaður öllum sem hann vilja sækja, bæði innlendum sem erlendum gestum, einstaklingum og hópum sem sækja upplifun og þjónustu í þjóðgarðinn. Ráðgerður miðhálandisþjóðgarður nær yfir stóran hluta Íslands og því um gríðarlega stórt svæði að ræða. Þó svo að viss svæði geti verið þétt setin af ferðamönnum á ákveðnum tímum er á engan hátt hægt að segja að um „massatúrisma“ sé að ræða hér á landi. Þó ber að gæta að þolmörkum náttúru og samfélags með því að huga að álagsstýringu á þeim stöðum þar sem fjöldinn er mestur.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Anna G. Sverrisdóttir



Reykjavík, 31. október 2019

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðapjónustunnar um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu (áherslur nefndar í lagafrumvarp um hálandisþjóðgarð og umfjöllun nefndar um fjármögnun hálandisþjóðgarð).

Hinn 11. október sl. birti umhverfis- og auðlindaráðuneytið textadrög þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands (Áherslur nefndar í lagafrumvarp um hálandisþjóðgarð og umfjöllun nefndar um fjármögnun hálandisþjóðgarðs), á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Textadrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SAF – Samtaka ferðapjónustunnar og vilja samtökin nota tækifærið og koma nokkrum athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Lagasetning

Í inngangskafli á bls. 2 er tekið fram að það sé tillaga nefndarinnar að sett verði sérlög um miðhálandisþjóðgarð. Í þessu samhengi vilja SAF vekja athygli á að þegar eru í gildi lög um þjóðgarðinn á þingvöllum og Vatnajökulsþjóðgarð. Þá hafa verið uppi áform um setningu almennra laga um þjóðgarðastofnun þar sem bæði er ætlunin að komi fram almennar og sérstakar reglur um þjóðgarða. Á grundvelli framangreindra laga hafa verið settar og má sjá fyrir að verði settar reglugerðir sem útfæra nánar þær reglur sem gilda um þjóðgarða almenn og hvern þjóðgarð fyrir sig. Jafnframt er gert ráð fyrir að ýmsar reglur komið fram í verndar- og stjórnunaráætlunum þjóðgarða. Að mati SAF er afar hætt við að afurð setningar enn eins lagabálks um þjóðgarð verði svo hátt flækjustig að næsta átaksverkefni á sviði þjóðgarða verði einkum fólgið samræming og einföldun regluverks. Á heildina litið telja SAF því eðlilegra að ákvæðum um miðhálandisþjóðgarð verði komið fyrir þeim frumvarpi til laga um þjóðgarðastofnun. Leyfa samtökin sér að ganga svo langt að leggja jafnframt til að lög um Vatnajökulsþjóðgarð verði einnig sameinuð í þeim bálki.

Markmið

Á bls. 2-3 eru sett fram markmið áherslna nefndarinnar. Sjöunda markmiðið er orðað svo: Vera vettvangur umræðu og ákvarðanatöku um landnýtingu innan þjóðgarðs og

þróun hennar. Væntanlega er þarna átt við að áherslur nefndarinnar hafi það markmið að skapa vettvang umræðu o.s.frv.

Valldreifing og stjórnskipulag

Á bls. 3 er fjallað um stjórnskipulag miðhálandisþjóðgarðsins og þar kemur fram að nefndin leggi áherslu á að það byggji á dreifðri stjórnun með skilgreindum rekstrarsvæðum þar sem svæðisráð marki svæðisbundna stefnu og fari með umsjón hvers rekstrarsvæðis. Í framhaldinu er tekið fram að stjórn þjóðgarðsins muni fara með stefnumörkun í málefnum þjóðgarðsins í heild og staðfestingu áætlana og ákvarðana svæðisráða. Í framangreindum áherslum felast hugmyndir um verulega valldreifingu og SAF eru þeirrar skoðunar að svo víðtækri valldreifingu fylgi veruleg hætta á að ósamræmi milli svæða hvað varðar reglur, kröfur og skilyrði og framkvæmd. Undir slíkum kringumstæðum verður samræmingar- og eftirlitshlutverk stjórnar þjóðgarðsins verulega mikilvægt og því er ljóst að tryggja verður stjórninni nauðsynleg úrræði til að vinna að samræmingu og bregðast við ósamræmi. Þannig er t.d. afar mikilvægt að það verði tryggt að stjórnin hafi fullnægjandi tækni á að tryggja samræmi þegar kemur að gjaldtöku, viðurlögum fyrir brot gegn reglum og öryggiskröfur sem gerðar verða á svæðunum í heild. Hér að aðeins um dæmi að ræða en ekki tæmandi talningu.

Svæðisráð

Á bls. 4 er lögð áhersla á að í svæðisráðum sitji m.a. fulltrúar ferðamálasamtaka á viðkomandi svæði. SAF vekja athygli á að Ferðamálasamtök Íslands voru lögð niður með ákvörðun aðalfundar samtakanna hinn 26. febrúar 2016 en samtökin voru samstarfsvettvangur átta landhlutasamtaka sem unnu að framgangi ferðamála hvert á sínu svæði. Helsta ástæða niðurlagningarinnar var tilkoma markmiðs stjórnvalda um einföldun á stjórn- og stuðningskerfi ferðaþjónustu. Við þetta tilefni ályktaði aðalfundurinn að stuðla bæri að öflugri grasrótarvinnu í hverjum landshluta með vísan til vaxandi hlutverks markaðsstofa Landshlutanna og samstarfs þeirra. Að mati SAF hafa markaðsstofur landshlutanna unnið mjög gott starf á sviði ferðaþjónustu en hafa verður hins vegar í huga að þær tóku ekki við öllum verkefnum ferðamálasamtakanna. Í mörgum tilvikum lögðust landshlutasamtökin af í kjölfarið. Heildaryfirsýn yfir málaflokk ferðaþjónustu liggur hins vegar hjá SAF um þessar mundir og verulegt tilefni er til að tryggja að þekking SAF nýtist sem best um landið allt. Í því ljósi leggja SAF til að í stað ferðamálasamtaka á viðkomandi svæði verði SAF og markaðsstofum landshlutanna í sameiningu tryggt tækifæri til að tilnefna fulltrúa í svæðisráðin. Með því móti verður hvað best tryggt að í svæðisráði eigi sæti fulltrúi sem hefur þekkingu á viðkomandi svæði sem jafnframt getur nýtt sér þekkingu sem er til staðar bæði hjá SAF og markaðsstofunum og jafnframt getur nýtt sér tengslanet þeirra.

Á bls. 4 er lögð áhersla á að formenn svæðisráða verði valdir úr hópi fulltrúa sveitarfélaga. SAF leggja áherslu á slíkra áherslu enda mun slík krafa í mörgum tilvikum beinlínis koma í veg fyrir að unnt verði að velja formann svæðisráðs á grundvelli faglegra forsendna. Að mati SAF er afar mikilvægt að formaður svæðisráðs hafi

heildarsýn yfir hagsmuni svæðisins alls og haldgóða þekkingu á viðfangsefnum svæðisráðsins. Ef fulltrúar sveitarfélaga búa ekki yfir slíkri þekkingu er hætt við að valinn verði formaður sem á í erfiðleikum með að haga starfsemi svæðisráðsins með æskilegum hætti. Það yrði óviðunandi niðurstaða.

Stjórn þjóðgarðsins

Á bls. 4 er annars vegar lögð áhersla á að meirihluti stjórnarmanna Miðhálandisþjóðgarðs verði fulltrúar sveitarfélaga sem hafa sveitarfélagamörk upp á miðhálandið og hins vegar að í stjórn sitji fulltrúar bænda/nytjaréttarhafa, útivistarsamtaka, umhverfisverndarsamtaka og ferðamálasamtaka. SAF telja svo sem ekki tilefni til að gera beina athugasemd við áhersluna en vilja koma því á framfæri að sjónarmið um nauðsynlega þekkingu og heildarsýn stjórnar á viðfangsefni munu stuðla að samræmi og vönduðum vinnubrögðum. Í því samhengi mætti leggja ríkari áherslu á að þeir fulltrúar sem taka sæti í stjórn þjóðgarðsins á heildina litið búi yfir nægilegri þekkingu og yfirsýn til að takast á við víðtækt og mikilvægt verkefni stjórnarinnar.

Þjónustumiðstöðvar

Á bls. 5 er fjallað um starfsemi og þjónustu í þjóðgarðinum og sérstaklega vikið að þjónustumiðstöðvum. Þar er lögð áhersla á að viðameiri þjónusta/þjónustumiðstöðvar verði almennt við meginleiðir, í flestum tilvikum utan þjóðgarðsmarka á láglandi. Í þessu samhengi leggja SAF áherslu á að þær þjónustumiðstöðvar sem þegar eru til staðar, t.d. í Landmannalaugum, Hveravöllum, Kerlingafjöllum og Drekgili fái áfram notið þeirrar sérstöðu sem þær njóta í dag. Þessar miðstöðvar eiga sér langa sögu og eru menningarlega mikilvægar. Starfsemi þeirra hefur eflst og mikilvægi þeirra aukist með auknum ferðamannafjölda. Í því samhengi er einnig afar mikilvægt að þær njóti tækifæra til að vaxa í takt við þjónustubörf.

Tekjur sveitarfélaga

Á bls. 6 er fjallað um önnur atriði og meðal þeirra eru tekjur sveitafélaga af þjóðlendum. Þar er lögð áhersla á að engar breytingar verði á tekjum sveitarfélaga af mannvirkjum innan þjóðgarðs.

Í þessu samhengi vill SAF vekja athygli á gagnrýni sem hefur beinst að sívaxandi umfangi fasteignagjalda sem tekið hafa hækkunum samfara hækkandi fasteignamati. Aðferðarfræði við fasteignamat sætir um þessar mundir endurskoðun á vettvangi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins með vísan til óæskilegs samspils matsins og fasteignaskatta. Hafa ber í huga að fyrirkomulag fasteignaskatta er víða útfært á þann hátt að hækkanir fasteignamats leiði að takmörkuðu leyti út í fasteignaskatta. SAF leggja ríka áherslu á að áherslur nefndarinnar verði ekki túlkaðar á þann hátt að þær tálmi með einhverjum hætti eðlilegum breytingum á tekjustofnum sveitarfélaga.

Leyfistekjur

Á bls. 6 og er lögð áhersla á að tekjur af útgáfu leyfa til nýtingar lands og landsréttinda innan þjóðgarðs skuli varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðgarðsins.

Hvað leyfistekjur varðar er skilningur SAF sá að gjöld vegna útgáfu leyfa verði þjónustugjöld. Þrátt fyrir að þjónustugjaldaheimildir geti verið einfaldar þarf nauðsynlega að huga að því að gjöldin standi undir þeirri þjónustu sem veitt er. Í því samhengi hefur verið rætt um að nægileg tengsl þurfi að vera milli þjónustu og gjalda. SAF leggja áherslu á að heimildir til töku leyfisgjalda þurfa að vera skýrar og í þeim þarf Alþingi að taka skýra afstöðu til þeirra kostnaðarþátta sem gjaldið á að standa undir.

Sértekjur

Á bls. 8 er að finna umfjöllun um fjármögnun rekstrar þjóðgarða og í því samhengi m.a. fjallað um mikilvægi sértekna. SAF taka fram að þau eru þeirrar afstöðu að þeir eigi að greiða sem njóta. Því telja samtökin eðlilegast að ferðamaðurinn sjálfur greiðir þau gjöld sem standa eiga undir þeim rekstrarþáttum sem hann snerta. Að sjálfsögðu getur til þess komið að ferðaþjónustufyrirtæki taki með einum eða öðrum hætti að sér milligöngu um innheimtu slíkra tekna og þá á grundvelli samninga við þjóðgarðinn. Til upplýsingar hafa bílaleigur gert samninga við þjóðgarðinn á Þingvöllum um milligöngu um innheimtu bílastæðagjalda. Í þeim samningum hafa þjóðgarðurinn og bílaleigurnar komist að samkomulagi um að skipta með sér innheimtuáhættu og tekjum og þannig skapað forsendur til þess að innheimtan verði trygg. Að mati SAF þarf að líta til reynslunnar af þessu fyrirkomulagi þegar að því kemur að móta fyrirkomulag og innheimtu gjalda sem skapa eiga þjóðgarðinum sértekjur.

Ekki verður betur séð en að ætlunin sé að þjóðgarðurinn geti aflað tekna á grundvelli samninga við ferðaþjónustuaðila. Að mati SAF er afar mikilvægt að þær tekjur sem þjóðgarðurinn aflar á grundvelli slíkra samninga renni til þess að standa undir þjónustu þjóðgarðsins. Varast ber að samningarnir verði þannig útfærðir að tekjur verði tengdar eftirspurn eftir ferðaþjónustu heldur verður að tryggja að tekjurnar endurspegli raunkostnað.

Virðingarfyllst,

F.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Benedikt S. Benediktsson



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1-3
150 Reykjavík

Reykjavík 28. júní 2013

1803004SA GB
Málalykill: 11.00

Efni: Umsögn um samráðsskjal S-135/2019 - Skilgreining á mörkum miðhálandisþjóðgarðs, skiptingu í verndarflokka o.fl.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt Stjórnarráðsins frá 22. maí sl. um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Í tilkynningunni er óskað eftir umsögnum um textadrög þverpólítískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Almennt

Í nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu eru m.a. tveir fulltrúar sem tilnefndir eru af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þessir fulltrúar hafa tekið þátt í gerð þeirra draga sem hér eru til umsagnar og gera ekki athugasemd fyrir sitt leyti. Ekki hefur gefist tækifæri til þess að ræða drögin beint við fulltrúa sveitarfélaga sem land eiga að miðhálandisþjóðgarði en stefnt er að því að kalla þau saman til fundar um málið með haustinu. Tílefni er því til að hafa þann almenna fyrirvara að sambandið áskilur sér rétt til þess að koma að frekari sjónarmiðum á síðari stigum vinnunnar.

Einnig er rétt að halda því sjónarmiði til haga, að a.m.k. einhver sveitarfélög sem málið varðar telji á þessu stigi ótímabært að gefa sér fyrirfram þá niðurstöðu úr vinnu nefndarinnar að stofnaður verði þjóðgarður sem nái yfir allt miðhálandi Íslands. Sambandið væntir þess að sú afstaða hafi m.a. komið fram á samráðsfundum nefndarinnar með sveitarfélögum, en ástæða er til þess að hrósa nefndinni fyrir þá miklu áherslu sem hefur verið á samráð við sveitarstjórnir við vinnslu málsins.

Sérstakt tílefni er einnig til þess að þakka fyrir skýra framsetningu, bæði í texta og á kortum, á tillögum nefndarinnar, m.a. um skiptingu í mismunandi verndarflokka. Þessi vinnubrögð eru til fyrirmyndar og auðvelda mjög gerð umsagnar um skjalið.

Mörk fyrirhugaðs þjóðgarðs

Á bls. 4 kemur fram sú almenna afstaða nefndarinnar að unnið verði með svæðismörk þjóðgarðs út frá þjóðlendum og þegar friðlýstum svæðum innan miðhálandislínunnar. Lítur nefndin svo á að eðlilegt sé að horfa til lands innan þessa svæðis við umfjöllun um mörk þjóðgarðsins. Tillaga á bls. 5 um afmörkun þjóðgarðsins, sbr. einnig kort á bls. 6, er byggð á þeirri nálgun en þar er jafnframt gert ráð fyrir því að mörk þjóðgarðsins kunni að breytast síðar.

Af hálfu sambandsins er tekið undir að ekki séu forsendur á þessum tímapunkti til að útvíkka mörk miðhálandisins umfram það sem nefndin leggur til en er einnig

sammála því álitni nefndarinnar að halda möguleikum opnum um frekari útvíkkun síðar, t.d. varðandi ríkisjarðir og ólokin þjóðlendumál.

Einnig er sambandið sammála þeirri tillögu nefndarinnar að svæði utan þjóðlendna á einkaeignarlöndum innan afmörkunar miðhálandis eða við jaðra þess falli utan þjóðgarðs nema eigendur eða umráðaaðilar lands geri tillögu um annað.

Skipting svæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka

Sambandið tekur undir umfjöllun á bls. 8-9 um þetta efni og tekur sérstaklega undir að ákvörðun um að nota orðið þjóðgarð í heiti verndarsvæðis þýðir ekki sjálfkrafa að því sé stjórnað í samræmi við skilgreiningu IUCN um slíka tegund verndarsvæðis. Landsvæðin sem mynda miðhálandið eru ólík að gerð og þar fer fram mismunandi nýting á landi. Í því ljósi er skynsamlegt að skipta miðhálandisþjóðgarði í nokkra verndarflokka.


Á bls. 13-14 er sett fram nánari skipting svæðisins í verndarflokka IUCN og skiptist svæðið í nokkra flokka. Sambandið telur sig ekki hafa forsendur til þess að gera athugasemdir við flokkun einstakra svæða en telur framsetningu á korti á bls. 14 vera skýra og til þess fallna að auðvelda frekari umræðu um þróun verkefnis um miðhálandisþjóðgarð.

Aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar


Að álitni sambandsins er helst tilefni til umræðu um hvort þjóðgarðurinn á Þingvöllum og þeir innviðir sem þar eru til staðar geti flokkast sem þjóðgarðsgátt, þótt ekki sé gert ráð fyrir að þjóðgarðurinn verði hluti af miðhálandisþjóðgarði.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. nefndar um stofnun miðhálandisþjóðgarðs
Skuggasundi 2-4
150 Reykjavík

Reykjavík 28. desember 2018

1803004SA GB
Málalykill: 11.00

Efni: Umsögn um greiningu tækifæra með stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands

Vísað er til skjals sem birt var á samráðsgátt stjórnarráðsins 20. nóvember sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um textadrög fyrstu tveggja verkefna þverpólískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu.

Fram kemur í frétt um málið að verklag við frekari vinnslu málsins er þannig að nefndin vinnur textadrög/tillögur fyrir hvern verkþátt, verkþættir verða svo sett í samráðsgáttina þar sem kallað er eftir athugasemdum. Athugasemdir sem berast verða teknar til skoðunar hjá nefnd og verkþáttur/þættir í kjölfarið kláraðir. Þegar allir verkþættir hafa farið í gegnum sama ferli verða þeir settir saman í heildarskýrslu sem einnig verður sett í samráðsgáttina. Í kjölfar þess mun nefnd skila skýrslunni til umhverfis- og auðlindaráðherra. Ráðgert er að skil fari fram í september 2019.

Samband íslenskra sveitarfélaga biðst velvirðingar á því að vegna mikils álags í desember, eins og jafnan er á þessum árstíma, vannst ekki tími til að veita umsögn um málið fyrir lok umsagnarfrests, sem var 21. desember sl. Tuttugu umsagnir bárust um málið, þar af allmargar umsagnir frá sveitarfélögum, sem sambandið væntir þess að tekið verði tillit til við frekari vinnslu málsins.

Líkt og bent er á í umsögnum annarra umsagnaraðila er það nokkrum vandkvæðum bundið að veita umsögn um áform um stofnun miðhálandisþjóðgarðs á meðan ekki liggja fyrir skýrar tillögur um mörk þess svæðis sem fyrirhugað er að leggja undir þjóðgarð. Að áliti sambandsins er samt sem áður gagnlegt að nefndin sendi frá sér til umsagnar í samráðsgátt texta um einstaka þætti verkefnisins sem unnið er að á vettvangi nefndarinnar.

Í umsögnum sínum um frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun, sem væntanlega myndi fara með yfirstjórn miðhálandisþjóðgarðs, líkt og annarra þjóðgarða sem fyrirhuguð lög munu taka til, hefur sambandið lagt mikla áherslu á atriði sem snúa að nýtingu atvinnutækifæra í þjóðgördum og á friðlýstum svæðum og geta stuðlað að jákvæðri byggðaþróun í dreifbýli. Það er því ánægjulegt að fyrstu útspil nefndarinnar skuli einmitt lúta að þessum þáttum. Sambandið telur ekki vera tilefni til athugasemda við fyrirliggjandi textadrög frá nefndinni um þau atriði.

Tilefni er til þess að varpa fram þeirri almennu athugasemd að miklu skiptir við frekari þróun hugmyndar um miðhálandisþjóðgarð að horft verði til þess að


hugtakið þjóðgarður getur haft mismunandi merkingu í hugum almennings og fagaðila, bæði hér á landi og erlendis. Ímynd hugtaksins hér á landi er fremur þröng hvað varðar svigrúm til atvinnustarfsemi og má sérstaklega nefna að svigrúm til orkuvinnslu innan þjóðgarða er almennt mjög lítið skv. 2. mgr. 47. gr. náttúruverndarlaga:

Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist. ...

Að áliti sambandsins er tilefni til að ræða hvort æskilegt sé að endurskoða ákvæði náttúruverndarlaga, til að skapa rými til meiri sveigjanleika í atvinnustarfsemi og nýtingu auðlinda þar sem við getur átt að heimila slíka nýtingu, í tengslum við frekari vinnu nefndar um stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Rétt er hins vegar að taka fram að skoðanir sveitarstjórna eru að líkindum nokkuð skiptar um hve langt geti verið skynsamlegt að ganga varðandi slíkar heimildir.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 2-4
150 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl 2019

1803004SA GB
Málalykill: 11.00

Efni: Umsögn um tillögur að helstu áherslu í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt Stjórnarráðsins, dags. 4. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um textadrög þriðja verkefnis nefndar, tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun.

Almennt um vinnu við stofnun miðhálandisþjóðgarðs

Í nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu eru m.a. tveir fulltrúar sem tilnefndir eru af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umræddir fulltrúar tóku þátt í umræðu á fundi skipulagsmálanefndar sambandsins sem fram fór 26. mars sl. Á fundinum var rætt almennt um verkefni nefndarinnar en niðurstaða umræðu var að skipulagsmálanefnd leggur áherslu á að fulltrúar sambandsins eigi gott samráð við fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem eiga lögsögu á miðhálandinu. Stefnt verði að því að ná fulltrúum þessara sveitarfélaga saman til fundar þar sem mótuð verði frekari afstaða til málsins.

Þau drög sem hér eru til umsagnar höfðu ekki litið dagsins ljós þegar umræddur fundur var haldinn og gefst ekki tækifæri til þess að ræða drögin í skipulagsmálanefnd eða stjórn sambandsins fyrir lok umsagnarfrests. Sömuleiðis er ljós að sá fundur sem nefndur er í fundargerð skipulagsmálanefndar verður í fyrsta lagi haldinn um miðjan maí. Til efni er því til að hafa þann almenna fyrirvara að sambandið áskilur sér rétt til þess að koma að frekari sjónarmiðum á síðari stigum vinnunnar.

Einnig er rétt að halda því sjónarmiði til haga, að a.m.k. einhver sveitarfélög sem málið varðar telji á þessu stigi ótímabært að gefa sér fyrirfram þá niðurstöðu úr vinnu nefndarinnar að stofnaður verði þjóðgarður sem nái yfir allt miðhálandi Íslands. Sambandið væntir þess að sú afstaða hafi m.a. komið fram á samráðsfundum nefndarinnar með sveitarfélögum, en ástæða er til þess að hrósa nefndinni fyrir þá miklu áherslu sem hefur verið á samráð við sveitarstjórnir við vinnslu málsins.

Ábendingar við textadrögin

Að áliti sambandsins eru þau drög sem hér eru til umsagnar vel unnin. Skýrt er að nefndinni er ekki ætlað að vinna eða útfæra stjórnunar- og verndaráætlun heldur eingöngu að koma fram með tillögur að helstu áherslum og framsetningu slíkrar áætlunar. Af hálfu sambandsins þykir sérstaklega ástæða til að bregðast við eftirfarandi atriðum í skjalinu:

Heiti og umfang áætlunarinnar

Sambandið tekur undir að æskilegt er að atvinnustefna verði hluti af stjórnunar- og verndaráætlun, frekar en að slík stefna verði unnin sérstaklega. Hægt er að taka undir vangaveltur sem fram koma í fótnótu á bls. 2 í skjalinu að ef sú verður niðurstaðan þurfi e.t.v. að velja annað heiti fyrir áætlunina, þannig að í heitinu verði vísað til nýtingar.


Áherslusvið í áætluninni

Sambandið telur þau áherslusvið sem fram koma í töflu á bls. 2 vera mjög jákvæð, þ.e. Dreifstýring, Vernd, Aðgengi, Atvinnustefna, Samningar, Nytjaréttur, Samgöngur, Öryggi og Upplýsingar.

Mörg þessara atriða eru án efa nokkuð sjálfsögð við gerð slíkra áætlana en sambandið leggur ekki síst áherslu á dreifstýringu, atvinnustefnu og nytjarétt og telur að þessar áherslur séu mikilvægar ef takast á að skapa sátt um verkefnið.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Reykjavík, 21. desember 2018

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Steinar Kaldal

Efni: Umsögn Samorku um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu – tillaga um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu – fyrstu tvö verkefni á verkefnalista:

- a) greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf**
- b) tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu**

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu leggur nú fram til umsagnar fyrstu tvö verkefni á verkefnaskrá sinni í formi tveggja skjala sem fela í sér samantekt á vinnu nefndarinnar og þar með sýn á mögulegan framgang þeirra í heildarsamhengi allra þeirra verkefna sem nefndin á að vinna að. Í ljósi þess að öll verkefni nefndarinnar eru mjög tengd er í raun óhægt um vik að leggja raunhæft heilstætt mat á þau ein og sér. Verður því að líta svo á að hér sé um fyrstu umsögn að ræða eins og reyndar er staðfest með því að ætlunin er að leggja væntanlega heildar skýrslu fram til umsagnar sérstaklega. Verður því að taka mið af þessu við yfirferð og umfjöllun um umsagnir um þennan frysta áfanga vinnunnar.

Rétt er að þakka nefndinni og verkefnisstjóra fyrir að nýta vef Stjórnarráðsins til að miðla upplýsingum um störf sín og þau gögn sem verið er að kynna og fjalla um hverju sinni. Er það til fyrirmyndar.

Eins og Samorka hefur vikið að í ýmsum umsögnum sínum undanfarið þá er víða verið að vinna að friðun og friðlýsingum með beinum og óbeinum hætti.

(1)

Í drögum að „stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum“ sem forsætisráðherra hefur nýlega lagt fram til umsagnar koma fram fyrirætlanir sem í raun fela í sér viðamiklar friðunaraðgerðir. Tekið er fram í stefnudrögum að þeim sé ekki ætlað að fjalla um auðlindanýtingu, s.s. raforkuvinnslu, né um flutnings- og dreifikerfi raforku. Af þeim viðmiðum um bann eða takmörkunum við nýtingu eða framkvæmdum í þágu ferðapjónustu og útivistar sem

sett eru fram í stefnuáætlunum felast hins vegar sjálfkrafa viðmið um bann eða takmarkanir við annarri nýtingu, ekki síst ef hún er í hugum margra talin fela í sér umfangs meiri inngríp.

(2)

Umhverfisstofnun hefur nú kynnt og er með í umsagnaferli friðanir á grundvelli II áfanga verndar- og orkunýtingaráætlun samkvæmt þingsályktun nr. 13/141 frá 2013. Fram eru komnar tillögur til friðunar á níu orkunýtingarkostum sem eru samtals 510 hektarar að stærð eða um 5% flatarmáli landsins. Eru þá eftir ellefu orkunýtingarkostir af þeim tuttugu sem eru í II áfanga. Samorka hefur í umsögn sinni um fyrstu fimm orkunýtingarkostina bent á að forsendur fyrir umfangi friðunar samkvæmt nefndir þingsályktun séu mjög óljósar og ljóst að Umhverfisstofnun í tillögum sínum gengur mjög langt í að ákvarða umfang friðunar. Í ljós þess hversu ónákvæm þingsályktunin er má leiða líkum að því að hún geti ekki talist lögmætur grundvöllur þeirra friðlýsinga sem lagðar eru til af hálfu Umhverfisstofnunar.

(3)

Náttúrufræðistofnun hefur á heimasíðu sinni kynnt hugmyndir að friðlýsingu eitthundrað og tólf landsvæða á grundvelli framkvæmdaáætlunar B hluta náttúru-minjaskrár. Fyrir liggur að sum af þessum svæðum skarast á við orkunýtingarkosti sem ýmist eru í nýtingar- eða biðflokki núverandi verndar- og orkunýtingaráætlunar.

(4)

Skipulagstofnun hefur hafið vinnu við endurskoðun á Landsskipulagsstefnu þar sem taka á inn landslagsvernd og vindorkunýtingu. Enn hafa ekki komið fram formlegar hugmyndir hér að lútandi og því of snemmt að fullyrða hvað nákvæmlega felst í þessu. En nokkuð ljóst að í þessu munu felast einhverjar takmarkanir á svæðum fyrir auðlindanýtingu.

(5)

Loks er komið að tillögu um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og þar með þeirri vinnu sem hér er til umfjöllunar.

Samorka tekur mikilvægt að vekja sérstaklega athygli á framanrituðu og þar með því heildar-samhengi sem við teljum mikilvægt að horfa til. Viljum við benda á að það hlýtur að vera nauðsynlegt að meta þessa hluti heilstætt og þar með þau áhrif sem friðanir og friðlýsingar munu

hafa á nauðsynlega auðlindanýtingu í þágu orkuvinnslu til þess að uppfylla núverandi og væntanlegri orkupörf til framtíðar og tryggja þar með orkuöryggi landsins með grænni orku.

Athygli vekur að í þeim gögnum sem nú liggja fyrir er nánast ekkert fjallað um mögulega auðlindanýtingu og innviðauppbýggingu fyrir orkuframleiðslu og flutning. Í þessu samhengi má þó benda á augljós tækifæri til þess að tengja græna orku landsins við hugmyndir um mörkun (e. branding) á vörum sem upprunna sinn eiga innan mögulega þjóðgarðs. Má í því samhengi minna á að græn orkuvinnsla er víða þekkt innan verndarsvæða og þjóðgarða enda getur hún farið mjög vel saman við meginmarkmið friðunar að öðru leyti, enda sé gætt ýtrustu mótvægisáðgerða.

Í þessu samhengi þarf einnig að hafa í huga að mjög [mikil orkuframleiðsla og orkugeymsla fer fram á miðhálandinu og þar eru jafnframt flutnings og dreifileiðir raforku](#). Mikilvægt er að gera ráð fyrir þessari starfsemi og mögulegum breytingum og viðbótum við hana sem og nýtingu annarra orkukosta.

Vindorkunýting hefur þróast mjög mikið undanfarin ár og mikilvægt að hafa í huga að þau mannvirki eru afturkræf og því sporlaus til lengri tíma litið. Þá þarf einnig að hafa í huga að ekki hefur farið fram greining á öllum þeim orkunýtingarkostum sem koma til greina á miðhálandinu og eiga þá eftir að koma til mats. Nægir hér að nefna í dæma skyni athugasemdir sem fram komu í „[Rýni \[Orkustofnunar\] á drögum að skýrslu verkefnisstjórnar verndar - og orkunýtingaráætlunar frá 11. maí 2016](#)“. En þar eru m.a. farið yfir orkunýtingarkosti sem Orkustofnun lagði inn til mats en ekki komu til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar III.

Mikilvægt er að miðhálandisþjóðgarðanefnd taki þessa þætti sérstaklega til skoðunar og með hvaða hætti hægt er að tvinnna þessa nýtingu inn í atvinnustefnu mögulegs þjóðgarðs og/eða að mörk garðsins taki mið að þessum þjóðhagslega brýnu hagsmunum.

Af fundargerðum miðhálandisþjóðgarðsnefndar og gögnum sem þar hafa verið lögð fram má sjá að þegar hefur nokkur umræða farið fram um möguleg mörk miðhálandisþjóðgarðs og þá eftir atvikum við hvaða verndarflokka kunni að verða stuðst við. Mikilvægt er í þessu sambandi að minna á þær sviðsmyndir sem koma fram í [skýrslu um „forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands“](#) um möguleg mörk þjóðgarðs, þjóðgarða og/eða verndarsvæða.

Hér þarf að minna á að „þjóðgarður“ í merkingu núgildandi náttúruverndarlaga takmarkar í raun allar athafnir og uppbyggingu og því mjög þröngt skilgreindur (gengið út frá IUCN flokkur II). Þessi flokkun hefur því í raun verið staðfest í löggjöf okkar og áréttaður í drögum að frumvarpi til þjóðgarðastofnunar. Þjóðir heims hafa hins vegar nýtt flokkanir IUCN mjög misjafnlega og eftir atvikum aðeins notað þær sem viðmið um hvað má og hvað má ekki innan viðkomandi svæðis. Þannig þarf að hafa í huga að í raun er ekki hægt að nota neinn af þessum flokkum þar sem tekin er ákvörðun um að vera með orkuframleiðslu innan þjóðgarðs. Sem dæmi má nefnda texta úr

töflu 2 í ofangreindri skýrslu um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, en þar segir svo.

„It is important to note that the fact that a government has called, or wants to call, an area a national park does not mean that it has to be managed according to the guidelines under category II. Instead the most suitable management systems should be identified and applied; the name is a matter for governments and others stakeholders to decide“.

Því er þetta rakið hér að mjög erfitt er að fjalla um atvinnustefnu og byggðamál í samhengi miðhálandisþjóðgarðs að ekki sé jafnframt fjallað um mörk hans og skilgreiningar um hvað má og hvað má ekki fara fram innan hans eða einstakra hluta hans.

Um leið og náttúruverndarsvæði (þjóðgarðar) eru mikilvæg í þágu náttúruverndar er mikilvægt að horfa til sjálfbærrar nýtingar auðlinda innan þeirra ekki síst þegar um græna orkuframleiðslu er að ræða sem hefur þýðingu í loftslagsmálum heimsins.

Um leið og SAMORKA þakkar tækifærið til að koma að umsögn um málið lýsum við yfir fullum vilja til áframhaldandi samstarfs og þökkum jafnframt samstarfið hingað til.

Að öðru leyti vísum við til umsagna einstakra aðildarfélaga Samorku.

Virðingarfyllt,

f.h Samorku – Samtaka orku- og veitufyrirtækja

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur

Reykjavík, 30. júní 2019

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands
bt. Steinar Kaldal
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Samorku um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu – mörk þjóðgarðs og skipting landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka o.fl.

Inn á samráðsgáttinni er óskað eftir umsögn um hugmyndir nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, mál nr. s-135/2019.

Þeir verkþættir sem nú eru til umfjöllunar hjá nefndinni eru:

- a) skilgreining á mörkum þjóðgarðs
- b) skipting landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka
- c) mögulegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar

Í skjalinu er gerð tilraun til þess að fjalla um forsendur sem koma til skoðunar um við ákvörðun um mörk mögulegs þjóðgarðs og með hvaða hætti verndarflokkun verði háttáð, en þetta eru þau tvö atriði sem snúa að hagsmunum orkuframleiðenda, flutnings- og dreififyrirtækja.

Samkvæmt tillögu nefndarinnar verður öll ný orkuvinnsla og orkuflutningur á um það bil helmingi Íslands bönnuð og lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2019 þar með að engu gerð. Þá er með engum hætti gert ráð fyrir að sú vinna sem nú er í gangi um [orkustefnu fyrir Ísland](#) get haft áhrif á tillögur nefndarinnar og þar með með hvaða hætti ætlunin er að mæta orkuþörf og orkuöryggi Íslands til framtíðar.

Engin tilraun er gerð til þess að ræða þær ólíku sviðsmyndir fyrir miðhálandisþjóðgarði eða görðum sem fjallað er um í skýrslunni „[Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands – lokaskýrsla nefndar](#)“ frá 7. nóvember 2017 né þá verulegu hagsmuni sem felast í framtíðar nýtingu orkuauðlinda á þessu svæði og þörfinni fyrir flutningi á orku um svæðið og frá því.

Mjög sérstakt er að mörk þjóðgarðs virðast fyrst og fremst eiga að ráðast af eignarhaldi eða ráðstöfunarrétti ríkisins á landi, þ.e. þjóðlendum, en ekki sjálfstæðu mati á þörf fyrir friðun einstakra landsvæða á faglegum forsendum og þar með að tekið sé tillit til allra þeirra hagsmunum sem um ræðir og getið er um hér að ofan.

Nefndin virðist ganga út frá því að ekki þurfi að ljúka þeirri vinnu sem felst í greiningu á öllum virkjunarkostum og röðun þeirra samkvæmt rammaáætlun og þá bæði innan mögulegs miðhálandis þjóðgarðs og á svonefndum áhrifasvæði hans, sem getur í raun þýtt að svæðið sem um ræðir næði yfir mun meira en helming landsins. Hér þarf einnig að hafa í huga að [Orkustofnun](#) hefur bent á að verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur enn ekki fengið nema [hluta virkjunarkosta](#) á svæðinu til sín til skoðunar. Þá hefur Alþingi ekki lokið afgreiðslu á tillögu um þriðja áfanga rammaáætlunar auk þess vinna verkefnisstjórnarinnar við þann áfanga hefur sætt harðri gagnrýni þar sem lagaskilyrðum við gerð hennar var ekki fullnægt.

Af tillögum nefndarinnar virðist mega ráða að gengið sé út frá því að styðjast verði við flokkunarkerfi Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN eingöngu, þótt jafnframt sé á það bent að önnur ríki eru alls ekki að gera það. Þannig er gerð tilraun til þess að láta núverandi virkjunarsvæði rúmast innan flokkunarinnar, þó auðsætt sé að það er ekki hægt.

Ljóst er að með engu mót er hægt að fallast á þá tillögu sem hér er lögð til grundvallar áframhaldandi vinnu nefndarinnar. Nefndin hlýtur að hafa þá skyldu að horfa heildstætt á hagsmuni landsins þegar ákveða á mörk mögulegs þjóðgarðs og með hvaða hætti skilgreina á ólíka möguleika til nýtingar landsgæða og auðlinda á mögulegu landsvæði sem undir garðinn væri lagt. Hér er einnig mikilvægt að minna á að sjálfbær nýting auðlinda getur farið mjög vel saman með markmiðum þjóðgarðs ef rétt er á málum haldið eins og dæmin sanna.

Það hlýtur því að liggja fyrir að samtal þarf að eiga sér stað milli miðhálandisnefndar og orkustefnunefndar hér að útandi og þá með þátttöku hagaðila í orkuframleiðslu og orkuflutningi. Annað er ótækt. Er mikilvægt að þegar verði gerð gangskör að koma á kynningarfundum milli aðila þar sem farið verði yfir með hvaða hætti vinnan verði samræmd. Einnig að tryggt sé að vinnu samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlunar sé lokið áður en ákvarðanir verði teknar um flokkun verndar og landnýtingar innan mögulegs miðhálandisþjóðgarðs.

Samorka er að sjálfsögðu til búin í þess samtal þegar í stað.

Um leið og SAMORKA þakkar þetta tækifæri til þess að koma að umsögn um málið, viljum við áréttta að fá að gera það áfram í ferli málsins fyrir nefndinni.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllst,

f.h. Samorku

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur

Reykjavík, 31. október 2019

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Steinar Kaldal verkefnisstjóri
Skrifstofu landgæða

Efni: Umsögn um tillögur þverpóletískrar nefndar um áherslur og efnistöð í lagafrumvarpi um miðhálandisþjóðgarð og umfjöllun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs. Samráðsgátt mál S-253/2019.

Samorka þakkar þau tækifæri sem samtökin hafa fengið til þess að taka þátt í vinnu nefndarinnar bæði á kynningarfundum hennar og með umsögnum um málið á fyrri stigum þess.

Samorka hefur veitt umsögn um einstaka hluta vinnu nefndarinnar og mætti á og tekið þátt í öllum kynningarfundum um verkefnið.

Þau atriði sem Samorka leggur áherslu á lúta annars vegar að orkuvinnslu á því svæði sem hugmyndir eru uppi um að leggja undir miðhálandisþjóðgarð og hins vegar möguleg orkuflutnings- og dreifimannvirki á sama svæði. Þegar rætt er um orkunýtingarkosti þarf að hafa í huga að þeir geta jafnt tekið til raforkuframleiðslu (vatn, gufa, vindur) sem og jarðhitavatnsnýtingar.

Samorka hefur því lagt áherslu á mikilvægi þess, að áður en ákvarðanir sem fela í sér friðun á stórum hluta landsins verði teknar, þurfi að liggja fyrir niðurstöður í vinnu nefndar um orkustefnu fyrir Ísland, en einnig að lokið sé greiningu og mati á þeim orkunýtingarkostum sem eru á umræddu svæði.

Fyrir liggur að verkefnisstjórn rammaáætlunar á enn langt í land með að ljúka störfum um þá orkunýtingarkosti sem þegar liggja fyrir. Þá er ljóst að enn eiga orkunýtingarkostir eftir að koma fram, þ.e. hafa ekki verið lagðir fram af Orkustofunun enda ekki lokið rannsókn á mögulegum orkunýtingarkostum t.d. í vindorku. Því er ómögulegt á þessu stigi að leggja til eins umfangsmikla friðun og raun ber vitni í tillögum nefndarinnar. Hér þarf sérstaklega að hafa í huga hugmyndir sem haf komið fram um möguleg áhrifasvæði þjóðgarðsins og annarra friðaðra svæða, sem fela í raun í sér að umfang friðaðra svæða margfaldast.

Samorka ítrekar því fyrri athugasemdir sínar í umsögnum [frá 30. júní s.l. um mörk þjóðgarðsins](#) og þar með að eignamörk þjóðlenda og mögulega jarðir í eigu ríkissjóðs séu ráðandi þar um. Slík nálgun getur á engan hátt verið fagleg um hvaða svæði kunni að vera ástæða til að friða og hver ekki.

Þá vil Samorka einnig ítreka athugasemdir sínar í umsögnum [frá 21. desember sl. þar sem vakin er athygli á því að miög skorti á umfjöllun um orkunýtingu og orkuflutningsleiðir](#) eins og rakið hér að ofan.

Í þeirri greinargerð sem nú er lögð fram virðist enn haldið við að orkunýting og orkuflutningar verði óheimil innan marka mögulegs miðhálandisþjóðgarðs að frátalinni þeirri starfsemi sem er þar nú þegar. Með þetta í huga er erfitt að átta sig á því hvað er átt við með því að „málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum kallist á við áætlanir Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu.“

Það er von Samorku að hér sé vísað til þeirrar áskorunar sem við höfum sett fram um að ekki komi til friðunar miðhálandsins með þjóðgarðastofnun í þeim skilningi sem kemur fram í núverandi náttúruverndarlögum sem og í drögum að frumvarpi til þjóðgarðastofnunar. Er hér vísað til þess að þar er lagt til að notast sé við flokkun IUCN II sem er mjög ströng og útilokar alla möguleika á orkunýtingu og orkuflutningi. Ekkert skyldar Ísland til þess að binda sig í þessa flokkun fyrir allan miðhálandisþjóðgarðinn eins og fjölmörg dæmi erlendis frá sýna.

Um leið og Samorka þakkar fyrir tækifærið til þess að koma að umsögn um málið, vísun við til fyrri umsagna okkar og til einstakra umsagna aðildarfélaga okkar.

Virðingarfyllt,
f.h. Samorku

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

postur@uar.is

20. desember 2018

Mál: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Greining tækifæra og áherslur í atvinnustefnu. S-237/2018.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) telja mikilvægt að atvinnustefna í fyrirhuguðum þjóðgarði á miðhálandinu byggi á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þar sem gætt er efnahagslegra og félagslegra sjónarmiða engu síður en umhverfisverndar.

Íslenska þjóðin hefur um langa hríð nýtt miðhálandið til samgangna og flutninga, veiða, í þágu landbúnaðar, ferðamennsku og orkunýtingar auk þess sem vernd fágætrar náttúru og umhverfisgæða hefur verið höfð að leiðarljósi. Í flestum tilvikum getur þetta allt farið ágætlega saman eins og dæmin sanna.

Samtökin telja nauðsynlegt að áfram verði unnt að stunda fjölbreytta nýtingu náttúrugæða á miðhálandinu án þess að um of verði gengið að náttúrunni og að umhverfið bíði varanlegt tjón af.

Í nýlegum lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) er í 47. gr. að finna ákvæði sem takmarkar verulega alla nýtingu auðlinda í þjóðgörðum. Mikilvægt er að þess verði gætt við stofnun þjóðgarðs að friðlýsingar innan svæðis garðsins geti verið mismunandi og að unnt verði að efla samgöngur á ákveðnum svæðum, að stunda ferðamennsku, veiðar og nýta beitarlönd, að unnt verði að leggja fjarskiptaleiðslur og raflínur um tiltekna leiðir, að sum svæði geta hentað afar vel til nýtingar vindorku og önnur jafnvel til nýtingar annarra orkukosta. Allt er þetta hluti þess að tryggja hagsmuni þeirra sem landið byggja og möguleika komandi kynslóða til að sjá sér og sínum farborða.

Það virðist því nauðsynlegt fyrir nefndina að horfa vítt á viðfangsefni sitt og taka mið af mörgum sjónarmiðum og gæta ákveðins jafnræðis þegar komist er að niðurstöðu og þrengja ekki um of að hugsanlegri nýtingu náttúrugæða í fyrirhuguðum þjóðgarði ásamt því að tryggja framgang eðlilegra verndarsjónarmiða.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins



Reykjavík, 30. apríl 2019

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um textadrög þriðja verkefnis þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands (tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun).

Hinn 4. apríl sl. birti umhverfis- og auðlindaráðuneytið tillögudrög að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Drögin eru unnin af þverpólitískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Frestur til að senda inn umsögn um drögin rennur út hinn 30. apríl nk.

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið tillögudrögin. Í grundvallaratriðum telja SAF tillögudrögin ágætis hráefni til áframhaldandi vinnu við gerð skýrslu sem áætlað er að nefndin skili ráðherra í september nk. Á fyrri stigum sendu SAF ráðuneytinu umsögn, dags. 19. desember 2018, um drög nefndarinnar að tillögum að helstu áherslum í atvinnustefnu sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda hinn 20. nóvember 2018. Í tillögudrögunum sem þessi umsögn snýr að kemur það mat nefndarinnar fram að hagræði yrði af því að atvinnustefna yrði sett fram sem hluti af stjórnunar- og verndaráætlun. SAF taka heilshugar undir að umfjöllun um atvinnustefnu eigi að fá vægi við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Í því ljósi vísa SAF eftir því sem við á til umsagnarinnar frá 19. desember 2018.

Engum dylst að ferðaþjónustan er ein mikilvægasta atvinnugreinin hér á landi hvernig sem á er litið. Núverandi umfang greinarinnar er hins vegar tiltölulega ný tilkomið og vextinum fylgja fjöldamargar áskoranir. Náttúruferðamennska fer vaxandi og gífurlega stór hluti þeirra ferðamanna sem hingað koma sækjast eftir náttúruupplifun. Það er því afar brýnt að áætlanagerð um stjórnun og vernd þjóðgarðs á miðhálandinu taki ríkt mið af tilvist ferðaþjónustunnar, hagsmunum hennar af stofnun þjóðgarðsins og starfsemi hennar í þjóðgarðinum og í tengslum við hann. Að mati SAF eiga markmið laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 (hér eftir nefnd náttúruverndarlög), og hagsmunir ferðaþjónustunnar samleið og það er auðvitað nauðsynlegt að tryggja að ferðaþjónustan sé rekin í sátt við verndarhagsmuni. Til að vel takist til er hins vegar afar mikilvægt að stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins verði sett með langtímahagsmuni náttúrunnar og ferðaþjónustunnar að leiðarljósi. SAF benda á að skv. 2. mgr. 81. gr.

náttúruverndarlaga skal m.a. fjalla um aðgengi ferðamanna að þjóðgörðum í stjórnar- og verndaráætlun. Það rímar einkar vel við þá áherslu sem er lögð á rétt almennings til farar um landið, til að njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna í tilgangssákvæði 3. mgr. 1. gr. laganna. Í samræmi við það er kveðið á um það í 2. mgr. 47. gr. laganna að friðlýsing þjóðgarðs skuli m.a. miða að því að tryggja aðgang almennings að þjóðgarðssvæði til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins. Að mati SAF verður að skilja samhengi ákvæðanna þannig að í stjórnunar- og verndaráætlun verði m.a. að fjalla um aðgengi ferðamanna að þjóðgarði. Þar sem rekstraraðilar ferðaþjónustu gegna í raun hlutverki milligönguaðila sem koma ferðamönnum á staðinn, hýsa þá og veita þeim aðra skylda þjónustu í tengslum við ferðir í þjóðgarða er óhjákvæmilegt að hún fái vægi við áætlanagerðina.

Í þessu ljósi leyfa SAF sér að gera eftirfarandi athugasemdir við tillögudrögin.:

Stjórnunar- og verndaráætlanir.

Á bls. 2 í tillögudrögunum er fjallað um tilgang stjórnunar- og verndaráætlana skv. 81. gr. náttúruverndarlaga og í meginatriði þeirra í framhaldinu dregin fram í punktarformi. Þar kemur m.a. fram að slík áætlun gegni hlutverki leiðarljóss fyrir þá aðila sem vilja reka *starfsemi* í þjóðgarði og þá aðila sem þurfa samþykki fyrir hverskonar athöfnum á yfirráðasvæði þjóðgarðs. Að mati SAF verður að ætla að orðið „starfsemi“ verði að skoða í samhengi við þá greiningu sem sett er fram í drögum nefndarinnar að tillögum að helstu áherslum í atvinnustefnu. Verður ekki betur séð en að nefndin hafi einkum horft til veitingastarfsemi, gistiþjónustu, fræðslu og ýmiskonar náttúruferðamennsku. Í umfjöllun um *Innviði* lætur nefndin í ljós það álit að líklegt þyki að stofnun miðhálandisþjóðgarðs hafi í för með sér aukinn áhuga á fólks á að ferðast um þjóðgarðssvæðið. Í kaflanum *Útivist/Ferðaþjónusta* er tekið fram að það sé ljóst að ferðaþjónusta sé ein af meginstöðum í þjóðgörðum almennt.

Í ljósi framangreinds leggja SAF til að sérstökum áherslupunkti verði bætt við umfjöllun um meginatriði stjórnunar- og verndaráætlunar á bls. 2 í tillögudrögunum, svohljóðandi:

- *Leiðarljós fyrir rekstraraðila ferðaþjónustu á þjóðgarðssvæðinu.*

Samráð.

Í kafla sem ber fyrirsögnina *Samráð* á bls. 3 í tillögudrögunum lýsir nefndin stuttlega því samráði sem hún hefur átt við sveitarfélög og aðra hagaðila. Í framhaldinu leggur nefndin ríka áherslu á að þau sjónarmið sem hafi komið fram í samráðinu verði virt og lögð til grundvallar við ákvörðun megináherslna stjórnar- og verndaráætlunar. Hins vegar er tekið fram að ferlið við útfærslu áætlunarinnar muni krefjast frekara samráðs og nánari útfærslu á einstökum svæðum.

SAF telja nokkuð skorta á að reynsla og þekking ferðaþjónustuaðila og sameiginlegir hagsmunir náttúruverndar og ferðaþjónustu hafi fengið nægilegt rými í orðum tillögudraganna. Nú kann að vera að nefndin hafi talið skynsamlegt að nálgast

efnistökin af ákveðnu hlutleysi. Hjá því verður hins vegar ekki litið, eins og endurspeglast í tillögum nefndarinnar að helstu áherslum í atvinnustefnu, að ferðaþjónusta er mikilvægur og óhjákvæmilegur nýtingar- og samstarfsaðili við stofnun og stýringu þjóðgarðs. SAF telja því augljóst að ferðaþjónustan og þróun ferðaþjónustustarfsemi innan garðsins mun hafa veruleg áhrif á hvernig takast mun til við að ná markmiðum með stofnun miðhálendisþjóðgarðs.

Framsetning og inntak.

Í kaflanum *Framsetning og inntak* á bls. 3 eru þrjú atriði dregin fram vegna mikilvægis. Síðasta atriðið snýr að samráði við þróun og vinnu eftir stjórnunar- og verndaráætlun. Tekið er fram að aðkoma og sýnileiki samráðsaðila við vinnslu áætlunarinnar eigi að vera mikil og upplýsingar um samráðsaðila eigi að koma fram á fyrstu síðum skjalsins.

SAF fagna þessum hugmyndum en leggja á sama tíma áherslu á að tekið verði fram að skynsamlegt og nauðsynlegt sé að heildarhagsmunasamtök ferðaþjónustuaðila verði meðal helstu samráðsaðila.

Efnisleg áhersluatriði.

Hvergi er með beinum hætti fjallað um ferðaþjónustu í töflu 1 í kaflanum *Efnisleg áhersluatriði* á bls. 4 í tillögudrögunum. SAF leggja áherslu á að svo verði.

Aðgengi og almannaréttur.

Í ljósi mikilvægis ferðaþjónustu og fjölda ferðamanna telja SAF eðlilegt að það komi skýrt fram í kaflanum *Aðgengi og almannaréttur* á bls. 5–6 að ferðamenn njóti almannaréttar til aðgengis að landinu til jafns við aðra og ferðaþjónustuaðilar falli undir þá aðila er leita ber samráðs við vinnslu stjórnunar- og verndaráætlunar.

Samstarf/samningar við heimaaðila.

Að mati SAF færi afar vel á því að tekið væri fram í kaflanum *Samstarf/samningar við heimaaðila* að mikilvægt starf er þegar unnið af ferðaþjónustuaðilum víða á svæðum miðhálendisins og í jaðri þess. Með aukningu á slíku samtarfi og að formgera það betur má ná bættum árangri t.d. við fyrirbyggjandi aðgerðir í náttúruvernd, landvörslu og öryggismálum.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur



Hvammstanga, 7. ágúst 2019

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Á samráðsgátt stjórnvalda er óskað eftir umsögnum um textadrög þverpólítískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um: skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Stjórn SSNV tekur heilshugar undir framkomnar athugasemdir sveitarfélaga á starfssvæði samtakanna en í þeim eru ýmist settir verulegir fyrirvarar við að afmörkun miðhálandisþjóðgarðs verði innan þeirra sveitarfélaga sem um ræðir eða beinlínis lagst gegn því.

Stjórn SSNV vill sérstaklega árétta þá athugasemd sína sem ítrekað hefur komið fram á fyrri stigum máls og varðar þá skerðingu skipulagsvalds sveitarfélaganna sem óhjákvæmilega felst í stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Stjórnunar- og verndaráætlanir, geta og mega aldrei takmarka þetta óskoraða skiplagsvald sveitarstjórna.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd stjórnar SSNV,

Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri

Á fundi sveitastjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 12. desember 2018 var samþykkt eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkir að fela sveitarstjóra að senda inn í samráðsgáttina eftirfarandi umsögn: Ef hugmyndir um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu ná fram að ganga er mikilvægt fyrir atvinnuþróun hjá þeim sveitarfélögum sem eiga land innan þjóðgarðs að öll þau störf sem verða til vegna þjóðgarðsins verði á landsbyggðinni. Þar með talin eru störf stjórnar þjóðgarðsins. Ef litið er til Vatnajökulsþjóðgarðs skýtur það skökku við að nánast öll yfirstjórn þjóðgarðsins er staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Líta skal til þess að störf sem verða til við nýjan þjóðgarð verði að lágmarki störf án staðsetningar með það að markmiði að efla atvinnu á landsbyggðinni.

Skotveiðifélag Íslands - 23.04.2019

Skotveiðifélag Íslands beinir því til samráðshópsins að tryggja í lögum um þjóðgarðinn að veiðistjórnun lúti almennum ákvæðum laga um vernd friðun og veiðar. Umferðarréttur og almannaréttur sé tryggður.

Skotveiðifélag Íslands óskar einnig eftir því að við stofnun þjóðgarðs verði sérstaklega farið í gegn um núverandi veiðitakmarkanir sem gilda innan hans og mat lagt á nauðsyn og lögmæti þeirra takmarkana. Er þá sérstaklega horft til takmarkana á veiði og aðgengi að veiðilöndum á heiðagæs á veiðitíma en ljóst er að núverandi fjöldi þeirrar tegundar á hálendinu getur leitt til ofbeitar og uppblásturs.

SKOTVÍS vil benda á að innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs eru friðlýsingar með ýmsum ákvæðum um veiðar og skerðingu veiða. Verða slíkar friðlýsingar endurskoðaðar við myndun þjóðgarðsins eða munu þær halda sér óbreyttar?

Til dæmis er sjálfsagt að vernda búsvæði og auka líffræðilegan fjölbreytileika svæðis en óþarfi að banna veiðar í framhaldinu á veiðitíma. T.d eru Guðlaugstungur mjög gott dæmi um slíka friðlýsingu.

Guðlaugstungur, Svörtutungur og Álfgeirstungur (Ásgeirstungur) voru friðlýstar árið 2005. Tungurnar eru á hálendinu norðvestan við Hofsjökul. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda víðfeðmt og gróskumikið votlendi og stórt, fjölbreytt og mikilvægt rústasvæði. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt fyrir heiðagæs.

Landslagið einkennist af heiðalöndum, votlendi, rústum, mólendi og bersvæði, ám og vötnum. Svæðið er mikilvægt varp- og beitoland heiðagæsar.

Heiðagæsastofninn er sá stofn á Íslandi sem er vannýttastur og telur um 600.000 fugla.

Óþarfi er að banna veiðar á svæðinu á veiðitíma enda eru þær mjög sjálfbærar.

Fh. SKOTVÍS

Áki Ármann Jónsson

Formaður

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 2-4
150 Reykjavík

12. ágúst 2019

Varðar: Umsögn og athugasemdir frá Skógræktinni varðandi stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands

Vísað er til efnis á samráðsgátt stjórnvalda sem birt var 22. maí sl., þar sem óskað er umsagnar um textadrög verkefnis þverpólískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Skilgreining á mörkum þjóðgarðs, áherslur um skiptingu landsvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka, umfjöllun um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar. Þakkar Skógræktin fyrir tækifærið til að gera umsögn um drögina á þessu stigi.

Tillaga:

Skógræktin leggur eindregið til að fyrirhuguð mörk hálandisþjóðgarðs verði endurskoðuð. Horfið verði frá áherslum á magn, en þess í stað miðað við gæði, þ.e. að ná góðri vernd á þeim svæðum sem virkilega hafa náttúrufarslega sérstöðu. Hálandisþjóðgarður verði þar með ekki samfelldur, en í því felst lítil fórn. Miðað verði við að það land sem lagt er til að tilheyri IUCN verndarflokkum V og VI skv. fyrirbyggjandi tillögu verði þess í stað ekki innan þjóðgarðsins.

Rök fyrir þessari tillögu eru eftirfarandi:

1. Ástand lands

Landgræðslan bendir í fyrri umsögn um tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands á þá sérkennilegu stefnu út frá gróðurvernd að höfuðáhersla nýs þjóðgarðs verði að varðveita núverandi ástand gróðurs og eyðisanda á hálandi Íslands. Þar kemur fram sú skoðun, að eyðisandar séu talin sérstæð náttúrufyrirbæri og að þeir séu einkennandi fyrir miðhálandi Íslands og að verndarmarkmið þjóðgarðsins skuli snúa sérstaklega að vernd og viðhaldi „lítt snortinna víðerna“. Kemur þetta verndarmarkmið einnig fram á bls. 5 í þeim drögum sem kynnt voru 22. maí s.l. og lýsir mjög sérkennilegri afstöðu í ljósi bæði landnotkunar og gróðureyðingar í fortíð og nútíð. Skógræktin tekur undir ábendingar Landgræðslunnar þess efnis að hálandi Íslands var að stórum hluta vel gróið fyrr á öldum og að ósjálfbær landnýting orsakaði jarðvegseyðingu á stórum hluta hálandis landsins. Víða má enn finna birki, víði og reynivið langt inni á hálandi sem sýnir glöggt hversu útbreiddir skógar voru fyrr á tímum á hálandi Íslands. Örnefni víða um hálandið vísa einnig til alls annars gróðurfars en þar er nú. Það land sem nú er ógróið og örfoka á hálandinu, er enn að blása upp og eyðast, losar kolefni ekki síður en framræst votlendi og slíka losun þarf að stöðva. Telur Skógræktin að það eigi að vera eitt af meginmarkmiðum Íslendinga að græða upp hálandið eins og kostur er og endurheimta þá virkni vistkerfa sem áður var á hálandinu, s.s. vatnsmiðlun, kolefnisbindingu, líffræðilega framleiðni og fjölbreytni ofl. Einnig er nauðsynlegt að efla getu gróðurvistkerfa til að takast á við framtíðaráföll vegna öskufalls og ekki síst þær breytingar sem þegar eru og munu verða á loftslagi.

Á áherslum í skógrækt og landgræðslu annars vegar og áherslum sem tengjast friðlýsingu hins vegar er sá munur að hinar fyrrnefndu gera ráð fyrir framkvæmdum til að breyta ástandi lands, einkum gróðurfari, en hinar síðarnefndu eru almennt ekki aðgerðamiðaðar. Ákvarðanir um friðlýsingu hafa því mikil áhrif á það hvort t.d. verði unnið að endurheimt birkiskóga eða eflingu gróðurs beitalanda.

Endurheimt skóga og annars gróðurs eru meðal lögbundinna verkefna Skógræktarinnar og Landgræðslunnar, en hingað til hafa slík verkefni ekki verið áberandi í skilgreindum markmiðum friðlýstra svæða.

Víða á hálendinu eru örfoka svæði þar sem þörf er á aðgerðum til að stöðva jarðvegsrof, efla gróður eða stuðla að endurkomu kjarrs og skógar. Þörfin helgast af slæmum áhrifum rofs á nærliggjandi svæði, beitarálagi og sérstaklega því að nú er þörf á að land sé vel gróið svo það bindi kolefni frekar en að losa það. Réttara væri að fela Landgræðslunni og Skógræktinni umsjón með þeim löndum frekar en að friðlýsa þau. Verði niðurstaðan sú að halda sig við núverandi tillögur væri rétt að gera ráð fyrir formlegri aðkomu Skógræktarinnar og Landgræðslunnar að umsjón með þjóðgarðinum.

2. Skýrslur og tillögur þeirra

Allmargar skýrslur hafa fjallað um hálendi Íslands og í þeim hafa oft komið fram tillögur um aðgerðir eða úrbætur. Lengi hefur verið unnið að gróðurkortlagningu og endaði sú vinna með útgáfu vistgerðaskýrslu Náttúrufræðistofnunar. Þar kemur fram mat á verndargildi mismunandi gróðurlenda. Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, kortlagði jarðvegsrof ásamt samstarfsfólki sínu. Þar kemur m.a. fram hvar þörfin væri mest á að hætta beit og stunda virka uppgræðslu. Rammaáætlun um virkjunarkosti er nýleg og hefur fengið mikla umfjöllun. Þar kemur fram flokkun á virkjunarkostum, m.a. með tilliti til náttúruverndargildis. Svo er auðvitað til náttúruvinjaskrá og náttúruverndaráætlanir þar sem áherslur í náttúruvernd koma sérstaklega fram.

Í skýrslu með tillögum um mörk miðhálandisþjóðgarðs sem nú liggur fyrir skortir að þessi umtalsverða þekking á landkostum sé nýtt. Dýrustu náttúruperlur, góðir virkjunarkostir og örfoka land sem þarfnast uppgræðslu er allt sett undir einn hatt. Spyrja verður hver tilgangurinn sé með því? Í skýrslunni er aðeins eitt svar við því. Það er stærð fyrirhugaðs þjóðgarðs. Svo virðist sem sérstaklega mikilvægt sé að þjóðgarðurinn verði stór.

Stærð hrífur. Það þykir merkilegt að búa til stóran þjóðgarð, en huga verður vel að því hver ástæðan sé fyrir því og hvort það sé yfir höfuð æskilegt. Vernd stórra samfelldra svæða er sums staðar nauðsynleg. Rökin eru einkum þau að dýrategundir þurfa stór óðöl eða að vernda þurfi farleiðir dýra. Þess vegna er uppskipting vistkerfa (e: fragmentation) slæm. Svo er þessi hugmyndafræði flutt til Íslands þar sem engin dýr eru sem þurfa stór friðuð óðöl. Erfitt er að koma auga á raunveruleg rök í skýrslunni sem hér er til umfjöllunar fyrir því að vernda þurfi svo stór samfelld svæði.

Á hálendi Íslands eru allmargir staðir sem æskilegt er að vernda, ýmist vegna landslags, jarðmyndana eða lífríkis. Til að stjórna þeim vel er e.t.v. ekki slæm hugmynd að láta þau saman mynda þjóðgarð. En sá þjóðgarður þarf ekki að ná til alls þess lands sem liggur á milli þeirra, lands sem er örfoka og þarfnast uppgræðslu, lands sem notað er til beitar og þarfnast beitarstýringar frekar en friðlýsingar eða lands sem hentar til skógræktar til að binda kolefni og þar með freista þess að draga úr bráðnunarhraða jöklanna. Þessi svæði verða áfram víðerni þó þau verði ekki hluti þjóðgarðs og þó þau yrðu meira gróin. Fyrirmyndin að ósamfelldum þjóðgarði varð til þegar ákveðið var að láta Jökulsárgljúfur tilheyra Vatnajökulsþjóðgarði. Við þekkjum það vel hjá Skógræktinni að dreifð starfsemi skapar ekki stjórnunarbænda.

Í skýrslunni sem fjallað er um hér kemur fram að land það sem mynda á þjóðgarðinn hefur mismikið verndargildi. Með hugmyndinni um stóran samfelldan þjóðgarð verður ekki hjá því komist að taka á einhvern hátt tillit til þessarar staðreyndar. Því er verndin gengisfelld á stórum hluta svæðisins með því að nota mismunandi verndarflokka IUCN. Úr verður „hálfgerður þjóðgarður“ eða „þjóðgarður að nafninu til“. Því hlýtur sú spurning að vakna hvort ekki sé skynsamlegra að halda sig við virka og góða náttúruvernd á þeim svæðum sem mikilvægt er að vernda en sleppa hinum. Þar með yrði til ósamfelldur en sannkallaður þjóðgarður. Í honum væru margir af helstu ferðamannastöðum hálendisins og í tengslum við þá mætti byggja upp aðstöðu.

3. Framtíðar landnotkun

Með hlýnandi loftslagi munu vaxtarskilyrði gróðurs á hálendinu breytast og kann hluti þess að verða hentugur til ýmiss konar ræktunar ef fram fer sem horfir, bæði til landbúnaðar og skógræktar, þ.m.t. endurheimtar birkiskóga. Ef að líkum lætur verður meðalhiti í 400-500 metra hæð eftir 100 ár eins og hann er nú við sjávarmál. Undir þeim kringumstæðum verður ekki hægt að varðveita heimskautagróður þar sem hann fyrirfinnst nú, ekki frekar en að hægt verði að varðveita jöklana. Eftir 200 ár er líklegt að stærstur hluti hálendisins verði byggilegur.

Eins og fyrr sagði liggur fyrir ýmiss konar greining á núverandi landkostum, þörf á úrbótum og nýtingarmöguleikum á miðhálendinu, sem ekki er tekið tillit til í tillögunum um miðhálendisþjóðgarð. Möguleikar framtíðarinnar verða að öllum líkindum enn fjölbreyttari. Það kann því að vera nokkur skammsýni fólgin í því að ganga svo langt í friðlýsingu sem nú er lagt til.

4. Þjóðlendumörk sem viðmið

Mörk þjóðlendna helgast af byggðamynstri fortíðarinnar og af því hvar einstakir landeigendur hafa getað sýnt fram á lögformlegt eignarhald. Þau taka ekki tillit til landkosta og á engan hátt til verndargildis. Þau eru sums staðar ekki einu sinni á hálendinu. Þau eru lögð til sem mörk miðhálendisþjóðgarðs af þeirri ástæðu einni að líklegt þykir að landeigandinn (ríkið) geti samþykkt það með heldur einfaldara móti en ef semja þyrfti við aðra landeigendur. Það eru ekki góð rök fyrir ákvörðun um mörk þjóðgarðs. Afmörkun þjóðgarðs á að helgast af því hvaða svæði hafi í raun það gildi að það verðskuldi að njóta þeirrar verndar sem hugtakið „þjóðgarður“ ber með sér. Annað er gengisfelling á hugtakinu. Í þessu tilviki er sú gengisfelling mjög gróf þar sem um er að ræða örfoka land á eldvirka beltinu sem og lönd í gróðurtötrum sem nýtt eru sem beitolönd víða annarsstaðar í jöðrum hálendisins. Hér er verið að blanda saman umsjá þjóðlendna við stofnun þjóðgarðs. Ef fela þarf opinberum aðilum umsjón með þjóðlendum er land til uppgræðslu og/eða beitarnytja betur fyrir komið hjá Landgræðslunni og þau svæði sem henta til endurheimtar skóglendis hjá Skógræktinni.

5. Kostnaður

Vatnajökulsþjóðgarður er í talsverðri skuld við ríkissjóð vegna mikillar yfirkeyslu miðað við fjárframlög. Sama gildi oft um Skaftafell og Jökulsárgljúfur og Snæfellsjökulsþjóðgarður er fjársvelltur. Því miður verður að ætla að sú staða verði viðvarandi að fjármagn til uppbyggingar og viðhalds þjóðgarða verði áfram takmarkað. Skynsamlegt þykir að reisa sér ekki hurðarás um öxl. Fjárveitinganna vegna, mætti líta á Vatnajökulsþjóðgarð sem grunn að miðhálendisþjóðgarði og bæta svæðum við þegar fjárveitingar eru fyrir hendi, frekar en að setja meginhluta miðhálendisins undir hatt þjóðgarðs á einu bretti.

6. Loftslagsmál

Þó ekki sé sérstaklega fjallað um áhrif stofnunar miðhálandisþjóðgarðs á losun gróðurhúslofttegunda í þeim drögum sem leitað er umsagnar við, vill Skógræktin koma eftirfarandi vangaveltum á framfæri. Þjóðgarðar hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og gæti miðhálandisþjóðgarður haft í för með sér töluverða fjölgun ferðafólks til landsins. Skógræktin leggur til að skoðuð verði áhrif þeirrar aukningar á loftslagið, vegna aukinnar koltvísýringslosunar frá flugferðum, skipaferðum, akstri ferðaþjónustuaðila og bílaleigubíla. Hvernig á að binda þá losun sem þar verður til? Væri hægt að binda hluta þeirrar losunar með skógrækt og uppgræðslu á miðhálandinu?

Samantekt

Skógræktin mælir með því að þau svæði á hálandinu sem eru nú þegar friðlýst myndi saman fyrstu útgáfu af miðhálandisþjóðgarði. Síðan myndu önnur svæði á Náttúruverndaráætlun bætast við í seinni áföngum. Það eru engin rök fyrir því að þjóðgarður þurfi að vera samfelldur.

Virðingarfyllt,



Þröstur Eysteinnsson
skógræktarstjóri



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn • Sími 464 4163

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is • www.skutustadahreppur.is

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands
101 Reykjavík

13. ágúst 2019
1908008 ÞG

Efni: Umsögn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Vísað er til máls nr. S-135/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir umsögnum nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Rétt er að koma því á framfæri að nefndin hefur haft gott samráð við sveitarstjórnir á þessu svæði við vinnslu málsins.

Fyrirætlanir um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu fela í raun í sér viðamiklar friðunaraðgerðir. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er jákvæð gagnvart stofnun slíks þjóðgarðs en telur mikilvægt að eftirfarandi sé haft til hliðsjónar varðandi áframhaldandi vinnu:

- Um er að ræða stofnun þjóðgarðs sem tekur til um þriðjungs af flatarmáli landsins og því eru miklir hagsmunir í húfi og mikilvægt að vandað sé til verka og samráð haft í hvítvetna á öllum stigum. Afar mikilvægt er að aðkoma heimamanna og hagsmunaaðila sé skýr og tryggð hvað varðar stækkun þjóðgarða.
- Mikilvægt er að skipulagsvald sveitarfélaga verði virt. Með stofnun þjóðgarðsins er verið að færa skipulagsvaldið að hluta til stjórnunar- og verndaráætlana, slíkar áætlanir mega aldrei takmarka eða ganga á skipulagsvald sveitarfélaganna.
- Tryggja þarf fjármagn í innviðauppbýggingu og uppbyggingar með tímasettri áætlun.
- Sveitarstjórn leggur áherslu á að ekki verði búið til ný stjórnsýslueining heldur verði þjóðgarðar landsins sameinaðir undir einni stofnun og þar með eitt rekstrarsvæði þar sem sveitarfélögin eigi sína fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins. Með því næst betri yfirsýn um rekstur þjóðgarðanna, stefnumótunin verður markvissari og betri tenging við sveitarfélögin í landinu. Mikilvægt er að staða annarra þjóðgarða verði teknar saman í þessu samhengi.
- Löng hefð er fyrir nýtingarétti á miðhálandinu eins og veiðirétti og upprekstrarétti. Afar mikilvægt að svo verði áfram svo sátt náist um starfsemi þjóðgarðsins.
- Nefndinni er m.a. ætlað að koma með tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf ásamt því að skilgreina mörk þjóðgarðsins. Í textagerðinni er ekkert komið inn á atvinnustefnu sem hlýtur að vera eitt af grundvallarþáttunum, skoða þarf þann þátt mun ítarlegra.

- Í textadrögunum vantar kort sem sýna stöðu skipulagsmála í sveitarfélögunum, sem er afar mikilvægt því afmörkun þjóðgarðsins er ekki nógu skýr hvað það varðar. Mikilvægt er að meta kosti og galla þjóðgarðsins í tengslum við atvinnu- og skipulagsmál áður en skilgreining á mörkum þjóðgarðsins er römmuð inn. Verður að teljast nokkur einföldun að draga mörkin við þjóðlendurnar.
- Tekið er undir umsögn norðursvæðis VJÞ sem styður hugmyndir um nýjar þjóðgarðsgáttir við Fosshól og í Mývatnssveit sem reknar yrðu samhliða þeirri sem fyrir er í Ásbyrgi. Hins vegar er mikilvægt að tryggja sveitarfélögunum aðild að slíkri ákvarðanatöku.
- Stærsti hluti lands innan miðhálandislínunnar eða um 85% er þjóðlanda og/eða þegar friðlýst svæði innan afmörkunarinnar, sem byggir á almennri afstöðu nefndarinnar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að ekki séu forsendur til að útvíkka mörk hálandisins umfram það sem nefndin leggur til á þessu stigi, án þess að útiloka frekar útvíkkun þegar fram líða stundir.
- Enginn virkjunarkostur í Skútustaðahreppi fellur innan afmörkunar miðhálandislínunnar sem er í nýtingaflokki en Hríthálsar eru í biðflokki. Engu að síður er mikilvægt að benda á að nýting endurnýjanlegrar orku á hálandinu getur skipt máli fyrir þjóðarhag. Mikilvægt er að miðhálandisþjóðgarður hamli ekki áframhaldandi rekstri orkumannvirkja en samkvæmt gildandi rammaáætlun og skýrslu verkefnisstjórnunar 3. áfanga eru virkjunarkostir í nýtingaflokki. Mikilvægt er að meta þessa hluti heilstætt og þar með þau áhrif sem friðanir og friðlýsingar munu hafa á nauðsynlega auðlindanýtingu í þágu orkuvinnslu enda getur hún farið mjög vel saman við meginmarkmið friðunar að öðru leyti, enda sé gætt ítrustu mótvægisáðgerða. Tekið er undir að skynsamlegt er að skipta miðhálandisþjóðgarði í nokkra verndarflokka, ekki er andstætt IUCN flokkun að skilgreina orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps þakkar fyrir að fá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um málið og ítrekar að fá að koma áfram að ferli þessa máls gagnvart nefndinni.

*Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar Skútustaðahrepps*


Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri



Halldór Sveinsson - 31.10.2019

Reykjavík 31 október 2019

Ferða og útivistarfélagið Slóðavinir er félag fólks sem hefur ánægju af því að njóta náttúru Íslands með því að ferðast um hálendi sem og láglandi á mótör- og fjórhjólum.

Ferðafólk á mótör- og fjórhjólum er í hvað mestri tengingu við land og veður á ferðum sínum af þeim sem ferðast um á vélknúnum okutækjum og er það að hluta ástæða fyrir því hversu heillandi slík ferðamennska er fyrir okkar félögum.

Það er erfitt fyrir ferðafélag að mæla með stækkun eða fjölgun þjóðgarða ef litið er til reynslunnar af skorti á samráði og tillitsemi við ferðalög á vélknúnum faratækjum hjá Vatnajökulspjóðgarði.

Í VJP var leiðum lokað fyrir vélknúinni umferð sem eru og hafa verið vel sjálfbærar samanber sand og hraunleiðir umhverfis Gjáfjöll, Vikrafellsleið (sem þó búið er opna aftur eftir langa baráttu) að ónefndu Vonarskarði (hér átt við akstursleiðinni en ekki öðrum svæðum í nágrenni aksturleiðar).

Ef tilgangurinn með hálendisþjóðgarði er stækkun víðerna og skilgreining á víðernum svo þröng að hún muni síðan úthýsa vélknúinni umferð á leiðum sem löng hefð er fyrir því að ferðast eftir, er ekki hægt að styðja slíkan þjóðgarð af hálfu Slóðavina.

Það ber að nefna að okkar dásamlega ósnortna land sem við öll þurfum að passa uppá er búið að ferðast um á vélknúnum okutækjum í áratugi og nágast ört hundrað ár.

Taka þarf tillit til þarfa allrar þjóðarinnar við ferða um landið og gæta þess að flestir geti notið þess. Sumt fólk gengur, annað hjólar, sumir ferðast á bílum og enn aðrir á mótör- og fjórhjólum. Væntingar notenda þarf að stýra á þann hátt að skilningur sé á ólíkum ferðamátum. Ekki gera fáum ferðamátum hærra undir höfði en öðrum. Hvetja ætti til tillitsemi og skilnings á því að það velja ekki allir sömu nálgun að ferðamennsku og útivist.

Ferða og útivistarfélagið Slóðavinir eru tilbúnir til samráð og samvinnu um hugsanlegan þjóðgarð til þess að tryggja aðgengi alls íslensks ferðafólks óháð ferðamáta, hér með sérstakri áherslu á mótörhjól og fjórhjól.

Leyfa vegum og vegslóðum að vera áfram torfærum og óbrúuðum ám til að takmarka umferð á sem náttúrulegastan hátt.

Hvetja ætti til innlendrar ferðamennsku hvers kyns og þá einnig á vélknúnum léttum tækjum eins og mótör og fjórhjólum í stað ferða til útlanda með flugvélum.

Ferðalög um hálendi landsins verður ekki aðgengilegt nema fyrir fáa, nema þá með notkun vélknúinna okutækja.

Slóðavinir vilja hafa áframhaldandi aðgang að Íslenskri náttúru til að ferðast um eins og verið hefur og að hún sé lítið sem ekkert breytt með óþarfa uppbyggingu eða virkjunum og komumst við af án mikillar eða hreinlega nokkurrar þjónustu til viðbótar því sem er í dag á hálendi landsins.

F.h. Ferða og útivistarfélagssins Slóðvinir

kt:7101081290

Halldór Sveinsson

Formaður

Snorri Ingimarsson - 31.10.2019

Í textanum er gert ráð fyrir eftirfarandi markmiði: „Stuðla að því að almenningur geti stundað heilnæma útivist innan þjóðgarðsins í sátt við náttúru.“

Þessi orðnotkun, sem mig rekur ekki minni til að hafa séð fyrr í þessu samráðsferli, vekur upp margar spurningar. Hvað er heilnæm útivist? Er þá til eitthvað sem kalla má óheilnæma útivist? Hvað er útivist í sátt við náttúru? Er þá til eitthvað sem kalla mæti útivist í ósætti við náttúru? Hver á að skilgeina mörkin þarna á milli?

Í upphafi talaði ég fyrir því að fara með í þetta samráð með samvinnu í huga og til að festa megi þá þætti fyrirfram sem hafa til dæmis valdið vandamálum í Vatnajökulsþjóðgarði. Þannig ættum við von um að gera góðan þjóðgarð sem allir gætu fylkt sér á bakvið. Svona óskilgreind skilyrði veikja þá von verulega.

Með þessi óljósu leiðarljós að vopni geta þeir sem telja sumar gerðir útivistar æðri öðrum beitt sér fyrir lokunum á þá ferðamáta sem þeim eru ekki þóknanlegir, óháð því hvort það tengist raunverulegu álagi á náttúrna eða raunverulegri truflun fyrir aðra ferðamáta. Þetta er einmitt það sem gerðist í Vonarskarði og hefur komið af stað langvinnri baráttu sem sér varla fyrir endann á og hefur skilið eftir sig sár sem munu skaða alla raunverulega náttúrvernd um langa framtíð ef ekki tekst að leiðrétta fljótlega þau lokunarverk þar þar voru unnin.

Ég tel því nauðsynlegt að markmiðið verði gert skýrt og orðað svona: „Stuðla að því að almenningur geti stundað útivist innan þjóðgarðsins.“

Á fyrri stigum þessa samráðs hef ég sent inn umsagnir og tekið þátt í að skrifa umsagnir félagasamtaka. Ég vísa í þær og er því ekki að endurtaka þær hér.

Ég fagna þessu samráði sem „nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu“ hefur unnið ágætlega. Þeir fulltrúar nefndarinnar sem hafa mætt á kynningarfundir og gefið sér tíma til að ræða við fundarmenn hafa staðið sig vel. Tel samráðið hafa laðað fram hreinskipta umræðu sem hefur fært ólík sjónarmið nær hvert öðru. Sakna þó þess að í upphafi voru kynningarfundir ítarlegir með mikum fyrirheitum en fyrir þetta síðasta stig samráðsins voru engir slíkir fundir haldnir, einmitt þegar hefði þurft að kjarna umræðuna betur um einstök álitamál.

Ég hefði til dæmis viljað heyra alla nefndarmennina svara í eigin persónu þeim spurningum sem ég varpa upp hér að ofan.

Með góðri kveðju

Snorri Ingimarsson

áheyrnarfulltrúi Samút í stjórn VJP

Umsögn um textadrög fyrstu tveggja verkefna þverpólíttískrar nefndar sem vinnur að stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Greining tækifæra með stofnun Þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu.

Hér er umsögn nokkura einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að hafa ferðast mikið um hálendið og bera hag þess mjög fyrir brjósti. Samhliða brennur þessi hópur mjög fyrir ferðafrelsi og framtíðarmöguleikum Íslendinga til að ferðast um eigið land og njóta þess sem það hefur uppá að bjóða. Við þekkjum einnig af eigin raun hvernig ferðafrelsi almennings hefur gefið af sér nýjungar í ferðatækni sem hafa aukið búseturöryggi í okkar harðbýla landi. Þetta frelsi ber að varðveita áfram til frekari framfara.

Við höfum deilt þessum texta með fleiri umsagnaraðilum og mun hann því sjást víðar lítið eða óbreyttur.

Við söknum þess að sjá ekki meira afgerandi lýsingu á því hvenrig fyrirhugað er að deila út takmörkuðum gæðum meðal þeirra sem vilja stunda atvinnustarfsemi. Það teljum við vera einn af undirstöðupáttum atvinnustefnu í Þjóðgarði. Einnig söknum við þess að sjá ekki eitt orð um stuðning við nýsköpun í ferðaþjónustu eða ferðatækni.

Við tökum eftir því að víða er fjallað um möguleika á aukinni ferðaþjónustu á hálendinu. Við vörum alvarlega við því að reynt verði á þennan hátt að fá fram stuðning ferðaþjónustunnar við stofnun Þjóðgarðs á hálendinu með því að leggja það undir aukinn ferðamannastraum eða jafnvel „massatúrisma“. Þá er verr farið en heima setið og við munum leggjast gegn stofnun á Þjóðgarði sem myndi hafa aukinn ferðamannastraum á hálendið að markmiði nema á mjög afmörkuðum stöðum. Slíkt myndi líka ganga þvert gegn öðrum markmiðum sem sett hafa verið fram um náttúruvernd. Við teljum mikilvægt að atvinnustefnan verði útfærð þannig að einungis þeim ferðamönnum verði beint inn til hálendisins sem vilja njóta þess náttúrunnar vegna. Aðrir ferðamenn eiga að okkar mati ekki erindi upp á hálendið og ættu að láta sér nægja að ferðast á láglandi þar sem náttúran er ekki eins viðkvæm. Ekki er undir nokkrum kringumstæðum réttlætanlegt að gera miðhálandið að einhverskonar yfirfalli fyrir ferðamannaflóð.

Við fögnum skýrum markmiðum um að leyfa félagasamtökum að taka tiltekin svæði í fóstur og aðstoða við landvörslu. Ekki hefur verið ljáð máls nægilega á slíku í Vatnajökulsþjóðgarði og við teljum það hafa orsakað hluta vandans sem þar er. Sem dæmi þaðan má nefna Kverkfjöll sem hafa verið í myndarlegri umsjón félagasamtaka í áratugi. Einnig má nefna skálarektur Útivistar á vestursvæði VJP í þessu samhengi. Víða eru félagasamtök og einstaklingar með skálarektur á hálendinu og þessir aðilar hafa flestir verndað sitt nærumhverfi eftir mætti og með oftast góðum árangri. Möguleiki á slíku í Þjóðgarði mun fá fólk til að finnast það „eiga“ eitthvað í Þjóðgarðinum og það mun skapa virkan stuðning.

Nú hafa verið haldnir tveir kynningarfundir, annar um fyrirhugað starf nefndarinnar og hinn með fyrstu afurðum nefndarinnar sem eru nú til kynningar. Á báðum þessum fundum hafa formaður nefndarinnar og starfsmaður verið með góða framsögu. Aðrir hafa ekki verið með

framsögu og okkur vitanlega hafa aðrir nefndarmenn ekki sést fyrir utan einn sem mætti á seinni hluta seinni fundarins en hafði sig litið í frammi. Við teljum mikilvægt að fleiri nefndarmenn verði sýnilegir í þessu starfi vegna þess að mikillar tortryggni gætir í garð þessa verkefnis og ekki að ósekju vegna sporanna sem hræða úr Vatnajökulsþjóðgarði. Við óskum eftir að flestir eða allir nefndarmenn verði fyrir svörum á næsta kynningarfundi til að fólk geti kynnt sér veiðhorf þeirra allra en ekki einungis þeirra tveggja heiðursmanna sem hafa verið sýnilegir hingað til.

Reykjavík 21.12.2018

Snorri Ingimarsson rafmagnsverkfræðingur og fulltrúi SAMUT í stjórn VJP
Sunna Guðlaugsdóttir læknir
Atli Karl Ingimarsson jarðfræðingur og jarðvegsverkfræðingur
Örn Ingvi Jónsson vélaverkfræðingur
Aldís Ingimarsdóttir byggingaverkfræðingur
Þorvarður Hjalti Magnússon kerfisfræðingur
Sigurþór Maggi Snorrason nemi í MR

Solveig Lilja Söebeck Óladóttir - 06.04.2019

Ég er mjög hlynnt þjóðgarði á miðhálandinu og finnst það bara sjálfsagt mál. Það skiptir máli að vernda tiltölulega ósnert landsvæði á okkar blessuðu jörð.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt.

Akureyri 11.ágúst 2019

Umsögn SUNN, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, um mál nr. S-135/2019. Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) styðja áform um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og þakka nefnd um stofnun hans fyrir vel unnin störf. Stofnun slíks þjóðgarðs er í samræmi við stefnu samtakanna sem telja að það yrði landi og þjóð til sóma að standa vörð miðhálandi Íslands með slíkum hætti. Verðmæti víðerna miðhálandisins verða að mati samtakanna veigameiri í alþjóðlegu samhengi eftir því sem fram líða stundir vegna þeirrar heimsmyndar sem skapast hefur vegna gríðarlegra ögrana á sviði umhverfismála.

Nefndin hefur óskað eftir umsögnum um skilgreiningu á mörkum þjóðgarðs, skiptingu hans í ólíka verndarflokka sem og aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Mörk þjóðgarðs

SUNN telur ekki ástæðu til annars en að miðhálandisþjóðgarður nái um allt vatnasvið Jökulsár á Fjöllum og Jökulsárgljúfur og styður umsögn Landverndar þar að lútandi sem og svæðisráðs norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs sem leggur til að Jökulsárgljúfur verði ekki aðskilin stjórnkerfi verðandi Miðhálandisþjóðgarðs en njóti engu að síður sérstöðu innan hans. Svæðið, sem er innan verndarflokks rammaáætlunar, var nýlega friðlýst og telur SUNN hagsmunum þess enn betur varið innan umræddra þjóðgarðsmarka.

Verndarfélag Svartár og Suðurár sendi inn tillögu þess efnis að Suðurárbotnar, Suðurá og Svartá í Bárðardal, ásamt tungunni milli ána tveggja og Skjálfandafljóts, verði hluti þjóðgarðs á miðhálandinu. SUNN tekur heilshugar undir vel rökstudda tillögu félagsins og hvetur nefndina til að leggja til að mörk þjóðgarðsins nái um svæðið, sem hefur að mati SUNN allt til að bera til að tilheyra slíkum þjóðgarði. Það yrði gríðarlega mikilvægt skref í sögu náttúruverndar á Norðurlandi ef svæðið nyti verndar samkvæmt lögum. Um er

að ræða dýrmætt landslag og lífríki sem er tengt vistkerfum annarra svæða í kring svo sem Mývatni, Laxá og Ódáðahrauni.

SUNN hvetur nefndina einnig að leggja til að mörk þjóðgarðs nái um vatnasvið jökulsáa í Skagafirði sem til stendur að friða á grunni vinnu verkefnisstjórnar um rammaáætlun.

Verndarflokkar

SUNN vill koma á framfæri því sjónarmiði að stofnun miðhálandisþjóðgarðs verði kjörið tækifæri til að vinna að sjálfbærri landnýtingu innan svæðisins í verndarflokkum V og VI, t.d. hvað varðar sauðfjárbætur. Samtökin benda á mikilvægi þess að sjónarmið náttúruverndar á grunni fagþekkingar verði haft að leiðarljósi innan stjórnsýslu þjóðgarðsins í öllu samráði um nýtingu þess.

Aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar

SUNN hefur ekki sérstakar athugasemdir við tillögur nefndarinnar í þessum málaflokki en vill benda á mikilvægi þjóðgarðsgátta á jaðarsvæðum þjóðgarðs hvað varðar fræðslu og þekkingu, atvinnuuppbyggingar og almennri meðvitund bæði heimamanna og ferðamanna um verndargildi náttúru- og menningarminja miðhálandisins.



Harpa Barkardóttir
Formaður



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Skagafjörður, 31. júlí 2019
nr. erindis 1906292 SIS

Á 875. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 31. júlí 2019 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Verkefni nefnda um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu - til samráðs

Svofelld bókun var gerð:

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar vill áréttta í þessu samhengi fyrri athugasemd þess um málið hvað varðar það að óska aðeins eftir umsögnum um þætti sem lúta að skipulagi og mörkum þjóðgarðs á miðhálandinu en ekki um kosti og galla þess yfir höfuð að stofna þjóðgarðinn.

Má í því sambandi geta þess að á miðhálandinu er fjöldi svæða sem eru friðlýst. Velta má fyrir sér hvort ríkið ætti að sinna friðlýstum svæðum betur en nú er gert hvað varðar fjárhagslegan og faglegan grundvöll þeirra áður en ráðist er í stofnun nýs þjóðgarðs á miðhálandinu.

Með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu er verið að færa hluta skipulagsvalds sveitarfélaganna yfir til stjórnunar- og verndaráætlana sem binda hendur sveitarfélaganna hvað varðar uppbyggingu innviða og vernd og nýtingu á umræddum svæðum. Með öðrum orðum er verið að skerða skipulagsvald sveitarfélaganna. Má í tengslum við það nefna að stærstur hluti þess svæðis sem tillagan gerir ráð fyrir að þjóðgarður nái til er afréttareign í þjóðlendun. Í því felast m.a. mikilvægir hagsmunir fyrir atvinnustarfsemi í Sveitarfélaginu Skagafirði og getur kallað á ýmis konar breytingar varðandi umferð, girðingar, nýtingu afréttareignar innan þjóðgarðs og aðra þætti sem tengist valdheimildum sveitarfélagsins.

Tillaga um afmörkun þjóðgarðsins tekur ekki mið af aðalskipulagi sveitarfélaga. Þá er ekki fjallað um hvert skuli vera gildi aðalskipulaga varðandi afmörkun svæðisins. Kort með tillögum að afmörkun þjóðgarðssvæðisins eru ekki nægjanlega skýr svo hægt sé að bera saman tillöguna við aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar með nákvæmum hætti.

Mörk þjóðgarðs virðast fyrst og fremst eiga að ráðast af eignarhaldi eða ráðstöfunarrétti ríkisins á landi, þ.e. þjóðlendun, en ekki sjálfstæðu mati á þörf fyrir friðun einstakra landsvæða á faglegum forsendum þar sem tekið er ríkt tillit til fjölmargra hagaðila sem þyrftu að koma að málinu.



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • Netf.: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar gerir verulega fyrirvara við að afmörkun miðhálandisþjóðgarðs verði innan sveitarfélagsins að svo stöddu og miðað við þær forsendur sem byggt er á í fyrirliggjandi tillögu. Allar tillögur í þeim efnum þurfa að byggjast á hagsmunum og aðkomu heimaaðila á hverju svæði fyrir sig.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar áréttar jafnframt fyrri kröfu sína um að teknar verði saman upplýsingar um stöðu annarra þjóðgarða, rekstrargrundvöll þeirra og hvernig mat heimamanna á hverjum stað fyrir sig er á að til hafi tekist, áður en lengra er haldið áfram með undirbúning þjóðgarðs á miðhálandinu.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Sigfus J. Sigfusson

Sigfus Ingi Sigfusson

sveitarstjóri



Skagafjörður
Sveitarstjóri

Sveitarfélagið Skagafjörður - 30.04.2019

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar harmar að nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu óski aðeins eftir umsögnum um þætti sem lúta að skipulagi og mörkum slíks þjóðgarðs en ekki um kosti og galla þess yfir höfuð að stofna þjóðgarðinn. Má í því sambandi vitna til reynslunnar af stofnun og rekstri þeirra þjóðgarða sem þegar hafa verið stofnaðir og er hér vísað til umsagnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar um fyrirhugaða stofnun miðhálandisþjóðgarðs, en í umsögn þess dags. 21. desember 2018 segir: „mikilvægt er að tryggja þjóðgördum sem fyrir eru í landinu rekstrargrundvöll áður en lögð er áhersla á að stofna nýjan þjóðgarð.“ Stofnun og rekstur þjóðgarðs kalla á mikið fjármagn ef vel á að standa að málum varðandi uppbyggingu innviða, viðhald o.fl. Má þar vitna til verkefna eins og viðhald vega, merkingar, fráveitumál og viðhald eigna. Ef þjóðgarður á að geta byggt upp atvinnu og stutt við búsetu á nærsvæðum þjóðgarðs þarf fjármagn að fylgja slíkri fyrirætlun. Einnig ef þjóðgarður á að bjóða upp á aðgengi og möguleika til útivistar, sérstakar aðgerðir gagnvart öryggismálum og vöktun, og að laða að ferðamenn. Þá þarf að útfæra með mjög skýrum hætti hvernig samstarfi við heimamenn á hverjum stað verði háttað og hver þeirra réttindi verða, t.a.m. hvað varðar nytjarétt eins og beitarnýtingu og veiði. Í umræddum drögum sem nú eru til umsagnar er t.d. aðeins tekið þannig til orða að stefnt sé að því að „viðhalda réttindum sem nú þegar eru tryggð í þjóðlendum, s.s. fyrir sveitarfélög og/eða aðila sem stunda atvinnurekstur“ í stað þess að kveða skýrt á um að þau réttindi haldist. Með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu er verið að færa hluta skipulagsvalds sveitarfélaganna yfir til stjórnunar- og verndaráætlana sem binda hendur sveitarfélaganna hvað varðar uppbyggingu innviða og vernd og nýtingu á umræddum svæðum. Með öðrum orðum er verið að skerða skipulagsvald sveitarfélaganna. Spörin hræða í þeim efnum.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar telur rétt að áður en lengra er haldið áfram með undirbúning stofnunar þjóðgarðs á miðhálandinu verði hugað að stöðu, hlutverki og vilja sveitarfélaganna til verkefnisins. Jafnframt verði teknar saman upplýsingar um stöðu annarra þjóðgarða, rekstrargrundvöll þeirra og hvernig mat heimamanna á hverjum stað fyrir sig er á að til hafi tekist.

Þannig bókað á 383. fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 24. apríl 2019

Sigfús Ingi Sigfússon
sveitarstjóri

Sveitarfélagið Skagafjörður - 31.10.2019

Umsögn Sveitarfélagsins Skagafjarðar frá 886. fundi byggðarráðs 31. október 2019

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar vill árétta fyrri athugasemd þess um málið hvað varðar það að aðeins er óskað eftir umsögnum um þætti sem lúta að skipulagi og mörkum þjóðgarðs á miðhálandinu en ekki um kosti og galla þess yfir höfuð að stofna þjóðgarðinn. Má í því sambandi geta þess að á miðhálandinu er fjöldi svæða sem eru friðlýst. Velta má fyrir sér hvort ríkið ætti að sinna friðlýstum svæðum betur en nú er gert hvað varðar fjárhagslegan og faglegan grundvöll þeirra áður en ráðist er í stofnun nýs þjóðgarðs á miðhálandinu. Með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu er verið að færa hluta skipulagsvalds sveitarfélaganna yfir til stjórnunar- og verndaráætlana sem binda hendur sveitarfélaganna hvað varðar uppbyggingu innviða og vernd og nýtingu á umræddum svæðum. Með öðrum orðum er verið að skerða skipulagsvald sveitarfélaganna. Má í tengslum við það nefna að stærstur hluti þess svæðis sem tillagan gerir ráð fyrir að þjóðgarður nái til er afréttareign í þjóðlendu. Í því felast m.a. mikilvægir hagsmunir fyrir atvinnustarfsemi í Sveitarfélaginu Skagafirði og getur kallað á ýmis konar breytingar varðandi umferð, girðingar, nýtingu afréttareignar innan þjóðgarðs og aðra þætti sem tengist valdheimildum sveitarfélagsins. Tillaga um afmörkun þjóðgarðsins tekur ekki mið af aðalskipulagi sveitarfélaga. Þá er ekki fjallað um hvert skuli vera gildi aðalskipulaga varðandi afmörkun svæðisins. Kort með tillögum að afmörkun þjóðgarðssvæðisins eru ekki nægjanlega skýr svo hægt sé að bera saman tillöguna við aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar með nákvæmum hætti. Byggðarráð varpar fram þeirri tillögu til að sætta sjónarmið að hin svokölluðu svæðisráð yrðu aðeins ráðgefandi hvað varðar þætti sem lúta að skipulagsmálum en skipulagsvaldið yrði áfram hjá sveitarfélögunum í landinu. Mörk þjóðgarðs virðast fyrst og fremst eiga að ráðast af eignarhaldi eða ráðstöfunarrétti ríkisins á landi, þ.e. þjóðlendum, en ekki sjálfstæðu mati á þörf fyrir friðun einstakra landsvæða á faglegum forsendum þar sem tekið er ríkt tillit til fjölmargra hagaðila sem þyrftu að koma að málinu. Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar gerir verulega fyrirvara við að afmörkun miðhálandisþjóðgarðs verði innan sveitarfélagsins að svo stöddu og miðað við þær forsendur sem byggt er á í fyrirliggjandi tillögu. Allar tillögur í þeim efnum þurfa að byggjast á hagsmunum og aðkomu heimaaðila á hverju svæði fyrir

sig. Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar áréttar jafnframt fyrri kröfu sína um að teknar verði saman upplýsingar um stöðu annarra þjóðgarða, rekstrargrundvöll þeirra og hvernig mat heimamanna á hverjum stað fyrir sig er á að til hafi tekist, áður en lengra er haldið áfram með undirbúning þjóðgarðs á miðhálandinu. Álfhildur Leifsdóttir Vg og óháð áréttar eftirfarandi:

Miðhálandisþjóðgarður sem er í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar stuðlar að náttúrvernd á einstöku svæði sem geymir fágætan gróður og sérstæðar jarðmyndanir. Hann yrði sá stærsti í Evrópu með tilheyrandi aðdráttarafli. Rannsókn sem gerð hefur verið á 12 svæðum héraendis sýnir að beinn efnahagslegur ávinningur er ótvíræður af friðlýstum svæðum. Fyrir hverja krónu sem ríkið leggur til friðlýstra svæða skila að meðaltali 23 krónur sér til baka. Þjóðgarðurinn skapar störf bæði í þjónustu og landvörslu sem mikilvægt er tryggja að verði í heimabyggð. Leggja þarf áherslu á að unnið verði náið með heimamönnum í öllu ferlinu og hagsmuna heimafólks og sérstaklega bænda gætt í hvívetna.

Umhverfis og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Hornafirði, 21. desember 2018
nr. erindis 201811068 MÁ

Málefni: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Óskað var samráðs vegna vinnu að stofnun þjóðgarðs. Skjalið sem er til samráðs er vel unnið og engar athugasemdir vegna þess. Helstu athugasemdir sem Sveitarfélagið Hornafjörður hefur við verkefnið er að í sveitarfélaginu er Vatnajökulsþjóðgarður. Þjóðgarðurinn er illa fjármagnaður og hefur gengið illa að ná tókum á skipulagi og stefnumörkun ekki verið skýr. Til að mynda hefur verið beðið eftir atvinnustefnu frá upphafi og enn er hún ekki tilbúin. Ferðaþjónustuaðilar í Sveitarfélaginu Hornafirði hafa gagnrýnt að erfiðlega hefur gengið að stýra því hvaða fyrirtæki fái rekstrarleyfi í þjóðgarði og hafa gagnrýnt að stórir og fjársterkir aðilar vilji gleypa svæðið og standa fyrir ofnýtingu á auðlindunum. Innviðir eru jafnframt af skornum skammti í Vatnajökulsþjóðgarði, fráveitumál, klósett, starfsmannaaðstaða o.fl. er ábótavant. Helstu athugasemdir sveitarfélagsins í grunninn eru að mikilvægt er að tryggja þjóðgörðum sem fyrir eru í landinu rekstrargrundvöll áður en lögð er áhersla á að stofna nýja þjóðgarða.

Virðingarfyllst

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Sveitarstjórn Hrunamannahrepp tók málið fyrir á fundi sínum þann 6. des s.l. og bókaði eftirfarandi.

14. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Samráðsgátt verkefnis nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Oddviti kynnti samráðsgátt verkefnis nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Sveitarstjórn leggur mikla áherslu á að skipulagsvald sveitarfélaga verði ekki skert og ekki verði farið í verkefnið án samþykkis sveitarfélaga

Reykjavík, 12. ágúst 2019

Mál þetta varðar ósk eftir umsögnum um textadrög þverpólískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um: skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar. Undirritaður telur nauðsynlegt að gera athugasemd við þær tillögur sem eru kynntar í drögunum varðandi skiptingu landsvæða innan hins fyrirhugaða þjóðgarðs í verndarflokka, sérstaklega þó varðandi notkun IUCN verndarflokks V - landslagsverndarsvæði (e. *protected landscape/seascape*).

Samkvæmt tillögum nefndarinnar er talið mögulegt að setja þrjú núverandi orkuvinnslusvæði innan fyrirhugaðra marka þjóðgarðs á miðhálandinu í verndarflokk V. Erfitt er að sjá hvernig slík ráðstöfun gæti samræmst meginmarkmiðum þessa tiltekna IUCN verndarflokks sem setur – eins og nafnið bendir augljóslega til – *verndun* landslags í forgrunn. Meginforsendan fyrir vernduninni er að um sérlega verðmætt landslag sé að ræða, hvort heldur náttúrulegt landslag eða búsetulandslag. Þetta sést skýrt á þeim megininkennum (e. *essential characteristics*)¹ sem svæði þurfa að hafa til að bera til að falla í verndarflokk V:

- *Landscape and/or coastal and island seascape of high and/or distinct scenic quality and with significant associated habitats, flora and fauna and associated cultural features;*
- *A balanced interaction between people and nature that has endured over time and still has integrity, or where there is reasonable hope of restoring that integrity;*
- *Unique or traditional land-use patterns, e.g., as evidenced in sustainable agricultural and forestry systems and human settlements that have evolved in balance with their landscape.*

Orkuvinnslusvæðin sem hér um ræðir búa ekki yfir neinum þessara megininkenna – þvert á móti eru þetta svæði sem bera afgerandi ummerki um tiltölulega einhæfa og ágenga (e. *intrusive*) mannvirkjagerð, sem hvorki felur í sér búsetu manna eða viðhald hefðbundinnar nýtingar og þeirra menningargæða sem slíkri nýtingu geta tengst. Ef til vill mætti skilgreina umrædd svæði sem nokkurs konar “iðnaðarlandslag” – slíkt landslag getur fyllilega átt rétt á sér en hvorki verður séð að það verðskuldi verndun undir formerkjum náttúruverndar né að það sé sérstaklega verndarþurfi einmitt sem iðnaðarlandslag.

Nokkra furðu vekur að í drögunum skuli hvergi vikið að landslagsvernd samkvæmt íslenskum náttúruverndarlögum – en slík verndun á sér langa sögu sem jafnframt tengist náið stofnun

¹ <https://www.iucn.org/theme/protected-areas/about/protected-areas-categories/category-v-protected-landscapes-seascape>

Þjóðgarða² – né að grein 50 í lögum nr. 60/2013 sem fjallar um íslenska friðýsingarflokkinn *landslagsverndarsvæði* sem samsvarar verndarflokki V hjá IUCN. Ef ætlunin er að beita verndarflokkakerfi IUCN á eðlilegan og markvissan hátt í náttúruvernd á Íslandi er vart hægt að líta fram hjá skilningi náttúruverndarlaga á þeim verndarviðföngum sem í hlut eiga:

50. gr. Landslagsverndarsvæði.

Friðlýsa má landsvæði til verndar landslagi sem:

- a. þykir sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,*
- b. talið er sérstætt eða fágætt á svæðis-, lands- eða heimsvísu eða*
- c. skipar mikilvægan sess í vitund þjóðarinnar.*

Friðlýsingin skal miða að því að varðveita sérkenni og einkenni landslagsins, fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess. Ef um er að ræða svæði þar sem hefðbundnar nytjar eru forsenda fyrir því að varðveita einkenni landslagsins skal friðlýsingin jafnframt miða að því að tryggja að þeim verði haldið við. [...]³

Í 50 gr. er kveðið enn sterkar að orði en hjá IUCN um *verðmæti* landslags á fagurferðilegum og/eða menningarlegum forsendum, svo og út frá fágæti. Tilvist slíkra gilda er frumforsendan fyrir beitingu þess friðlýsingarflokks – honum er ætlað að vernda þau gæði sem felast í óvenju fögru náttúrlegu landslagi eða búsetulandslagi sem talið er búa yfir miklu menningarlegu gildi.

Enn fremur er erfitt að sjá hvernig fyrirhuguð beiting verndarflokks V samræmist áherslum landsskipulagsstefnu 2015-2016 varðandi verndun landslags á miðhálandi Íslands né þeirri almennu hugmyndafræði um gildi og verndun landslags sem liggur Evrópusamningi um landslag til grundvallar.

Að öllu ofansögðu er ljóst að skilgreining orkuvinnslusvæðanna þriggja sem *verndarsvæða* í IUCN verndarflokki V (sem væntanlega þyrfti þá jafnframt að taka mið af gr. 50 í lögum 60/2013) væri ekki aðeins misráðin ákvörðun, heldur hefði hún afar slæmt og misvísandi fordæmisgildi fyrir landslagsvernd á Íslandi.

Virðingarfyllst,

Þorvarður Árnason

Dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

² Þorvarður Árnason 2018. "Landslag – þar sem náttúra og maður mætast." Í *Frændafundur 9: Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu í Reykjavík 26.–28. ágúst 2016*, ritstjórar Höskuldur Þráinsson og Hans A. Sølvará. Reykjavík: Hugvísindastofnun, bls. 77-92.

³ <https://www.althingi.is/lagas/148c/2013060.html>

13. ágúst 2019

Umsögn um mál nr. S-135/2019: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Ungir umhverfissinnar (UU) hafa kynnt sér drög að tillögu þverpólíttískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, er fjallar um skilgreiningu á mörkum miðhálandisþjóðgarðs, áherslur um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka og umfjöllun um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

UU fagna áframhaldandi vinnu að stofnun Miðhálandisþjóðgarðs og lýsa yfir fullum stuðningi við verkefnið. Einnig fagnar félagið því tækifæri að geta tekið þátt í samráðsferlinu jafn óðum og telur það mikilvægan þátt í því að ferlið sé vandað og unnið í samráði við alla hagaðila. Stofnun Miðhálandisþjóðgarðs sé ekki einungis tímamót í verndunarsögu landsins heldur einnig gífurlega mikilvægt samstarfsverkefni Alþingis, sveitarfélaga, atvinnulífs og samfélags í hinum víðasta skilningi.

1. Mörk þjóðgarðs

UU telja mikilvægt að mörk þjóðgarðs nái um allt svæðisskipulag miðhálandis og fagna því áherslum 2. og 5. liðar í megentillögu um mörk þjóðgarðs (bls. 5), er gera ráð fyrir mögulegu samstarfi við viðkomandi landeigendur. Vernd miðhálandisins feli í sér mikla hagsmuni, einkum til langs tíma, og því sé afar mikilvægt að gera á þennan hátt ráð fyrir ábyrgð og frumkvæði landeigenda í þessu stóra samstarfsverkefni. Sem dæmi má nefna svæðið vestan Langjökuls, Arnarvatnsheiði, Eiríksjökul, Hallmundarhraun og svæðið norðan Brúaröræfa.

2. Skipting í verndarflokka

Í tengslum við verndarflokka er mikilvægt að horfa til útfærslu byggða- og atvinnu-uppbyggingar sem skapar ávinning með lágmarks inngripi í náttúruna. UU fagna því sérstaklega þeirri áherslu að ekki komi til frekari stórtækra inngripa í náttúru og vistkerfi svæða innan miðhálandisins, s.s. í formi meiriháttar orkuvinnslu, enda skerði slíkt verndargildi miðhálandisins verulega og hafi jafnframt neikvæð áhrif á uppbyggingu er snýr að menningar- og náttúruminum. Annað gildi um smærri en þýðingarmikil verkefni, líkt og nefndin fjallar um í drögum sínum.

Varðandi það hvort núverandi virkjanir skuli falla innan eða utan þjóðgarðsmarka, þá er ljóst að aðskilið fyrirkomulag skapar flækjustig m.a. varðandi upplýsingagjöf til ferðamanna og almenna náttúruvernd, s.s. uppgræðslu. Eðlilegt er að þjóðgarðurinn sé heildstæð eining og að orkuvinnslusvæði lúti því yfirstjórn þjóðgarðs og þ.a.l. svæðisráða en ekki fyrirtækja, s.s. Landsvirkjunar, sem hafa enda aðrar áherslur en þjóðgarður. Slíkt ætti ekki að hafa neikvæð áhrif á aðkomu virkjunaraðila, enda myndi það frekar efla samstarfstækifæri undir skýrari handleiðslu þar til bærs stjórnvalds, þ.e. þjóðgarðsins.

UU fagna jafnframt þeirri áherslu að stjórn resktrarsvæða byggji á forsendum heimaaðila.

3. Aðkomuleiðir / þjónustumiðstöðvar

UU fagna því að þjónustumiðstöðvar verði skilgreindar í mismunandi flokka og er mikilvægt að meginþungi þjónustu (þjóðgarðsgáttir) verði utan við mörk þjóðgarðsins. Þessar miðstöðvar verði þá í alfaraleið þar sem samgöngur eru góðar. Innan þjóðgarðsmarka sé mikilvægt og jákvætt að leggja áherslu á að þjónustustig, og þ.a.l. umfang uppbyggingar, taki ávallt mið af náttúruverndarsjónarmiðum.

Að lokum er ánægjulegt að áhersla sé lögð á samstarf við aðila sem nú þegar starfa á miðhálandinu, enda sé slíkt lykilatriði í eflingu nærsamfélags og varðveislu menningarminja.

f.h. stjórnar Ungra umhverfissinna



Pétur Halldórsson, formaður

S. 848-3540, umhverfissinnar@gmail.com



Ungir
Umhverfissinnar

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1 102
Reykjavík
postur@uar.is

31. Október 2019
umhverfissinnar.is

Athugasemdir við mál nr. 253/2019
Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Ungir umhverfissinnar fagna þeirri vinnu sem ráðist er í með drög að stofnun miðhálandisþjóðgarðs.

Kaflí I – Stofnun Miðhálandisþjóðgarðs

Ungir umhverfissinnar óska eftir frekari stefnu varðandi aðgengi almennings með tilliti til innviða á borð við brýr og uppbyggða vegi í samræmi við kafla 6 í *Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*. Mikilvægt er að fara að þeim markmiðum sem sett eru þar fram til langtímasýnar stýringar og sjálfbærrar þróunar.

Ungum umhverfissinum þætti vert að hafa tilveruréttindi jarðarinnar sbr. Earth law status <https://www.earthlawcenter.org/what-is-earth-law> í markmiðum þjóðgarðsins.

Ungir umhverfissinnar leggja einnig til að markmið þjóðgarðsins séu að gæta hagsmuna óspilltra víðerna þar sem þeirra mikilvægi er oft ekki metið að verðleikum.

Einnig mætti skilgreina útivist betur og taka fram að hún eigi að vera fjölbreytt og ein gerð af útivist eigi ekki að þurfa að útiloka aðra. Þar má nefna hjólréiðar, jeppa og vélsleða. Fólki á að fá að njóta náttúrunnar á sínum forsendum á meðan það skaðar ekki náttúruna.

Við fögnum síðasta markmiðinu: "Stuðla að samvinnu og samstarfi við starf félaga og sjálfbodaliða um málefni landsvæðisins." og komum til með að notfæra okkur það.

Kaflí II – Stjórn og umdæmisráð

Ungir umhverfissinnar telja að einn mikilvægasti þáttur stjórnar og umdæmisráða sé gagnsæi þegar kemur að ráðningum, vali á verkefnum og öðrum ráðstöfunum fjármuna á vegum þjóðgarðsins. Mikilvægt er að gera kröfur um hæfni fólks sem ráðið er í störf þjóðgarðsins.

Við teljum einnig ábótavant á takmörkun á ferðaþjónustu eða einhverskonar ramma. Takmarkað er talað um ferðaþjónustu-fyrirtæki, hvorki fyrirtæki í hótélrekstri eða dagsferðum. Það þarf að setja skýr mörk á þessi fyrirtæki, leyfi og starfsemi þeirra innan þjóðgarðs. Hvað mega mörg fyrirtæki starfa innan hvers svæðis? T.d. Jökulsárlón, Sólheimajökull, Falljökull ofl.

Óljóst er hvernig samskiptum kann vera háttað við óháða aðila sem eiga ef til vill skála eða sumarbústaði innan þjóðgarðsins.

Kaflí III – Starfsemi í þjóðgarðinum, landnýting og þjónusta

Ungir umhverfissinnar mæla með að haft verði samband við félagið Unga bændur þegar kemur að flokkun í verndunarflokka og nýtingu lands þar sem félagið hefur að geyma góða innsýn inn í málefnið og ungt fólk með skýra og góða sýn á framtíðina.

Fyrir hönd miðhálandisnefndar Ungra umhverfissinna

Þorgeirur María Þorgeirsdóttir

Umhverfis – og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 21. desember 2018
UST201811-264/E.B.S.
09.00

Efni: Samráðsgátt – mál nr. S-237/2018. Stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands

Vísað er til beiðni, er barst þann 26. nóvember sl., um umsögn um textadrög fyrstu tveggja verkefna þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Greiningu tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar eru eftirfarandi:

Umhverfisstofnun telur að í textadrögum nefndarinnar séu að mörgu leyti talin upp góð markmið og fjölmörg atriði eru þar nefnd sem munu skipta máli þegar kemur að stofnun þjóðgarðsins. Ljóst er að þeir eru margir sem hafa hagsmuna að gæta af hálandinu. Hins vegar er ljóst af drögunum að nánari greining og umfjöllun um afmörkun svæða og gerð verndaráðstafana skortir. Á það einnig við um fleiri þætti, svo sem hvar æskilegt er að fara í slíkar ráðstafanir.

Líkt og fram kemur í drögunum er markmiðið með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu að vernda náttúrulegt vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar og ná utan um skilgreind náttúruverðmæti á heildstæðan hátt. Friðlýsing þjóðgarða lýtur að vernd afmarkaðs svæðis sem varðar almenning miklu og við alla ákvarðatöku, áætlanagerð, framkvæmdir og athafnir ber að taka mið af þeirri vernd sem svæðið í heild sinni nýtur.

Umhverfisstofnun tekur undir það að huga þurfi að öryggisþáttum og að við stefnumörkun alla skuli stefnt að sjálfbærni svæðisins. Stofnunin telur jafnframt að greina þurfi hvers konar ferðamennsku og upplifun sóst er eftir á þessu svæði, enda kallar mismunandi form uppbyggingar á mismunandi tegundir ferðamanna og mismunandi upplifun. Hvað varðar spurningar eins og *hver er staðarandinn?* lítur stofnunin svo á að hér sé ekki síst verið að vísa til hinna óbyggðu víðerna hálandisins hvar ferðmenn gera þær væntingar að fá að upplifa kyrrð og fámenni í náttúru sem hefur fengið að þróast eftir sínum eigin lögmálum án íhlutunar mannsins. Við allar framkvæmdir er mikilvægt að taka mið af þessu.

Samkvæmt skilgreiningu náttúruverndarlaga nr. 60/2013 nær hugtakið óbyggð víðerni yfir svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna

farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum, sbr. 19. tl. 5. gr. laganna.

Umhverfisstofnun telur að þegar ákvarðanir eru teknar um nýtingu hálandisins sé nauðsynlegt að átta sig á því hlutverki sem svæðið gegnir fyrir ferðamennsku og útivist og að við stjórnun víðerna skuli miða að því að varðveita og viðhalda þeim sérstöku gæðum sem einkenna þau sem og aðgreina notkun víðerna frá annars konar notkun lands. Umhverfisstofnun lítur svo á að við stjórnun víðerna þurfi að taka mið af því að víðerni eru þau svæði þar sem umhverfinu hefur minnst verið raskað af mannavöldum. Innviðir þurfa því að falla vel að umhverfi sínu og setja verður ramma um það hvernig innviðir eigi að vera í þjóðgarðinum með tilliti til þess að þeir hafi sem minnst áhrif á staðarandann.

Stofnunin tekur undir að þróun á aðstöðu fyrir ferðamenn, vega og annarra mannvirkja þurfi að taka mið af þolmörkum. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að þolmörk verði greind og að tekið sé tillit til þeirra í stefnumótun og áætlanagerð varðandi þjóðgarðinn, ekki síst til að stuðla að sjálfbærri þróun ferðapjónustunnar á miðhálandinu. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að skipuleggja mismunandi svæði miðhálandisins og ferðamennsku á þeim með tilliti til þolmarka og að skipuleggja þurfi stýringu á umferð í samræmi við þetta.

Þá tekur Umhverfisstofnun undir það að ígrunda þurfi vandlega aðgengi að þjóðgarðinum og mögulega uppbyggingu þar sem uppbygging innviða gæti stangast á við varðveislu víðerna. Þess vegna þarf að setja skýra reglur um hvernig uppbyggingu skuli háttáð og hvar hún eigi að verða.

Umhverfisstofnun tekur jafnframt undir að það gæti verið mjög mikilvægt að beita ítölu til þess að fjöldi ferðmanna ógni ekki náttúru miðhálandisins. Þá tekur Umhverfisstofnun undir það að huga þurfi að sjálfbærniþættinum með því að nýta sem kostur er krafta vinnuafis af svæðinu og byggingarefni sem ekki er sótt langt að. Stofnunin telur jafnframt að setja þurfi stefnu og reglur um hvernig megi ná fram sjálfbærniþættinum við framkvæmdir. Einnig bendir stofnunin á að m.a. væri hægt að nýta Svansmerkið við val á efniviði.

Einnig tekur Umhverfisstofnun undir að tryggja þurfi yfirsýn yfir umsjón svæðisins og að nauðsynlegt sé að fullnægjandi landvarsla verði byggð upp. Stofnunin telur að fara þurfi fram greining á því hve marga landverði þurfi til þess að landvarslan sé fullnægjandi og mikilvægt er að slík landvarsla verði tryggð strax frá upphafi. Umhverfisstofnun telur einnig að uppbygging á undirstöðu innviðum, s.s. salernum, skuli koma til skoðunar strax í upphafi ferlisins en ekki á síðari stigum.

Í tillögunum eru jurtir nefndar sem dæmi um auðlindir á miðhálandinu sem nýta má til framleiðslu. Stofnunin bendir á að þörf er á yfirsýn um jurtanýtingu og stýringu, til að koma í veg fyrir rýrnun og/eða óafturkræfa hnignun. Þá má ætla að aðgengi heimamanna að nýtingu þessa gangi framur aðgengi annarra.

Umhverfisstofnun tekur ennfremur undir þau sjónarmið nefndarinnar að við allar athafnir og framkvæmdir á miðhálandinu þurfi að byggja á varúðarreglu 9. gr. náttúruverndarlaga. Stofnunin telur ekki síður ástæðu til að markmið 1.-3. gr. laganna sem og aðrar


meginreglur II. kafla náttúruverndalaganna séu hafðar að leiðarljósi við alla stefnumótun, áætlanagerð, athafnir og framkvæmdir á svæðinu, þannig að á öllum stigum sé gætt yfstrustu varúðar svo að náttúru svæðisins verði ekki spillt og að ákvarðanir séu byggðar á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og jarðfræði landsins sem og að tekið sé mið af því hver áhrif ákvarðana munu verða á þessa þætti. Þá bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að áhrif á náttúru svæðisins séu einnig metin út frá heildarálagi svæðisins eða þess álags sem svæðið kann að verða fyrir. Þá er mikilvægt að við töku ákvarðana sé horft til þess að unnt verði að skila náttúru þessa mikilvæga svæðis til komandi kynslóða í sama eða betra horfi en núverandi kynslóð tók við henni.

Að endingu áréttar Umhverfisstofnun mikilvægi þess að við stefnumótunina og áætlanagerð verði gætt að samráði við hagsmunaaðila, almenning og frjáls félagasamtök sbr. Árórsamninginn.

Virðingarfyllst,



Eva B. Sólán Hannesdóttir
lögfræðingur



Ólafur A. Jónsson
sviðsstjóri

Nefnd stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Athugsemdir við áfangaskýslu: Greining tækifæra og áherslur í atvinnustefnu.

Ferðafélagið Útivist hefur fylgst náið með umræðum um miðhálandisþjóðgarð og þeirri undirbúningsvinnu sem unnin hefur verið fyrir stofnun þjóðgarðsins. Það er ánægjulegt að ríkisstjórnin hafi sett þetta mál í málefnasamning sinn og að það sé komið í góðan farveg.

Útivist er aðili að samstarfsverkefni sem ýtt var úr vör í ársbyrjun 2016. Að því verkefni stóðu 28 útivistar- og náttúruverndarsamtök, auk samtaka fyrirtækja í ferðaþjónustu. Markmið þessa samstarfs var að skapa víðtæka sátt um þjóðgarð á miðhálandi Íslands á grundvelli viljayfirlýsingar sem samstarfsaðilarnir undirrituðu. Í þessari viljayfirlýsingu eru settar fram forsendur er varða náttúruvernd, aðgengi og réttindi almennings í þjóðgarðinum, tækifæri og aðkomu hagaðila (náttúruverndarsamtaka, útivistarhreyfinga og ferðaþjónustu) að stjórnun garðsins. Afstaða Ferðafélagsins Útivistar til miðhálandisþjóðgarðs er grundvölluð á þessari viljayfirlýsingu og félagið styður stofnun þjóðgarðs sem heldur í heiðri þau sjónarmið sem þar koma fram. Viljayfirlýsingin er hér í viðhengi og er það von okkar að nefndarmenn kynni sér innihald hennar.

Við lýsum yfir almennri ánægju með þau textadrög sem hér eru til umsagnar og teljum að þar komi margt jákvætt fram. Drögin bera með sér ríkan skilning á mikilvægi verndunar náttúru og landslags á hálandinu. Jafnframt er lögð áhersla á rétt almennings til hvers konar útivistar með þeim hætti sem verið hefur til langs tíma og rík hefð er fyrir. Þessu ber að fagna.

Þá kemur fram í drögnum mikilvægi samráðs við njótendur og notendur hálandisins (útivistarfólk, bændur og ferðaþjónustu) og að samskipti við þessa aðila sé jákvætt frá upphafi. Á þetta er rétt að leggja sérstaka áherslu. Við bendum á að frjáls félagasamtök geta stutt ötullega við bakið á þjóðgarði ef gætt er að því að samskiptin séu jákvæð og uppbyggileg. Því miður hefur það ekki verið að öllu leyti raunin í Vatnajökulsþjóðgarði. Stofnun miðhálandisþjóðgarðs er tækifæri til að endurvekja traust og tiltrú útivistarfélaga til þjóðgarða. Það skiptir miklu máli að vandað sé til þessa samráðs og það sé gert af heilum hug.

Í kafla um þjónustu kemur fram að þjóðgarði fylgi aukið þjónustustig á svæðinu. Það er rétt sem bent er á í kaflanum að stofnun

miðhálandisþjóðgarðs mun að öllum líkindum auka straum almennings og ferðamanna á miðhálandið og að með aukinni ásókn megi búast við auknum kröfum gesta er varðar þjónustu. Hér teljum við rétt að staldra við. Gildi hálandisins fyrir útivistarfólk og þá ferðamenn sem sækja það í dag liggur ekki síst í þeim einföldu innviðum sem þar eru. Innviðir í dag eru að stórum hluta aðeins frumstætt vegakerfi (vegslóðar) og einfaldir gistiskálar. Þessi tegund innviða fellur vel að umhverfinu og spillir ekki upplifun þeirra sem sækja inn á hálandið til að upplifa hið ósnortna, en þjóna þörfum þeirra afskaplega vel. Jafnframt falla þessir innviðir vel að þeirri náttúruvernd sem er aðal markmið þjóðgarða. Þó vissulega geti þjóðgarðurinn verið tækifæri til aukinnar atvinnustarfsemi við þjónustu ferðamanna og á að vera það, má það ekki verða til þess að spilla því sem í raun er aðal aðdráttarafli miðhálandisins. Margir hafa lýst yfir áhyggjum af því að miðhálandisþjóðgarður auki ásókn ferðamanna á hálandið umfram það sem æskilegt getur talist, jafnvel verið talað um “massatúrisma” í því samhengi. Slík þróun er ógn við náttúruverndarmarkmið þjóðgarðsins og um leið myndi það spilla verulega upplifun þeirra hópa sem í dag ferðast um hálandið. Væntanlegur miðhálandisþjóðgarður þarf að takast á við þetta. Til þess eru ýmsar leiðir, en ein er sú að marka þá stefnu að innviðir séu með einföldu formi og miði við þarfir náttúrusinnaðra ferðamanna. Það dregur úr hættunni á að ásókn verði meiri en æskilegt er þar sem ferðamenn með háar þjónustukröfur sækja þá síður inn á svæðið. Það er mikilvægt að stefnumörkun varðandi innviði á miðhálandinu taki mið af því hvernig við viljum að hálandið sé, frekar en að brugðist sé stefnulaust við hverri þeirri þjónustueftirspurn sem upp kemur.

Þetta útilokar alls ekki að þjóðgarður skapi atvinnutækifæri í ferðaþjónustu. Það hins vegar hefur áhrif á hvernig ferðaþjónusta er starfrækt innan þjóðgarðsins og hvers konar ferðamenn sækja þangað. Það eru mikil markaðstækifæri í náttúrutengdri ferðaþjónustu þar sem áherslan er á upplifun í náttúrunni. Þau tækifæri eiga aðeins eftir að aukast um ókomin ár.

Að lokum viljum við áréttta það sem fram kemur í framangreindri viljayfirlýsingu:

“Einn af hornsteinum hálandisþjóðgarðs er skilningur fyrir nauðsyn þess að útivistarfólk geti nýtt miðhálandið með sjálfbærum og ábyrgum hætti, hvort sem ferðast er akandi, gangandi, ríðandi, hjólandi, róíð á vötnum eða þegar farið er til veiða.”

Skúli H. Skúlason

Veðurstofa Íslands vill minna á að um margvíslega náttúruvá er að ræða á miðhálandinu, s.s. aftakaveður, ofanflóð, jarðskjálfta og ekki síst virk eldfjöll sem geta m.a. leitt af sér jökulhlaup. Með aukinni viðveru fólks og uppbyggingu innviða eykst tjónnæmi svæðisins og er því nauðsynlegt að framkvæma hættumat fyrir það til að átta sig á umfangi náttúruváratburða og hvaða mildunaraðgerðir eru tiltækar til að lágmarka áhrif þeirra. Þetta er mikilvægt að gera áður en teknar eru ákvarðanir um uppbygginguna.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Dags. 30.04.2019
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2018-0453
0.5.1

Hér á eftir fer umsögn Veðurstofu Íslands vegna máls 111/2019 – Verkefni um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Veðurstofan vill ítreka mikilvægi þáttar náttúruvár við vinnslu þessa verkefnis og leggur til eftirfarandi breytingar á tillögum að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun:

Í töflu 1 hjóði textinn um öryggi svo:

Áhersla á sértækar aðgerðir gagnvart öryggismálum, þ.m.t. vegna náttúruvár, sem og vöktun.

Í sömu töflu hljóði textinn um upplýsingar svo:

Skýrar upplýsingar um þjónustu og fræðslu sem boðið er upp á, þ.m.t. fræðslu um náttúruvá.

Fyrri hluti kaflans *Öryggismál og vöktun* verði á þessa leið:

Nefndin telur mikilvægt að hugað verði vel að öryggismálum, m.a. vegna náttúruvár, og vöktun á miðhálandinu. Stjórnunar- og verndaráætlun þarf því að mati nefndar að fjalla sérstaklega um þessi atriði. Líklegt er að þjóðgarður á miðhálandinu muni auka aðdráttarafl svæðisins og þar með fjölda ferðamanna. Þess vegna og í ljósi þess að um margvíslega náttúruvá getur verið að ræða á miðhálandinu, s.s. aftakaveður, ofanflóð, jarðskjálftar, eldgos, jökulhlaup og vatnsflóð, er nauðsynlegt að framkvæma hættumat vegna náttúruvár á svæðinu.

Bætt verði í kaflann *Þjónusta, fræðsla og upplýsingar* sem hér segir:

... frekari upplýsinga um aðra þjónustu og fræðslu sem gestir garðsins geti nýtt sér, s.s. *upplýsingar um náttúruvá, viðbrögð og forvarnir*. ...

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ



Reykjavík, 25. 1. 2019
Tilvísun: 2018110066/EBH

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
postur@uar.is

Efni: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Vegagerðin biðst velvirðingar á að umsögn hafi ekki borist í samráðsgátt innan tilsetts tíma.

Innan þess svæðis sem fyrirhugaður þjóðgarður á að ná til eru nokkrir þjóðvegir. Áætlanir Vegagerðarinnar um framkvæmdir á hálandinu hafa byggst á gildandi Landsskipulagsstefnu 2015-2026, en þar segir m.a.:

Viðhald og frekari uppbygging samgöngukerfis á miðhálandinu stuðli að góðu aðgengi að hálandinu og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta. Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.

Við endurskoðun landsskipulagsstefnu og samgönguáætlunar vinni skipulags- og samgönguyfirvöld með hlutaðeigandi stofnunum og hagsmunaaðilum að nánari greiningu á kostum varðandi þróun samgöngukerfis og útfærslu vega á miðhálandinu.

Sú stefna sem er sett fram í landsskipulagsstefnu um samgöngur á miðhálandinu byggist á þeirri stefnu sem sett var með svæðisskipulagi miðhálandisins sem staðfest var árið 1999. Þar var gert ráð fyrir að stofnvegir um miðhálandið (nefndir aðalfjallvegir í svæðisskipulaginu) skyldu vera byggðir upp sem góðir sumarvegir með brúuðum ám og færir fólksbílum. Þeir væru opnir a.m.k. 4–6 mánuði á ári, eftir atvikum með þungatakmörkunum á vorin þegar jarðvegur er að þiðna. Auk þeirra var í svæðisskipulaginu skilgreint net svokallaðra fjallvega sem svaraði til landsvega samkvæmt vegalögum. Þeir skyldu að jafnaði vera ruddir eða ofaníbornir vegir þar sem hættulegustu ár væru brúaðar og vera opnir skemur en stofnvegirnir. Auk þessara vega var í svæðisskipulaginu gert ráð fyrir flokki einkavega og annarra ökuleiða sem tók til fremur fjáfarinna vega að einstökum skálum og fjallaseljum, svo sem ýmissa afrétta-, veiði- og línuvega. Að auki markaði svæðisskipulagið stefnu um reiðleiðir og gönguleiðir og var almennt gert ráð fyrir að þær væru aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins eftir því sem kostur væri.¹

Vegagerðin telur jákvætt að gerð sé nánari grein fyrir skipulagi á miðhálandinu og í því sambandi mun stofnun þjóðgarðs vega mjög þungt. Skilgreining á hlutverki stofnvega á svæðinu skiptir Vegagerðina hvað mestu máli, þ.e. veganna sem tengja saman landshluta þvert á miðhálandið. Ferðamennska á hálandinu hefur aukist og mun væntanlega aukast enn með tilkomu þjóðgarðs. Tryggja þarf öryggi ferðamanna á hálandi Íslands þar sem allra veðra er von. Vegagerðin bendir á mikilvægi þjónustu, reksturs og viðhalds vega.

¹ http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna_2015-2026_asamt_greinargerð.pdf



Reykjavík, 25. 1. 2019
Tilvísun: 2018110066/EBH

Vegagerðin telur mikilvægt að samgöngumannvirki á hálendinu verði í sátt við umhverfið og að nýir eða endurbyggðir vegir falli vel að landi frekar en að vegalengdir verði styttrar. Að sama skapi er mikilvægt að hafa í huga kröfu um jöfn réttindi allra að samfélaginu. Vegagerðin telur nauðsynlegt að gert sé ráð fyrir að a.m.k. stofnvegir verði með bundnu slitlagi. Hönnun miði við að leyfilegur hámarkshraði verði á bilinu 70-90 km/klst. og vegbreidd heppileg fyrir umferð langferðabíla, sennilega 8 m. Gætt verði að umferðaröryggi við hönnun og framkvæmdir.

Vegagerðin óskar eftir nánu samráði um skipulag þjóðvega á miðhálendinu sem og við að setja viðmið um útlit vega, viðhald þeirra og þjónustu. Horfa má til nágrannalanda og reynslu þeirra af samgöngumannvirkjum í þjóðgörðum á hálendi eða ferðamannvegum almennt.

Virðingarfyllst,

Erna Bára Hreinsdóttir,

forstöðumaður Skipulagsdeildar

Árni Einarsson Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn:

Svartá og Suðurá í Bárðardal – Greinargerð



Svartá og Suðurá í Bárðardal eru eitt þeirra lindarkerfa sem spretta undan Ódáðahrauni, hraunflæminu mikla í norðurgosbeltinu á Íslandi. Regnvatn sem fellur þar hripar jafnóðum niður í jörðina, og sama gildir um leysingarvatn á vorin. Miklar lindir vella upp við jaðra Ódáðahrauns. Mývatn/Laxá með Kráká er stærsta lindarkerfið, svo Svartá/Suðurá, en minni lindakerfi eru að austanverðu, Grafarlönd eystri, Herðubreiðarlindir og Svartá austan við Öskju. Einnig má nefna Laufrönd.

Þessi lindarkerfi öll eru sérstök, bæði á landsvísu og heimsvísu. Þau eru sjaldgæf og óvenjuleg sem vötn, einkennast af jöfnu rennsli, eru auðug að steinefnum, hafa fágætt og oft mjög auðugt lífríki, gegna lykilhlutverki í tilveru nokkurra dýrastofna, skapa vinjar í annars gróðurlitlu landi, frjósa ekki á veturna og búa auk þess yfir óvenjulegri náttúrefegurð vegna samspils hrauns og vatns og gróðurs og legu þeirra í hálendisbrúninni. Sum þessara lindarkerfa, t.d. Mývatn/Laxá, Svartá/Suðurá og Kráká, eru auk þess eftirsótt veiðisvæði fyrir silung, bleikju og urriða sem þarna myndar nokkra aðskilda stofna.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn hefur lengi fylgst með fuglalífi og öðru vatnalífi í Svartárvatni og Svartá vegna þess hve keimlíkt það er Mývatni og Laxá. Bæði vatnakerfin eru afar lífauðug og sömu dýra- og þörungategundir einkenna þau. Landslag er einnig svipað um margt. Við tölum gjarnan um Svartá sem litlu systur Laxár. Svartá einkennist meðal annars þéttum stofni straumandar og húsandar, sem báðar verpa þar. Áin er eitt af fáum vetrarathvörfum húsandar utan Mývatns og Laxár og hefur reynst sérlega mikilvæg sem athvarf þegar áta hefur brugðist í Mývatni og Laxá og hrun hefur orðið í stofninum. Húsöndin er sem kunnugt er mjög bundin Mývatni og Laxá og nálægum lindarvötnum og byggir íslenski stofninn (hinn eini í Evrópu og Asíu) alfarið á þeim. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á verndun hans.

Á dögum Laxárdeilunnar voru uppi áform um að flytja Svartá og Suðurá yfir í Kráká og þaðan í Mývatn eða Laxá. Hefði orðið af því væru öll þessi vatnakerfi ónýt til annars en raforkuframleiðslu. Þingeyingar náðu að afstýra því.

Svartá í Bárðardal

Náttúruperla í uppnámi!

Höfundur Ólafur Karl Nielsen

Í um 40 ár hef ég unnið við fuglarannsóknir á Norðausturlandi, fyrst sem aðstoðarmaður hjá þeim merka fræðis- og náttúruverndarmanni Arnþóri Garðarssyni, seinna eða frá árinu 1981 við eigið verkefni þar sem fókusinn hefur verið á fálka og rjúpu. Strax á unglingsárum, löngu áður en ég kom fyrst í Þingeyjarsýslur, hafði ég mjög sterka mynd af þessu svæði í mínum huga, þar væri landið fagurt og frítt, veður góð, náttúran auðug og gjöful og gott mannlíf. Þessi ímynd byggði á frásögnum Arnþórs og Finns Guðmundssonar fuglafræðings, og skrifum Theódórs Gunnlaugssonar, þeirra Grímsstaðabræðra og fleiri í Náttúrufræðinginn. Eins hafði ég fylgst af athygli og aðdáun með baráttu Þingeyinga fyrir verndun Mývatns og Laxár í upphafi áttunda áratugarins. Þá voru uppi „mikilfengleg“ áform um að virkja Laxá, þetta átti að gerast í nokkrum áföngum og í sinni endanlegu mynd átti Mývatn að þjóna sem miðlunarlón fyrir virkjanirnar í dalnum og til að auka við vatnsmagnið átti að taka Skjálfandafljót, Suðurá og Svartá úr farvegum sínum lengst suður á öræfum og leiða norður heiðar í skurðum! Í dag hljómar þetta eins og óðs manns órar en í þá daga var hættan raunveruleg. Þökk sé baráttu manna eins og Hermóðs Guðmundssonar í Nesi og Eysteins Sigurðssonar á Arnarvatni þá voru þessar hugmyndir kveðnar í kútinn.

Á árlegum ferðum mínum um fálkaslóðir í Þingeyjarsýslum fer ég um byggðir og óbyggðir, hef dvalið og unnið þar á öllum tímum árs og þekki svæðið orðið giska vel. Eitt af því sem einkennir Þingeyjarsýslur eru vatnsmiklar lindir og lindarvötn. Berggrunnurinn er hriplekur, úrkoma sem fellur í hálendinu rennur eftir sprungum í berginu og þar sem aðstaður leyfa spretta fram lindir. Frægasta lindasvæðið er Mývatn, sjálft krúnudjásnið. Það eru fleiri stór og vatnsmikil lindasvæði, s.s. Herðubreiðarlindir, Lón í Kelduhverfi, lindirnar við Katastaði í Núpasveit og í Blikalónsdal á Sléttu, og

svo Suðurá og Svartá í norðurjaðri Ódáðahrauns. Mig langar að beina athyglinni að Suðurá og Svartá.

Suðurá er ein vatnsmesta lindá landsins. Hún á upptök sín í Suðurrábotnum og fellur til norðurs og vesturs í jaðri Suðurrárhrauns og í átt að Skjálfandafljóti. Á móts við Hrafnbjörg eða litlu norðar er ekki nema um 1 km á milli Skjálfandafljóts og Suðurrár, báðar streyma norður en Suðurrárhraunið skilur á milli. Þegar Suðurá hefur runnið um 15 km leið sameinast hún annarri lindá en nokkru vatnsminni sem fellur úr Svartárvatni og nefnist Svartá. Sameinuð Suðurá og Svartá ber heitið Svartá allt uns elfan rennur í Skjálfandafljót rétt norðan Bjarnastaða í Bárðardal, reyndar má greina bláan straum Svartár frá jökulvatni Fljótsins allt norður undir Lundarbrekku. Þetta vatnakerfi er um margt einstakt á landsvísu. Ég vil nota líkinguna að Svartá sé „litla systir“ Laxár og margt er líkt með skyldum. Þetta eru lífrík vötn Svartá og Suðurá. Lindarvatnið er hlaðið steinefnum sem plöntur og þörungar nýta sér til vaxtar sem aftur eru fæða fyrir dýr eins og bitmý sem síðan er undirstaða öflugra fiskistofna og auðugs fuglalífs. Urriðinn í Svartá er landsfrægur, þar hefur hann lifað í einangrun í þúsundir ára og með einkenni sem eru sérstök fyrir þennan stofn. Þetta eru fiskar sem verða mjög stórir og urriðaveiði mikilvæg hlunnindi heimamönnum alla tíð. Fuglalífið er auðugt, sérstaklega er mikið af öndum, þarna verpa meðal annars húsönd, straumönd og gulönd allt tegundir á Válista. Sérstaka athygli vekur húsöndin en stofn hennar hér á landi er lítill. Meginvarpstöðvarnar eru við Mývatn og Laxá, annars staðar er hún ekki árviss varpfugl nema við Svartá. Þetta eru hið minnsta tugir fugla sem halda til á ánni, mest neðan við útfallið úr Svartárvatni og á Svartá neðan við Hamarinn hjá Bjarnastöðum. Þegar árar illa við Mývatn og Laxá og fuglinn þar er í sveltí leitast hann annað, þetta gerir húsöndin og einn af þeim stöðum sem flóttafugl-



Svartáurriðinn er stórvaxnir fiskur og eitt af sérkennum hans er túrkis blár blettur aftan við augað. Myndir: Sigbjörn Kjartansson (t.v.) og Pálmi Gunnarsson (t.h.)



Horft suður með Svartá við Hamarinn. Efst til hægri sjáum við tún Víðikersmanna þar á stíflan að rísa og áin að fara í pípu að stöðvarhúsinu sem ætlaður er staður í túnunum vestan og norðan við Hamarinn neðst til vinstri á myndinni!

inn sækir á er Svartá. Þannig að Svartá er ein af þeim stöðum sem tilvera húsandarinnar á Íslandi byggir á; áin er varpstöð og vetrardvalastaður og athvarf þegar sverfur að í Mývatns-sveit og við Laxá.

Af hverju þessi orð um Svartá? Jú, aftur eru komin upp á borð áform um að eyðileggja svæðið. Á áttunda áratugnum átti að taka Suðurá og Svartá norður heiðar í skurði og í Mývatn, sem betur fer var það stoppað. Seinna höfum við séð áætlun um Hrafnabjargavirkjun en þar er eða var ætlunin að taka Suðurá úr farvegi sínum og leiða í uppistöðulón við Hrafnabjörg. Þessir árar sofa aldrei því miður! Það nýjasta, framkvæmd sem á að hefjast 2017, er að stífla Svartá skammt sunnan við Víðiker, leiða ána í stokki nokkra kílómetra og hafa stöðvarhús norðan við Hamarinn! Hér er í raun boðuð eyðilegging árinna, uppeldisstöðvar urriða eyðilagðar, skoríð á gönguleiðir hans, eitt mikilvægasta búsvæði húsandarinnar á vatnasviðinu fyrir bí, o.s.frv.

Hvað ræður þessari framkvæmd, hvers vegna eru menn tilbúnir að skaða lífríkið á þennan máta? Svarið er einfalt, græðgi. Menn sem ekki vita aura sinna tal, en vilja samt peningahauginn tommu hærri áður en þeir halda yfir Styx, ráða ferðinni. Einkafyrirtæki stendur að verkefninu. Fyrst átti að sleppa við umhverfismat með því að skilgreina virkjunina rétt neðan við þau mörk sem kalla á slíkt. Það var stoppað hjá Skipulagsstofnun og nú er umhverfismati að ljúka. Niður-

stöður þess verða væntanlega kynntar í upphafi nýs árs og þá er tækifæri fyrir alla að gera athugasemdir. Tilgangur minn með skrifunum er sá að segja frá hvaða verðmæti eru í húfi og að hvetja alla „góða drengi“ til að standa upp og mótmæla þessari ósvinnu. Svona gerum við ekki!



Húsöndin dvelur á Svartá árið um kring og áin hefur mikla þýðingu fyrir verndun þessarar tegundar. Mynd: Daniel Bergmann

Viðar Hreinsson

Verndun Svartár/Suðurár

Það fer varla framhjá neinum að viðhorf til náttúru og náttúruverndar hafa breyst mjög á undanförunum áratugum. Maðurinn er að átta sig æ betur á því að hann er hluti af náttúrunni og þarf að haga sér eftir því. Sá tími ætti að vera liðinn að hann geti keypt sér ítök og réttindi hvar sem hann sér hagnaðarvon og ráðist síðan gegn henni og ráðskast að vild eins og hún væri dautt viðfang. Verðmætamatið er breytt og önnur verðmæti en beinhardir peningar njóta nú æ meiri viðurkenningar enda eru það einmitt hlutgerving náttúrunnar og blind nýtingarhyggja sem komið hafa mannkyni í þær umhverfislegu ógöngur sem nú blasa við.

Menn skoða nú náttúruna heildstætt vegna þess að vistkerfin eru stærri, flóknari og viðkvæmari en hingað til hefur verið álitíð. Þá hafa minjar um sambúð manns og náttúru fyrr á tímum einnig gildi í víðara, vistrænu og menningarsögulegu samhengi. Því verður að meta allar athafnir manna og framkvæmdir sem geta raskað vistkerfum og menningarminjum af ítrustu varúð og í mun víðtækara samhengi en áður hefur tíðkast.

Stjórnvöld bera ábyrgð gagnvart umgengni manna við náttúru, umhverfi og samfélag. Heimamenn tiltekinna byggðarlaga geta ekki lengur ráðstafað náttúruverðmætum að vild sem hverri annarri eign heldur bera þeir ábyrgð á þeim sem vörslumenn gagnvart landsmönnum öllum og í raun gagnvart heiminum öllum. Framsýn stjórnvöld taka mið af þessum sjónarmiðum með því að veita sambúð manns og náttúru og þróun samfélagsins til lengri tíma meira vægi en tímabundnum hagnaði og hagsmunum verktaka eða einstakra fyrirtækja.

Stórbrotnir draumar virkjanaverkfræðinga á síðari hluta 20. aldar eru ekki lengur í samræmi við hugmyndir okkar tíma um atvinnuuppbyggingu og sjálfbæra þróun í sátt við náttúruna. Þá töldu menn sjálfsagt að ráðast í hverjar þær framkvæmdir sem voru tæknilega mögulegar, án þess að huga að víðtækum afleiðingum fyrir náttúru og vistkerfi. Nú dettur engum í hug að flytja Skjálfandafljót yfir í Mývatn, taka Suðurá og Svartá með og veita öllu þessu vatni í Mývatn og fylla síðan Laxárdal. Laxárdeilan forðum snerist einmitt um fyrsta skrefið í þeirri áætlun. Í raun eru Mývatnssvæðið og Svartárvatnssvæðið hliðstæð og tengd vistkerfi sem skoða ber sem eina heild og þar að auki tilheyra Svartá og Suðurá vatnasviði Skjálfandafljóts og ætti því að friða það í heild í samræmi við Rammaáætlun.

Vatnasvæði Svartár og Suðurár er einstakt því þar mætast náttúruöfl og mannheimar. Svæðið er á mörkum byggðar og óbyggða, menningar og lítt snortinnar náttúru, innst í Bárðardal og þó öllu heldur syðst á Fljótsheiði. Svartárvatn er því í raun heiðarbýli, meðal afskekktustu bújarða landsins. Næsti bær, Víðiker sem einnig er í suðursporði Fljótsheiðar, er í níu kílómetra fjarlægð. Í suður og austur eru hrikalegar óbyggðir en niðri í dalnum fjölskrúðug menningarsaga.

Svartárvatn er á vesturbakka Svartárvatns, syðst á Fljótsheiði, við jaðar Ódáðahrauns í um 400 metra hæð yfir sjávarmáli og er því ein þeirra jarða sem hæst liggur hér á landi. Í suðri teygja öræfin sig allt að Vatnajökli. Þekkt eru forn býli nærri Suðurárbotnum og langt suður með Skjálfandafljóti en norður eftir Fljótsheiði eru tóftir allmargra heiðarbýla. Úr Svartárvatni liðast Svartá í ótal bugðum og beygjum norður á bóginn þar til hún sameinast Skjálfandafljóti. Suðurá

rennur í hana og verður hún þrefalt vatnsmeiri eftir það. Sökum staðsetningarinnar lifa ábúendur Svartáarkots í mikilli nánd við náttúruna og eru háðari náttúruöflunum en margir aðrir.

Frá Svartáarkoti blasir við mikil víðátta umkringd fjallahring. Nefna má Herðubreið, Dyngjufjöll og Trölladyngju að ógleymdri fannhvítri Bárðarbungu í Vatnajökli. Grösug tún og víðivaxnir úthagar mæta svörtu Ódáðahrauni, söndum, melum og tærbláu lindarvatni. Allt þetta endurspeglar andstæður náttúrunnar og þar ríkir heillandi öræfakýrrð.

Í Svartáarkoti er löng hefð fyrir öræfaferðum á öllum árstíðum. Þaðan liggja jeppa- og gönguleiðir suður með Skjálfandafljóti, á Fljótshéiði og yfir í Mývatnssveit, í Suðurárbotna, Herðubreiðarlindir og Öskju þar sem bandarískir geimfarar æfðu sig áður en þeir fóru til tungslins. Nær er Skjálfandafljót með fögrum fossum, Aldeyjafossi og Hrafnabjargafossom.

Í Svartáarkoti er rekinn myndarlegur fjárbúskapur og góð silungsveiði er í vatninu. Þar eru enn í notkun nokkur útihús úr torfi og grjóti og eitt þeirra er notað sem reykhus þar sem reykur er hinn landsfrægi Svartárvatnssilungur. Slíkt gerir staðinn enn forvitnilegri.

Niðri í dalnum er blómleg byggð og löng og mikil menningarsaga sem allt frá fyrstu frásögnum endurspeglar glímu manna við náttúruöflin. Dalurinn kemur við sögu í fornþókmennunum, fyrst í sérstæðri sögu af Gnúpa-Bárði í *Landnámabók* en hann dró þá ályktun af hlýjum sunnanvindum að betra væri undir bú sunnanlands og flutti því búferlum suður yfir hálendið og lét skepnur bera það fóður sem þær þurftu á leiðinni. Allmiklar heimildir er að finna frá síðari öldum. Með hjálp margvíslegra gagna er hægt að draga upp afar heildstæða og skýra mynd af mannlífi og menningu í dalnum í gegnum aldirnar. Miklar sögur og heimildir tengjast heiðarbýlunum á Fljótshéiði sem áttu sitt blómaskeið á 19. öld og fram á þá tuttugustu. Stephan G. Stephansson átti heima í Mjóadal inn af Bárðardal í þrjú ár áður en hann fór vestur um haf. Bárðdælingar eiga drjúgan hlut í upphafi vesturferða því þaðan fóru 40 manns með fyrsta stóra vesturfarahópnum sumarið 1873. Helmingur hópsins fór til Brasilíu, hinir til Norður Ameríku.

Allt svæðið, Bárðardalur og þó einkum fremsti hlutinn, Svartáarkot og mörk mannabyggðar og öræfa er einstakt og heillandi vegna samspils hinnar ríkulegu menningarsögu og óbyggðanna. Á svæðinu kristallast líka könnunarsaga öræfanna, Ódáðahrauns, Dyngjufjalla og Öskju. Sagan af sambúð manns og náttúru er lífræn samfella, sem mundi raskast verulega með ónauðsynlegum virkjanaf framkvæmdum.

Töfrar svæðisins sem hér hafa verið tíundaðir standa að baki verkefninu *Svartáarkot, menning – náttúra* sem staðið hefur yfir undanfarin ár í samstarfi fræðimanna, ábúenda í Svartáarkoti og ferðaþjónustunnar á Kiðagili. Það felst í því að byggja upp í Svartáarkoti alþjóðlegt og þverfaglegt rannsókn- og kennslusetur um sambúð manns og náttúru. Til bráðabirgða hefur verkefnið nýtt aðstöðuna á Kiðagili en í fyllingu tímans verður byggð upp aðstaða í Svartáarkoti. Það hófst árið 2007 en síðan hefur verið tekið á móti yfir hundrað stúdentum, ýmist á eigin námskeiðum verkefnisins eða í hópum frá einstökum háskólum. Myndast hefur öflugt tengslanet tuga háskólakennara og vísindamanna í kringum verkefnið og samhliða námskeiðum hafa verið haldin málþing og vinnufundir vegna rannsóknarverkefna sem í vaxandi mæli tengjast Svartáarkotsverkefninu beint og beinast að Þingeyjarsveit og Mývatnssveit. Í tengslanetinu eru vistfræðingar, líffræðingar, umhverfissagnfræðingar, mannfræðingar, þjóðfræðingar, bókmenntafræðingar og fornleifafræðingar af ýmsum þjóðernum.

Undantekningarlaust hefur stúdentunum þótt reynslan einstök, námskeiðin og dvölin með því besta sem þau hafa reynt á lífsleiðinni og þau hafa haldið heim með dýrmætar minningar um Bárðardal og Svartárvot og nýja innsýn og ferska þekkingu á sambúð manns og náttúru. Námskeiðin hafa haft varanleg áhrif til góðs og beinlínis breytt námsferli sumra þeirra.

Verkefnið *Svartárvot, menning - náttúra* er merkileg nýsköpun sem kalla má akademíska ferðabjónustu, ekki ósvipað menningartengdri ferðabjónustu. Það hófst fyrir efnahagshrun sem olli ýmsum vandkvæðum framan af en vegna rannsóknaverkefna sem tengjast svæðinu eru nú skapast forsendur til að halda 2-3 alþjóðleg námskeið á ári frá og með árinu 2018 auk þess að taka áfram á móti hópum frá einstökum háskólum.

Í bígerð eru einnig léttari gerðir námskeiða fyrir fróðleiksfúsan almenning þar sem fléttað verður saman gönguferðum og fyrirlestrum um sama efni og akademísku námskeiðin. Fyrirlestrararnir verða einfaldari en akademísk kennsla námskeiðanna en mun ítarlegri og meira krefjandi en hefðbundin ferðaleiðsögn.

Lögð hefur verið áhersla á samstarf fræðimanna og heimamanna á jafnræðisgrunni. Þetta er krefjandi gæðaferðamennska sem þarf að byggja upp hægt og sígandi en verður traustari en hefðbundin ferðabjónusta þegar fram í sækir. Verkefnið byggir á auðlegð í héraði, náttúru og menningarsögu og hefur verið og mun áfram verða gagnlegt framlag til uppbyggingar og þróunar byggðarlags sem átt hefur undir högg að sækja. Það eflir gagnrýna vitund manna um það hvernig nærsamfélag menn vilja byggja upp. Hvers konar röskun á umhverfi og náttúru getur hæglega riðið þessu verkefni að fullu. Það gefur auga leið að það á enga samleið með fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum sem munu einungis veita byggðarlaginu svipulan uppgangshagnað um skamma hríð, fáeinum bæjum einhverjar tekjur en meginhagnaðurinn mun hverfa í vasa utanaðkomandi auðmanna.

(2017, mars)

You come to the Svartá as visitor, you leave as a friend

To whom it may concern

My name is Morten Harangen. I come from Norway, and I've had the great privilege of fishing the Svartá for the last 15 years. What is about to happen now, with the planned construction of a hydro power plant, is truly shocking and in my humble view – as un-Icelandic as it is possible to be.

The Svartá is unique. Not only the river and its stock of big, wild fish – but the whole environment. The rough nature, ever changing weather, the variety of birds, the extraordinary lava field in Bardardalur and the distinct feeling of...wilderness...does something to you. When I came for the first time, I thought it was going to be a one time-experience. There were so many other places I wanted to see and fish, as well. All the fantastic Norwegian rivers. Russia's Kola peninsula. Yellowstone Park in Montana, USA. The crystal clear streams of New Zealand. The Bahamas. Well... I have been to several of these places now – and believe me: Nothing compares to the Svartá. What I thought was going to be a single trip, has turned out to be an annual adventure. A trip I simply cannot be without. Over the years, I have invited friends and fellow anglers to join me. And you know what? They all want to come again – because the Svartá is unique. It is, no doubt, one of the finest trout rivers in the whole world. And now, like so many other rivers and natural areas worldwide, it is threatend by commercial interests. As you would expect, the angling world reacts with anger and surprise. It is sad and would be a great shame if carried out.

From abroad, Iceland is regarded as a country that cares for its resources and cultural identity. You protect your unique breed of horses from disease. You are proud of you magnificent salmon rivers. You protect your language from English influence. Iceland is regarded as a pure, proud nation. In my view, that is absolutely correct. I am greatly impressed with the work you do to preserve your identity and uniqueness. But now – you allow commercial interests to gamble with Svartá? Are you willing to sacrifice the tourism of Bardardalur and, possibly, tourism in similar areas in Iceland, too? A hydro will, at the best, represent a visual pollution that will drive tourists like me away. At the worst, you will mess up a finely tuned eco system – for generations to come. I am no expert, but I know this: The consequences of a hydro is not an exact science. An assessment does not give you all the answers - if any... Only afterwards, after the hydro has been built, you will – eventually – know what the price was. But then, my friends, it is too late.

Finally, let me say this: I know it may provoke some that a foreigner tries to interfere with a domestic issue. I know and I understand. I really do. But you must rememeber that the Svartá is not yours to gamble with. It belongs to future generations, no matter where they are born or where they live. It is our common heritage, as is our entire globe. For the sake of your children, Iceland's reputation as a green country and your unique nature: Stop this madness.

You come to the Svartá as visitor, you leave as a friend. Friends protect and care for eachother. That is why I stand up for this river. And urge you to do what you must know is right.

Morten Harangen
Norway

(2017, February)



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Skuggasundi 1

101 Reykjavík

Efni: Umsögn Verkfæðingafélags Íslands (VFI) um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Birt í Samráðsgátt 11.10.2019. Mál nr. 253/2019.

VFI telur nauðsynlegt að huga bæði að verndun og nýtingu við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Stofnun þjóðgarðs getur haft ýmis jákvæð áhrif en að sama skapi þarf að tryggja að sjálfbær þróun íslensks samfélags verði ekki hindruð með sömu aðgerð. Þá er átt við að tekið sé tillit til allra þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, umhverfis, efnahags og samfélags, til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Á fyrirhuguðu þjóðgarðssvæði er nú margs konar nýting tengd ferðaþjónustu, landbúnaði og ekki síst umfangsmikil nýting endurnýjanlegrar og umhverfisvænnar orku sem nýta má enn frekar í framtíðinni með sjálfbærum hætti og takmörkuðu raski. Rannsóknir sýna sem dæmi að erlendir ferðamenn hrífast af einstakri náttúru landsins sem og sjálfbærri nýtingu á endurnýjanlegum orkuauðlindum.

Íslenskt samfélag tekur stöðugum breytingum. Til framtíðar þarf íslensk þjóð á orku að halda til uppbyggingar atvinnuvega og til að mæta fjölgun landsmanna. Mikilvægt er að sú orka komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem nýttir eru á sjálfbæran hátt. Þá er mikilvægt að tryggja að flutningur raforku geti átt sér stað á sem hagkvæmasta hátt en þó þannig að flutningsleiðir valdi eins litlu raski og hægt er innan skynsamlegra kostnaðarmarka.

Með því að skipta þjóðgarði í mismunandi flokka eins og víða er gert erlendis má tryggja að ekki verði komið í veg fyrir skynsamlega og sjálfbæra nýtingu orku og aðra nýtingu á þjóðgarðssvæðinu.

Rammaáætlun er sá farvegur sem á Íslandi er nýttur til að stýra vernd og nýtingu náttúrusvæða með tilliti til orkuöflunar, og á að taka tillit til þriggja stoða sjálfbærni. Félagið telur ekki rétt að taka fram fyrir hendurnar á því ferli með því að friða orkuauðlindir gagnvart nýtingu sem ekki hafa verið flokkaðar í verndarflokk.

Uppbygging innviða og manngerðs umhverfis er óhjákvæmileg í þjóðgarði líkt og á öðrum stöðum. Mikilvægt er að slík uppbygging taki mið af sjálfbærni og breyttum þörfum framtíðarinnar.

VFI leggst gegn því að einstakir landeigendur geti óskað eftir því að jarðir þeirra verði innan þjóðgarðsins. Í þeim tilvikum þarf að hafa heildarhagsmuni í huga. Það sama ætti að gilda um aðila sem fara með umsjón lands fyrir hönd ríkisins.

Reykjavík, 31. október 2019.

Stjórn Verkfæðingafélags Íslands.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Dags. 13.08.2019
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2018-0453
0.5.2

Hér á eftir fer umsögn Veðurstofu Íslands vegna máls 135/2019 – Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Eitt af meginverkefnum Veðurstofunnar er vöktun náttúruvár á Íslandi og upplýsingagjöf þegar atburðir verða sem hættu getur stafað af. Má þar nefna eldgos, jarðskjálfta, jökulhlaup, snjóflóð, skriðuföll og vatnsflóð vegna aftakaúrkomu og leysinga. Margar eldstöðvar og jarðhitastaðir undir jöklum eru innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs á miðhálandi landsins og stofnunin rekur þar fjölda mælistöðva sem vakta veður, færslu lands, eldgoshættu, vatnsrennsli, vatnafar, snjóalög og jökla. Ennfremur er líklegt að setja verði á stofn fleiri stöðvar á komandi árum til að vakta atburði sem nú eru ófyrirséðir.

Veðurstofan leggur því ríka áherslu á að áfram verði tryggt aðgengi starfsmanna stofnunarinnar að mælistöðvum hennar á öllum tímum árs, enda er vöktunin í þágu almannahags.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Skútustaðahreppi, 1.7.2019

Efni: Umsögn um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Á 60. fundi sínum 18.júní síðastliðinn ályktaði svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs um framkomin textadrög nefndar um miðhálandisþjóðgarð. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs tók undir bókunina á 131. fundi sínum 24.6.2019. Bókunin er svohljóðandi:

„Í ljósi þess að ekki er útlit fyrir að þjóðgarðastofnun, eða sambærileg stjórnslueining, verði að veruleika áður en nefnd um Miðhálandisþjóðgarð skilar af sér er svæðisráð norðursvæðis sammála þeim áherslum sem fram koma í tillögum nefndar um Miðhálandisþjóðgarð. Á þessu stigi er því ekki talið tilefni til að skilja Jökulsárgljúfur frá stjórnkerfi verðandi Miðhálandisþjóðgarðs. Svæðisráð telur þó mikilvægt að skoðaðar verði leiðir til að einstökum svæðum, svo sem Jökulsárgljúfrum, verði gert kleift að starfa undir sjálfstæðu heiti og nýta þannig sérstöðu sína í þjónustu við gesti og til kynningar. Svæðisráð styður hugmyndir um nýjar þjóðgarðsgáttir við Fosshól og í Mývatnssveit, sem reknar yrðu samhliða þeirri sem fyrir er í Ásbyrgi. Með þeim gefast tækifæri til aukinnar fræðslu og upplýsingagjafar og atvinnuuppbyggingar á jaðarsvæðum þjóðgarðsins.“

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
Þjóðgarðsvörður
Norðursvæði, hálandi
Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
b.t. Steinars Kaldal
101 Reykjavík

Staður, 13.8.2019
Málsnúmer: 1809019

Efni: Umsögn stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs um Mál nr. S-135/2019, Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandiu, mörk, verndarflokkar, aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Almennar ábendingar

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs lýsir yfir stuðningi við áform um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands og telur að nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu hafa unnið mikilvægt starf. Stjórnin telur að afar mikilvægt sé að hafa að leiðarljósi við allan undirbúning og tillögugerð um þetta stóra mál hvert megin viðfangsefni þjóðgarðs er þ.e. **náttúruvernd, fræðsla og móttaka þjóðgarðsgesta**. Það er þessi grunnur sem er „fjöreggið“ og undirstaða þess að skapa fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir nærliggjandi samfélög ef rétt er á haldið. Þess vegna er lykilatríði að alltaf sé gert ráð fyrir aðkomu fagaðila í náttúru- og minjavernd og móttöku gesta við undirbúning og rekstur þjóðgarðs, hvort sem um er að ræða tillögur um skiptingu lands í verndarflokka, samsetningu á stjórnareiningum eða umgjörð og reglur um starfsstöðvar starfsmanna, atvinnustarfsemi og þjónustuveitur.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs telur einnig mikilvægt að vanda vel til þess að skilgreina og afmarka hlutverk stjórnunareininga og leggja áherslu á að lykil hlutverkið er að gæta hagmuna þjóðgarðsins og grundvallarmarkmiða hans bæði á sérhverju svæði og í heild. Ekki kemur fram í þessum drögum hvernig nákvæmlega Vatnajökulsþjóðgarður er hugsaður innan miðhálandisþjóðgarðs að öðru leyti en að fjallað er nokkuð um um mörkin og um þjónustukjarna. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fjallar því ekki um það í þessari umsögn en bendir einungis á að það þarf að skilgreina mjög vel áður en heildartillaga um þjóðgarð á miðhálandi liggur fyrir.

Mörk

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs telur mikilvægt að auk þjóðlendu og jarðamarka sé hugað sérstaklega að náttúrulegum mörkum þótt slíkt kunni að vera flókið í sumum tilfellum. Þannig væri æskilegt að auk þess að draga mörkin við þjóðlendur og náttúruverndarsvæði eins og lagt er til væri áherslan á að vinna sérstaklega með svæði sem hafa mikið náttúrufarslegt gildi og/ eða hafa sérstakt gildi vegna samfellu við þau svæði sem eru innan fyrirhugaðra þjóðgarðsmarka.

Verndarflokkar

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs tekur undir sjónamið nefndarinnar um verndarflokka. Stjórnin vill auk þess leggja áherslu á að mikilvægt er að greina svæðin sem falla innan þjóðgarðsins í flokka út frá verndargildi, hversu viðkvæm þau eru, aðdráttarafli þeirra, nýtingarhefðum ofl. Slík greining yrði lögð til grundvallar að flokkun. Hvort sem slíkt verði klárað í umgjörð fyrir stofnun þjóðgarðsins eða sett í fyrirmæli um vinnu sem tengist stjórnunar og verndaráætlun getur verið útfærsluatriði. Vel útfærð og rökstudd flokkun í mismunandi verndarflokka og skilgreind rökstudd svæðaskipting innan svo víðfeðms þjóðgarðs mun auka aðdráttarafli og gildi þjóðgarðsins og auðvelda stýringu hans. Stjórnin telur vafasamt að það sé ávinningur að orkunýtingasvæði séu skilgreind sem hluti þjóðgarðs. Erfitt er að sjá að það væri til gagns fyrir hvorn aðila um sig en hægt að sjá fyrir sér að það gæti skapað ákveðinn vanda fyrir báða aðila varðandi það að framfylgja faglegum markmiðum og tilgangi með starfsemi hvors um sig til lengri tíma. Þetta þarf að skoða mjög vel til að koma í veg fyrir átök og ágreining síðar.

Aðkomuleiðir og þjónustueiningar

Lagðar eru fram hugmyndir um þrjú stig þjónustukjarna. Þjóðgarðsgáttir við alfaraleiðir sem gert er ráð fyrir að ríkið eigi og byggji. Einnig að í kringum þær geti byggst upp fjölbreytt starfsemi. Á flestum stöðum sem gerð er tillaga um er nú þegar þjónusta en á einhverjum þjónusta og mannvirki í eigu einkaaðila. Þannig er ljóst að ef ríkið á að eiga og byggja upp á öllum þessum stöðum þarf að ætla til þess ærið fé. Þá þarf að hafa í huga að „þjóðgarðsgáttin,, í Skaftafelli er innan þjóðgarðs og þar þarf því að gæta sérstakra/annarra sjónarmiða varðandi uppbygginu á mannvirkjum til margvíslegra þjónustu og atvinnustarfsemi í kringum gáttina heldur en á svæðum sem ekki eru innan þjóðgarðs.

Það eru bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar á því að hafa margar lykilþjóðgarðsgáttir ekki síst út frá því sjónarmiði að það byggist upp faglegt starf og faglega þjónusta og þar með atvinnutækifæri fyrir sérfræðimenntað fólk. Jákvæðu hliðarnar eru að það bætir upplýsingaveitu til ferðamanna að hafa margar gáttir og getur styrkt samfélagið staðbundið alveg við viðkomandi gátt. Neikvæðu hliðarnar eru að ef það verða of margar gáttir og einkum ef stutt er á milli/margar á hverju rekstrarsvæði getur rekstrar grundvöllur orðið of veikur og þar með erfitt að byggja upp faglegt starf og eftirsóknarverða vinnustaði fyrir faglærða starfsmenn í tengslum við hverja gátt. Það gæti leitt til þess að gátt verði einungis upplýsingamiðstöð með takmörkuðu faglegu starfi. Samkvæmt tillögunni eru þjóðgarðsgáttir við þjóðveg eitt eða aðrar aðalbrautir (skv. skilgreiningu Vegagerðarinnar) misdreifðar um landið

Varðandi hálendismiðstöðvar og þjónustustaði á hálendinu telur stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs að heimild til samninga við umsjónaraðila sé jákvæð en álitamál hvort ekki sé óþarfi gera það að fyrsta valkosti að það sé gerður þjónustusamningur um þjónustustaði á hálendi frekar en að hafa sama form á því og varðandi annað stig. Auk þessa þarf að huga að landvörslustöðvum/stöðum þar sem veittar eru upplýsingar (og salernisaðstaða). Ekki væri óeðlilegt að slíkt væri útfært í stjórnunar- og verndaráætlun. Reynslan sýnir að landvarsla á lykilstöðum þar sem hægt er að ná tali af sem flestum gestum er mikilvægur hlekkur til að stýra umferð, og bæta upplifun gesta (dæmi um slíkt er í Lakagígum). Heppileg staðsetning slíkra stöðva er ekki endilega þar sem fyrir

eru þjónustueiningar af einhverju tagi heldur geta slíkar stöðvar þjónað best tilgangi sínum við vegamót eða aðkomuleiðir að áhugaverðu svæði.

Fjármögnun

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs vill koma því framfæri að mikilvægt er strax í upphafi að skilgreina vel kostnaði við rekstur og uppbyggingu innviða vegna Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Það er mögulega betur heima setið en að stað farið að tryggja ekki grunnfjármuni sem þarft til rekstrarins og uppbyggingu innviða strax í upphafi. Einnig er mikilvægt að frá upphafi verði grunnviðmið um skiptingu fjármagns skýr á milli svæða þjóðgarðsins. Gagnlítið er að vinna stefnur og áætlanir ef ekki fylgir neinn möguleiki á að tryggja fjármagn til að framkvæma viðkomandi áætlun/stefnu.

Að lokum

Stjórnin vill koma á framfæri framangreindum ábendingum sem snúa m.a. að því að nýta tækifærið sem best til úrbóta í fagmennsku á sérsviði stofnunarinnar og almennri stjórnsýslu. Samhliða verði hlutverk skýr og vald og sérhæfð fagleg uppbygging dreifð á einingar sem staðsettar eru í þeim samfélögum tengjast náttúruverndarsvæðum.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs þakkar fyrir tækifærið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hægt er að lesa það út úr þessum tillögum að miðhálandisþjóðgarður og Vatnajökulspjóðgarður eigi að vera einn og sami þjóðgarðurinn. Stjórnin leggur áherslu á að haft verði samráð þegar útfæra skal nánar atriði sem snúa að því hvernig staða Vatnajökulspjóðgarðs verður innan fyrirhugaðs miðhálandisþjóðgarðs og hvernig samspil mismunandi eininga, Vatnajökulspjóðgarðs, miðhálandisþjóðgarðs og þjóðgarðastofnunar sem fyrirhuguð er verður útfært.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs

Guðrún Á. Jónsdóttir

formaður



Reykholti, 30. apríl 2019
1812008 AS

Efni: Umsögn vegna stofnunar þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, tillaga varðandi stjórnunar- og verndaráætlun.

Eftirfarandi er umsögn Bláskógabyggðar vegna tillögu að texta um helstu áherslur stjórnunar- og verndaráætlun.

Farið verður yfir textann lið fyrir lið í sömu röð og fram kemur í tillögunni:

Samráð:

Ítrekað er það sem fram hefur komið á samráðsfundum, að það sé miður að samráðið snúi ekki um hvort yfirhöfuð skuli stofna þjóðgarð út frá kostum þess og göllum, heldur aðeins um hvernig það skuli gert. Er það mat Bláskógabyggðar að ákvörðun um hvort stofna skuli miðhálandisþjóðgarð hefði átt að fá rýni í samráði við hagaðila á upphafsstigum málsins.

Af hálfu Bláskógabyggðar er tekið undir það sem fram kemur í kaflanum um samráð, að nauðsynlegt er að viðhafa enn frekara samráð þegar kemur að útfærslu sjálfrar stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

Framsetning og inntak:

Af hálfu Bláskógabyggðar er tekið undir það sjónarmið að heiti áætlunarinnar vísi til hugtakanna „samráðs“ og „nýtingar“, í stað þess að snúast aðeins um „stjórnun“ og „vernd“. Það væri meira í anda þeirra áherslna sem Bláskógabyggð hefur lagt á viðtækt samráð og samvinnu við heimamenn.

Dreifstýring/vald heimamanna:

Af hálfu Bláskógabyggðar er ítrekað það sjónarmið að nauðsynlegt sé að fulltrúar sveitarfélaga verði beinir þátttakendur í stjórnun og skipulagi miðhálandisþjóðgarðs. Gætt verði að því að þegar málefni sem heyra undir einstök sveitarfélög eru til umfjöllunar þá verði fulltrúi frá viðkomandi sveitarfélagi þátttakandi í ákvarðanatöku, en ekki einungis aðili sem er fulltrúi margra sveitarfélaga. Þá verði gert að skilyrði að áætlunin þurfi samþykki hvers sveitarfélags fyrir sig. Er það mjög mikilvægt í ljósi þeirrar áherslu sem er lögð á að skipulagsvald sveitarfélaga verði í engu skert.

Vernd náttúru/ og menningarminja svæðisins:

Bláskógabyggð er hlynnt náttúruvernd á miðhálandinu og hafa félagasamtök, bændur, sveitarfélagið og aðrir aðilar lagt mikið framlag til verndunar náttúru, varðveislu minja, merkinga o.fl. á svæðinu. Af hálfu Bláskógabyggðar er lögð rík áhersla á það að þekking og reynsla heimamanna verði nýtt við svæðisskiptingu verndar innan þjóðgarðs, og náíð samráð verði haft um markmið verndar á hverju svæði. Bláskógabyggð ítrekar fyrri ábendingar um að þversagnir liggja í þeim rökstuðningi sem færður hefur verið fram fyrir stofnun miðhálandisþjóðgarðs, sem varða þjóðhagslega hagkvæmni út frá því að vörumerkið þjóðgarður laði að sér ferðamenn,



þeim fylgi kröfur um aukið aðgengi og bætta þjónustu og þar af leiðandi meiri mengun og ágangur á náttúruna, sem þurfi að vernda. Í skýrslu Umhverfisstofnunar um losun gróðurhúsalofttegunda kemur fram að losun jókst um rúm 2% á milli árunna 2016 og 2017 og að stór hluti losunarinnar sé vegna neyslu og ferðamanna.

Aðgengi og almannaréttur:

Ítrekuð er ábending að framan um að aukin umferð ferðamanna, sem talin er meðal kosta varðandi stofnun þjóðgarðs, getur haft veruleg áhrif á þolmörk svæða. Varðandi aðgengi er bent á að allir, sem áhuga hafa haft, hafa notið fulls aðgengi að hálendi Íslands og enginn staðið í vegi fyrir því að fólk njóti þar útivistar eða leggi viðkomandi sveitarfélögum og heimafólki lið í verndun þess. Landsmenn hafa geta nýtt sér þjónustu og uppbyggingu á hálendinu án þess að hafa þurft að koma að kostnaði við þá uppbyggingu, sem að verulegu leyti hefur verið kostuð af heimamönnum og unnin með sjálfbóðaliðastarfi þeirra. Ljóst er að fjármagn til þessara þátta mun í auknum mæli verða að koma úr ríkissjóði, verði þjóðgarðsáform að veruleika.

Atvinnustefna:

Tekið er undir það að atvinnustefna þurfi að vera fullmótuð áður en þjóðgarður tekur til starfa. Mikilvægt er að víðtækt samráð verði haft við sveitarfélög og aðra hagaðila við þá vinnslu. Í þessu samhengi er bent á að umtalsverðar eignir sveitarfélaga, veiðifélaga og annarra aðila eru á miðhálendinu. Sumar þessara eigna eru grundvöllur atvinnustarfsemi, auk þess að nýtast við smölun og önnur erindi sem sinnt er á hálendinu. Mikilvægt er að skýrt sé hvernig farið verði með þessar eignir við stofnun miðhálendisþjóðgarðs, svo sem hvort aðrar málsmeðferðarreglur verða en þær sem nú er unnið eftir á grundvelli laga um þjóðlendur. Verða þessar eignir t.d. andlag eignarnáms?

Samstarf/samningar við heimaaðila:

Af hálfu Bláskógabyggðar er því fagnað að viðurkennt skuli vera það mikilvæga starf sem unnið er af heimamönnum víða innan miðhálendisins. Mikilvægt er að skýrar verði kveðið á um möguleika til að gera samninga um samstarf eða umsjón á tilteknum svæðum, fremur en að tala um að skoða hvort þróa megi leiðir í þá átt.

Nytjaréttur á hálendinu:

Mikilvægt er að ljóst sé strax í upphafi hvernig réttindum verð fyrirkomandi, sbr. athugasemd við kaflann um atvinnustefnu. Ekki er nægilegt skýrt kveðið á um þetta með orðalaginu „verði stefnt að því að viðhalda réttindum sem nú þegar eru tryggð í þjóðlendum, s.s. fyrir sveitarfélög og/eða aðra aðila sem stunda atvinnurekstur eða kunna að hafa áform um slíkt“. Kveða þarf á um þetta með skýrari hætti, þannig að ljóst sé að réttindin haldist.

Samgöngur á hálendi:

Vísað er til athugasemdar varðandi aðgengi og almannarétt varðandi þolmörk svæða og áhrif aukinnar umferðar ferðamanna.

Öryggismál og vöktun:

Afar mikilvægt er að huga að öryggismálum hvað varðar t.d. björgun og aðstoð við ferðafólk á hálendinu og að áætlanir um útfærslu liggi fyrir tímanlega áður en hafin




verður sú vegferð að gera hálendið að fjölmennum ferðamannastað út á vörumerkið „þjóðgarður“. Björgunarstarfi er að verulegu leyti sinnt af sjálfbærliðum og gefur auga leið að leit og björgun á hálendinu er mun erfiðara viðfangsefni en leit og björgun í byggð, auk þess sem aukinn ferðamannastraumur í byggð hefur þegar reynt verulega á þolmörk margra viðbragðsaðila. Huga þarf að möguleikum til sjúkraflutninga og löggæslu á svæðum sem eru þannig að hefðbundin ökutæki til slíkra nota komast ekki leiðar sinnar. Tryggja þarf fjármagn til slíkra nauðsynlegra grunnþátta.

Þjónusta, fræðsla og upplýsingar:

Af hálfu Bláskógabyggðar er lögð áhersla á að áætlun um þá þjónustu sem til boða verði í hálendisþjóðgarði og skuldbindingar varðandi lágmarksþjónustu verði svæðisbundnar og unnar í samráði við þá sem til þekkja. Við ákvörðun um þjónustustig verði horft til margra þátta, svo sem öryggismála.

Virðingarfyllst,



Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar